**OLGA BJÖRT ÞÓRÐARDÓTTIR**

*Fór í skóla eftir þrettán ára hlé*

• Nám • Bílar • Ferðir

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**BALTASAR KORMÁKUR**

## Bíður eftir Litla-Hrauni

Frumsýnir Mýrina í haust

**FÓLK 50**






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. maí 2006 — 131. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000



**Er álagið of mikið?**

Silvía Nótt æfði í einrúmi með Selmu Björnsdóttur og mætti ekki í norræna teitið.

**FÓLK 38**

**Efnahagsóstjórn**

„Gengi krónunnar er einfaldlega mælikvarði á íslenska hagstjórn og það er engin lausn á vanda okkar að taka upp annan mælikvarða," segir Ólafur Hannibalsson.



**Í DAG 24**

**Silvía betur setið heima**

Barþjónn á hótelinu sem Silvía Nótt gistir á í Aþenu ber henni ekki vel söguna og vildi óska að hún hefði aldrei komið til Grikklands.

**TILVERA 18**

**Sigurður til Snæfells**

Eftirsóttasti körfuknattleiksmaður landsins, Sigurður Þorvaldsson, hefur ákveðið að ganga í raðir síns gamla félags, Snæfells. Flest stóru lið landsins voru á eftir Sigurði, sem segir Snæfell hafa verið sinn fyrsta kost.



**ÍÞRÓTTIR 46**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**YFIRLEITT HÆGVIÐRI -** Í dag verður yfirleitt hæg austlæg átt, en þó 5-10 með ströndum sunnan til. Hálfskýjað eða léttskýjað víða um land og hætt við lítilsháttar skúrum, helst þó í námunda við fjöll og einkum vestan til. Hiti 5-11 stig. **VEÐUR 4**

**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

**FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




Fundur um málefni aldraðra:

## Gleymdust í góðærinu

**SAMFÉLAGSMÁL** Húsfyllir var í Háskólabíói í gærkvöldi en Aðstandendafélag aldraðra og Landssamband eldri borgara efndu til þjóðfundar um þjóðarátak í málum aldraðra. Þar flutti Stefán Ólafsson prófessor erindi og sagði meðal annars að hagsmunir eldri borgara og öryrkja hefðu verið fyrir borð bornir í góðærinu sem hér hefði ríkt. Því til rökstuðnings sagði hann að lífeyrisþegar hefðu dregist aftur úr og skattbyrði þeirra aukist verulega á síðasta áratug. Mælti hann fyrir því að skattleysismörk yrðu hækkuð verulega og að lífeyrisþegum yrði veitt sérstök skattfríðindi.

Á eftir voru pallborðsumræður þar sem meðal annars tóku þátt Árni Mathiesen fjármálaráðherra, Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra, Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands sveitarfélaga Ólafur Ólafsson frá Landssambandi eldri borgara segir að nú sé verið að kanna hugsanlegt fylgi sem flokkur eldri borgara myndi hafa byði hann fram. **- js**



**HITI Á FUNDI ELDRI BORGARA Í HÁSKÓLABÍÓI** Töluverður hiti var í mönnum á fundi Aðstandendafélags aldraðra og Landssambands eldri borgara í Háskólabíói í gærkvöldi. Tveir menn voru reknir út af fundinum eftir að hafa hrópað ókvæðisorð gegn ríkisstjórninni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Leita aldraðra í einangrun

**Mikið starf er hafið undir forystu velferðarráðs til að finna eldri borgara sem lifa í einangrun. Ástæðan er meðal annars fregnir sem bárust af því í vetur að fólk hefði legið látið á heimilum sínum svo vikum skipti.**

**FÉLAGSSTARF** Hafin er samhæfing starfs velferðarráðs Reykjavíkur, heilsugæslunnar í hverfum borgarinnar og hagsmunasamtaka eldri borgara í þeim tilgangi að hafa uppi á öldruðu fólki sem býr í einangrun og koma því í tengsl við þá þjónustu sem í boði er.

Þetta segir Ellý Þorsteinsdóttir, formaður stýrihóps sem skipaður var í janúar að tilhlutan velferðarráðs. Hlutverk hópsins er að kortleggja þá þjónustu sem eldri borgurum stendur til boða og koma með tillögur að aukinni fjölbreytni hennar. Jafnframt er honum ætlað að rjúfa þá einangrun þeirra eldri borgara sem búa einir.

Ákvörðun um þessar aðgerðir, sem samþykkt var í velferðarráði 25. janúar, var meðal annars til að bregðast við fréttum af andlátum fólks sem hafði þá fundist dögum og jafnvel vikum eftir andlát sitt. Þá var vitað til þess að margir hafa einangrast á efri árum, og þrátt fyrir ýmiss konar tilboð um heimsóknir, félagsstarf, heimaþjónustu og fleira hafði ekki náðst til þessa fólks.

Í stýrihópnum eiga sæti fulltrúar frá þjónustumiðstöð, Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands, Biskupsstofu, Heilsugæslunni og Félagi eldri borgara, auk velferðarráðs. Starf hans teygir sig síðan út í öll hverfi borgarinnar með því að hann setur á laggirnar starfshópa undir umsjón þjónustumiðstöðvanna. Í þeim sitja fulltrúi frá viðkomandi þjónustumiðstöð, Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands, Félagi eldri borgara, sóknarkirkju og íbúasamtökum hverfisins. Þeir sjá hvort einhverjir eldri borgarar sækja hvergi þjónustu í hverfinu og leitast við að bæta úr aðstæðum þeirra sem á þurfa að halda.

„Starf stýrihópsins er í fullum gangi," segir Ellý. „Við erum nýbúin að sitja fund með öllum framkvæmdastjórum þjónustumiðstöðva til að fá meðal annars upplýsingar um hvað hafi verið unnið úti í hverfunum í þessum efnum. Við erum búin að koma á sambandi ákveðinna tengiliða úti á þjónustumiðstöðvunum við starfsmann stýrihópsins. Í framhaldi af því verða hverfastarfshóparnir settir af stað. Það verður gert í þessum mánuði."

Ellý greinir enn fremur frá því að þegar hafi verið komin af stað tiltekin vinna við aukna þjónustu til handa eldri borgurum á hinum ýmsu þjónustumiðstöðvum. Hún nýtist mjög vel inn í það starf sem nú sé hafið. **- jss**

Smári Geirsson myndi ekki ná kjöri í Fjarðabyggð samkvæmt nýrri könnun:

# Nánast jafnt fylgi Fjarðarlista og Sjálfstæðisflokksins

**SKOÐANAKÖNNUN** Fjarðarlistinn mælist með 33,8 prósenta fylgi í Fjarðabyggð, en Sjálfstæðisflokkur með 33,3 prósent samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Samkvæmt því myndi hvor flokkur um sig fá þrjá menn kjörna og Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar myndi ekki ná kjöri.

„Fylgið okkar virðist vera nokkuð rokkandi miðað við skoðanakannanir," segir Guðmundur Gíslason, oddviti Fjarðarlistans. „Við höldum bara ótrauð áfram og leggjum allt okkar kapp á það að okkar fjórði maður, Smári Geirsson, komist inn." Valdimar O. Hermannsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, segir könnunina vera í takt við þær undirtektir sem flokksmenn hafi orðið varir við. „Við vorum frekar döpur með Gallup-könnunina sem sýndi að við hefðum tapað manni. En nú erum við á fullu og mér sýnist þessi könnun endurspegla það."

Fylgi Framsóknarflokks mælist nú 26,6 prósent og fengi flokkurinn þrjá bæjarfulltrúa kjörna. „Við virðumst vera með nokkuð stöðugt fylgi og ég er nokkuð ánægður með það," segir Guðmundur Þorgrímsson, oddviti Framsóknarflokksins.

6,1 prósent segjast nú myndu kjósa Biðlistann og fengi flokkurinn því engan mann kjörinn. „Þetta er mun minna en við höfum mælst með í öðrum könnunum," segir Ásmundur Páll Hjaltason, oddviti Biðlistans. „Hvað sem því líður er það okkar markmið að ná inn tveimur mönnum." **- jse/ss /** **sjá síðu 6**

**SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR**

**Fjarðabyggð 2006**

**SKIPTING BÆJARFULLTRÚA, 9 ALLS**




Skoðanakönnun Fréttablaðsins 15.-16. maí 2006





## SPURNING DAGSINS?

*Bjarki, ertu á hjólum eftir Gyðu Rós?*

„Nei, þá myndi hún ganga frá mér.“

Bjarki Birgisson er að hjóla umhverfis landið ásamt Gyðu Rós Bragadóttur en Bjarki gekk hringinn síðasta sumar.

Tveir menn úrskurðaðir í gæsluvarðhald eftir að hafa rænt og barið ungan pilt um helgina:

# Hafa ekki játað harkalega líkamsárás

**LÖGREGLUMÁL** „Játningar liggja ekki fyrir að svo stöddu en það er ýmislegt óljóst í málflutningi þeirra af atburðarásinni og því fórum við fram á tveggja vikna gæsluvarðhald,“ sagði Björgvin Björgvinsson, rannsóknarlögreglumaður hjá lögreglunni í Kópavogi.

Farið var fram á gæsluvarðhald yfir þeim þremur mönnum er eftirlýstir hafa verið vegna hrottalegrar meðferðar á ungum pilti úr Garðabæ um síðustu helgi. Mennirnir gáfu sig allir fram við lögreglu í gær. Tveir mannanna voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 30. maí en dómarinn tók sér frest þar til í dag til að úrskurða um gæsluvarðhald þriðja mannsins. Göbbuðu mennirnir piltinn inn í bíl sinn og óku honum upp í Heiðmörk þar sem þeir börðu hann hrottalega. Voru mennirnir allir yfirheyrðir og þótti fullt tilefni til að fara fram á gæsluvarðhald enda ýmislegt athugavert við framburð þeirra. Herma heimildir blaðsins að þeir hafi borið saman bækur sínar áður en þeir gáfu sig fram en frásögn þeirra þykir ótrúverðug. Hafa þeir allir komist áður í kast við lögin fyrir alvarleg brot og eru þekktir í undirheimum Garðabæjar.

Fórnarlambið, nítján ára piltur sem var aðeins málkunnugur einum úr hópnum, liggur enn á slysadeild Landspítalans. Hlaut hann alvarleg innvortis meiðsl í kviðarholi. - aöe



**EINN ÞREMENNINGANNA** Tveir voru í gær úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 30. maí. Úrskurðað verður í dag um gæsluvarðhald hins þriðja. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**SAUMAR NÝJA FÁNA** Í Búlgaríu vann þessi kona við að undirbúa aðild landsins að Evrópusambandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rúmenía og Búlgaría:

## Ákvörðun um aðild frestað

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur ákveðið að fresta því að taka ákvörðun um hvort Rúmenía og Búlgaría fái aðild í byrjun næsta árs, eða þurfi að bíða eitt ár í viðbót.

Íbúar landanna tveggja höfðu beðið í ofvæni eftir ákvörðuninni, sem til stóð að yrði tekin í gær. Þess í stað ákvað framkvæmdastjórnin að ríkin tvö þyrftu að sýna fram á það í október að þau stæðust þær kröfur sem til þeirra eru gerðar um framfarir á þeim sviðum, þar sem þau hafa staðið sig hvað síst hingað til. - gb

Tvítug stúlka stöðvuð:

## Óviðræðuhæf af lyfjum á bíl

**LÖGREGLA** Lögreglan stöðvaði bifreið tæplega tvítugrar stúlku á Gagnvegi í Grafarvogi í gærmorgun þar sem hún virtist ekki hafa fulla stjórn á ökutækinu.

Stúlkan var óviðræðuhæf og greinilega undir áhrifum áfengis og annarra lyfja. Hún var færð til fangageymslu.

Að sögn lögreglu er nú einnig í gangi átak gegn akstri á nagladekkjum og farsímanotkun í akstri og mega ökumenn eiga von á sektum við slíku athæfi. - sh



**LIÐSAUKI** Hjúkrunarfræðingunum á Landspítalanum berst nú liðsauki frá Norðurlöndunum. Enn hefur ekki verið auglýst eftir sjúkraliðum, en skortur er á þeim á einstökum sviðum spítalans. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Vilja ráða erlenda hjúkrunarfræðinga

**Allt að tuttugu erlendir hjúkrunarfræðingar verða ráðnir á Landspítalann ef fer sem horfir. Ráðningar eru þegar hafnar. Þetta er gert til að leysa bráðavanda sem skapast hefur vegna mikils og viðvarandi skorts á starfsfólki í stéttinni.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Hafnar eru ráðningar erlendra hjúkrunarfræðinga á Landspítalann, að sögn Önnu Stefánsdóttur hjúkrunarforstjóra. Til greina kemur að ráða allt að tuttugu erlenda hjúkrunarfræðinga. Er þessi leið farin vegna bráðavanda sem skapast hefur vegna skorts á starfsfólki.

„Við höfum auglýst á Norðurlöndunum og það hefur borið þann árangur að við erum þegar farin að ráða hjúkrunarfræðinga,“ segir Anna. „Við auglýstum í Svíþjóð og Danmörku snemma í vor því við vitum að í fyrrnefnda landinu er borð fyrir báru hvað hjúkrunarfræðinga varðar. Skorturinn á sjúkraliðum hjá okkur er fyrst og fremst innan öldrunarþjónustunnar og á geðhjúkrunarsviði. Almennt snýr hann þó fyrst og fremst að hjúkrunarfræðingunum.“

Anna segir að koma erlendu hjúkrunarfræðinganna hjálpi vissulega mikið til í erfiðri stöðu og að þetta sé fólk með reynslu. Vissulega taki það tíma að ná tökum á íslensku, en engu að síður sé mikill fengur í þessu nýja starfsfólki.

„Höfuðmarkmið okkar er þó auðvitað að ráða þá hjúkrunarfræðinga sem útskrifast í vor frá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri,“ segir Anna enn fremur. Gert er ráð fyrir að 25 útskrifist frá Háskólanum á Akureyri og 50-60 frá Háskóla Íslands. „Þetta er fólk sem við viljum endilega fá, því þetta er framtíðarstarfsfólk. Ég á fastlega von á því að við fáum góðan hóp af þessum hjúkrunarfræðingum. Reynsla okkar undanfarin ár segir okkur að við höfum fengið um það bil fimmtíu prósent af þeim sem útskrifast.“

Samkvæmt nýjustu tölum um starfsmenn Landspítalans vinna nú 1.260 hjúkrunarfræðingar og ljósmæður á spítalanum.

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra sagði aðspurð að skortur á starfsfólki á Landspítalanum hefði verið ræddur almennt innan ríkisstjórnarinnar.

„Ég gef ekki upp hvað er rætt á ríkisstjórnarfundum í einstökum atriðum,“ sagði Siv, sem kvaðst vera í viðræðum við Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra um þá stöðu sem uppi væri á spítalanum, bæði hvað varðaði skort á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum. jss@frettabladid.is

Héraðsdómur Reykjaness:

## Árs fangelsi fyrir nauðgun

**DÓMSMÁL** 21 árs gamall karlmaður var í Héraðsdómi Reykjaness í gær dæmdur til tólf mánaða fangelsisvistar nauðgun. Hafði hann samræði við konu sem ekki gat spornað við verknaðinum sökum ölvunar og svefndrunga.

Ákærði fullyrti að konan hefði samþykkt að hafa samfarir en því neitaði hún og þótti framburður hennar skýr og trúverðugur í alla staði frá upphafi rannsóknarinnar. Maðurinn var einnig dæmdur til að greiða konunni 500 þúsund krónur í miskabætur og til að greiða sakarkostnað, 414 þúsund krónur. - shá



**DANSKT SKYR** Guðni Ágústsson og framkvæmdastjóri verslunarinnar Irmu gæða sér á dönsku skyri. FRÉTTABLAÐIÐ/KS

Íslensk uppskrift:

## Skyr í verslanir í Danmörku

**DANMÖRK** Danskt skyr, blandað samkvæmt íslenskri uppskrift, var í gær sett í hillur 56 danskra verslana.

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra sagði við það tilefni að það væri gleðiefni að Danir hæfu fyrstir erlendra þjóða framleiðslu á íslensku skyri. Hann sagðist fullviss um að danskir neytendur tækju skyrinu opnum örmum enda væri varan nútímaleg og ástæðan fyrir því að íslensku viðskiptavíkingarnir keyptu nú dönsk fyrirtæki af miklum móð. Poul J. Pedersen, framkvæmdastjóri Thiese-mjólkurframleiðandans, segist hafa tröllatrú á skyrinu enda smakkaðist það vel. - ks




Stærsti bílaframleiðandi heims kynnir nýjan vetnisbíl í Reykjavík:

# Kjörið land fyrir vetnisbíla

**VETNISBÍLL** Bandaríski bílaframleiðandinn General Motors kynnti í gær nýjan vetnisknúinn fólksbíl í Reykjavík. Britta Gross, yfirmaður á markaðssviði GM, telur vetnisbíla eiga framtíð fyrir sér enda hafi GM varið um sjötíu milljörðum króna á undanförnum tíu árum til þróunar slíkra bifreiða. „Ég er ekki viss um að framboð og verð á vetni verði helsta hindrunin í framtíðinni. Vetni er mikið notað í iðnaði og við þurfum einungis að koma því svo fyrir að unnt sé að framleiða það og selja það almennum notendum,“ segir Britta.

Forsvarsmenn General Motors telja að Ísland geti verið eitt af lykilsvæðum við vinnslu og dreifingu á vetniseldsneyti, meðal annars með notkun jarðvarma til raforkuvinnslu og vetnisframleiðslu.

„Margir hafa sagt að innviðir vetnisdreifingar verði ekki fullmótaðir þegar GM hefur fjöldaframleiðslu á vetnisbílum. Dreifingarstöðvar sem geta þjónað tvö til þrjú þúsund bílum, líkt og venjulegar bensínstöðvar, eru innan seilingar,“ segir Jón Björn Skúlason, framkvæmdastjóri Íslenskrar NýOrku.

Að gefnum tilteknum forsendum telur Jón Björn að vetnisdreifing og vetnisbílar geti verið samkeppnishæfir við bensínbíla innan þriggja til fjögurra ára. - jh




**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR IÐNAÐARRÁÐHERRA** Valgerður ók hring á nýjum vetnisbíl General Motors, sem kynntur var blaðamönnum frá fjölda landa í Þjóðmenningarhúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# Frístundakort

Öll börn í borginni 5-18 ára, fái frístundakort að upphæð **40.000 kr.** á ári sem renna til íþrótta- og tómstundaiðkunar á vegum viðurkenndra aðila.

- Tryggjum heilbrigða og skemmtilega æsku fyrir börnin okkar.
- Frístundakortið tryggir hverju barni greiðslu upp í árgjald eða æfingagjald hvort sem er í íþróttum eða listnámi.
- Öll börn eiga rétt á frístundum með sínum jafnöldrum óháð efnahag foreldra.



XB

**Ertu** með?

**Kosningaskrifstofa B-listans í Reykjavík** Suðurlandsbraut 24
Sími: 599 3900 · Netfang: reykjavik@xb.is · www.xbreykjavik.is

exbé

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 16.05.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 70,97 | 71,31 |
| Sterlingspund | 133,45 | 134,09 |
| Evra | 90,9 | 91,4 |
| Dönsk króna | 12,189 | 12,261 |
| Norsk króna | 11,599 | 11,667 |
| Sænsk króna | 9,659 | 9,715 |
| Japanskt jen | 0,643 | 0,6468 |
| SDR | 105,96 | 106,6 |

*Gengisvísitala krónunnar*
125,8165

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samfylkingin bætir við sig bæjarfulltrúa samkvæmt könnun NFS á fylgi flokka í Hafnarfirði:

# Sjálfstæðisflokkurinn dalar

**KOSNINGAR** Sjálfstæðisflokkurinn tapar rúmlega sjö prósent fylgi í Hafnarfirði frá kosningunum 2002. Þetta kemur fram í nýrri könnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann fyrir NFS á fylgi flokka í Hafnarfirði.

Sjálfstæðismenn mælast með 33,1 prósent fylgi nú en hlutu 40,6 prósent í sveitastjórnarkosningum 2002 og missa þar með einn mann. Samkvæmt könnuninni fá þeir fjóra bæjarfulltrúa.

Samfylkingin, sem er nú með meirihluta í bæjarstjórn, eykur fylgi sitt um rúmlega sex prósent og bætir því við sig manni. Fengi sjö kjörna samkvæmt könnuninni. Mælist hún með 56,6 prósent nú en hlaut 50,2 prósent í kosningunum 2002.

Vinstrihreyfingin - grænt framboð bætir einnig við fylgi sitt og mælist með 7,7 prósent nú miðað við 2,9 prósent í kosningunum. Það dugar þó ekki til að ná inn manni.

Framsóknarflokkurinn tapar fylgi og mælist með 2,6 prósent nú miðað við 6,3 í kosningunum.

Könnunin var gerð dagana 8. til 11. maí og stuðst við 800 manna úrtak Hafnfirðinga 18 ára og eldri. Svarhlutfall var 62 prósent. Tæp átta prósent sögðust ekki ætla að kjósa eða skila auðu eða ógildu.

**- sdg**




Eurovision-lagið Heaven:

## Lánar lagið til Suður-Afríku



SVEINN RÚNAR SIGURÐSSON

**TÓNLIST** Til stendur að nota lagið Haeven, sem Sveinn Rúnar Sigurðsson samdi og Jónsi flutti í Tyrklands fyrir tveimur árum í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, sem einkennislag Höfðaborgar í Suður-Afríku. Sveinn skrifar undir samning þess efnis í Aþenu á næstu dögum og verður lagið flutt á tungumálinu afrikaans þar ytra.

„Þeir ætla að nota Heaven, ef ég skil þá rétt sjálfur, sem einkennislag borgarinnar,“ sagði Sveinn í gær. Sveinn segir að Jónatan Garðarsson, forsvarsmaður íslensku sendinefndarinnar, hafi hringt í sig áður en farið íslenski hópurinn fór út, með erindið. “Ég hélt hann væri að grínast, en svo er ekki.”

**– gag**

Síbrotamaður fyrir dóm:

## Þrjú rán og líkamsárás

**DÓMSMÁL** Þingfestar voru ákærur á hendur Aðalsteini Árdal Björnssyni vegna þriggja rána og líkamsárásar auk annarra minni brota fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Aðalsteinn er ákærður fyrir rán og líkamsárás í verslun Láru gullsmiðs að Skólavörðustíg auk tveggja rána í söluturnunum Gotta og Lukkustjörnunni. Til viðbótar er hann ákærður fyrir þjófnað í þremur verslunum, fyrir fíkniefnabrot og að hafa tekið bifreið ófrjálsri hendi og ekið henni um höfuðborgina en hann var sviptur ökurétti fyrir allnokkru.

**- aöe**

# Gefið Hamas tíma

**Mahmoud Abbas Palestínuforseti segir að Hamas-samtökin þurfi lengri tíma til þess að laga sig að kröfum alþjóðasamfélagsins. ESB verði að sýna biðlund.**



**Á EVRÓPUÞINGI** Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, kom á fund Evrópuþingsins í gær. Sagði hann niðurfellingu fjárstuðnings við Palestínustjórn afar slæma. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

**STRASSBORG, AP** Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, hvetur Evrópusambandið til þess að gefa ríkisstjórn Hamas-samtakanna „tækifæri til að aðlagast“ alþjóðlegum kröfum og svipta ekki Palestínustjórn allri aðstoð.

„Að stöðva aðstoð við Palestínustjórn, hætta fjárstuðningi, eykur enn á hnignun efnahagsins og félagslegra aðstæðna,“ sagði Abbas þegar hann ávarpaði Evrópuþingið í gær.

Hann sagði niðurfellingu fjárstuðnings hafa valdið því að Palestínumenn stæðu nú frammi fyrir neyðarástandi.

Bæði Evrópusambandið og Bandaríkin frestuðu greiðslu á beinum fjárstuðningi til Palestínustjórnar eftir að hin herskáu samtök Hamas sigruðu í þingkosningum í janúar.

Samtökin eru á lista bæði Evrópusambandsins og Bandaríkjanna yfir hryðjuverkasamtök. Evrópusambandið og Bandaríkin krefjast þess að Hamas viðurkenni tilverurétt Ísraelsríkis og láti af ofbeldisverkum. Fyrr geti fjárstuðningurinn ekki hafist á ný.

Fjárskorturinn hefur meðal annars orðið til þess að Hamasstjórnin hefur ekki getað greitt opinberum starfsmönnum laun, en stór hluti Palestínumanna á fjárhagsafkomu sína undir launum frá hinu opinbera.

Abbas sagðist í ávarpi sínu vonast til þess að á næstu dögum hæfust viðræður milli Hamas og Fatah-samtakanna, sem áður fóru með stjórn Palestínu. Þessar viðræður gætu orðið til þess að Hamas-stjórnin „lagfærði stefnuskrá sína“ og skuldbinti sig til þess að standa að friðarferlinu sem fyrri Palestínustjórn hafði unnið að.

Hann varaði við skelfilegum afleiðingum ef Ísraelsstjórn stæði fast við einhliða áform sín um að þröngva landamærum upp á Palestínumenn, það myndi „eyðileggja alla von sem enn kann að vera til staðar um að endurlífga friðarferlið“.

Einnig muni það leiða til þess að enn hefjist nýtt „biturt tímaskeið spennu og átaka sem þjóðirnar á þessu svæði hafa áratugum saman þurft að gjalda dýru verði“.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**MÆÐUR GRÁTA** Mæður fórnarlamba sem létust í árás á barnaskóla í Beslan í Rússlandi árið 2004 fyrir utan dómssal í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Árás á barnaskóla:

## Réttað í máli árásarmanns

**RÚSSLAND, AP** Rússneskir dómstólar staðfestu í gær að eini eftirlifandi maðurinn sem þátt tók í árásinni á barnaskóla í Beslan í Rússlandi árið 2004 hefði tekið þátt í morðum, hryðjuverkum og öðrum glæpum. Niðurstaðan var ekki formlegur dómsúrskurður, en gaf sterklega til kynna að Nur-Pashi Kulayev yrði fundinn sekur.

Rúmlega 300 manns týndu lífi þegar hópur manna réðst inn í skólann, tók 1.127 manns í gíslingu og sprengdi skólann svo í loft upp. Yfir helmingur hinna látnu voru börn og var Kulayev eini árásarmaðurinn sem lifði sprenginguna af.

Réttarhöldunum lýkur væntanlega á næstu dögum.

**- smk**

## BRETLAND

**Sprengja í Liverpool** Öll skipaumferð um Mersey-á við Liverpool í Bretlandi lá niðri í gærmorgun eftir að ljóst var að 450 kílóa sprengja var í ánni. Sprengjan var tafarlaust fjarlægð, en talið er að hún hafi legið í ánni síðan á dögum seinni heimstyrjaldarinnar.

## FINNLAND

**Skógarhöggsmenn í verkfalli** Yfir 25.000 skógarhöggsmenn lögðu niður störf á mánudag og í gær í Finnlandi, í mótmælaskyni við fyrirhugaðar uppsagnir innan stéttarinnar. Í síðustu viku tilkynnti UPM-Kymmene skógarhöggsfyrirtækið að það myndi leggja niður 2500 störf á næstu þremur árunum.




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**KÓLNAR AÐEINS Á FÖSTUDAGINN**

Undir helgi gerist það að vindur verður heldur ákveðnari af norðaustri. Það þýðir að reikna má með því að heldur kólni og reyndar svo mikið að búast má við éljum norðaustan og austan til á föstudaginn. Reyndar munu Norðlendingar einna helst finna fyrir lækkandi hita en syðra gætir þess mjög lítið að deginum.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI**

Hæg breytileg átt. Yfirleitt bjart með köflum og hætt við lítilsháttar skúrum við eða í nágrenni borgarinnar. Hiti 7-9 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 12°C alskýjað | London | 18°C alskýjað | Alicante | 30°C hálfskýjað |
| Billund | 15°C skúrir | París | 22°C léttskýjað | Mallorca | 22°C hálfskýjað |
| Osló | 7°C skúrir | Frankfurt | 22°C léttskýjað | Algarve | 26°C alkýjað |
| Stokkhólmur | 14°C léttskýjað | Friedrichshafen | 20°C skýjað | Krít | 22°C heiðskírt |
| Gautaborg | 12°C skúrir | Berlín | 20°C skúrir | Las Palmas | 22°C hálfskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Í Eurovision grillveisluna!
Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
120g Nóatúns grillhamborgari
LAMBA-GRILLKÓTELETTUR
1.398 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
NÓATÚNS GRILLHAMBORGARI
129 kr. stk.
30% afsláttur
30% afsláttur
GOURMET GRÍSAKÓTELETTUR
LÉTTREYKTAR
1.207 kr. kg
GOÐA BRATWURST
GRILLPYLSUR
724 kr. kg
TILBÚIN GRILLSPJÓT
BEINT Á GRILLIÐ, Í ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM – VERÐ FRÁ:
298 kr. stk.
Gos, snakk, kex og ostar
í Eurovision veisluna
PEPSI MAX
2 L
139 kr. 2 l.
DORITOS FLÖGUR
2 TEGUNDIR
199 kr. pk
GÖTEBORGS
TAPASKEX
99 kr. pk
15% afsláttur
NÓATÚN



## KJÖRKASSINN

*Telurðu að Silvía Nótt komist áfram í forkeppni Eurovision?*

| | |
|---|---|
| Já | 36,5% |
| Nei | 63,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætlarðu að fylgjast með úrslitaleik Arsenal og Barcelona í Meistaradeild Evrópu?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Hætta tímabundið leit á landi að Pétri Þorvarðarsyni:

# Áfram verður leitað úr lofti

**LEIT** Leitinni að Pétri Þorvarðarsyni, sautján ára pilti frá Egilsstöðum sem hefur verið saknað frá Grímsstöðum á Fjöllum síðan á aðfaranótt sunnudags, var hætt um klukkan fimm í gærdag. Leitin bar ekki árangur en þá var búið að leita vandlega á 500 ferkílómetra landsvæði án þess að nokkur vísbending fyndist um ferðir piltsins.

Leitin hefur verið geysilega umfangsmikil og hafa á fimmta hundruð manns komið að henni á einn eða annan hátt. Þyrlur frá Varnarliðinu og af danska varðskipinu Triton hafa tekið þátt í leitinni þegar skilyrði hafa leyft.

Um níu kílómetra svæði í kringum Grímsstaði hefur verið fínkembt allt upp í fjórum sinnum. Allir vegir út frá Grímsstöðum hafa verið gengnir oftar en einu sinni.

Sigurður Brynjólfsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Húsavík, segir að leitinni sé alls ekki lokið. „Það er stefnt að því að leita úr lofti þegar aðstæður leyfa. Við erum að bíða eftir að snjóalög breytist vegna þess að erfitt er að leita núna vegna þess hversu díl-ótt er á svæðinu og það veldur villumerkjum. Þess vegna verður haldið áfram að fljúga eftir efnum og ástæðum.“ Sigurður segir að ef veður og aðstæður leyfi verði einnig leitað á landi um komandi helgi. **- shá**



**BJÖRGUNARSVEITIR AÐ STÖRFUM** Á fimmta hundrað manns hafa komið að leitinni á einn eða annan hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANNA

Guðlaugur leggur fram tillögu:

# Deilt um bústaði Orkuveitu

**SKIPULAGSMÁL** Guðlaugur Þór Þórðarson, einn fulltrúa Sjálfstæðisflokks í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, mun í dag leggja fram tillögu á stjórnarfundi þess efnis að hætt verði við sumarbústaðabyggð við Úlfljótsvatn.

Guðlaugur segist ekki líta á það sem hlutverk Orkuveitunnar að standa í fasteignabraski, markmiðið með framkvæmdinni sé eingöngu hagnaður en að öðru verði að huga þegar um slíkar náttúruperlur sé að ræða. Sigrún Elsa Smáradóttir, fulltrúi Samfylkingar í stjórninni, segir að tillit verði tekið til allra athugasemda sem snerti náttúruvernd. **- sh**






# Fjarðarlistinn gæti misst bæjarfulltrúa

**Samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins fengi Fjarðarlistinn þrjá bæjarfulltrúa kjörna og næði Smári Geirsson því ekki kjöri. Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur fengju jafn marga bæjarfulltrúa en Biðlistinn engan.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins hafa Fjarðarlistinn og Sjálfstæðisflokkur nánast jafn mikið fylgi í Fjarðabyggð. 33,8 prósent þeirra sem tóku afstöðu í sameinuðu sveitarfélagi Fjarðarbyggðar, Austurbyggðar, Mjóafjarðarhrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps sögðust myndu kjósa Fjarðarlistann. Samkvæmt þessu fengi Fjarðarlistinn þrjá bæjarfulltrúa kjörna, einum færri en nú er. Meirihlutinn sem listinn myndar ásamt Framsóknarflokki getur samt sem áður haldið.

Aðeins fleiri konur sögðust myndu kjósa Fjarðarlistann en karlar. 35,7 prósent kvenna styðja listann en 32,1 prósent karla. Í síðustu sveitarstjórnarkosningum hlaut listinn 37,2 prósent atkvæða í Fjarðabyggð og fjóra menn kjörna. Þar sem listinn bauð ekki fram í öðrum sveitarfélögum er erfitt um vik að bera síðustu sveitarstjórnarkosningar við kannanir og kosningar nú, en um þrír fjórðu íbúa þess sveitarfélags sem nú er verið að mynda með sameiningu tilheyrðu áður Fjarðabyggð. Fylgi flokksins nú er minna en það sem mældist í skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar og birt var 25. apríl, þegar 35,6 prósent sögðust myndu kjósa Fjarðarlistann.

Um þriðjungur, eða 33,3 prósent, segist nú myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, nánast jafnmargir og segjast myndu kjósa Fjarðarlistann. Sjálfstæðisflokkurinn fengi samkvæmt því þrjá bæjarfulltrúa kjörna, einum fleiri en þeir hafa nú. Örlítið fleiri konur segjast myndu kjósa flokkinn en karlar. Í síðustu kosningum hlaut Sjálfstæðisflokkurinn 23,2 prósent atkvæða í Fjarðabyggð, og er þetta því veruleg fylgisaukning fyrir flokkinn. Fylgi hans eykst einnig frá könnun Félagsvísindastofnunar, þegar 31,8 prósent sögðust myndu kjósa flokkinn.




Framsóknarflokkur er einnig að auka fylgi sitt frá síðustu sveitarstjórnarkosningum og segjast nú 26,6 prósent myndu kjósa flokkinn. Framsóknarflokkurinn fengi samkvæmt því þrjá bæjarfulltrúa kjörna og bæta við sig manni. Nokkuð fleiri karlar en konur segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn, eða 28,5 prósent karla og 24,4 prósent kvenna.

Framsóknarflokkurinn hlaut 22,5 prósent atkvæða Fjarðabyggðar í síðustu kosningum. Hlutfallslega hefur flokkurinn verið sterkari í þeim sveitarfélögum sem nú eru að sameinast Fjarðabyggð. Nokkuð færri segjast nú myndu kjósa Framsóknarflokkinn en í könnun Félagsvísindastofnunnar þegar hann hafði 29,7 prósenta fylgi.

Biðlistinn missir sinn bæjarfulltrúa, samkvæmt könnun Fréttablaðsins, en bætir við sig frá könnun Félagsvísindastofnunar. 6,1 prósent segjast nú myndu kjósa Biðlistann, heldur fleiri karlar en konur. Í síðustu kosningum hlaut flokkurinn 17,0 prósent atkvæða og ef þetta yrðu niðurstöður kosninga myndi flokkurinn því missa tæp 11 prósentustig. Niðurstaða þessarar könnunar er þó heldur bjartsýnni en niðurstaða könnunar Félagsvísindastofnunar, þegar 1,7 prósent sögðust myndu kjósa Biðlistann.

Hringt var í 760 íbúa Fjarðabyggðar, Austurbyggðar, Mjóafjarðarhrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps mánudaginn 15. maí og þriðjudaginn 16. maí. Spurt var; Hvaða lista myndir þú kjósa ef boðað yrði til kosninga nú? 60,4 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. **svanborg@frettabladid.is**






Ný samgöngustefna fyrir Reykjavík samþykkt í borgarstjórn:

# Gjaldtaka á bílastæðum

**REYKJAVÍK** Stefnumörkun Reykjavíkur til að minnka neikvæð áhrif samgangna á samfélagið var samþykkt í borgarstjórn í gær. Markmiðið er að tryggja greiðar samgöngur án þess að ganga á verðmæti svo sem umhverfi, heilsu og borgarbrag; uppfylla fjölbreyttar ferðaþarfir borgarbúa á jafnréttisgrundvelli og að stuðla að fullnýtingu samgöngukerfa borgarinnar. Stefnumótuninni fylgir framkvæmdaáætlun til að fylgja eftir markmiðunum og hrinda þeim í framkvæmd.

Sjálfstæðismenn gagnrýna boðaða gjaldskyldu á bílastæði við opinberar stofnanir í áætluninni og telja það augljósa kjararýrnun fyrir starfsfólk og námsmenn. Lagt er til að skoðaður verði mögu-



**MIÐBÆR REYKJAVÍKUR** Þéttlagðir bílar í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

leiki á gjaldtöku á bílastæðum við framhaldsskóla og háskóla. Einnig að borgin sýni fordæmi um gjaldskyld bílastæði við vinnustaði sína. Guðlaugur Þór Þórðarson, fulltrúi Sjálfstæðisflokks í stýrihópnum um samgöngustefnuna, segir harkalega ráðist að fjölskyldubílnum. „Menn eru komnir út í sérkennilega hluti þegar lögð er til gjaldskylda á starfsmenn leikskóla og grunnskóla ásamt nemum í framhaldsskólum og háskólum.“

Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs, segir að stórir vinnustaðir í borginni hafi leitast eftir samstarfi við borgina um hugsanlega gjaldskyldu á bílastæðum og í stefnunni sé tekið tillit til þess. Dagur sér ekki fyrir sér að gjaldskylda verði sett upp við leikskóla og grunnskóla en öðru gegni um framhaldsskóla og háskóla. „Höfleg gjaldtaka tíðkast víða við háskóla erlendis og við erum tilbúin til að skoða það.“ **- sdg**






25% AFSLÁTTUR
af öllum ís

25% AFSLÁTTUR
af öllu gosi

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Frábær Eurovision-tilboð í
Hagkaupum frá miðvikudegi til laugardags

# Gleðilega Eurovision-helgi
# e-korthafar!

Nú er Eurovision-helgin að bresta á og því bjóðast e-korthöfum frábær tilboð í Hagkaupum. Þegar þú greiðir með e-kortinu færðu 25% afslátt af öllum tegundum af gosi, ís og snakki. Notaðu tækifærið og gerðu allt tilbúið fyrir partíið og nældu þér í góðan afslátt í leiðinni!





Þú getur sótt um e-kortið á www.ekort.is





25% AFSLÁTTUR
af öllu snakki

e kort
www.ekort.is

Má vísa þér á lægsta verðið?

200 sæti í boði til VISA -korthafa.

Billund - 27. maí, 12. og 19. ágúst.
Verð frá 19.900 kr.
Flug 23.900 kr. - 4.000 kr. afsláttur á mann = 19.900 kr.

Mallorca* - 6., 23. og 30. maí.
Verð frá 33.117 kr.
Gisting á Ben Hur í 7 nætur 40.117 kr. - 7000 kr. afsláttur á mann.

Krít* - 22. maí og 5 júní.
Verð frá 39.990 kr.
Gisting á Malou í 7 nætur 43.930 kr. - 7000 kr. afsláttur á mann.

Portúgal - 23., 30. maí, 13. og 20. júní.
Verð frá 33.800 kr.
Gisting á Elimar í 7 nætur 40.300 kr. - 7000 kr. afsláttur á mann.

Marmaris* Tyrkland - 23., 30. maí, 6.,13. og 20. júní.
Verð frá 39.150 kr.
Gisting á Club Ilayta í 7 nætur 46.150 kr. - 7000 kr. afsláttur á mann.

Benidorm* - 31. maí, 7. og 14. júní
Verð frá 33.190 kr.
Gisting á Buenavista í 7 nætur 40.190 kr. - 7000 kr. afsláttur á mann.

*Verðdæmi til VISAkorthafa og miðast við að 4 ferðist saman. Miðað við 2 fullorðna og 2 börn 2ja-11 ára. Innifalið er flug, gisting fararstjórn erlendis og flugvallarskattar.

plús FERÐIR
www.plusferdir.is
Lágmúla 4 • Sími 535 2100


Hollensk þingkona svipt ríkisborgararétti og segir af sér:

# Kom á fölsum forsendum

**HOLLAND, AP** Hollenska þingkonan Ayaan Hirsi Ali sagði af sér þingstörfum í gær og tilkynnti að hún myndi flytjast úr landi, eftir að Rita Verdonk innflytjendaráðherra sagðist ætla að svipta Hirsi Ali hollenskum ríkisborgararétti, því hún hefði hlotið hann á fölskum forsendum.

Hirsi Ali fæddist í Sómalíu, en flúði til Hollands árið 1992 undan hjónabandi sem ættingjar hennar stofnuðu til án hennar samþykkis. Á innflytjendapappírum sínum gaf hún upp falskt nafn og aldur, af ótta við fjölskyldu sína. Árið 1997 fékk hún ríkisborgararétt, en viðurkenndi fölsunina í þingkosningunum árið 2002 án þess að til mótmæla kæmi.

Hirsi Ali varð heimsfræg eftir morðið á hollenska kvikmyndagerðarmanninum Theo van Gogh í nóvember árið 2004. Hirsi Ali samdi handritið að myndinni sem leiddi til dauða Theo van Gogh. Sú mynd fjallaði um slæma meðferð heittrúaðra múslima á konum. Hirsi Ali hefur verið undir lögregluvernd síðan þá vegna morðhótana frá öfgasinnuðum múslimum.

Á blaðamannafundi í gær sagðist hún ekki vilja segja hvað tæki við næst hjá sér, að ráði lögmanna sinna. - smk


**AYAAN HIRSI ALI** Hollenska þingkonan hefur sagt af sér eftir að upp komst að hún falsaði nafn sitt á innflytjendapappírum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Air Atlanta Icelandic:

## Hefur starfsemi í Kína

**FLUG** Air Atlanta Icelandic hefur gengið frá samningi um leigu fraktflugvélar til Yangtze River Express í Kína til tólf mánaða. Þetta er í fyrsta skipti sem fyrirtækið leigir flugvél til meginlands Kína.

Flugvélin, sem er Boeing 747-200SF, verður afhent Yangtze River Express 24. júní næstkomandi. Yangtze River Express er að hluta í eigu China Airlines sem er eitt stræsta fraktflugfélag í heimi.

Air Atlanta Icelandic telur að þessi samningur opni félaginu dyr að mikilvægasta og mest vaxandi markaði í heimi. - sdg

# Ráðherra lofar engu

**Menntamálaráðherra segir markmið, stefnu og tillögur rektors Háskóla Íslands um framtíð skólans afar metnaðarfullar. Hún vill þó ekki lofa auknu framlagi.**

**MENNTAMÁL** „Fjárlagagerð stendur yfir eins og sakir standa og það væri óábyrgt af mér að tjá mig um hvort Háskóli Íslands fær þessa 3,4 milljarða sem óskað er eftir," segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra. Ráðherra líst afar vel á þá stefnumótun sem rektor Háskóla Íslands, Kristín Ingólfsdóttir, hefur lagt fram, en þar er að finna útlistun á hvernig skólinn hyggst ráðast í það háleita verkefni að komast í hóp bestu háskóla í veröldinni.

Kallað hefur verið eftir skýrri stefnu allar götur síðan rektor kynnti fyrst sýn þessa til framtíðar. Liggur hún nú fyrir og er samstarfsverkefni allra deilda, nemenda og starfsmanna skólans. Sýn rektors er þó kostnaðarsöm. Í henni er gert ráð fyrir að ríkið auki framlag sitt um 3,4 milljarða króna á fimm ára tímabili auk þess sem skólinn sjálfur hyggst auka sértekjur sínar um 1,5 milljarð á tímabilinu. Þess utan fer skólinn fram á það við stjórnvöld að leitað verði heimilda til skattaívilnana til handa þeim fyrirtækjum sem styrkja vilja skólann auk þess sem skólinn vill heimildir til að innheimta sérgjöld fyrir ýmsa þjónustu sem nú er gjaldfrjáls. Er þar fyrst og fremst verið að tala um sérstök gjöld vegna inntöku og upptökuprófa en ekki skólagjöld.

Menntamálaráðherra segir að verið sé að skoða málin frá öllum hliðum innan ráðuneytisins. „Við verðum að vinna skipulega enda væri glórulaust af okkur að ganga að öllu því sem hver og einn skóli fer fram á. Þarna er um mikla peninga að ræða og stefna okkur er að verða fremsta þekkingarþjóðfélag í heiminum og hluti af því er að koma með ábyrga stefnu fyrir heildina.


**BETRA NÁM, HÆFARI NEMENDUR** Háskólinn ætlar að tryggja sjálfur hluta þess fjármagns sem þarf til að skólinn verði sannarlega samkeppnishæfur við þá bestu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





**MENNTAMÁLARÁÐHERRA** Markmið rektors verða ekki að veruleika nema ríkið bæti vel í framlög sín og það er Þorgerður Katrín ekki reiðubúin að gera eins og sakir standa. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Það breytir því ekki að við höfum verið að auka framlög til menntastofnana og Háskóla Íslands ekki síst og þau framlög munu áfram aukast. Forsætisráðherra hefur haft á orði að styðja verði betur við menntun og ég fagna slíku. Við erum ekkert að draga árar í bát en fyrir mestu er að skoða háskólamálin í samhengi."

Hvað ívilnanir snertir segir Þorgerður það heyra undir fjármálaráðuneytið en fyrir sitt leyti telur hún ólíklegt að við því verði orðið. „Til að það verði að veruleika þarf að breyta skattakerfinu og stefnan þar hefur verið sú að einfalda kerfið eins og hægt er. Ívilnanir allar eru þannig eingöngu til að flækja það."

albert@frettabladid.is

Sigurður Kári Kristjánsson:

## Verða að skoða skólagjöld



„Ég get tekið undir með flestum að stefnan er lofsverð og margt til bóta þar en þeir miklu fjármunir sem þarna er farið fram á liggja ekki á lausu, hvorki núna né á næstu misserum," segir Sigurður Kári Kristjánsson, Sjálfstæðisflokki.

Sigurður ítrekar að Háskólinn verði sjálfur að auka til muna tekjur sínar og jafnvel að skoða upptöku skólagjalda því þeir peningar sem farið sé fram á séu of miklir. „Ekki er útilokað að fjárlög til menntamála aukist meira á næstunni en sú fjárhæð sem Háskólinn fer fram á er of há enda koma aðrir skólar í kjölfarið ef HÍ fær umrædda fjármuni."

Kolbrún Halldórsdóttir:

## Hagkvæmara en virkjanir



„Að mínu viti ættu stjórnvöld að sjá sóma sinn í að veita það fé til skólans sem þörf er á til að þessi metnaðarfulla stefna geti orðið að veruleika," segir Kolbrún Halldórsdóttir, fulltrúi Vinstri grænna í menntamálanefnd Alþingis.

Hún bendir á að stjórnvöld hafi eytt um hundrað milljörðum króna til byggingar Kárahnjúkavirkjunar og í því samhengi séu þeir rúmu þrír milljarðar sem Háskólinn fari fram á litlir peningar. „Stefnan kostar peninga og ég vona að stjórnvöld geri sér grein fyrir mikilvægi þess að leggja þeim til það fé sem óskað er eftir."

Einar Már Sigurðarson:

## Standa við stóru orðin



„Að mínu viti er það borðleggjandi að meðan stjórnvöld tala út og suður um að koma okkur í fremstu röð þekkingarþjóða verður að sýna lit þegar slík metnaðarfull stefna kemur fram," segir Einar Már Sigurðarson, Samfylkingu.

Hann segir að vissulega verði að líta á menntamál í heild sinni en líka verði að standa við stóru orðin. „Háskólinn kemur að eigin frumkvæði fram með háleita stefnu sem er í skýrum takti við það sem stjórnvöld tala um og þá verður að hætta þvaðrinu og efna það sem talað er um. Til þess er tækifæri nú."


BÍLL DAGSINS
CHEVROLET TRAILBLAZER LT 4WD SHORT
Nýskr 01.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 9 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.

LYFJA
- Lífið heil
+FERSKARI LÍKAMI "DETOX" TVENNA




Þú kaupir eitt glas af Vega Champignon og færð eitt glas af Vega Milk Thistle í kaupauka.
Champignon +FOS og Spirulina- inniheldur mikið af æskilegum vítamínum og næringarefnum, léttir undir með hreinsunarferli líkamans, hefur jákvæð áhrif á þarmaflóruna og dregur úr líkamslykt.
Milk Thistle léttir undir með hreinsunarferli líkamans og gefur ferskara útlit.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupsstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási




# ÁLFURINN

## - fyrir fjölskylduna!

SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS
UM ÁFENGIS- OG
VÍMUEFNAVANDANN

Þegar einn þjáist í fjölskyldu þjáist fjölskyldan öll. Því er mjög mikilvægt að fjölskyldur alkóhólista fái allan þann stuðning sem í mannlegu valdi stendur til að byggja sig upp til eðlilegs lífs.

ARGUS 06-0299

**ÁLFASALA SÁÁ 18. TIL 21. MAÍ 2006**



**MEÐ BOLTANN Á LOFTI** Þessir tveir strákar léku sér að fótbolta þar sem þeir gengu á götu í bænum Zouerat í Máritaníu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# SVEITARFÉLAGIÐ FLJÓTSDALSHÉRAÐ

Sveitarfélagið Fljótsdalshérað varð til 1. nóvember 2004; við sameiningu Austur-Héraðs, Fellahrepps og Norður-Héraðs. Íbúafjöldinn í sveitarfélaginu hinn 1. desember í fyrra var 3.905. Bæjarstjórn er skipuð 11 fulltrúum og verður svo áfram.

**ÚRSLIT AUKAKOSNINGANNA 2004**
Listi Héraðslistans (L) - 417 atkvæði - 4 fulltrúa.
Listi Sjálfstæðisflokksins (D) - 393 atkvæði - 3 fulltrúa.
Listi Framsóknarflokksins (B) - 358 atkvæði - 3 fulltrúar.
Listi áhugafólks um sveitarstjórnarmál (Á) - 163 atkvæði - 1 fulltrúi.

**Sjálfstæðisflokkur** og **L-listinn**, samtök félagshyggjufólks á Fljótsdalshéraði, mynda meirihlutann á yfirstandandi kjörtímabili.

**Bæjarfulltrúi Á-lista:**
Sigurður Grétarsson

**Bæjarfulltrúar B-lista**
Björn Ármann Ólafsson
Þorvaldur P. Hjarðar
Anna H. Bragadóttir

**Bæjarfulltrúar D-lista:**
Soffía Lárusdóttir
Arnór Benediktsson
Guðmundur Sveinsson Kröyer

**Bæjarfulltrúar L-lista:**
Skúli Björnsson
Anna Guðný Árnadóttir
Ásmundur Þórarinsson
Baldur Pálsson

**Kosningar 2006**
**Efstu menn Á-listans:**
**1.** Sigurður Grétarsson tæknifræðingur
**2.** Gunnar Jónsson bóndi
**3.** Sigvaldi H Ragnarsson bóndi
**4.** Soffía S Sigurjónsdóttir húsmóðir
**5.** Guðríður Guðmundsdóttir öryggisfulltrúi
**6.** Vilhjálmur Vernharðsson ferðaþjónustubóndi

**Efstu menn L-listans:**
**1.** Baldur Pálsson slökkviliðsstjóri
**2.** Jónína Rós Guðmundsdóttir kennari
**3.** Katrín Ásgeirsdóttir húsmóðir
**4.** Árni Ólason íþróttakennari
**5.** Þorsteinn Bergsson bóndi
**6.** Guðný Drífa Snæland leiðbeinandi

**Efstu menn D-listans:**
**1.** Soffía Lárusdóttir framkvæmdastjóri
**2.** Þráinn Lárusson skólameistari
**3.** Guðmundur Ólafsson framkvæmdastjóri
**4.** Guðmundur Sveinsson Kröyer jarðfræðingur
**5.** Aðalsteinn Jónsson bóndi
**6.** Fjóla Hrafnkelsdóttir rekstrarfræðingur

**Efstu menn B-listans:**
**1.** Björn Ármann Ólafsson bæjarfulltrúi
**2.** Anna Sigríður Karlsdóttir þroskaþjálfi
**3.** Jónas Guðmundsson bóndi
**4.** Gunnhildur Ingvarsdóttir prentsmiður
**5.** Páll Sigvaldason eftirlitsmaður
**6.** Elva Dröfn Sveinsdóttir skrifstofumaður

Sigurður Grétarsson Á-lista:

## Skólamálin efst á blaði



Sigurður Grétarsson tæknifræðingur leiðir Á-listann, lista áhugafólks um sveitarstjórnarmál á Fljótsdalshéraði, en hann var í öðru sæti listans við kosningarnar fyrir tveimur árum sem efnt var til í kjölfar sameiningar á Héraði. Sigurður segir listann leggja höfuðáherslu á fræðslumálin og góða þjónustu í dreifbýli í því sambandi. „Við viljum halda úti öflugum dreifbýlisskólum og efla leik- og tónlistarskólana þannig að allir foreldrar eigi rétt á dagvistun barna sinna. Jafnframt viljum við tengja saman tónlistar- og grunnskólanám.”

Heildstæð endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins er eitt af markmiðum Á-listans. „Við viljum tryggja nægilegt lóðaframboð og stuðla að uppbyggingu um allt sveitarfélagið. Sjúkrahús, sérhæft í bráðaþjónustu á miðhéraði, er einnig á meðal þess sem við leggjum áherslu á. Við viljum einnig ljúka uppbyggingu íþróttamannvirkja, styrkja starfsemi ungmennahúsanna og byggja reiðhöll,” segir Sigurður.

Björn Á. Ólafsson B-lista:

## Gjaldfrjáls leikskóli í áföngum



Björn Ármann Ólafsson bæjarfulltrúi skipar efsta sæti á lista Framsóknarflokksins en hann leiddi einnig B-listann í aukakosningum, í kjölfar sameiningar á Héraði, árið 2004. Hann segir skipulags- og byggingarmál ofarlega á blaði framsóknarmanna. „Bæjaryfirvöld hafa ekki efnt loforð um lóðaframboð og land hefur hvorki verið keypt né samið um notkun á landi í einkaeign til deiliskipulagningar á Egilsstöðum og í Fellum. Vatnsból hafa mengast vegna aðgæsluleysis og möguleikar til virkjunar þeirra borhola sem fyrir eru hafa ekki verið nýttir. Þá hafa nýir staðir til vatnsöflunar ekki verið rannsakaðir.“

Framsóknarflokkurinn vill einnig byggja upp skólamannvirki, bæði í þéttbýli og dreifbýli. „Við viljum lækka leikskólagjöld í áföngum og stefna að gjaldfrjálsum leikskóla í samvinnu við ríkið. Jafnframt viljum við að allir leikskólarnir taki við börnum frá eins árs aldri og foreldrar verði styrktir til að hafa börn sín hjá dagmæðrum,“ segir Björn Ármann.

Soffía Lárusdóttir D-lista:

## Leiðandi afl í uppbyggingu



Soffía Lárusdóttir framkvæmdastjóri er í efsta sæti á lista Sjálfstæðisflokksins en hún skipaði einnig efsta sæti D-listans í aukakosningunum 2004 og almennu sveitarstjórnarkosningunum 2002. Hún segir lista Sjálfstæðisflokksins skipaðan kraftmiklum einstaklingum með víðtæka þekkingu og reynslu á þeim sviðum sem heyra undir rekstur sveitarfélaga. „Þetta er fólk sem hefur áhuga, getu og metnað til að vinna að heildarhagsmunum alls samfélagsins en öflug framþróun á öllum sviðum er inntakið í metnaðarfullri og ábyrgri stefnuskrá D-listans.”

Soffía segir Sjálfstæðisflokkinn leggja áherslu á að laða fleira fólk og ný fyrirtæki til sveitarfélagsins „Þannig rennum við styrkari stoðum undir alla þjónustu í sveitarfélaginu og sköpum grunn að nýjum tækifærum. Á kjörtímabilinu hefur Sjálfstæðisflokkurinn verið leiðandi afl í farsælli uppbyggingu nýs sveitarfélags. Við sækjumst nú eftir umboði kjósenda til að halda þessu forystuhlutverki áfram,” segir Soffía.

Baldur Pálsson L-lista:

## Auka ábyrgð og valddreifingu



Baldur Pálsson slökkviliðsstjóri er í efsta sæti Héraðslistans, lista félagshyggjufólks, en hann var í fjórða sæti listans í aukakosningum í kjölfar sameiningar fyrir tæpum tveimur árum. Hann segir L-listann leggja mikið upp úr áframhaldandi þróun stjórnsýslunnar eins og lagt var upp með í síðustu kosningum. „Bæjarstjórn á að annast stefnumörkun en auka á valddreifingu með stjórnunarlegri og fjárhagslegri ábyrgð nefnda og starfsmanna bæjarins.”

Héraðslistinn leggur einnig áherslu á umhverfismál og vill setja vatnsöflun fyrir þéttbýliskjarnana í forgang. „Við viljum efla bæði þéttbýlið og dreifbýlið og taka af skynsemi á fyrirsjáanlegri hjöðnun í framkvæmdum að þenslutíma loknum.”

Listinn vill jafnframt bæta húsakost sjúkrahússins og þróa skólastarf á öllum stigum. „Við viljum byggja undir þekkingariðnað og efla Hérað sem miðkjarna samgangna og þjónustu á svæðinu en þar eru falin vannýtt tækifæri,” segir Baldur.



**EGILSSTAÐIR OG FELLABÆR** Stórframkvæmdir við Kárahnjúka og bygging álvers í Reyðarfirði hafa gjörbreytt stöðu sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs til hins betra síðustu ár.

Gjörbreyttar aðstæður á Fljótsdalshéraði:

# Mikill uppgangur

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR Fljótsdalshérað 2006

**KOSNINGAR** Fjórir listar eru í framboði á Fljótsdalshéraði: Á-listinn, listi áhugafólks um sveitarstjórnarmál á Fljótsdalshéraði, B-listinn, listi Framsóknarflokks, D-listinn, listi Sjálfstæðisflokks og L-listinn, Héraðslistinn, en hann samanstendur af félagshyggjufólki.

Í kjölfar sameiningar Austur-Héraðs, Fellahrepps og Norður-Héraðs árið 2004 var kosin ný bæjarstjórn og voru sömu listar þá í framboði og nú.

Varnarbarátta af völdum fólksfækkunar hefur sett mark sitt á framkvæmdir og rekstur flestra sveitarfélaga á landsbyggðinni. Vegna stórframkvæmdanna á Austurlandi, Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði, er því hins vegar ekki til að dreifa á Héraði. Gríðarleg uppbygging hefur verið á íbúðarhúsnæði á undanförnum tveimur árum og fasteignaverð stórhækkað. Fjöldi nýrra fyrirtækja hefur skotið rótum og fyrirtæki sem fyrir voru hafa eflst og vaxið. Íbúum sveitarfélagsins hefur stórfjölgað, sem kallað hefur á mikla uppbyggingu á vegum sveitarfélagsins. Skuldir hafa vaxið verulega en bæjaryfirvöld töldu það óhjákvæmilegt svo hægt væri að nýta þau sóknarfæri sem stórframkvæmdunum fylgdu.

Á síðasta ári hækkuðu laun hvergi meira á landinu en á Austurlandi og laun á Fljótsdalshéraði hækkuðu að meðaltali um tæp 37 prósent.

Þensla er ríkjandi á flestum sviðum og nýrrar bæjarstjórnar bíður það vandasama verk að spila sem best úr þeim tækifærum sem á borðinu eru og sneiða hjá vaxtarverkjum. **- kk**


IMPREZA SUBARU

Úlfur í sauðagæru



SYMMETRICAL AWD

Beinskiptur Sedan WRX 3.150.000,-
Beinskiptur Wagon WRX 3.250.000,-

Við fyrstu sýn lítur Subaru Impreza WRX út fyrir að vera einungis fágaður sportbíll, en svo er alls ekki. Impreza er eins og eldfjallasvæði, kyrrlátur á yfirborðinu en undir niðri býr ólgandi kraftur. Impreza finnur sig vel á götum borgarinnar en býr líka yfir 230 hestafla krafti sem er nóg til að sigra í hörðustu rallýkeppnum. Þitt er valið.

STAÐALBÚNAÐUR: 2.5 lítra vél – 230 hestöfl – Fjórhjóladrifinn – 4ra dyra – 17” álfelgur – Vindskeið og margt fleira

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Umboðmenn um land allt | Akureyri 461-2960 | Selfossi 482-3100 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453



Virk Sam-keppni
KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
Móar kjúklingabringur
1.599 kr./kg
30% Afsláttur
KRÓNU ÞURRKRYDDAÐAR LAMBAGRILLSNEIÐAR
30% Afsláttur
GOÐA GRÍSALUNDIR
20% Afsláttur
GRÍMS FISKRÉTTIR 316 KR./STK
Goða Medisterpylsa
498 kr./kg
30% Afsláttur
GRÍSAOFNSTEIK 1.049 KR./KG
Krónubrauð stórt og gróft
99 kr./stk
Eurovision stemmning
á lægra verði
Móa kjúklingastrimlar steiktir og skornir
1.119 kr./kg
Veisluostar
verð frá 108 kr./stk
50% Afsláttur
Rækjur með ídýfu
299 kr./pk
Góu súkkulaði-rúsínur
179 kr./pk
WANTED TORTILLA VÖRUR Á FRÁBÆRU VERÐI
2 FYRIR 1
AF WANTED TORTILLA FLÖGUR
2 lítrar af Coke eða Coke Light og Maarud flögur á 399 kr.
Meira úrval
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

STEFNA VINSTRI GRÆNNA

ORKUBORGIN REYKJAVÍK

- Orkan sem býr í fólkinu er auðlegð ekki síður en vatnsafl og jarðvarmi
- Fjölbreytileika og sköpunarkraft borgarbúa þarf að virkja í þágu heildarinnar
- Menningarstofnanir borgarinnar eru orkulindir og gnægtabrunnar
- Listsköpun og íþróttaiðkun almennings er forsenda fyrir skapandi samfélagi
- Kraftmikið starf hverfasamtaka verði útvíkkað og íbúalýðræði innleitt í raun
- Vatn fyrir alla um alla borg
- Orkan er dýrmæt - draga verður markvisst úr orkusóun og losun gróðurhúsalofttegunda
- Sjálfbær orkustefna verði tryggð í sátt við umhverfi og samfélag
- Ívilnun fyrir þá sem ferðast á umhverfisvænum farartækjum og hlutur þeirra stóraukinn
- Orkuveitan verði leiðandi afl í nýtingu umhverfisvænnar orku til almennra nota en sé ekki þátttakandi í frekari uppbyggingu stóriðju
- Öflug gagnaveita verði aðgengileg öllum á ábyrgð samfélagsins
- Orkuveitan og Landsvirkjun verði áfram í samfélagslegri eigu

VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð


Héraðsdómur Reykjaness:

# Ók á mann en sýknaður

**DÓMSMÁL** Leigubílstjóri var sýknaður af ákæru um líkamsmeiðingar af gáleysi en fundinn sekur um umferðarlagabrot en maðurinn ók á annan mann og tilkynnti lögreglu ekki um slysið.

Ók hann á gangandi vegfaranda í febrúar síðastliðinn með þeim afleiðingum að vegfarandinn slasaðist á fæti. Ók ákærði manninum á spítala en lét ekki vita af slysinu. Þótti hann ekki hafa sýnt aðgæsluleysi enda aðstæður slæmar þegar slysið átti sér stað. Afar dimmt var þessa nótt auk þess sem hart rigndi og voru aðstæður einnig með þeim hætti að erfitt var að forðast slys þótt ökumaður væri á hægri ferð. Var hann þó fundinn sekur um að hafa ekki látið vita og dæmdur til fimmtán þúsund króna sektar.- aöe




**LEIGUBÍLAR** Ók á ölvaðan mann en lét lögreglu ekki vita og hlaut sekt fyrir vikið.



**MAHMOUD AHMADINEJAD** Írönsk stjórnvöld hafa ítrekað haldið því fram að kjarnorkan verði eingöngu notuð í friðsamlegum tilgangi. Forsetinn hafnaði um síðustu helgi öllum tillögum um að Íranir hætti að auðga úran.

# Reyna að leysa deiluna

## Utanríkisráðherrar Evrópusambandsríkjanna ætla í vikunni að leggja fram tillögur til lausnar deilunni um kjarnorkuáætlun Írana.

**BRUSSEL, AP** Utanríkisráðherrar Evrópusambandsríkjanna ætla í vikunni að leggja fram tillögur til lausnar á deilunni við írönsk stjórnvöld um kjarnorkuáform þeirra.

„Þetta verða örlátar tillögur sem snúast um málefni sem tengjast kjarnorkumálum og hugsanlega nauðsynleg öryggismál,“ sagði Javier Solana, utanríkismálafulltrúi Evrópusambandsins, við blaðamenn á mánudag.

„Við höfum ekkert á móti því að Íranar ráði yfir kjarnorkutækni, svo framarlega sem hún er eingöngu ætluð til að framleiða orku. Við höfum sagt að við gætum jafnvel verið til í að ganga til samvinnu um það,“ sagði Solana. „Það sem við teljum ekki við hæfi og óviðunandi er að fara hina leiðina, sem er ekki að framleiða orku heldur vopn.“

Írönsk stjórnvöld hafa ítrekað haldið því fram að kjarnorkan verði eingöngu notuð í friðsamlegum tilgangi, en nú síðast á sunnudag hafnaði Mahmoud Ahmadinejad fyrir fram öllum tillögum sem fælu það í sér að Íranir hættu að auðga úran.

Solana sagðist þó bjartsýnn á að Íranar myndu samþykkja tillögurnar: „Við ætlum að koma með mjög alvarlegar tillögur sem geri þeim erfitt fyrir að segja nei.“

Í gær ítrekaði Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, að loknum tveggja daga fundi með Li Zhaoxing, utanríkisráðherra Kína, að hvorki Rússland né Kína gæti fallist á að valdbeiting kæmi til greina gengju Íranar ekki að kröfum Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. - gb



**FRÁ FUNDI UTANRÍKISRÁÐHERRA EVRÓPUSAMBANDSINS** Jean Asselborn, utanríkisráðherra Lúxemborgar, og Artis Pabrikis, starfsbróðir hans frá Lettlandi, spá í spilin á fundi utanríkisráðherra Evrópusambandsins í Brussel á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Reykræst við Bergþórugötu:

# Ætlaði að sjóða mat án vatns

**SLÖKKVISTARF** Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað út að íbúð við Bergþórugötu um sexleytið í gærmorgun. Þar hafði kviknað í út frá potti á eldavélarhellu og þurfti að reykræsta íbúðina.

Samkvæmt upplýsingum lögreglu hafði maðurinn ætlað að elda sér mat en gleymt að fjarlægja umbúðirnar, auk þess sem vatn vantaði í pottinn. Reykskynjari mun hafa vakið móður mannsins og hún forðað sér út. Hún var flutt á slysadeild til aðhlynningar þar sem grunur lék á að hún hefði fengið væga reykeitrun. Maðurinn var undir áhrifum og var fluttur á lögreglustöð. **- sh**

Atvinnuþátttakan nam rúmlega 81 prósenti í ársbyrjun:

# Erlendum körlum fjölgaði

**VINNUMARKAÐUR** Atvinnuþátttaka á fyrsta ársfjórðungi í ár er sú mesta sem mælst hefur frá árinu 2003. Atvinnuþátttakan, hlutfall starfandi og atvinnulausra af heildaríbúafjölda 16 til 74 ára, nam rúmlega 81 prósenti og hafði hlutfallið hækkað um 1,3 prósentustig frá sama ársfjórðungi í fyrra. Körlum fjölgaði meira en konum. Stór hluti nýrra erlendra starfsmanna er karlar.

Fólki á aldrinum 55-74 ára hefur fjölgað á vinnumarkaðinum sem nemur fjórum prósentustigum og sést þar að dregið hefur úr áhuga eldra fólks á að draga sig út af vinnumarkaði. Freistingin til að vinna frekar en að halda áfram í skóla virðist minni hjá unga fólkinu en oft áður. Hjá yngsta fólkinu, sem er á aldrinum 16-24 ára, nemur fjölgunin 2,2 prósentustigum en hjá aldurshópnum þarna á milli hefur atvinnuþátttaka dregist saman um 0,2 prósent. Þar var hún hæst fyrir.

Atvinnuþátttaka hefur aukist meira á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Starfandi mönnum hefur fjölgað um 7.700 frá fyrsta ársfjórðungi í fyrra, sem er 4,9 prósenta hækkun. Fjórðung aukningarinnar, um 1.800 manns, er hægt að skýra með aðflutningi til landsins. **- ghs**



**VÖXTUR Á VINNUMARKAÐI** Stór hluti nýrra erlendra starfsmanna er karlar. Myndin tengist efni fréttarinnar ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nauðungarsölu aflýst:

# Sýslumaður gerði mistök

**DÓMSMÁL** Hafnað var kröfu KB banka um nauðungarsölu eignarinnar Laugargerðis í Bláskógabyggð fyrir Héraðsdómi Suðurlands þar sem áður útgefið skuldabréf hafði verið ranglega fært í fasteignabók Sýslumannsins á Selfossi.

Málavextir eru að varnaraðili seldi gróðurhús og landspildu við íbúðarhús sitt en hið selda svæði bar sama nafn í fasteignabók og einbýlishús varnaraðila þótt neðanmáls væri þess getið að íbúðarhús væri undanskilið umræddri lóð. Leit bankinn svo á að veð væri þar með í einbýlinu einnig en því var héraðsdómur ekki sammála. **- aöe**



**KRÓKÓDÍLAGILDRA** Búið er að setja upp gildrur til að reyna að handsama krókódíla sem ráðist hafa á fólk undanfarið.

Mannskæð vika í Flórída:

# Krókódílar drepa þrjá

**BANDARÍKIN, AP** Seinustu 58 árin hafa krókódílar orðið sautján manns að bana í Flórída, en á tæpri viku virðast þeir hafa drepið þrjá til viðbótar.

Á miðvikudag fannst sundurhlutað lík 28 ára konu sem hafði verið að skokka nærri síki, og á sunnudag réðst krókódíll á 23 ára konu er hún var að kafa í vatni. Jafnframt fannst lík 43 ára konu á sunnudag og telja yfirvöld það hafa legið í vatninu í þrjá daga áður en það fannst.

Búið er að handsama fyrsta krókódílinn og hafa veiðistjórar sett upp gildrur til að reyna að handsama hina tvo.

Mjög heitt er nú í Flórída, en í hita hreyfa krókódílar sig meira og þurfa því meira að éta. **- smk**

Grímuklæddir byssumenn:

# Rændu manni úr réttarsal

**SVÍÞJÓÐ, AP** Tveir grímuklæddir byssumenn réðust inn í dómsal í Västerås í Svíþjóð á föstudaginn og rændu þaðan sakborningi. Allir þrír komust á brott í svörtum BMW áður en lögregla gat gripið í taumana, að sögn sænskra yfirvalda. Engum skotum var hleypt af og enginn særðist í áhlaupinu, að sögn lögreglu.

Sakborningurinn sem rænt var er 52 ára karlmaður, ákærður fyrir að vera höfuðpaur stórs fíkniefnahrings, en sjö aðrir eru ákærðir vegna málsins.

Bíllinn fannst skömmu síðar fyrir utan skyndibitastað, en mannanna þriggja er enn leitað. Lögreglan telur þá hættulega. **- smk**

## FERÐAÞJÓNUSTA

**Sífellt seinna á ferðinni** Erlendir ferðamenn taka sífellt seinna ákvarðanir um ferðalög til Íslands og bóka því ferðir til Íslands stöðugt seinna. Jón Karl Ólafsson, formaður SAF, segir að nokkuð góð aðsókn hafi verið í flug til landsins og vélar og hótel fyllist fljótt í kringum stórar ráðstefnur. Að öðru leyti sé auðvelt að fá flug.

## KÍNA

**Fjórtán létust í aurskriðu** Minnst fjórtán manns fórust í aurskriðu sem varð eftir að stífla brast við gullnámu í Norðvestur-Kína í síðasta mánuði. Þriggja er enn saknað. Fjölskyldur hinna látnu og týndu fá hver um sig rúmlega milljón íslenskar krónur í bætur frá námufélaginu.






**FÓTALAUS FJALLGÖNGUGARPUR** Nýsjálendingurinn Mark Inglis varð á mánudag fyrsti fótalausi maðurinn til að klífa Everest-fjall. Báðir fótleggir Inglis voru fjarlægðir fyrir neðan hné árið 1982, eftir að hann kól illa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Miklar mannabreytingar og formaðurinn í minnihluta í stjórn:

# Ósætti í stjórn MS-félagsins

**SJÚKLINGAR** Formaður MS-félagsins, Sigurbjörg Ármannsdóttir, hafði betur gegn Steinunni Þóru Árnadóttur, fráfarandi stjórnarmanni í MS-félaginu og gjaldkera Öryrkjabandalagsins, á aukaaðalfundi á laugardag. Um leið var að mestum hluta skipt um stjórnarmenn.

Á fundinum velti Garðar Sverrisson, fyrrverandi formaður ÖBÍ, Steinunni úr sessi sem fulltrúa félagsins í stjórn Öryrkjabandalagsins. Garðar hefur setið í stjórn ÖBÍ til fjölda ára fyrir Daufblindrafélag Íslands en hann er MS-sjúklingur.

Í kosningunum á laugardag náði hámarki ágreiningur sem hefur verið innan stjórnar MS-félagsins um vinnubrögð og framtíðarstefnu. Aðalfundinn hefði átt að halda í haust en hann var boðaður sex mánuðum fyrr þar sem tvö hundruð MS-félagar, eða um 25 prósent félagsmanna, höfðu óskað eftir því með undirskriftum.

Á spjallþræði MS-félagsins kemur fram að ósætti hafi verið innan stjórnarinnar og samstarfsörðugleikar milli formanns og meirihluta stjórnar. Aðeins tveir af sjö aðal- og varamönnum í stjórn sitja áfram í nýju stjórninni. Á bloggsíðunni www.kaninka.net/stefan kemur fram að unga fólkið hafi beðið lægri hlut fyrir eldra og veikara fólki. Meðalaldur stjórnarinnar hafi hækkað verulega. - ghs



**STEINUNN ÞÓRA ÁRNADÓTTIR** Í kosningum um síðustu helgi bauð Steinunn Þóra sig fram til formanns en náði ekki kjöri.

Kínverskur rithöfundur:

# Hlaut tólf ára dóm fyrir skrif

**KÍNA, AP** Kínverskur rithöfundur hlaut í gær tólf ára fangelsisdóm í Shanghai fyrir skrif sín eftir réttarhöld sem stóðu yfir í hálfan dag.

Rithöfundurinn, Yang Tianxhui, hlaut dóminn fyrir að hafa birt skrif sín á erlendum vefsíðum, þegið fé frá útlöndum og tekið þátt í að stofna stjórnmálasamtök sem andvíg eru stefnu kínverskra stjórnvalda.

Yang hefur áður afplánað tíu ára fangelsisdóm fyrir að hafa gagnrýnt harkaleg viðbrögð hersins gegn mótmælum lýðræðissinna á Torgi hins himneska friðar í Peking árið 1989. - gb

Gallar á húsnæði:

# Kröfu hafnað

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjaness féllst ekki á kröfu pars sem gert hafði gagnkröfu á hendur seljanda íbúðarhúss í Reykjanesbæ vegna meintra ágalla á eigninni.

Krafan var lögð fram þar sem kjallari hússins reyndist óeinangraður þegar til kom en dómurinn komst að því að slíkt væri eðlilegt í gömlum húsum á borð við það er parið keypti. Ennfremur átti parinu að vera það ljóst eftir fyrstu skoðun enda var það vel sýnilegt. Var seljandi því sýknaður. - aöe

Háskóli unga fólksins:

# Skráningin hófst í gær

**SKRÁNING** Skráning hófst í gær í verkefninu Háskóla unga fólksins en í því er boðið upp á ýmis sumarnámskeið fyrir krakka sem fæddir eru 1990-1994. Hrafn Ásgeirsson verkefnisstjóri segir að yfirleitt hafi verið þriðjungs fjölgun milli ára og býst við því sama núna.

Hátt í þrjú hundruð unglingar sóttu námskeiðið í fyrra. Í boði eru tuttugu námskeið úr hinum ýmsu deildum og skorum Háskóla Íslands og spanna þau allt frá kennslu í indverskum fornmálum til útskýringa á myndun vetrarbrauta. - ghs

## SINUELDUR

**Varðeldur í skógrækt** Sinueldur kom upp á skógræktarsvæði ofan við byggðina í Keflavík á mánudag. Varðeldur hafði verið kveiktur og af ummerkjum sást að reynt var að poppa poppkorn á eldinum, sem barst síðan í skógræktina. Nokkuð af trjám varð eldinum að bráð. Ekki er vitað hver var þarna að verki.

# Kópavogur niðurgreiðir vatn fyrir Garðbæinga

**Hesthúsabyggð á Kjóavöllum mengar drykkjarvatn Garðbæinga. Kópavogsbúar selja Garðbæingunum ódýrt vatn og leggja lögn að Vífilsstöðum fyrir sjötíu milljónir króna svo að hægt sé að byggja hesthúsin.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Kópavogsbúar ætla að selja Garðbæingum vatn úr nýrri holu á Vatnsendaheiði og gera Garðbæingum þannig kleift að leggja af sitt eigið vatnsból. Vatnsbólið þeirra við Vífilsstaðavatn verður fyrir mengun með byggingu hesthúsabyggðar á Kjóavöllum. Gert er ráð fyrir að samningur til fjörutíu ára verði óuppsegjanlegur fyrir Kópavogsbúa.

Samningsdrög verða lögð fyrir bæjarráð í vikunni og í framhaldinu undirrituð viljayfirlýsing. Samkvæmt þeim verður vatnið selt ódýrt. Garðbæingar kaupa vatnið á 3,40-3,60 krónur tonnið fyrstu tíu árin. Eftir tíu ár kostar það tvöfalt meira; 6,40-6,60 krónur tonnið. Þeir geta keypt allt að tvær milljónir tonna á ári næstu fjörutíu árin. Garðbæingar kaupa í dag aukavatn af Hafnfirðingum á 10,11 krónur tonnið.

Kópavogsbúar ætla að leggja lögn frá vatnstökusviði sínu á Vatnsendaheiði að lögn Garðbæinga við Vífilsstaðavatn. Lögnin kostar Kópavogsbúa sjötíu milljónir króna. Gert er ráð fyrir að vatnskaupin geti hafist fyrri hluta næsta árs.

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir að vatnsból Garðbæinga sé farið að lýjast, stækka þurfi vatnsverndarlínu og fara í framkvæmdir. Því sé hagkvæmt fyrir þá að kaupa vatnið af Kópavogi. Garðbæingar verði framtíðar viðskiptavinir og aðeins verði slegið af verðinu fyrstu árin.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, segir að vatnskaupin séu ávinningur fyrir báða aðila. Kópavogur geti látið vatn fyrir sama verð og Garðbæingar fái úr eigin vatnsveitu, sem sé víkjandi vatnsveita til framtíðar litið. Gunnar bendir á að Garðbæingar heimili skipulag á svæðinu og að hestamannafélögin Gustur og Andvari sameinist um uppbygginguí hverfinu.

Einar Sveinbjörnsson, bæjarfulltrúi í Garðabæ, er undrandi á því að Kópavogsbúar niðurgreiði vatn til Garðbæinga. „Það kemur okkur þægilega á óvart að Kópavogsbúar vilji selja okkur vatn á þessum kostakjörum. Ég velti fyrir mér hvort Kópavogsbúar séu almennt inni á því að nota skattfé í þetta," segir hann.

Flosi Eiríksson, bæjarfulltrúi í Kópavogi, segir að verið sé að skoða hvort vatnssalan sé hagfelld og góð fyrir Kópavogsbæ. „Ég ætla ekki að tjá mig um það fyrr en ég er búinn að fara í gegnum þá útreikninga. En þetta þarf náttúrlega að vera hagfellt bæði fyrir Garðbæinga og Kópavogsbúa," segir hann. ghs@frettabladid.is



**MENGAR VATNSBÓL GARÐBÆINGA** Hesthúsabyggð við Kjóavelli hefur mengandi áhrif á vatnsból Garðbæinga. Það hyggjast bæjaryfirvöld í Garðabæ og Kópavogi leysa með því að Kópavogsbúar selji Garðbæingum jafn ódýrt vatn og þeir fá úr eigin vatnsbóli.



**UNDRANDI** Einar Sveinbjörnsson, bæjarfulltrúi í Garðabæ, er undrandi á því að Kópavogsbúar ætli að niðurgreiða gæði til Garðbæinga.



**ÁVINNINGUR FYRIR BÁÐA** Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, telur að vatnskaupin séu ávinningur fyrir báða aðila.



**ÞARF AÐ VERA HAGFELLT** „Þetta þarf náttúrlega að vera hagfellt bæði fyrir Garðbæinga og Kópavogsbúa," segir Flosi Eiríksson, bæjarfulltrúi í Kópavogi.




CITROËN

# Sjáðu C4

# 22.868*

Mán.gr. Bílasamningur
Lýsingar og Brimborgar

sóltilboð

Lægra verð. Betri kjör.



C4 SALOON

■ Citroën C4 SALOON SX
1,6i 5 dyra 5 gíra 110 hö*
Bílasamningur 22.868 kr.
Rekstrarleiga 36.217 kr.
Verð án sóltilboðs 1.949.000 kr.
Sóltilboð 1.869.000 kr.

Citroën frelsar þig úr viðjum vanans. Hönnun er aðalsmerki. Flott útlit, aukið öryggi og þægindi er munaður sem studd eru snjöllum tækninýjungum. Og ekki er að finna í bílum keppinautanna. Um leið og þú lítur Citroën augum renna gömul sannindi upp fyrir þér á ný: Frakkar hafa engu gleymt og hafa enn eina ferðina sett ný viðmið hvað varðar akstursánægju, öryggi og þægindi. Láttu sjá þig á Citroën. Komdu í Brimborg. Veldu Citroën á góðu sóltilboði Brimborgar.

## Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltilboði Brimborgar. Þú færð peninginn beint í vasann eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Citroën.

**Skoðaðu Citroën í nýjum og glæsilegum sýningarsal. Bíldshöfða 8.**

Brimborg Bíldshöfði 8 · Brimborg Bíldshöfði 6 · MAX1 Bílavaktin

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is

## Lægra verð. Betri kjör. Góður bílasamningur: Aðeins 20 prósent út.



■ Citroën C2 VTS 1,6i
3 dyra 5 gíra 125 hö*
Bílasamningur 21.644 kr.
Rekstrarleiga 35.365 kr.
Verð án sóltilboðs 1.849.000 kr.
Sóltilboð 1.769.000 kr.



■ Citroën C3 SX 1,4i
5 dyra 5 gíra 75 hö*
Bílasamningur 18.707 kr.
Rekstrarleiga 30.420 kr.
Verð án sóltilboðs 1.599.000 kr.
Sóltilboð 1.529.000 kr.



■ Citroën C4 COUPÉ VTR 1,6i
3 dyra 5 gíra 110 hö*
Bílasamningur 22.525 kr.
Rekstrarleiga 35.758 kr.
Verð án sóltilboðs 1.919.000 kr.
Sóltilboð 1.842.000 kr.



■ Citroën Xsara Picasso Exclusive 2,0i
5 dyra sjálfskiptur 137 hö*
Bílasamningur 28.374 kr.
Rekstrarleiga 44.704 kr.
Verð án sóltilboðs 2.399.000 kr.
Sóltilboð 2.319.000 kr.



■ Citroën C5 X 1,8i
5 dyra 5 gíra 117 hö*
Bílasamningur 26.294 kr.
Rekstrarleiga 42.168 kr.
Verð án sóltilboðs 2.219.000 kr.
Sóltilboð 2.149.000 kr.



■ Citroën Berlingo Multispace 1,6 dísil
5 dyra 5 gíra 90 hö*
Bílasamningur 22.133 kr.
Rekstrarleiga 36.075 kr.
Verð án sóltilboðs 1.889.000 kr.
Sóltilboð 1.809.000 kr.

**Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir aðeins til 31. maí n.k. eða meðan birgðir endast.**

Sumarið er komið í Brimborg



brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

GCI ALMANNATENGSL · GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd af C4 eru álfelgur, glerþak og samlitun. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



**FLUGSÝNING** Flugmaður þessarar Mikojan MIG-29M-OVT vélar sýndi listir sínar á alþjóðlegri flugsýningu á Schoenfeld-flugvellinum í Berlín í Þýskalandi í gær. Sýningin stendur fram á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hugsanlegt samstarf Dagsbrúnar og danska ríkissjónvarpsins:

# Danskir fjölmiðlar spá í spilin

**DANMÖRK** Danska ríkissjónvarpsstöðin TV2 sagði í síðustu viku upp samningi sínum við fréttaþjónustuna Ritzau. Eru leiddar að því líkur í frétt í Politiken að ástæðan sé sú að sjónvarpsstöðin ætli að taka upp samstarf við fréttaþjónustu Nyhedsavisen, væntanlegs fríblaðs Dagsbrúnar í Danmörku.

Framkvæmdastjóri Ritzau segir í viðtali við Politiken að hann hefði ekki hugmyndaflug í að ímynda sér að opinbert fyrirtæki eins og TV2 færi í samstarf við nokkra Íslendinga sem ætluðu í samkeppni við dönsk dagblöð.

Fréttastjóri TV2 útilokar ekki möguleikan á samstarfi við Dagsbrún en segir að nú muni hann skoða þá möguleika sem séu í stöðinni. Samningnum við Ritzau hafi verið sagt upp þar sem hann hafi verið óhagstæður.

Á þriðjudag birtist grein í Berlingske tidende undir fyrirsögninni „Fríblaðastríð milli Íslands og Danmerkur“. Þar er fjallað um þau áhrif sem Nyhedsavisen muni hafa á danska dagblaðamarkaðinn. Segir ritstjóri stærsta fríblaðsins, Metroexpress, að gangi fyrirætlanir Dagsbrúnar eftir muni það hafa í för með sér aukna samkeppni um lesendur og auglýsendur. - ks



**DANSKUR SJÓNVARPSMAÐUR Á TV2** Danskir fjölmiðlar telja möguleika á samstarfi TV2 og Nyhedsavisen.

Leyniþjónusta Þýskalands:

# Bannað að njósna heima

**ÞÝSKALAND, AP** Þýska ríkisstjórnin hefur bannað leyniþjónustu landsins að njósna um blaðamenn, sem og að láta blaðamenn njósna fyrir sig.

Grunur leikur á að áratugum saman hafi þýska leyniþjónustan njósnað um blaðamenn og fengið blaðamenn til að njósna fyrir sig. Málið hefur vakið mikla athygli og þykir afar alvarlegt því leyniþjónustan hefur ekki heimild fyrir njósnum innanlands.

Leiðtogar stjórnarandstöðunnar og samtök blaðamanna hafa krafist opinberrar rannsóknar á málinu, en þingnefnd fjallar nú um það fyrir luktum dyrum. - smk








**VETNISSTRÆTÓ** Strætisvagn knúinn vetni á ferð í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins:

# Auknu fé varið í vetnisvagna

**BRUSSEL, AP** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur tilkynnt að hún muni verja rúmum fjórum milljörðum íslenskra króna í áframhaldandi tilraunaverkefni um orkugjafa fyrir almenningssamgöngur. Gert er ráð fyrir að þessi upphæð muni koma um tvö hundruð vetnisknúnum ökutækjum á götur borga í Evrópu, Kína og Ástralíu.

Undanfarin þrjú ár hefur verkefnið komið 27 strætisvögnum í umferð á götum níu evrópskra stórborga. Nú er gert ráð fyrir að um fimmtíu vagnar til viðbótar muni hefja akstur á götum fimm borga ESB, sem og í Peking í Kína, Perth í Ástralíu og í Reykjavík. Auk þess verður féð notað til að fjölga ýmsum minni vetnisknúnum ökutækjum í Þýskalandi, Frakklandi, Ítalíu og á Spáni.

Á miðvikudag samþykkti fulltrúadeild Bandaríkjaþings að veita hugvitsmönnum verðlaun fyrir uppgötvanir á sviði vetnistækni. Annað hvert ár verða fern sjötíu milljóna króna verðlaun veitt fyrir framleiðslu á vetni, geymslu, dreifingu og notkun, og ein 280 milljóna króna verðlaun fyrir uppfinningu á vetnisknúinni bifreið. Einhvern tímann á næstu tíu árum mun svo einhver heppinn hugvitsmaður hljóta 700 milljónir fyrir byltingarkennda uppgötvun í tengslum við vetni. Rannsóknirnar verða að fara fram í Bandaríkjunum. - smk






Borgaryfirvöld í Peking:

# Bíllaus dagur hvern mánuð

**KÍNA, AP** Borgaryfirvöld í Peking hafa beðið ökumenn í borginni um að skilja bíla sína eftir heima einn dag í mánuði. Þannig geti þeir lagt sitt af mörkum til þess að draga úr mengun í andrúmslofti.

Markmiðið er að fjölga þeim dögum sem andrúmsloftið mælist „þokkalega gott“ úr 233 í 238 á ári.

Í Peking eru núna skráðar um 2,6 milljónir ökutækja. Helmingur þeirra er í einkaeigu, en síðasta ár bættust þúsund bifreiðar í bílaflota borgarbúa á hverjum einasta degi. - gb



**UMFERÐIN MENGAR** Í Peking bætast við þúsund bílar á dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# 20-50% afsláttur af öllum grillum

## Þú færð grillið samsett og heimsent þér að kostnaðarlausu*



Grandhall Professional



BBQ Master 2301



BBQ Master 2300



Grandhall Premium



Broil King Regal 20XL



Sterling 2555



Sterling 1714



Grillino Champ



Sterling 1104



Fire Friend ferðagasgrill

*Gildir fyrir stórhöfuðborgarsvæðið og Akureyri, heimsendingar eiga ekki við um Fire Friend eða Grillino Champ.

Gildir til 22. maí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

## „ORÐRÉTT“

*Loksins fáum við það á hreint*

**„Margir halda að Byggðastofnun hafi allt annað hlutverk en hún hefur og það veldur ruglingi. Byggðastofnun fæst við atvinnuþróun á landsbyggðinni.“**

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR VIÐSKIPTARÁÐHERRA UM BYGGÐASTOFNUN. FRÉTTABLAÐIÐ.

*Gengur þetta upp?*

**„Eyþór Arnalds kveðst aðeins geta beðist afsökunar á óafsakanlegu athæfi...“**

FRÉTT BLAÐSINS UM EYÞÓR ARNALDS.

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BJÖRN SIGURÐSSON TRILLUSJÓMAÐUR

# Trillan á flot fyrir sjómannadag



„Ég hef verið að reykja silung og rauðmaga,“ segir Björn Sigurðsson sem er betur þekktur sem Bangsi í heimabæ sínum, Hvammstanga. „Ég fór með nokkrum félögum að renna fyrir silung í Vesturhópsvatni fyrir skemmstu en rauðmagann reyki ég fyrir þá fáu sem eru að veiða hann, þeir eru orðnir óskóp fáir í þessu. Enda fá menn ekki mikið fyrir hann núorðið.“ Afurðirnar sem koma úr reykkofa Bangsa eru í miklum metum fyrir norðan og skipa sinn sess í menningunni við botn Húnaflóans. „Mest af þessu fer í svokallað fjöruhlaðborð á Vatnsnesi en það er orðin hefð fyrir því að konurnar í sveitum þar haldi hlaðborð í Hamarsbúð á Jónsmessu. Þá munu borð svigna undan reyktum rauðmaga, silungi og öðru góðgæti.“

Bangsi á myndarlegan hjall við höfnina á Hvammstanga og er hann nú fullur af grásleppu. „Svo er ég að dunda mér við trilluna mína sem stendur við húsið. Hún er óskóp gömul en það er vonandi að maður komi henni á flot. Venju samkvæmt stefni ég að því að það verði fyrir sjómannadag. Það er svo spurning hvort ég skaki eða reyni fyrir mér í sjóstangveiðinni en sá guli er ekki hérna langt undan. Það er reyndar nýbreytni því hér áður var mun lengra á miðin.“ Bangsi er vinsæll meðal yngri kynslóðarinnar á Hvammstanga og á veturna venur hann komur sínar á bókasafnið þar sem börnin nánast sitja um hann. Nú er reyndar lítill tími til grúsks á bókasafninu en þá hittir Bangsi þessa stuttu félaga sína annarsstaðar. „Á sumrin hitti ég þá oft á bryggjunni þar sem þeir eru að renna fyrir marhnút, þá sýni ég þeim tökin á þessu ef svo ber undir,“ segir Bangsi sem hefur stundað sjómennsku frá blautu barnsbeini svo krakkarnir fá þekkinguna úr hyldjúpum þekkingarbrunni.

**HVAÐ SEGIR ANNA?**
SPILAKASSAR



## Leggjum þá niður

„Spilakössum fylgir mikið böl,“ segir Anna Marta Guðmundsdóttir, bóndi á Hesteyri í Mjóafirði. „Menn hafa orðið öreigar á nokkrum mínútum eftir að hafa spilað í slíkum kössum og jafnvel framið sjálfsmorð.“

Anna veit sem er að hagnaður af rekstri kassanna rennur jafnan til góðgerðarmála og vitaskuld vill hún ekki að góðgerðarsamtök missi spón úr aski sínum. Engu að síður vill hún að kössunum verði lokað. „Það verður að leggja þá af með öllu,“ segir hún. En hvað er þá til ráða ef þessi tekjulind samtakanna verður slegin af? „Svo þau samtök sem eiga að vera fátækum að liði tapi ekki, á að leggja aukagjald ofan á vín, tóbak og fleira þvíumlíkt. Það er mikilvægt að líknarsamtök verði ekki fátækari, heldur þurfa þau að verða ríkari.“

# Silvía hefði betur setið heima

**Barþjónn á hótelinu sem Silvía Nótt gistir á í Aþenu ber henni ekki vel söguna og vildi helst óska að hún hefði aldrei komið til Grikklands.**



**ÓSÁTTUR VIÐ SILVÍU** Gríski þjónninn Makis býr að aldarfjórðungs langri reynslu úr faginu. Hann botnar ekkert í Silvíu Nótt og segir hana dónalega í garð Grikkja. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Grikkjum finnst að Silvía Nótt eigi að hypja sig heim og halda sig þar vegna framkomu sinnar á fyrsta blaðamannafundinum. Þar fór hún mikinn, sagði margt og hagaði sér illa,“ segir Maki Karatzas, barþjónn á hótelinu Divani Caravel, sem Silvía Nótt gistir á í Grikklandi.

Makis þjónaði gestum í samnorrænni kynningu keppendanna í Eurovision sem haldin var á þaki hótelsins í gær. Silvía komst ekki vegna veikinda. Makis hefur unnið sem barþjónn í 25 ár og var á Hilton-hótelinu, sem er í tvö hundruð metra fjarlægð frá Divani Caravel, til að byrja með.

„Hún sagði: Grikkir, farið í rassgat! Ég sá það í sjónvarpinu,



**ÞEKKIR SITT FÓLK** Gríski Lundúnabúinn Konstantinos segist þekkja þjóð sína vel og að hún skilji ekki Silvíu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

hún sagði farið í rassgat. Það er ekki hægt að búast við öðru en að hún móðgi með slíkum orðum. Hún verður að vita að hún er í landinu af því að við buðum henni að koma. Við erum gestgjafarnir og viljum vissa virðingu.“

Landi Makis, Konstantinos Doulamis sem vinnur hjá sænska vefmiðlinum Gylleneskor.se, blandar sér í samræðurnar og segist búa í Lundúnum en þekkja þjóð sína vel. Hann segir erfitt fyrir Grikki að skilja húmorinn sem Silvía bjóði upp á. „Hún er kaldhæðin og tvíræð. Hún vill fara yfir strikið. Hún er jú leikkona.“

Makis er ósammála og segir hana ekki eiga innistæðu fyrir dónaskapnum: „Hún er ekki Madonna. Hún er ekkert. Hver veit nafn hennar utan Íslands? Enginn,“ svarar Makis og bætir við: „Það er ekki eins og hún hafi aðeins verið dónaleg við Grikki heldur lét hún henda blaðamanni út af fyrsta blaðamannafundinum án ástæðu. Hún er bjánaleg,“ segir Makis og nefnir söngkonuna Björk. „Þær eru eins og á sitthvorum enda skalans. Björk er yndisleg, hún semur frábæra tónlist og vinnur að mannúðarmálum. Hún er ekta stjarna.“

Þegar Makis er upplýstur um að blaðamaðurinn sem hent var út af fundinum hafi verið leikkonan Unnur Ösp Stefánsdóttir, ráðin af hópnum til að spyrja spurningarinnar um hollensku keppendurna, segir Makis það ekki skipta máli. „Frábært, ha,“ segir hann með tvíræðni í röddinni: „Hún verður að skandalísera til að láta taka eftir sér og hún gerir það með því að móðga Grikkja, frábært, eða hvað?“

Konstantino segir Grikki stolta þjóð. Þeir heiðri menningu sína og taki því þess vegna illa þegar hæðst sé að þeim. Hann segir atvikið þar sem Unni var hent út hafa hlotið mikla athygli grískra fjölmiðla: „Þetta var enn einn brandarinn sem þeir einfaldlega náðu ekki. Ég held reyndar að fáir menningarheimar skilji þennan leikaraskap.“

gag@frettabladid.is




# Kraftur og hugmyndir

**Tryggjum Karli og Bryndísi sæti í bæjarstjórn Mosfellsbæjar**


# Oddur styrkir góðgerðarsamtök

Oddur Helgi Halldórsson, bæjarfulltrúi á Akureyri og framkvæmdastjóri blikksmiðjunnar Blikkrásar, hélt upp á tuttugu ára afmæli fyrirtækisins í gær með því að taka í notkun nýjar vélar og gefa góðgerðarsamtökum peninga.

Oddur Helgi stofnaði Blikkrás ásamt félaga sínum í janúar 1986 en eignaðist allt fyrirtækið 16. maí sama ár. Með nýju vélunum hefur hann styrkt samkeppnisstöðu sína á blikkmarkaðnum til muna en nýju vélarnar eru punktsuðuvél, plötuklippur og beygjuvél. Eru allar vélarnar af fullkomnustu gerð.

Í tilefni tímamótanna færði Oddur Helgi tveimur góðgerðarsamtökum peningagjafir. „Þar sem Akureyri er okkar langstærsti markaður fannst okkur vel við hæfi að láta samtök sem láta sér samfélagið hér varða og aðstoða þá sem minnst mega sín njóta afmælisins með okkur,“ segir



**HAMINGJA** Siggerður Tryggvadóttir og Jóna Berta Jónsdóttir tóku við styrknum frá Oddi og Blikkrás fyrir hönd Mæðrastyrksnefndar en fulltrúar Hjálpræðishersins voru Rannvá Olsen og Sigurður Ingimarsson.

Oddur Helgi, sem gaf Mæðrastyrksnefnd og Hjálpræðishernum sitthvorar hundrað þúsund krónurnar. Kom það svo í hlut fulltrúa samtakanna að gangsetja nýju vélarnar.

Oddur Helgi er vitaskuld á kafi í kosningabaráttu þessa dagana en fer fyrir Lista fólksins. Á listinn tvo fulltrúa í bæjarstjórn Akureyrar og stefnir að því að fá þriðja mann kjörinn eftir rúma viku. - bþs


GÓÐAR VIÐ GRILLIÐ!
3 risa eldhúsrúllur
XL
3 XL rúllur 298 KR.
Ali grillkótelettur - Ali grillhnakki
30% afsláttur við kassann
ALI GRILLKÓTELETTUR/HNAKKI 1189 KR.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1698kr.
bonus.is
XXL Freshetta og lítri af Coca-Cola
TILBOÐIN GILDA Í VIKU 20 EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
XXL pitsa 760-800g
XXL FRESCHETTA 499 KR.
+Coca-Cola lítri
PIZZA SPECIALE
Sauce Filled
Allt klárt fyrir Júróvisjónið!
Gott á grillið...
TÚNFISKSSTEIK 99 KR.
250g
EKKERT BRUDL
-og pönnuna
HJALLAÞURRKUÐ ÝSA MEÐ ROÐI FRÁ GULLFISKI
ÝSA MEÐ ROÐI 998 KR
GULL HARÐFISKUR 400g
Þjóðlegt með Júróvisjón!
EKKERT BRUDL
-og tilboðssmjörið er komið!
Snakkið í stórum pokunum - líttu á verðið!
EUROSHOPPER SNAKK 98 KR.
200 GRÖMM
www.bonus.is

## Svona erum við

> Erlendir ríkisborgarar sem hafa kosningarétt




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** ALÞJÓÐAGJALDEYRISSJÓÐURINN

# *Stuðlað að betri heilsu í hagkerfinu*

Sendinefnd frá Alþjóðagjaldeyrissjóðinum er hér á landi til þess að kynna sér íslensk efnahagsmál. Sendinefndin ræddi við fulltrúa bæði stjórnvalda og atvinnulífsins og var álit hennar birt í gær.

**Hver er tilurð sjóðsins?**
Alþjóðagjaldeyrisjóðurinn var stofnaður árið 1945 með það að markmiði að stuðla að bættri heilsu í hagkerfi heimsins. Ísland var eitt af 29 stofnríkjum hans en nú eru meðlimirnir orðnir 184. Eftir að seinni heimsstyrjöld lauk varð til áhugi í alþjóðakerfinu á að minnka hömlur á gjaldeyris- og vöruviðskiptum og koma í veg fyrir að hörmungar kreppunnar miklu endurtækju sig. Sjóðurinn varð til í Bretton Woods í Bandaríkjunum á þingi Sameinuðu þjóðanna og á sama tíma var Alþjóðabankinn (e. World Bank) stofnaður.



**Hvað gerir sjóðurinn?**
Hlutverk sjóðsins síðustu ár hefur verið að hjálpa vanþróuðum löndum sem hafa lent í efnahagsvandamálum. Aðstoð sjóðsins felst aðallega í að veita þessum ríkjum lán sem þau þurfa að borga til baka ásamt því að fara eftir ráðleggingum sjóðsins um umbætur. Sjóðurinn hefur meðal annars aðstoðað Argentínu þegar landið stóð frammi fyrir gjaldeyriskreppu á tíunda áratugnum og löndum Austur-Asíu þegar fjármálakreppa reið þar yfir 1997.

**Árangur?**
Sjóðurinn hefur mátt sæta mikilli gangrýni vegna þess að þær þjóðir sem þiggja hjálp frá sjóðnum hafa þurft að fylgja ströngum leiðbeiningum hans um umbætur á hagkerfinu sem hafa ekki alltaf reynst vel. Einnig hefur verið bent á að ef þjóðir viti að þeim verði bjargað úr vandræðum sínum af sjóðnum hafi þær minni hvata til þess að haga sér vel í efnahagsmálum.

Heimild: IMF og The Economist

## SPURT & SVARAÐ

LAUN HÆKKA UM FIMMTUNG Á AUSTURLANDI

### *Álver og virkjun rífa launin upp*

Samkvæmt útreikningum Sambands íslenskra sveitarfélaga jukust heildarlaunagreiðslur á Austurlandi um ríflega fimmtung, 21,9 prósent, á síðasta ári. Af einstökum sveitarfélögum á Austurlandi var hækkunin mest í Fljótsdalshreppi, 37,1 prósent og Fljótsdalshéraði, 36,9 prósent. Í Fjarðabyggð nam hækkunin 28,4 prósentum. Eiríkur Björn Björgvinsson er bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs.



**EIRÍKUR BJÖRN BJÖRGVINSSON**
Bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs.

**Hver er ástæða mikilla launahækkanna á Austurlandi?** Ástæðan er gríðarlega mikil uppbygging í tengslum við Kárahnjúkavirkjun og álver Alcoa í Reyðarfirði. Atvinnuleysi er nánast ekki til á Mið-Austurlandi og hér geta allir fengið vinnu. Iðnfyrirtæki hafa sum hver þurft að berjast um starfsmenn og það ýtir laununum upp en auk þess vinna margir langan vinnudag sem einnig hefur áhrif á heildarlaunagreiðslur. Hérað var í raun láglaunasvæði áður en stórframkvæmdirnar hófust og sannarlega tími til kominn að snúa því við.

**Má búast við áframhaldandi launahækkunum?** Ég trúi því að jafnvægi sé komið á, eða við að komast á, eftir mikinn þenslutíma. Því er varla raunhæft að búast við miklum launahækkunum hér fyrir austan, umfram það sem gerist annars staðar á landinu.

**Hafa laun einhverra starfshópa ekki hækkað?** Almennt hefur starfsfólk sem sinnir umönnunarstörfum og almennt verkafólk setið eftir í þessum launahækkunum. Ég held að svipað sé uppi á teningnum um allt land.


**Réttu tækin í þrifin**
Nilfisk-ALTO háþrýstidælur á tilboðsverði




**6.888 kr.**
Nilfisk-ALTO C 100
Þrýstingur: 100 bör
Vatnsmagn: 440 l/klst.

**48.888 kr.**
Nilfisk-ALTO P 150 X-TRA
Þrýstingur: 150 bör
Vatnsmagn: 610 l/klst.

TUNGLIÐ RV6206B

**Bjarnþór Þorláksson**
bílstjóri RV

Tilboðið gildir út maí 2006
eða meðan birgðir endast.

**Rekstrarvörur**
*- vinna með þér*
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is


# Fylgishrun er óviðunandi

**Sjálfstæðisflokkurinn bætir við sig fylgi og Framsóknarflokkurinn tapar fylgi. Þetta er meginlínan í skoðanakönnunum Fréttablaðsins víðs vegar um landið síðustu vikur.**

Sjálfstæðisflokkurinn virðist á góðri leið með að vinna stórsigur víða um landið, sérstaklega þó í Reykjanesbæ, Árborg og Reykjavík, ef marka má niðurstöður skoðanakannana Fréttablaðsins síðustu vikur. Með einhverjum undantekningum þó, til dæmis á Ísafirði, þar sem flokkurinn gæti tapað fylgi.

Framsóknarflokkurinn virðist hins vegar eiga erfitt uppdráttar meðal kjósenda og sums staðar virðist hann fá afar slæma útreið ef marka má skoðanakannanirnar, til dæmis á Akranesi. Þar missir hann helminginn af fylgi sínu ef niðurstaða kosninganna verður á sömu lund og nýlegrar skoðanakönnunar.

Guðni Ágústsson, varaformaður Framsóknarflokksins, segir að niðurstaða skoðanakannana valdi sér vonbrigðum og áhyggjum. Framsóknarmenn verði að fara vel yfir stöðuna ef niðurstaða kosninganna verði á þessa lund. Eftir mikinn árangur í landsstjórninni á uppgangstímum í íslensku samfélagi sé þetta „náttúrlega bara óviðunandi niðurstaða“.

Guðni telur að Framsóknarflokkurinn hafi fengið einstaklega harða og óvægna gagnrýni og segir að flokkurinn og forystumenn hans hafi nánast verið lagðir í einelti. „Sjálfstæðisflokkurinn situr á friðarstóli og stjórnarandstaðan hamast ekki á honum. Þeir sem skrifa hinar vondu greinar skrifa ekkert um hann en það er alltaf verið að skrifa eitthvað vont um Framsóknarflokkinn. Í mörgum tilfellum á það ekki við rök að styðjast,“ segir hann.

Guðni kveðst enga minnimáttarkennd hafa gagnvart Sjálfstæðisflokknum og ríkisstjórnarsamstarfið komi niður á Framsóknarflokknum. „Við höfum staðið uppi í hárinu á Sjálfstæðisflokknum og ráðið ferðinni á mörgum sviðum. Þetta hefur verið gott samstarf eins og allar mælingar sýna. Uppgangurinn hefur verið meiri en nokkru sinni fyrr. Framsóknarflokkurinn er gerandi í því verki og á ekki að þurfa að vera í neinni niðursveiflu,“ segir hann.

Guðni vill ekkert fjalla um það hvort forystumenn Framsóknarflokksins verði að axla ábyrgð ef flokkurinn komi illa út úr kosningunum. „Ég er hluti af forystunni. Þetta er innanflokksmál sem menn verða að ræða,“ segir hann.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, telur að góð útkoma Sjálfstæðisflokksins tengist persónum og öflugu flokksstarfi sem hafi verið með allra líflegasta móti um allt land.

„Það eru margir virkir og allir leggjast á árarnar. Það er mikil jákvæðni og bjartsýni sem ríkir og þá sjálfkrafa og ósjálfkrafa skapar það stemningu í kringum framboð,“ segir hún og telur ósanngjarnt hvernig Framsóknarflokkurinn komi út í könnunum því hann hafi staðið sig vel í landsmálunum.






FRÉTTASKÝRING
**GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.**
ghs@frettabladid.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.746 **+1,94%** **Fjöldi viðskipta:** 371 **Velta:** 5.629 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| Landsbankinn | +3,18% | Avion Group | -0,81% |
| KB banki | +2,59% | Alfesca | -0,80% |
| Össur | +2,37% | | |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 66,80 +1,21% ... Alfesca 3,72 -0,80%... Atorka 5,75 +0,00% ... Bakkavör 49,90 +2,25% ... Dagsbrún 5,15 +0,98% ... FL Group 18,60 +2,20% ... Flaga 3,99 +0,00% ... Glitnir 17,20 +1,78% ... KB banki 793,00 +2,59% ... Kögun 74,50 +0,00% ... Landsbankinn 22,70 +3,18% ... Marel 70,20 +0,29% ... Mosaic Fashions 17,40 +0,00% ... Straumur-Burðarás 17,30 +0,58% ... Össur 108,00 +2,37%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Lýsa áhyggjum af vaxtahækkun



VILHJÁLMUR EGILSSON

Samtök atvinnulífsins lýsa yfir áhyggjum sínum af hugsanlegri stýrivaxtahækkun Seðlabankans á morgun í bréfi sem Vilhjálmur Egilsson, formaður samtakanna, ritaði Davíð Oddssyni, formanni bankastjórnar Seðlabankans, í gær. Vaxtahækkun Seðlabankans á að vinna gegn verðbólgu.

Í bréfinu lýsa samtökin verulegum efasemdum um að vaxtahækkun nú muni skila tilætluðum árangri. „Sú lækkun sem nú hefur orðið á íslensku krónunni frá marsbyrjun varð vegna breytinga á væntingum og trú erlendra aðila á gjaldmiðlinum og stöðu íslensks fjármálakerfis og efnahagslífs. Vaxtahækkun við þessi skilyrði mun tæplega skapa á ný það ástand að gengi krónunnar verði á svipuðu stigi og það var fyrir lækkun og vaxtahækkun er því ólíkleg til þess að hamla gegn verðbólgu svo nokkru nemi,“ segir þar og bent á hættuna á að vaxtahækkun þyki ótrúverðug vegna þess hve vextir séu háir fyrir. Samtökin benda einnig á að á næsta ári eigi að hægja verulega á í efnahagslífinu og hvetja bankann til þess að halda að sér höndum með vaxtahækkun nú og endurmeta stöðuna þegar betur verður séð hvernig gengi bæði krónu og fasteignamarkaðar þróast. **- óká**

## MARKAÐSPUNKTAR...

Glitnir banki gefur Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna rúma milljón króna sem söfnuðust þegar bankinn stóð fyrir uppboði á sjávarútvegssýningunni í Brussel.

Tiltrú þýskra fjárfesta til hagkerfisins lækkaði í apríl og er lækkunin sú mesta í heilt ár. Vísitalan var 62,7 stig í mars en lækkaði í 50 stig milli mánaða sem er mesta fall síðan í apríl 2005. Í

Krónan styrktist um 1,5 prósent í gær og var gengisvísitalan við lokun markaða í gær 124,70 stig. Velta á millibankamarkaði nam 15,5 milljarði króna.

# Franskan verðlaunuð

Oddný Halldórsdóttir vann Gullorðið, eða Mot d‘Or viðskiptafrönskukeppnina sem frönsk stjórnvöld hafa staðið fyrir allt frá árinu 1988 víða um heim. Verðlaunin eru Frakklandsferð í boði franskra stjórnvalda. Alls fengu hér sex þátttakendur viðurkenningarskjal fyrir frammistöðu sína.

Nicole Michelangeli sendiherra veitti verðlaunin nýlega í húsnæði Alliance Francaise, en meðal þess sem þáttakendur þurfa að leysa af hendi var að lýsa viðskiptahugtaki á frönsku, þýða frönsk viðskiptaorð yfir á íslensku og skrifa ritgerð um stofnun eigin fyrirtækis.

Mot d‘Or keppnir eru haldnar víða um heim og hafa yfir 600 þúsund keppendur tekið þátt í þeim. Þar af hafa sextíu þúsund verið verðlaunaðir. **- óká**



**GULLORÐIÐ AFHENT** Guðrún Ösp Sigmundardóttir, Guðrún Halldóra Jónsdóttir, Brynhildur Ingimarsdóttir, Oddný Halldórsdóttir, sigurvegari keppninnar, Nicole Michelangeli sendiherra, Lilja Sigríðardóttir og Dóra Þorvarðardóttir.

# Spurl ehf. selt

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur veffyrirtækið Spurl.net, ókeypis bókamerkjaþjónusta og leitarvél á netinu, verið selt. Notendur spurl.net geta skráð bókamerki sín á vefsvæði fyrirtækisins og haft aðgang að þeim frá hvaða tölvu sem er.

Síminn eða dótturfélög þess hafa verið orðuð við kaupin en Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, segir þann orðróm ekki á rökum reistan.

Hjálmar Gíslason, framkvæmdastjóri Spurl.net, vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað í gær en sagði fréttatilkynningar að vænta í dag. **- jab**

# Hyundai-kóngur í vanda

Chung Mong-Koo, stjórnarformaður suður-kóreska bílarisans Hyundai, hefur verið ákærður fyrir fjársvik og mútur. Chung var handtekinn í lok apríl og sakaður um að hafa keypt greiða fjölda stjórnmála- og embættismanna í Suður-Kóreu.



Þá var Chung sagður hafa gefið syni sínum, Chung Eui-sun, sem er forseti Kia, dótturfélags Hyundai, nánast ótakmörkuð fjárráð. Alls er talið að uppátæki Chung hafi kostað fyrirtækið rúma sjö milljarða íslenskra króna.

Líklegt þykir að kæra verði gefinn út á hendur Chung yngri innan tíðar. Tveir embættismenn hafa verið handteknir vegna ásakana um mútuþægni. **- jsk**



**AFTUR Í VESKIÐ** Greiningardeild Glitnis telur að minnkandi kaupmáttur og minni tiltrú á efnahagsástandinu skýri minnkandi kreditkortaveltu.

# Einkaneysla dregst saman

Samanlögð kreditkortavelta innanlands dróst saman um rúmlega átta prósent í apríl miðað við sama tíma í fyrra. Kortavelta Íslendinga erlendis jókst hins vegar um tæp tuttugu og tvö prósent milli ára. Talsvert hefur þó dregið úr hröðum vexti kortaveltu erlendis á síðustu mánuðum.

Fram kemur í Morgunkornum Glitnis að minnkandi kaupmáttur í kjölfar gengislækkunar sé sennilega meginskýring minni kortaveltu auk minnkandi tiltrúar á efnahagsástandinu. Telur greiningardeild bankans að reikna megi með framhaldi á þessari þróun á næstunni. **- jsk**




# NÁM SAMHLIÐA STARFI

## Gullið tækifæri til fjarnáms!

***Nú er hægt að stunda fjarnám við eftirtaldar námsbrautir:***

- Mannauðsstjórnun
- Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti
- Rekstrar- og viðskiptanám

**Umsóknarfrestur fyrir næsta haust er til 22. maí!**

## Nýjar námsbrautir sem hefjast í september

***TVÆR NÁMSBRAUTIR Í HUGRÆNNI ATFERLISMEÐFERÐ***
***í samstarfi við Félag um hugræna atferlismeðferð***
***og Cognitive Center í Oxford, Englandi.***

**Eins árs þverfaglegt nám í HUGRÆNNI ATFERLISMEÐFERÐ**
fyrir fagstéttir sem geta nýtt aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar í starfi sínu s.s. lækna, hjúkrunarfræðinga, iðjuþjálfa, félagsráðagjafa og námsráðgjafa.

**Tveggja ára þverfaglegt nám í HUGRÆNNI ATFERLISMEÐFERÐ**
fyrir sálfræðinga og geðlækna.

**Kynningarfundur 23. maí!**

Kynningarfundur 23. maí
kl. 16:00-17:00 í húsi
Endurmenntunar HÍ, Dunhaga 7.

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS
- að vaxa og dafna

***Kynntu þér fjölbreytt námsframboð á www.endurmenntun.is eða hringdu í síma 525 4444.***

ARGUS / 06-0296




# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Hverjir tala um ábyrgð og dyggðir?

## Skilaboð frá Hrafnagili

Á þessu ári er liðin hálf önnur öld frá fæðingu fræðimannsins og rithöfundarins séra Jónasar frá Hrafnagili. Óhætt er að fullyrða að með merku og kunnu ritverki sínu um íslenska þjóðhætti hafi hann lagt einn af hornsteinum menningararfsins.

Nú er starfræktur skóli að Hrafnagili. Á hverju ári sendir hann frá sér rétt eins og aðrir skólar hóp ungs fólks til frekara náms og til móts við alvöru lífsins. Þetta er fólkið sem á að erfa landið og fara með menningararfinn eins og því sýnist.

Rétt eins og séra Jónas skar sig úr hópi presta sinnar samtíðar með ritstörfum sínum sýnist skólinn að Hrafnagili hafa markað sér nokkra sérstöðu í hópi íslenskra skóla í byrjun tuttugustu og fyrstu aldar með sérstökum áherslum í skólastarfinu. Skilaboðin sem nú koma frá þessum nafnkunna stað eru sannarlega allrar athygli verð.

Í byrjun síðustu viku var í þessu blaði gerð nokkur grein fyrir því sem staðarfólk hefur kallað Hrafnagilsstefnu í skólastarfi. Þó að sú skólastefna byggist um margt á gömlum gildum er hún bæði fersk og nýstárleg fyrir margra hluta sakir.

En hvernig má það vera að gömul gildi fái þá umsögn að af þeim stafi ljómi nýjabrums? Sennilega er það sökum þess að gömul gildi um mannleg samskipti hafa í allt of ríkum mæli verið slitin upp með rótum í samfélagi nútímans. Þegar þess er freistað að gróðursetja þessi gildi á ný verða þau eins og nýgræðingar í samfélagsflórunni.

Í sem skemmstu máli sýnist vera lögð meiri rækt við það í Hrafnagilsskóla en öðrum skólum að öll mannleg samskipti þurfa að byggjast á siðrænum gildum. Dyggðirnar eru uppistaða og ívaf í fræðslustarfinu. Unga fólkinu er gerð grein fyrir ábyrgðarhlutverkinu. Með öðrum orðum er það markmið með skólastarfinu að vekja löngun til þess að láta gott af sér leiða og taka ábyrgð á orðum og gerðum.

Skólastarfinu sýnast vera sett skýr mörk. Það byggir á aga og að allir hafi hlutverk í mannlegum samskiptum. Og það hlýtur að gleðja marga að hluti skólastarfsins er fólginn í því að syngja þjóðsönginn vikulega.

Kjarni málsins er sá að siðræn gildi eru svo mikilvæg forsenda í samfélagi fólks að þau þarf að rækta með þeim sem eru að vaxa úr grasi. Sú ræktun er ekki síður mikilvæg en sjálf þekkingarmiðlunin.

Ábyrgð og dyggðir eru ekki fyrirbæri sem stjórnmálamenn geta lofað fólki og leyst með lögum og reglum. Markaðurinn, sem óneitanlega er mesta galdratæki efnahagslegra framfara, skilar heldur ekki einföldum lausnum á siðrænum gildum.

En ef til vill er það sökum þess hversu mikið af viðfangsefnum samtímans markaðurinn hefur leyst að ýmsir trúa því að mælikvarðar hans séu algildir og hann eigi þar af leiðandi að vera mælistika á hvað eina í mannlegum samskiptum. Mannlífið er hins vegar flóknara en svo að það gangi upp.

Það er góður vitnisburður um skólakerfi að þar geti þróast mismunandi aðferðir við að undirbúa þá sem eiga að erfa landið. Sú upplausn sem menn merkja víða í samfélagi nútímans stendur ef til vill í einhverju samhengi við rótleysi gamalla gilda.

Á þessum vettvangi er ekki kostur að leggja mat á árangur skólastarfsins að Hrafnagili. En hitt er deginum ljósara að fleiri mættu leggja því ræktunarstarfi lið að hlú að dyggðum og siðferðilegum gildum. Það er ekki gamaldags. Það er framsýni. Upp af því ræktunarstarfi getur aðeins sprottið betra fólk.




### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Ekkert látið í friði**
Skjólin eru fá þegar skammt er til kosninga. Vart mátti á milli sjá hvort keppa ætti í knattspyrnu eða pólitík í vesturbænum á sunnudagskvöld því ekki færri en tveimur tveggja hæða strætisvögnum, merktum Samfylkingunni í bak og fyrir, hafði verið lagt við KR-völlinn. Frambjóðendur og aðrir stjórnmálamenn voru áberandi í stúkunni og hægt var að svala þorstanum á blávatni frá Sjálfstæðisflokknum. Samfylkingarstrætisvagni var einnig lagt við Framhúsið daginn sem lokaumferð Íslandsmótsins í handbolta fór fram en Framarar urðu þá meistarar í fyrsta sinn í áratugi. Virðist hið fornkveðna, allt er gott í hófi, vera argasta þvæla að mati kosningastjóranna.



**Menntun**
Danska blaðið Berlingske Tidende henti að því gaman á dögunum að fjármálaráðherra Íslands væri dýralæknir að mennt og að auki sérfræðingur í sjúkdómum fiska. Vildi blaðið með þessu gera lítið úr Íslandi og Íslendingum. Í leiðara Fréttablaðsins á föstudag sagði að allt væri það satt og rétt en á það bent um leið að efnahags- og atvinnumálaráðherra Danmerkur væri fyrrverandi lögreglumaður sem numið hefði við danska lögregluskólann 1975. Til gamans má geta þess að forstjóri danska hátæknifyrirtækisins Carnitech A/S, sem reyndar er í eigu Marel, er lærður lásasmiður. Sú merka iðn er ekki kennd á Íslandi.

**Upplýsingafulltrúunum fjölgar**
Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra hefur fetað í fótspor Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra og ákveðið að ráða upplýsingafulltrúa til umhverfisráðuneytisins. Var starfið auglýst um helgina og rennur umsóknarfrestur út sunnudaginn 28. maí. Störf upplýsingafulltrúa ráðuneyta voru til umræðu í þinginu á dögunum og sagði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra við það tækifæri að upplýsingafulltrúi samgönguráðuneytisins væri ráðinn tímabundið. Eitthvað skoluðust staðreyndirnar til í höfði Halldórs og þurfi upplýsingafulltrúinn að senda út tilkynningu um að upplýsingafulltrúinn væri ekki ráðinn tímabundið. Ekki er annað að sjá á auglýsingu umhverfisráðuneytisins en að um ótímabundið starf sé að ræða og skal því spáð hér að öll ráðuneytin verði komin með upplýsingafulltrúa áður en langt um líður. **bjorn@frettabladid.is**



## Yfir til þín: Brussel!

Í DAG
ÍSLENSK EFNAHAGSÓSTJÓRN



ÓLAFUR HANNIBALSSON

Um nokkurra ára skeið var ég starfsmaður verkalýðshreyfingarinnar. Ég veitti því fljótlega athygli að á þingum, ráðstefnum og fundum í æðstu stjórn hreyfingarinnar settu ýmsir menn á langar ræður um margvísleg efni en vöruðust að setja hugmyndir sínar fram í tilöguformi og láta þannig reyna á hvern hljómgrunn þær fengju. Heimkomnir skýrðu þeir fylgismönnum sínum frá því að þeir hefðu svo sannarlega komið þessum hugmyndum á framfæri „fyrir sunnan,“ en ekki verið á þær hlustað af ráðamönnum þar.

Síðar komst ég að raun um að þingmenn beittu gjarnan sömu aðferð. Þeir voru atkvæðamiklir í ræðustóli á mannþingum flokka sinna, jafnvel þingflokksfundum, en vöruðust að klæða hugmyndir sínar í tillöguform og láta bera þær undir atkvæði. Á heimavelli sögðust þeir vissulega hafa komið áhugamálum kjósenda sinna á framfæri, en „Reykjavíkurvaldið“ hefði gersamlega hundsað þær og hindrað framgang þeirra. Síðan báðu þeir um endurnýjaðan stuðning í baráttu sinni við Reykjavíkurvaldið!

Löngu seinna las ég grein í ensku tímariti um þá aðferð stjórnmálamanna í mörgum Evrópuríkjum, jafnvel manna úr þeim flokkum sem með völdin fóru hverju sinni, að varpa sökinni af öllu því sem miður fer á Brussel: Jú, jú, við viljum svo gjarnan gera þetta eða hitt til hagsbóta fyrir land vort og þjóð. En ég hef talað fyrir daufum eyrum skriffinnanna í Brussel, og fáránlegar reglugerðir þeirra koma í veg fyrir að við getum tekið ákvarðanir af þessu tagi á okkar þjóðþingi eða í okkar ríkisstjórn.

Þessir menn eru á harðaflótta undan ábyrgð. Þeir vilja gjarnan eigna sér vinsæl mál, vera í sviðsljósinu með fræga og ríka fólkinu, klippa á borða við vígslu mannvirkja, vega, brúa, hafna, skóla, spítala og annarra heilsustofnana. Láta eigna sér framtak og framfarir, fulla atvinnu og hagvöxt. En þeir vilja ekki þurfa að taka óvinsælar ákvarðanir, heldur geta kennt öðrum um, ef ekki óprúttnum andstæðingum, þá miðstjórnarvaldinu, Reykjavíkurvaldinu, skriffinnunum í Brussel: Ekki benda á mig!

*Gengi krónunnar er einfaldlega mælikvarði á íslenska hagstjórn og það er engin lausn á vanda okkar að taka upp annan mælikvarða...*

Í greininni í enska tímaritinu var hins vegar bent á að skerfur Evrópubandalagsins og skriffinnskubáknsins í Brussel af samanlögðum fjárlögum aðildarríkjanna er innan við tvö prósent og að meira en helmingi þess fjár er varið til styrkja við landbúnað og fiskveiðar. Evrópubandalagið kann að vera atkvæðamikið í setningu hvers konar reglugerða á sviði félagsmála og viðskipta. Stundum er haft á orði að um eða yfir áttatíu prósent af viðfangsefnum löggjafarþinga sé ættað frá Brussel. Meðal annars setur það aðildarþjóðunum þau markmið að halli á fjárlögum fari ekki yfir þrjú prósent og að ríkisstjórnir hemji verðbólgu innan skikkanlegra marka. En það þýðir einmitt – og það vill oft gleymast í umræðunni – að hagstjórnin er í höndum ríkisstjórna aðildarríkjanna, þar hafa þær frjálsar hendur og geta engum um kennt nema sjálfum sér ef illa fer.

Lýðskrumarinn Berlusconi reyndi nýlega að nota það trikk í kosningabaráttunni að kenna Brussel og evrunni um slælegt gengi ítalska hagkerfisins í fimm ára stjórnartíð hans og lét suma fylgismenn sína koma þeirri hugmynd á flot að taka aftur upp líruna, sem var eins og kunnugt er einhver óstöðugasti gjaldmiðill í heimi. Samt er ítalska hagkerfið meðal þeirra tíu stærstu í heiminum, þannig að ekki verður óstöðugleiki lírunnar á sínum tíma skýrður með smæð þess, heldur einungis lélegri hagstjórn.

Sveiflur í gengi íslenskrar krónu eru heldur ekki innbyggður eiginleiki, sem við verðum að sætta okkur við vegna smæðar íslenska hagkerfisins. Gengi krónunnar er einfaldlega mælikvarði á íslenska hagstjórn. Það er engin lausn á vanda okkar að taka upp annan mælikvarða, styrkan gjaldmiðil eins og evru eða svissneskan franka. Vandamálin halda áfram að vera til staðar og hrannast upp. Undirrótin er sú að til engra mótvægisaðgerða í ríkisfjármálum var gripið samfara Kárahnjúkavirkjun og álversframkvæmdum. Þvert á móti hafa ríkisstjórnir Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar hellt olíu á eldinn með aðgerðum sínum og aðgerðaleysi, svo sem samkeppni við bankana með hækkun húsnæðislána og lækkun vaxta á þeim auk boðaðra stórframkvæmda á vegum ríkisins mörg ár fram í tímann, svo fátt eitt sé talið. Sá vandi verður ekki færður yfir á Brussel. Hann er heimatilbúinn og verður einungis leystur hér heima og það eitt er víst að það verður ekki gert með því að leggja nú niður íslenska krónu og Seðlabanka og færa allt traust sitt yfir á evru og Brussel.

## *Styrkjum atvinnulífið í Reykjavík*

UMRÆÐAN
BORGARSTJÓRNARKOSNINGAR



JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON

Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt fram skýra stefnuskrá og leitt umræðuna í kosningabaráttunni. Stefnan í málefnum aldraðra, ný framtíðarsýn í skipulagsmálum og fjölskyldumálin á breiðum grunni hafa öll vakið mikla athygli. Stefnumálin eru auðvitað miklu fleiri, sum lítil að vöxtum en mikilvæg engu að síður, og svo önnur stór í sniðum og varða hag margra.

Á undanförnum tólf árum, eða í tíð núverandi meirihluta í borgarstjórn, hefur straumur ungs fólks og húsbyggjenda legið til nærliggjandi sveitarfélaga. Fyrir vikið hefur fjárhagur borgarinnar versnað á meðan fjárhagur Kópavogs hefur aldrei verið betri. En það eru ekki bara einstaklingar sem kjósa með fótunum í Reykjavík. Fjöldi atvinnufyrirtækja hefur einnig flutt til nærliggjandi sveitarfélaga og hafið starfsemi sína þar. Fyrirtæki greiða ekki útsvar eins og einstaklingar en þau greiða fasteignagjöld sem eru hlutfallslega mun hærri en fasteignagjöld einstaklinga. Brottflutningur þeirra hefur því mikil áhrif á afkomu borgarinnar.

Þar að auki hefur staðsetning starfsstöðva veruleg áhrif á búsetuval starfsmanna og þannig getur ákvörðun fyrirtækis að flytja úr borginni haft margfeldisáhrif til lengri tíma. Núverandi meirihluti virðist telja sig yfir samkeppni hafin. Það er mikill misskilningur. Getuleysi þeirra í skipulagsmálum og takmarkaður skilningur á þörfum atvinnulífsins hefur veikt stoðir sveitarfélagsins og þeirri þróun verður að snúa við.

Afstaða borgarinnar til atvinnuuppbyggingar kemur t.d. fram í hæstu fasteignagjöldum á höfuðborgarsvæðinu. Vinur minn vildi flytja framleiðslufyrirtæki til Reykjavíkur og hringdi inn í borgarkerfið til þess að fá upplýsingar. Eftir langt samtal við hina og þessa í borgarkerfinu var honum bent á að auðveldara væri að finna atvinnulóðir annars staðar á höfuðborgarsvæðinu því hér væri engar að fá. Svona svör sætti ég mig ekki við og svona svör verða ekki gefin ef sjálfstæðismenn komast til valda í Reykjavík.

Reykjavíkurborg á að vera sívakandi yfir því að laða til sín fjölbreytta atvinnustarfsemi og tryggja það að höfuðborgin sé miðpunktur atvinnulífsins í landinu.

*Höfundur er frambjóðandi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Reykjavík.*

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871


MÖGNUÐ METSÖLUBÓK
Skuggi vindsins er stórkostleg spennusaga um fólk á flótta, um ofsóknir, vináttu og svik, ást og hatur. Ógnvænlegir atburðir, gáskafullar persónur, dimm húsasund og háar bókahillur – allt setur þetta sterkan svip á þessa mögnuðu og heillandi sögu sem gerist í Barcelona.
Spænsku bóksalaverðlaunin - Besta bók Spánar 2002
„Leggðu allt annað frá þér og lestu fram á rauðanótt.“
Joschka Fischer, utanríkisráðherra Þýskalands
„Frábærlega skemmtileg bók ... allir sem kunna að meta óhugnalegar, erótískar, hrífandi, sorglegar og spennandi skáldsögur ættu að hraða sér út í bókabúð.“
Washington Post
„Þeir sem kunna að meta Hundrað ára einsemd og Nafn rósarinnar munu njóta þess að lesa Skugga vindsins.“
Árni Matthíasson, Mbl.
„Skuggi vindsins er saga um leyndardóma bókanna ...feiknalega skemmtileg lesning á mörkum ævintýrisins.“
Halldór Guðmundsson, Frbl.
Carlos Ruiz Zafón
KOMIN Í KILJU
Edda
edda.is
SKUGGI VINDSINS
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# Áfram blómstrar Kópavogur

**UMRÆÐAN**
KOSNINGAR



**HALLGRÍMUR VIÐAR ARNARSSON**
FRAMBJÓÐANDI

Framfarir og uppbygging í Kópavogi undanfarin ár hefur verið aðdáunarverð. Þessi þróun hefur haft mikil og hagstæð áhrif á fasteignamarkaðinn í sveitarfélaginu en leiguíbúðir eru eftirsóttar og fasteignir til sölu staldra yfirleitt ekki lengi við á söluskrá. Hver er ástæðan fyrir þessu góða ástandi?

Ástæðan er sú að Kópavogur, undir forystu Sjálfstæðisflokksins, hefur boðið upp á mikla og vandaða þjónustu þar sem komið er til móts við þarfir yngri jafnt sem eldri fasteignaeigenda. Ágætt dæmi um þetta er að þriðja húsið sem byrjað var að byggja í Salahverfi var leikskóli. Hann varð til þess að ungt barnafólk kom börnunum sínum strax í viðeigandi vist án þess að þurfa að keyra langar vegalengdir. Stuttu síðar var komin frábæra sundlaug, íþróttahús og skóli. Þar með var stutt í alla þjónustu óháð því hvar fólk býr í bænum.

Annað gott dæmi er stöðug uppbygging og gott viðhald í Vesturbænum. Þar er verið að endurbæta og stækka Kópavogslaugina og stúkan á Kópavogsvelli var stækkuð. Gömlu göturnar voru rifnar upp og lagnakerfið endurnýjað, sem ekki var vanþörf á. Gangstéttir höfðu ekki sést í Vesturbænum fyrr en sjálfstæðismenn komu að stjórn bæjarins. Vesturbærinn á enn eftir að batna með nýbyggingahverfum og á eflaust eftir að verða eitt eftirsóttasta hverfið á höfuðborgarsvæðinu.

Framtíðin er björt og sjálfstæðismenn vilja ýta mörgum framfaramálum úr vör. Uppbygging Knattspyrnuakademíunnar mun fara fram á næsta kjörtímabili og framkvæmdirnar á nýju Óperuhúsi eru í sjónmáli. Leikskólar og skólar verða áfram byggðir og stækkaðir. Lögð verður áhersla á að byggja nýtt stoðbýli og þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara við Elliðavatn. Það er afar brýnt mál og ný nálgun á því endurspeglar þá framsækni sem einkennir hugmyndir Gunnars I. Birgissonar bæjarstjóra. Framkvæmdir við nýtt félagsheimili ættu að hefjast á kjörtímabilinu og lóðum verður úthlutað á þremur nýjum byggingasvæðum. Næsta úthlutun verður í byrjun apríl 2007 á byggingalóðum í Rjúpnahæð og Hnoðraholti þar sem áhersla verður á að ungt fólk úr Kópavogi fái tækifæri til að koma sér fyrir. Síðast en ekki síst má nefna stefnumál sem mér þykir afar mikilvægt fyrir framtíð Kópavogs: Eigin vatnsveita. Kópavogsbúar vilja að sitt eigið vatn renni úr krönunum og að við verðum nánast óháðir sveitarfélögunum í kring um slíka grunnþjónustu.

Ég hef stiklað á stóru um stefnumál sjálfstæðismanna í Kópavogi. Öll munu þessi stefnumál leiða til frekari vaxtar og festu í Kópavogi, eins fremsta bæjarfélags landsins. Sjálfstæðismenn vilja aðeins það besta fyrir Kópavog.

*Höfundur skipar 12. sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi.*

# *Reykvíkingur tjáir sig um flugvöll*

**UMRÆÐAN**
REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR



**EINAR GUNNAR BIRGISSON**

*Við Reykvíkingar viljum í borgarstjórn ákveðið fólk með bein í nefinu, ekki viljalausa moðhausa. Reykvíkingar þurfa án samviskubits og sem allra fyrst að losa sig við flugvöllinn í Vatnsmýrinni og þar með smárellupestina sem á upptök sín þar.*

Það er nú margt skrýtið í kýrhausnum og það kemur vafalaust mörgum á óvart þegar bent er á að ekki fer mikið fyrir flugvélum á vesalings Vatnsmýrarflugvellinum og ekki ber mikið á flugi þeirra né er það til mikils ama. Aminn af flugvellinum stafar mest af allskonar smárellum sem silast þvers og kruss yfir borgarlandinu eftir hentugleikum. Gríðarlegur hávaði berst frá fyrirbærum þessum og fyrir leikmann eins og mig þá kemur helst í hugann hljóðkútslaus risaskellinaðra með vængi.

Þessi fyrirbæri pesta lofthelgi borgarinnar, íbúðasvæði jafnt sem útivistarsvæði. Burtséð frá amanum sem stafar af háloftaskellinöðrunum þá er þessi flugvöllur á einu besta og verðmætasta byggingarlandi borgarinnar og stendur í vegi fyrir að eðlilegur miðbæjarkjarni geti þróast. Grátkarlar og grátkerlingar þeysast fram á sjónarsviðið og mega vart mæla fyrir vandlætingu ef talað er um að færa flugvöllinn. Hagsmunaaðilar róa svo undir leynt og ljóst.

Vesalings Hólmsheiðin sem er rétt austan Árbæjarhverfis gæti verið vænlegur kostur fyrir flugvöll þótt auðnin á milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur væri betri kostur. Hólmsheiðin samanstendur mest af lágum saklausum hæðarkollum sem ná flestir um 100 - 150 metra hæð yfir sjávarmáli en samt er talað um hana sem hálendi mikið umlukið háum tindum. Þar fara að sögn grátkórsins um nístingskaldir og hættulegir sviptivindar og þar er mikill skafrenningur og erfið snjóalög. Og það vísast árið um kring. Jafn vondur og hættulegur staður fyrirfinnst varla á byggðu bóli. Það eru bara illgjarnir Reykvíkingar sem vilja hola þar niður flugvelli. Við erum líka minnt á að þar yrði ekkert sjúkrahús við einn flugbrautarendann. Hvað skyldu margir flugvellir erlendis hafa sjúkrahús við einhvern flugbrautarendann? Hvað með Keflavíkurflugvöllinn? Hefur einhver séð sjúkrahús þar við einhvern flugbrautarendann?

Við Reykvíkingar erum rækilega minnt á skyldur Reykjavíkur sem höfuðborgar. Skilaboðin eru þau að það sé skylda okkar Reykvíkinga að hafa óskapnaðinn áfram í Vatnsmýrinni. Við Reykvíkingar ættum að staldra við hér og skoða hug okkar. Þurfum við að hafa eitthvað samviskubit yfir því að segja flugvellinum upp vistinni? Bara hreint alls ekki. Fullkominn flugvöll mætti gera í nágrenni borgarinnar og fljótt yrðu allir ánægðir og sáttir og botna ekkert í af hverju flugvöllurinn var ekki fluttur fyrir löngu síðan. Best væri ef Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin sameinuðust í næstu borgarstjórn og segðu flugvellinum upp vistinni og það sem allra fyrst og án alls samviskubits. F-listinn og Framsókn eru úti að aka í málinu, eru á atkvæðaveiðum og hafa misst allt jarðsamband. Grátkórinn færi hamförum ef flugvellinum yrði vísað burt og því þurfa væntanlegir borgarfulltrúar að hafa bein í nefinu og sýna ákveðni. Sú borgarstjórn sem vísar flugvellinum burt yrði vísast sjálfkjörin næstu kjörtímabilin og er því til mikils að vinna.

Við Reykvíkingar viljum í borgarstjórn ákveðið fólk með bein í nefinu, ekki viljalausa moðhausa. Reykvíkingar þurfa án samviskubits og sem allra fyrst að losa sig við flugvöllinn í Vatnsmýrinni og þar með smárellupestina sem á upptök sín þar. Nýtt tímabil myndi hefjast í sögu Reykjavíkur. Okkur ber engin skylda lengur til að fóstra flugvöll í Vatnsmýrinni. Sú byrði hefur of lengi setið á herðum okkar.

*Höfundur vinnur við ritstörf.*

# Endurnýjun miðbæjar Akureyrar

**UMRÆÐAN**
MIÐBÆR AKUREYRAR



**RAGNAR SVERRISSON**
KAUPMAÐUR

„Merkileg tík pólitíkin“ - segja menn oft þegar stjórnmálamenn og flokkar tjá sig um menn og málefni. Þetta hugsaði ég þegar ég las í blaðinu grein Ásgeirs Magnússonar, fjórða manns á lista Samfylkingarinnar á Akureyri, sem voru viðbrögð við grein minni um skipulagsmál miðbæjarins á Akureyri. Þar hafnar hann í nafni flokksins niðurstöðum margrómaðrar arkitektasamkeppninni að grafa síki eða bátaskurð upp að Skátagili. Í ákafa sínum freistast hann til að fullyrða að einhver hafi haldið því fram að síki eitt og sér geti myndað sól og skjól í miðbænum sem var meginósk íbúaþingsins. Auðvitað hefur enginn haldið slíkri fjarstæðu fram enda bara hugaburður félaga Ásgeirs.

### Vilji íbúaþings

Hið fjölmenna íbúaþing, sem haldið var til að skilgreina óskir bæjarbúa um þróun miðbæjarins, benti á að hann væri fremur óaðlaðandi með gráu yfirbragði, sólar nyti ekki í Hafnarstræti síðdegis og vindstrengir í norðan- og sunnanáttum. Á öllu þessu þyrfti að ráða bót og talið að það yrði helst gert með því skapa rými, einkum milli Skipagötu og Hafnarstrætis, sem sneri þvert á þessar götur. Með því næðist það markmið að geta notið síðdegissólar í miðbænum og jafnframt tryggt sjóntengingu og greiða leið að hafnarsvæðinu og Pollinum.

Þessi niðurstaða íbúaþingsins var eitt þeirra atriða sem þeir sem tóku þátt í samkeppninni voru beðnir að hafa til hliðsjónar við gerð tillagna sinna. Megináhersla var lögð á að fá fram hugmyndir sem leiddu til þess að meira skjól og sól yrði í miðbænum og að tengja hann um leið betur sjónum og væntanlegu menningarhúsi sem ákveðið er að byggja þar sem Átak er nú. Þetta var sem sagt vilji íbúanna og spennandi að vita hvort fram kæmu tillögur sem væru nýtilegar til að ná honum fram.

### Tillaga sem uppfyllti óskir íbúa

Tillagan sem hlaut fyrstu verðlaun er að mínum dómi bæði einföld og snjöll og kemur til móts við áðurnefndar óskir bæjarbúa. Með henni myndast nýtt rými í miðbænum sem liggur vel við sól, nýtur skjóls í ríkjandi vindáttum, tengir miðbæinn við Pollinn og endurheimtir fyrri tengsl við sjóinn. Allt opnast með nýjum hætti. Ganga frá endurræktuðu Skátagili að skurðinum, þar sem gott rými hefur myndast og skjól og skemmtibátar liggja við festar, niður að bryggjunum með menningarhúsið norðan við, mun færa öllum sanninn um að tekist hafi að skapa einstakan miðbæ sem á sér fáa líka. Þar sem áður var fámennur miðbær yrði iðandi líf við þessa breytingu og saman færi gott mannlíf og fjörug viðskipti í verslunum og hjá öðrum þjónustufyrirtækjum á svæðinu.

Þetta skynja fjárfestar mjög vel og því er hafið kapphlaup um bestu byggingasvæðin við bátaskurðinn og í næsta nágrenni hans. Því er ekki langt í að þar hefjist framkvæmdir fyrir miklar upphæðir sem bæjarsjóður mun að hluta nýta til að borga það sem gera þarf á svæðinu.

### Samfylking á villigötum

Með þessar staðreyndir í huga er dapurlegt að hlusta á Samfylkingarfólkið tala um að þarna sé eingöngu verið að stofna til útgjalda fyrir bæjarsjóð sem betra sé að verja til annars. Bölsýni félaga Ásgeirs hefur leitt til þess að honum sést yfir þær miklu tekjur sem bærinn fær frá þeim sem byggja á svæðinu og gleymir sér í tómum mínustölum. Slík afstaða er ekki til marks um stórhug og kröftuga forystu sem tilbúin er til að beita sér í samræmi við óskir bæjarbúa. Þegar við bætist að annar frambjóðandi Samfylkingarinnar, Jón Hjaltason, hefur lýst áhuga sínum á að gefa öllum lausnum sem uppfylla kröfur íbúaþings langt nef og leggja þess í stað KEA-stræti þannig að umferðin geti „flætt enda á milli,“ sýnist mér að þetta góða fólk hafi algjörlega týnt sér í því að vera bara á móti og tala út og suður; vonist svo til að geta veitt í því gruggUGa vatni í kosningunum í vor. Engin heildstæð stefna, gleyma sér í mínustölum og verja fjármunum í eitthað annað en að byggja upp miðbæ sem uppfyllir óskir íbúa.

### Ótvíræð skilaboð

Eins og kunnugt er var ég ásamt hópi fólks alvarlega að hugsa um að bjóða fram lista til bæjarstjórnar í vor m.a. til að tryggja framgang þeirra hugmynda um endurskipulagningu miðbæjarins sem Akureyri í öndvegi fæddi af sér. Með hliðsjón af framvindu mála undanfarið var hætt við slíkt framboð. Þar komu fyrst og fremst til samþykktir bæjarstjórnar um að framkvæma tillögur stýrihóps sem byggði á niðurstöðum íbúaþings og verðlaunatillögum úr arkitektasamkeppninni. Með því sýndi meirihlutinn ábyrgð og festu undir stjórn bæjarstjóra. Þegar Samfylkingin gerir sérstaklega út á að koma í veg fyrir að megintillögur íbúaþings komist til framkvæmda er ekkert vit í öðru en að tryggja þeim sem nú stjórna bænum áframhaldandi umboð. Allt sem dreifir atkvæðum og kröftum er varasamt því málefnið er fyrir öllu – að uppfylla óskir bæjarbúa um glæsilegan miðbæ.

**Skattskrár vegna álagningar 2005**

sem og virðisaukaskattsskrár vegna tekjuársins **2004** verða lagðar fram í öllum skattumdæmum **þriðjudaginn 16. maí 2006**.

**Framlagning skattskráa** er samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 og 46.gr laga nr 50/1988.

**Skrárnar liggja frammi hjá skattstjórum** í hverju umdæmi, hjá umboðsmönnum skattstjóra eða á sérstaklega auglýstum stöðum í hverju skattumdæmi dagana **16. maí til 29. maí 2006** að báðum dögum meðtöldum.

**16. MAÍ 2006**

**Skattstjórinn í Reykjavík**, Gestur Steinþórsson.
**Skattstjórinn í Vesturlandsumdæmi**, Stefán Skjaldarson.
**Skattstjórinn í Vestfjarðaumdæmi**, Guðrún Björg Bragadóttir.
**Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi vestra**, Bogi Sigurbjörnsson.
**Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi eystra**, Gunnar Karlsson.
**Skattstjórinn í Austurlandsumdæmi**, Karl S. Lauritzson.
**Skattstjórinn í Suðurlandsumdæmi**, Hreinn Sveinsson.
**Skattstjórinn í Vestmannaeyjum**, Ingi Tómas Björnsson.
**Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi**, Sigmundur Stefánsson.

## REYNSLUAKSTUR

Ný kynslóð Ford Fiesta er komin á markað. Bíllinn er skemmtilegur í akstri enda með 1600 lítra vél sem skilar 100 hestöflum. Hægt er að velja um ýmiss konar áklæði í stíl við innréttingar og lit bílsins.

BÍLAR 2



## DJÁSN EYJAHAFSINS HEIMSÓTT

Egill Helgason verður fararstjóri um gríska Eyjahafið í sumar.

FERÐIR 5




# allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ


## ALLT HITT

**[FERÐIR NÁM BÍLAR]**

**Icelandair** er með tilboðsferðir til Manchester þessa dagana. Verð á mann í tvíbýli er frá 36.250 krónum. Um er að ræða þriggja nátta ferðir á ákveðnum dagsetningum í maí og júní. 9. til 12. júní er verð á mann í tvíbýli 36.250 í þrjár nætur á Thistle Manchester hótelinu. Aðrar ferðir má sjá á icelandair.is.

**Volvo** innkallar bíla sína af gerðunum XC90, S40 og V50. XC90 er með galla í stýrisbúnaði og S40 og V50 gerðirnar eru innkallaðar vegna bensínleiðslu sem getur ofhitnað í bílum með fimm strokka bensínvélum með turbínu. Til eru um 251.300 slíkir bílar um allan heim. Sjá nánar á www.fib.is.



**Ólafur** Proppé, rektor Kennaraháskóla Íslands, mætir á fund í Háskóla Íslands í dag. Rætt verður um stöðu Kennaraháskóla Íslands, framtíðarsýn skólans og stefnu hans næstu fimm árin og hugsanlega sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Gerð verður grein fyrir þeirri endurskipulagningu sem nú er unnið að á öllu námi við Kennaraháskólann.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 17. maí, 137. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.07 | 13.24 | 22.44 |
| Akureyri | 3.31 | 13.09 | 22.49 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Olga Björt hafði ekki verið í skóla í þrettán ár þegar hún byrjaði í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Erfiðast að koma sér af stað aftur eftir hlé

***Olga Björt Þórðardóttir er nemandi í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og er að klára stúdentspróf þaðan. Hún hefur tekið flesta áfangana í kvöldskóla og mælir með því fyrir þá sem vilja vera í skóla með vinnu.***

Olga byrjaði í FB í janúar 2004 og er að klára stúdentspróf núna í vor. „Ég er búin að taka áfangana í kvöldskóla, sumarskóla og utan skóla og púsla þessu einhvern veginn öllu saman," segir hún og hlær.

Olga hafði ekki verið í skóla í þrettán ár þegar hún byrjaði í FB. „Ég var í MR frá 1988 til 1990 og tók einhver fög í Fjölbrautaskóla Suðurnesja en fór svo út á vinnumarkaðinn og kláraði aldrei stúdentspróf. Á endanum kom samt að því að ég fann að mig langaði að fara aftur í skóla."

Eftir að Olga byrjaði í skólanum komst hún að því að hún hafði mikinn áhuga á fjölmiðlafræði. „Ég er á félagsfræðibraut og búin að taka þrjá fjölmiðlafræðiáfanga sem mér fannst mjög skemmtilegt. Ég ætla því að halda áfram að læra fjölmiðlafræði og stefni á að fara í BA-nám í fjölmiðlafræði í Háskólanum á Akureyri þarnæsta vetur."

Olga er í fullri vinnu með skólanum og á lítið barn svo það er nóg að gera hjá henni. „Stundum er þetta svolítið strembið en þegar maður eignast barn lærir maður að skipuleggja sig betur. Ég verð líka að hrósa þeim í FB sérstaklega því þau eru mjög liðleg og taka tillit til þarfa nemenda."

Olga mælir með kvöldskólanum fyrir þá sem vilja klára stúdentspróf en halda samt áfram að vinna. „Margir eru hræddir við að byrja aftur í skóla eftir langt hlé og það getur verið ágætt að velja sér bara einhverja þrjá skemmtilega áfanga til að byrja með á meðan maður er að koma sér af stað. Ég gerði það og mæli alveg hiklaust með því."

*emilia@frettabladid.is*




Esther Helga
Guðmundsdóttir, ráðgjafi.

**mfm miðstöðin**

**Meðferðar og fræðslumiðstöð vegna matarfíknar.**

Ármúla 15, Reykjavík Sími 568 3868
www.matarfikn.is

***Frá hömluleysi til heilsu!***

- Borðar þú stundum meira en þú hefur ákveðið?
- Felur þú hvernig þú borðar?
- Hafa matarvenjur þínar hamlandi áhrif á líf þitt?
- **Finnst þér þú hafir reynt allt, en átt enn í vanda með mat?**

**Við bjóðum upp á greiningu, einstaklingsmiðaða meðferð og fræðslu.**

**Námskeið að hefjast, upplýsingar í síma 568 3868 eða matarfikn@matarfikn.is**



**Vertu klár fyrir sumarið...**

Eigum til afhendingar strax, nokkra vel útbúna MAZDA TRIBUTE á hagstæðu verði!

Umboðsaðilar:
SG Bílar - Keflavík - Sími 421 4444
Bíasalan Ós - Akureyri Sími 462 1430

X4+ ehf.

**Opið 10:00 - 18:30**
**Laugardaga kl. 12:00 - 16:00**

2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is

**MAZDA TRIBUTE**

www.x4.is













REYNSLUAKSTUR


Ford Fiesta er laglegur í útliti og fæst í mörgum flottum litum.

# Litríkur og aflmikill smábíll

***Ford Fiesta er fallega hannaður og krafmikill smábíll.***

Ford Fiesta er frísklegur smábíll. Síðastliðið haust var sjötta kynslóð hans kynnt til sögunnar, hann hefur fengist hér á landi síðan í ársbyrjun og það er sá bíll sem blaðamaður Fréttablaðsins reynsluók á dögunum.

Ford Fiesta á sér langa sögu og hefur löngum þótt góður aksturbíll. Útlitsbreytingar eru þó nokkrar á nýrri kynslóð og það sem mikla athygli vekur þegar sest er inn í hann er skemmtilegt samspil áklæðis á stólum og innréttingar. Hægt er að velja um efni í stíl við innréttingu bílsins og gera bílinn þannig að sínum.

Ökumaður situr nokkuð hátt inni í bílnum og hefur því gott útsýni. Pláss er gott fyrir bílstjóra og umhverfi hans með ágætum. Fiestan er ágætlega rúmgóð af smábíl að vera. Hægt er að leggja aftursæti niður, annað eða bæði í hlutföllunum 60/40 eins og nú er orðin siður í smábílum. Það er mjög þægilegt þegar farið er í stórinnkaup. Uppgefið farangursrými Fiestunnar er sagt allt að 947 lítrum en þá mun vera hlaðið upp í topp.

Bíllinn sem Fréttablaðið fékk til afnota var sjálfskiptur bensínbíll með 1600 vél. Það er kraftmikil vél fyrir smábíl. 100 hestafla bíll sem eingöngu vegur rúmt tonn hefur ýmsa kosti í akstri. Hann er skarpur, og skemmtilega kraftmikill. Það er prýðilegur bónus þegar smábíll er annars vegar. Veghljóð er hins vegar nokkuð, það er ekki svo áberandi í venjulegum innanbæjarakstri en verður meira áberandi þegar komið er út á vegina. Það er hins vegar ekkert óvenjulegt þegar um smábíl er að ræða. Fiestan er lipur og þægileg að koma fyrir í stæði eins og vera bera með smábíl.

Samkvæmt uppgefnum tölum frá framleiðanda eyðir Ford Fiesta 7,5 lítrum á hundraði í blönduðum akstri sjálfskiptur. Til samanburðar má nefna að Toyota Yaris eyðir 6 á hundraði í blönduðum akstri samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda. Yarisinn er náttúrulega með minni vél sem skýrir muninn. Eðlilega verður vélarstærðin til þess að bíllinn eyðir meiru sem gæti dregið úr áhuga kaupenda smábíla sem eru oft að hugsa mikið um að bílar séu sparneytnir.

Vélarstærðin gefur bílnum hins vegar skemmtilegri akstурseiginleika en margur smábíllinn hefur.

sigridur@frettabladid.is

### FORD FIESTA

**Rúmtak vélar (cc)** 1.596
**Hestöfl** 100
**Tog (nm)** 146
**Eldsneytistankur** 45
**Lengd mm** 3.916
**Breidd m/án spegla** 1.905/1.683 mm
**Hæð** 1.463 mm
**Eigin þyngd** 1.025 kg
**Farangursrými** 284/947 l
**Verð beinskiptur/sjálfskiptur**
1.690.000/1.790.000


Kattarleg framljós gefa bílnum svip.


Meðal staðalbúnaðar í Ford Fiestu er geislaspilari og útvarp.


Einfalt mælaborð.


Skemmtileg hönnun á afturljósum.


Litir á bíl, innréttingu og áklæði á sætum spila vel saman.












# Ekki fórna ánægjunni

***Þrátt fyrir hækkandi eldsneytisverð er engin ástæða fyrir akstursáhugamenn að leggja árar í bát.***

Engin trygging er fyrir því að eldsneytisverð lækki í bráð, ef nokkurntíma. Fyrir þá sem hafa gaman af bílum eru þetta hræðilegar fréttir, enda eiga flestir skemmtilegustu bílarnir það sameiginlegt að vera svolítið fyrir sopann. Flestir, en þó ekki allir.

Hér á eftir er listi yfir eyðslugranna bíla sem þykja jafnframt skemmtilegir í akstri. Þeir eiga það sameiginlegt að geta allir eytt undir 7 lítrum á hundraði við réttar aðstæður, vera samt stærri en skókassi og standast miklar kröfur þegar kemur að akstri og tæknibúnaði. Tölurnar á eftir bíltegundunum segja til um eyðslu á hverja 100 kílómetra í innanbæjar-/utanbæjarakstri.



**Honda Civic DX - 7,8 / 5,9**
1,8 lítra vélin er 140 hestöfl og bíllinn allur orðinn enn betri en áður. Þú næðir minni eyðslu á tvinnútgáfunni, en hún er alltof dýr til að réttlæta það.



**Mazda 3 - 8,4 / 6,8**
148 hestöfl í 2 lítra vél. Flottur bíll með skemmtilegar bremsur og mjög góða akstursseiginleika. Bíll fyrir öll tækifæri.



**Mercedes-Benz E320 CD - 8,7 / 6,3**
Dísilvélaþróun síðustu ára gerir þennan glæsilega lúxusbíl álitlegan kost, þrátt fyrir stærðina. Undir 7 sekúndum upp í hundrað. Skemmir það nokkuð fyrir?

**Mini Cooper 1,6 - 8,4 / 6,5**
Þessi bíll verður bara vinsælli og vinsælli. Sökum smæðar en rúmgóðrar hönnunar er hann mjög sparneytinn en um leið notadrjúgur. Sportlegir eiginleikar hans njóta sín í botn, meira að segja þegar þú ert að bakka út úr stæði heima hjá þér.



**Toyota Matrix - 7,8 / 6,5**
1,8 lítra vél skilar um 130 hestöflum. Bíllinn er byggður á Corolla-grunni en allur vélbúnaður miðast við hagkvæmni. Fæst ekki hérlendis en auðvitað er hægt að flytja hann inn. Ódýr, sparneytinn, rúmgóður og skemmtilegur. Þannig á það að vera.





**Toyota Prius - 3,9 / 4,6**
Það krefst mikillar ögunar að keyra tvinnbíla þannig að hagkvæmnin skili sér til fulls, hvað þá að smíða þá þannig að það sé ánægjulegt að keyra þá. Reiknaðu með að vera lengur á milli staða en áður, því þig mun langa til að slá spar-metið þitt í hverri ferð.



**Volkswagen Golf 1,9 TDI - 6,3 / 5,3**
105 hestöfl hljóma ekki sérlega kröftuglega, en Golfinn er engu að síður bráðskemmtilegur og sprækur. Togið er líka nægilegt til að skila þér upp bratta fjallvegi án þess að slá af hraða.

Sendum frítt um allt land!
Jeppadekk

Vortilboð!
31" heilsársdekk
kr. 11.900
(31x10.50R15)
Aðrar stærðir:
27" 215/75R15, kr. 7.900
28" 235/75R15, kr. 8.900
30" 245/75R16, kr. 10.900
32" 265/75R16, kr. 12.900
ALORKA
Vagnhöfða 6 • 110 Reykjavík • Sími 577 3080

VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU

Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmíða
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

allt
heimili
Alla fimmtudaga

VÖNDUÐ SPIL
á góðu verði
Eigum á lager mesta úrval landsins af spilum.
Öflug varahlutaþjónusta sem viðskiptavinir geta treyst á.


NÝTT
6000S 12V
Létt og öflugt spil **49.900 kr.**


MEST KEYPTA SPILIÐ ÁRUM SAMAN!
DV 9000i
með áföstu stýriboxi
12V **89.700 kr.** (9000 lbs / 4,6 hp)
24V **98.700 kr.** (9000 lbs / 4,6 hp)


DV 9000
með lausu stýriboxi
Sama spilið og 9000i
12V **89.700 kr.** (9000 lbs / 4,6 hp)
24V **98.700 kr.** (9000 lbs / 4,6 hp)


FYRIR FJÓRHJÓLIN
DA 2500
12V
Fjórhjólaspil (2500 lbs)
**44.700 kr.**


HV 10000
Hydraulic
Mjög öflugt vökvaspil sem vinnur hratt (10.000 lbs / 16:1 gírun)
**173.900 kr.**


FYRIR VÉLSLEÐA OG BÁTAKERRUR
DW 3000i
12V
Kerruspil fyrir vélsleða- og bátaeigendur (3000 lbs)
**37.221 kr.**

06-009 KC


FYRIR STÓRU STRÁKANA Á STÓRU JEPPUNUM
DV 12000 12V
og 15000 12V
Mjög öflugt spil sem vinnur hratt
12000 **118.700 kr.** (12.000 lbs / 5,6 hp / 261:1 gírun)
15000 **134.700 kr.** (15.000 lbs / 5,6 hp / 315:1 gírun)
ARCTIC TRUCKS
Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is

NOTUÐ TÆKI

Still R6025
árg. 2000 - Vst. 4.500

Yale EPR25
árg. 1999 - Vst. 5.500

Yale ATF 20
árg. 2002 - Vst. 600

Fiat Hitachi 150W
árg. 1998 - Vst. 4.600

JCB 526-55 Super
árg. 2001 - Vst. 4.600
VÉLAVER HF
Símar 588 2600
og 893 1722
www.velaver.is





Hvítkölkuð lágreist hús einkenna bæina og talsvert er um fornminjar á eyjunum sem hægt er að skoða.

# Djásn Eyjahafsins heimsótt

***Ferðaskrifstofan Príma Embla býður upp á fjórar sérferðir í sumar í gríska Eyjahafið. Egill Helgason er fararstjóri.***


Egill hefur haldið til á grísku eyjunum síðustu sumur og nú ætlar hann að fræða fólk um allt það sem hann hefur kynnst. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við erum að bjóða upp á flottar ferðir. Hótelin eru hugguleg, engin háhýsi heldur eru þau hlýleg og byggð í hefðbundnum stíl umhverfis litla garða. Þarna er allt mjög snoturt og fallegt og Naxos er með bestu strendurnar á svæðinu.“ Þannig farast Agli orð þegar hann er inntur fregna af væntanlegum ferðum til Naxos og annarra eyja í gríska Eyjahafinu. Hann segir eyjarnar hafa upp á margt að bjóða. Veðurfarið gott og sjaldnast of heitt, sjóinn hreinan og tæran og strendur fallegar og ekki of fjölsóttar. Naxos er grónasta eyja í svokölluðum Hringeyjaklasa og stundum kölluð djásn Eyjahafsins. Bærinn er á stærð við Akureyri. Miðbærinn með þröngum götum og litlum forvitnilegum búðum og yfir gnæfir kastalahverfi frá tíma Feneyinga. „Ég kynntist þessu svæði fyrir tilviljun fyrst 1997 er ég millilenti þar á leið til Ísrael,“ segir Egill. „Þá komst ég að því að mig langaði bara að vera þarna og er því búinn að dvelja þar meira og minna á sumrin síðan. Stundum á maður kannski að halda hlutum fyrir sjálfan sig en mér datt svo í hug að gefa fleiri Íslendingum hlutdeild í þessari paradís og ákvað að fara í samstarf við ferðaskrifstofuna Emblu sem er ekki stór en leggur áherslu á vandaðar sérvaldar ferðir. Við erum að skipuleggja þetta í sameiningu. Ég verð með fjölskylduna mína þarna í sumar og það má segja að við séum að verða þekktir borgarar á svæðinu. Litli ljóshærði strákurinn minn sem hleypur þar út um allt er að minnsta kosti að verða frægur enda sker hann sig úr meðal heimamanna. Svo er fólk þarna afskaplega vænt og gestrisið og gott og hlýlegt og hefur mikla kímnigáfu svo maður mætir alltaf mjög góðu viðmóti.“

Þetta mun í fyrsta sinn sem hópferðir eru skipulagðar frá Íslandi á þessar ævintýralegu slóðir og Egill segir fólk vera að taka við sér, enda er brottför í fyrstu ferð 1. júní. Nánar upplýsingar má auðveldlega finna á slóðinni http://embla.is ef farið er þar inn á Sérferðir.


Nylon stígur á svið á Wembley Arena á morgun.

# Nylon á Wembley

***Íslenska stúlknahljómsveitin Nylon ásamt Westlife munu halda tónleika á Wembley Arena 18. maí.***

Nylon-stelpurnar eru nú á tónleikaferð með hljómsveitinni Westlife og næstu tónleikar þeirra eru haldnir á morgun á Wembley Arena. Icelandair selur pakkaferð á þessa tónleika á 34.500 krónur og innifalið í því verði er flug fram og til baka, flugvallaskattar og miði á tónleikana. Auk þess býður Icelandair upp á óvæntan glaðning fyrir þá sem bóka þessa ferð.

Alls verða haldnir 22 tónleikar víðsvegar um Bretland í sumar.















# Hróarskeldu fær er fyrstur nær

***Hróarskelduhátíðin hefst í lok júní. Nú þegar hefur mikið selst af miðum og flugsætum og fer hver að verða síðastur að tryggja sér Hróarskelduferð á góðu verði.***

Hróarskelduhátíðin verður haldin í Danmörku 29. júní til 2. júlí en þetta er stærsta tónlistarhátíð í Norður-Evrópu. Flugleiðir eru með pakkaferðir á hátíðina þar sem flug og miði inn á hátíðina kostar í kringum 50 þúsund krónur. Einnig geta Hróarskeldufarar keypt stakan miða á hátíðina og kostar hann tæpar 18 þúsund krónur hjá Stúdentaferðum.

Næsta sending af Hróarskeldumiðum kemur í hús hjá Stúdentaferðum í lok mánaðarins en hægt er að bóka þá miða með fyrirvara gegnum heimasíðu þeirra, www.exit.is. Stúdentaferðir geta einnig bókað flug á hátíðina en fargjöldin til Kaupmannahafnar seljast hratt upp í kringum Hróarskelduhátíðina og því er ráð að bóka sem fyrst til að tryggja sem lægsta verðið. Einnig má skoða vefsíður lággjaldaflugfélaganna og lestarfélaga í Evrópu til að finna ódýrasta ferðamátann á svæðið.

Á hverju ári koma yfir 150 hljómsveitir fram á sex sviðum á fjórum dögum, frá fimmtudegi til sunnudags. Tjaldsvæðið opnar á sunnudeginum fyrir hátíðina og hefst tónlistardagskráin strax þann daginn á því sviðinu sem er á tjaldsvæðinu.

Nánari upplýsingar má finna á www.roskilde-festival.dk.



Hróarskelduhátíðin hefur árum saman dregið að hundruð þúsunda tónlistaráhugamanna.

HVERT ERTU AÐ FARA?



Andrea Jónsdóttir fór í fyrsta skipti til New York á síðasta ári.

# Langar alltaf aftur til London

***Andrea Jónsdóttir útvarpskona fór tvisvar til New York á síðasta ári og er að hugsa um að fara til London í sumar.***

Andrea fór síðast til New York en hún var þar í lok september á síðasta ári. „Ég var í svona viku og skemmti mér mjög vel," segir hún.

Andrea var að koma til New York í annað skipti síðasta haust, en fyrsta skiptið var líka á síðasta ári. „Ég fór í fyrsta skipti til New York síðasta vor og var þá líka í viku. Í seinna skiptið labbaði ég mikið um Manhattan sem er mjög þægilegt því þetta er lítil og þægileg eyja."

Andreu finnst New York skemmtileg borg og mælir með henni. „Ég mæli sérstaklega með því að fólk labbi aðeins um því það er auðvelt að rata þarna og margt að sjá og gera."

Næsta utanlandsferð Andreu hefur ekki ennþá verið skipulögð. „Það getur verið að ég fari til London í sumar en það er ekkert ákveðið," segir hún.

London er sú borg sem Andrea hefur oftast farið til í gegnum tíðina. „Mér líkar mjög vel í London og mig langar alltaf að fara þangað aftur."



Nemo Hypno AR tjaldið er létt og meðfærilegt og tekur aðeins um hálfa mínútu að blása það upp.

# Nemo-tjaldið góða

***Uppblásna Nemo-tjaldið færir gleði til allra þeirra sem vilja draga úr þyngd í farangri fyrir gönguferðir sumarsins.***

Fyrirtækið Nemo Equipment er í eigu Cam Brensinger sem er útivistarmaður í húð og hár. Einnig býr Cam svo vel að því að hafa unnið hjá NASA í nokkur ár þar sem hann lærði að þróa eigin hugmyndir. Hugvit sitt hefur Cam svo nýtt til að hanna uppblásið tjald, sem þarf hvorki súlur né himinn, er létt og hægt er að blása það upp á innan við mínútu. Einu hreyfanlegu hlutirnir sem fylgja tjaldinu eru rennilás og lítil loftpumpa.

Í tjaldlínu Nemo er hægt að velja um fjögur tjöld sem henta mismunandi aðstæðum.

Nemo Hypno AR er tveggja manna tjald, vegur aðeins rúmt kíló og gengið er frá því í lítinn poka sem ekki er frekur á pláss. Tjaldið hentar sérstaklega vel í göngur þar sem þyngd farangurs skiptir máli og aðstæður eru kaldari eða blautari. Það má bara alls ekki gleyma loftdælunni.

Frekari upplýsingar má finna á www.nemoequipment.com.





LAGERSALA Í 6 DAGA

Í LAGERHÚSNÆÐINU HOLTAGÖRÐUM (SJÁ KORT)

50-80% AFSLÁTTUR

ÚTLITSGALLAÐAR VÖRUR OG SÝNISHORN ÚR VERSLUN SELDAR MEÐ 50-80% AFSLÆTTI. LAGERSÖLUNNI LÝKUR MÁNUDAGINN 22. MAÍ.

OPIÐ: MIÐVIKUDAG - FÖSTUDAG KL. 12-18, LAUGARDAG KL. 10-16, SUNNUDAG KL.12-16 OG MÁNUDAG KL.12-18

TEKK COMPANY

SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

FABRIKAN

**Prófum** er lokið í Háskóla Íslands. Til hamingju nemendur og gleðilegt sumar.





Spænskukennsla í Félagsmiðstöð aldraðra.

# Spjara sig í spænskunni

***Hópur eldri borgara hittist reglulega í félagsmiðstöðinni á Vesturgötu 7 í Reykjavík til að læra spænsku.***

Þegar eftirlaunaaldri er náð getur verið upplagt að nota tímann til tungumálanáms. Það sannar hópur fólks sem mætir vikulega á Vesturgötu 7 í spænskutíma hjá Elbu Núnez frá Perú og hefur gaman af. Elba er líka einkar ánægð með þessa nemendur sína. „Sumir byrjuðu alveg á núlli en nú geta allir bjargað sér. Þeir eru farnir að geta tjáð tilfinningar sínar, spyrja til vegar og spjara sig á veitingastöðum og í búðum,“ segir hún.

Nemendurnir sitja allir við sama borð og Elba er fyrir endann. Kennslan er bæði bókleg og munnleg. „Við erum aðallega með blöð sem Elba ljósritar fyrir okkur og við pælum í þeim heima. Svo talar hún við okkur,“ segir einn nemandinn og allir ljúka upp einum rómi um að Elba sýni þeim mikinn skilning. „Hún er mjög þolinmóð kona. Skammar okkur aldrei!“ segja þeir ánægðir. Auðvitað finnst þeim þetta skemmtilegt. „Við förum í þetta nám af áhuga og hefðum ekki enst í því ef við hefðum ekki gaman af því. Þetta er hugarleikfimi,“ segja nemendurnir.

„Mér fannst íþróttakennarinn minn leiðinlegur og þá sneri ég mér að þessu!“ segir ónefndur nemandi og til marks um hvað tíminn sé fljótur að líða er sagt: „Við mætum einu sinni í viku, erum tvo tíma í einu og þeir eru eins og ein mínúta.“ „Spænskan er fallegt mál þegar maður fer að kynnast því,“ segir ein frúin og aðrir taka undir það og benda á að það sé líka útbreitt. Ein úr hópnum er að fara til Galapagos-eyja í Suður-Ameríku á næstunni. Hún kveðst hafa verið búin að læra smávegis í spænsku áður en hafa bætt vel við sig í vetur. Herrann í hópnum er búinn að fara til Perú, meira að segja borgarinnar hennar Elbu. Ekkert nemendanna á hús á Spáni en einn lýsir löngun sinni til að fara þangað og dvelja um tíma og komast enn betur inn í málið þannig. En nú styttist í sumarfríið sem verður í júní og júlí. Svo verður byrjað af krafti aftur í ágúst.

*gun@frettabladid.is*

# Erlendir nemar útundan í hópavinnu

***Nemendur af erlendum uppruna upplifa vissa einangrun í íslenskum skóla.***

Nemendum frá fjarlægum löndum finnst þeir verða útundan í hópavinnu í íslenskum skólum. Bæði á það við um val í hópanna og vinnu innan þeirra. Þetta kom fram í fyrstu niðurstöðum rannsóknar sem Hanna Ragnarsdóttir, lektor við Kennaraháskóla Íslands, og Hildur Blöndal meistaranemi kynntu á opnum fyrirlestri í KÍ í síðustu viku. Þær segja stöðu nemenda veikari eftir því sem menning þeirra og uppruni sé meira framandi og að ólík valdastaða tungumála í háskólanámi komi skýrt fram. Þannig virðist skandinavískir nemendur hafa allt aðra reynslu af því að vera nemar á Íslandi en aðrir erlendir nemendur. Þær Hanna og Hildur gerðu rannsókn sína á 15 manna hópi við Kennaraháskóla Íslands. Í hópnum voru nemendur sem töluðu samtals 12 tungumál, þar af þrjú skandinavísk. Allt voru það sterkir og metnaðarfullir einstaklingar sem tóku þátt, að sögn Hönnu og Hildar. Flestir höfðu stundað háskólanám áður og allir nema einn áttu íslenska maka. Í fyrirlestrinum var fjallað um reynslu nemendanna, sýn þeirra á námið og stöðu sína í háskólasamfélaginu. Þar kom fram að margir upplifa vissa þöggun, þeim finnst rödd sín ekki heyrast og framlag þeirra í hópverkefnum ekki skila sér. Í Kennaraháskólanum hefur fjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku rúmlega tvöfaldast á síðustu tveimur árum sem tengist þróun fjölmenningarlegs samfélags á Íslandi. Segja þær stöllur, Hanna og Hildur, ljóst að bæta þurfi þjónustu við nemendur af erlendum uppruna, til dæmis með undirbúningsnámi í íslensku, meiri sveigjanleika og upplýsingagjöf.



„Kennaranám þarf að taka tillit til menningarlegs fjölbreytileika,“ segja þær Hildur Blöndal meistaranemi og Hanna Ragnarsdóttir lektor við Kennaraháskóla Íslands.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

:fá| FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

## Auglýsing um nám á sjúkraliðabraut fyrir umönnunarstéttir

Inntökuskilyrði eru að einstaklingarnir séu orðnir 23 ára, hafi að lágmarki 5 ára starfsreynslu við umönnun aldraðra, sjúkra eða fatlaðra, séu í starfandi við slíka umönnun og hafi meðmæli frá sínum vinnuveitenda. Auk þess þurfa umsækjendur að hafa lokið starfstengdum námskeiðum á vegum stétttarfélaga, sveitarfélaga og/eða annarra aðila að lágmarki 230 klukkustundir.
Þeir sem uppfylla eftirtalin skilyrði skulu að lágmarki ljúka 60 eininga sérgreinanámi sjúkraliðabrautar.

**Kennslan verður skipulögð sem tveggja ára nám þar sem skipting kennslunnar á annir er þessi:**
Haustönn 2006: HBF103 - HJÚ103 - HJV103 - LÍB 101 - UTN103 – VINXX2 (15 einingar)
Vorönn 2007: HJÚ203 - LOL103 - SÁL123 - SIÐ102 - SKY101 – VINXX2 (14 ein)
Haustönn 2007: HJÚ303 - LOL203 - NÆR103 - SJÚ103 - VINXX2 (14 einingar)
Vorönn 2008: HJÚ403 – HJÚ503 –- LYF103 – SJÚ203 - SÝK103 – VINXX2 (17 einingar)

**Skipulag kennslu á haustönn 2006 (15 einingar):**
Kennslan fer fram í Fjölbrautaskólanum við Ármúla þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 15:20-17:25. Kennsla í verklegri hjúkrun (HJV103) og líkamsbeitingu (LÍB 101) fer fram á helgar- og kvöldnámskeiðum. Um miðja önnina verður auk þess tveggja vikna vinnustaðanám (VINXX2).

Umsóknarfrestur er til 6. júní. Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu skólans www.fa.is og á skrifstofu FÁ í Ármúla 12.

**Skólameistari**

**Þau hafa lengt sinn sólarhring!**

“Ekki eingöngu les ég hraðar.
Ég les með ...margfalt meiri skilning.”
**Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.**
“...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknadeild í vor.”
**Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.**
“...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ...”
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

... næsta 3. vikna hraðnámskeið **13. júní**
... **Akureyri** 3. vikna hraðnámskeið **26. júní**
**Skráning á sumarnámskeið er hafin**
á www.h.is og í síma 586-9400

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

bilaland.is
Grjóthálsi 1
bílaland Bíll. 575 1230


BMW 316I nýskr. 03/2000, 1600cc, 2 dyra, sjálfskiptur, ljósbrúnn, ekinn 68.000 þ. Verð 1.220.000.


Daewoo Nubira nýskr. 05/2004, 1800cc, 4ra dyra, 5 gíra, grár, ekinn 20.000 þ. Verð 1.250.000.


Ford Mondeo nýskr. 03/2001, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, grænn, ekinn 93.000 þ. Verð 1.190.000 .


Hyundai santa Fe nýskr. 07/2001, 2400cc, 4 dyra, 5 gíra, hvítur / grár, ekinn 86.000 þ. Verð 1.650.000.


Hyundai Sonata nýskr. 08/2005, 2400cc, 4 dyra, sjálfskiptur, dökkblár, ekinn 9.500 þ. Verð 2.390.000.


Hyundai Terracan nýskr. 02/2005, 2900cc, 5 dyra, sjálfskiptur, grænn / grár, ekinn 44.000 þ. Verð 3.350.000.


Hyundai Terracan nýskr. 12/2004, 2900cc, 5 dyra, sjálfskiptur, grár - tvílitur, ekinn 22.000 þ. Verð 3.850.000.


Hyundai Trajet nýskr. 01/2005, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 17.000 þ. Verð 2.190.000.

allt bílar
Alla laugardaga

bilaland.is
Grjóthálsi 1
bílaland Bíll. 575 1230


Land Rover Freelander nýskr. 12/2000, 1800cc, 5 dyra, 5 gíra, dökkgrænn, ekinn 76.000 þ. Verð 1.250.000.


Renault Kangoo nýskr. 01/2003, 1400cc, 6 dyra, beinskiptur, rauður, ekinn 63.000 þ. Verð 950.000.


Renault Kangoo nýskr. 06/2004, 1600cc, 6 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 24.000 þ. Verð 1.490.000.


Renault Kangoo nýskr. 01/1999, 1400cc, 3 dyra, 5 gíra, hvítur, ekinn 79.000 þ. Verð 630.000.


Renault Scenic nýskr. 12/1998, 0cc, 5 dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 92.000 þ. Verð 850.000.


Renault Scenic nýskr. 06/1999, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, grár, ekinn 123.000 þ. Verð 710.000.


Renault Scenic nýskr. 10/2003, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, grár, ekinn 39.000 þ. Verð 1.530.000.


Renault Scenic nýskr. 07/2001, 1600cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósgrænn, ekinn 57.500 þ. Verð 1.180.000.

bilaland.is
Grjóthálsi 1
bílaland Bíll. 575 1230


Subaru Forester nýskr. 12/1997, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 106.000 þ. Verð 690.000.


Suzuki Jimny JLX nýskr. 06/2002, 1300cc, 5 dyra, 5 gíra, grár, ekinn 93.000 þ. Verð 850.000.


Toyota Corolla nýskr. 06/1998, 1300cc, 5 dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 145.000 þ. Verð 440.000.


Toyota Land Cruiser nýskr. 06/1999, 3400cc, 5 dyra, sjálfskiptur, brúnn, ekinn 131.000 þ. Verð 1.950.000.

**Bílaland, B & L**
**Grjótháls 1, 110 Rvk.**
**Sími: 575 1230**
**www.bilaland.is**

Bílabúð Benna
NOTAÐIR BÍLAR


Opel Vectra Caravam 1.6 16V, 2/1999, ek. 110 þús., beinskiptur, ABS, álfelgur, CD, líknarbelgir, fjarstýrðar samlæsingar o.fl. Ásett verð 590 þús. Tilboð 450.000.


SsangYong Korando 2.9L dísel, árg. 2/1998, ek. 150 þús. km, beinskiptur, álfelgur, dráttarkúla, CD, fjarstýrðar samlæsingar, rafm. í rúðum og speglum, o.fl. Tilboð 590.000.


Subaru Legacy GL 2000i STW, 8/2000, ek. 208 þús., sjálfskiptur, ABS, fjarstýrðar samlæsingar, CD, líknarbelgir, rafm. í rúðum og speglum, 1 eigandi, topp þjónusta frá upphafi. Ásett verð 780 þús. Tilboð 690.000.


Toyota kælibíll diesel, langur, 7/2003, ek. 155 þús., sjálfskiptur, ABS, CD, líknarbelgir, kælikerfi frá Alkul, séreinangraður o.fl. Ásett verð 1.590 þús. Áhv. 900 þús. Tilboð 1.390.000.


M.Benz E230, 11/1995, ek. 202 þús., sjálfskiptur, ABS, álfelgur, armpúði, ASR spólvörn, auka felgur, CD, glertopplúga, Cruise Control, kastarar í svuntu, líknarbelgir, smurbók, Allt nýtt undir honum að framan, ný vatnsdæla o.fl. Ásett verð 1.190 þ. Tilboð 890.000.


Hyundai Galloper 2.5 TDI, 4/2000, ek. 146 þús., beinskiptur, 33" breyttur, álfelgur, dráttarkúla, Intercooler, kastargrind, Pluss áklæði, rafm. í rúðum og speglum, samlæsingar o.fl. Ásett verð 940 þús. Tilboð 790.000.


Daewoo Musso Grand Luxe E-23, 5/2002, ek. 64 þús., 33" breyttur, beinskiptur, ABS, álfelgur, brettakantar, dráttarkúla, CD, rafm. í rúðum og speglum, smurbók, þjófavörn o.fl. Ásett verð 2.150 þús. Tilboð 1.790.000.


**Ford F250** árgerð 09/04 ekinn 43.000 km verð 3.880.000


**Ford Escape** XLT árgerð 01/06 ekinn 20.000 km verð 3.190.000 áhv, 2.800.000


**Húsbíll Fíat Benimar** árgerð 06/03 ekinn 20.000 verð 5.800.000


**Audi A6 1,8 turbo** árgerð 06/02 ekinn 74.000 verð 2,790,000 áhv, 2,600,000


**Nissan Altima** árgerð 05 ekinn 19,000 km verð 2,290,000


**Ford Excursion** limited árgerð 01 ekinn 102.000 mílur verð 3.600.000


**Subaru Legacy** árgerð 04/06 ekinn 1.000 km verð 2,440,000 áhv, 2,150,000


**Toyota Avensis** árgerð 06/01 ekinn 130,000 km verð 1,000,000 áhv, 1,000,000


**Toyota 4-runner** dísel árgerð 11/95 ekinn 238,000 verð 1,090,000


**Toyota Corolla** touring árgerð 01/99 ekinn 143,000 verð 690,000

Bílahúsið.is

Bílahúsið.is, Holtsgötu 52, 260 Reykjanesbæ, s. 421-8808

BÍLL.IS

BMW 530 Diesel – árg 10/2002, ek: 97þ.km, ssk, leður, lúga, 17“ felgur, rafmagn í rúðum og speglum og margt fl. Verð: 2.990þ.

VW Golf, árg 10/1999, ek: 147þ.km, bsk, 17“ álfelgur, filmur í rúðum og margt fl. Verð: 6.90þ, Áhvílandi 290þ.

Toyota Avensis 2.0 vvti – árg 10/2005, ek: 39þ.km, sjálfskiptur, álfelgur, leður, lúga, filmur í rúðum, bíll sem er hlaðinn aukabúnaði. Verð: 2900þ, áhvílandi 2.000þ, afb ca: 29þ.

Skoda Octavia , árg 11/2004, ek: 21þ.km, Sjálfskiptur, álfelgur, filmur, rafmagn í rúðum, speglum og sætum. Verð: 1.550þ, áhvílandi 800þ.

Mercedes Benz E220 – Diesel, árg 2004, ek: 78þ.km, leður, lúga, álfelgur, Algjör sparibaukur! Verð: 4.490þ. TILBOÐ 3.990þ.

Subaru Legacy árg 9/2000, ek: 98þ.km, 2 eigandi, smurbók, þjónustubók og toppviðhald. Ásett verð 1.250þ.

Jeep Grand Cherokee – Limited, árg 2000, ek: 128þ.km, ssk, leður, hiti í sætum, rafmagn í sætum og margt fl. Ásett verð 1890. TILBOÐ: 1.490þ.

BMW M5 – 400 hestöfl!!, árg 2001, ek: 139þ.km, leður, lúga, 17î felgur, sjónvarp, rafmagn í rúðum, speglum og sætum, einn með gjörsamlega öllu. Verð: 4.100þ.

Jeep Grand Cherokee – Limited, árg 2002, ek: 84.km, ssk, topplúga, leður, hiti í sætum, rafmagn í sætum og margt fl. Ásett verð: 2.790þ. TILBOÐ 2.190þ

MMC Pajero 3.2 – Diesel, árg 2000, ek: 196þ.km, Umboðsbíll, þjónustubók álfelgur, dráttarkúla, kastarar, hiti í sætum, allur nýyfirfarinn hjá Heklu. Ásett verð: 2.290þ, TILBOÐ 1.890þ Áhvílandi 1.800þ

Malarhöfða 2 • 112 Reykjavík
Sími 577 3777 • www.bill.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 17. maí 2006 – 18. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 Vísir



MAXWELL HOUSE
Gott til síðasta dropa



**Verðbólgan**
Samningar valda óvissu 10



**Hringborð Economist**
Á hægum snúningi 12-13



**Frumkvöðlastarf**
Efla þarf menntun frumkvöðla 22


## Hvergi hækkun nema á Íslandi

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hefur hækkað um tæp þrjú og hálft prósent undanfarna viku og nýtur sérstöðu meðal alþjóðlegra vísitalna.

Hlutabréf hafa lækkað á mörkuðum alls staðar í heiminum undafarna viku og er sú lækkun rakin til snarprar veikingar bandaríkjadals gagnvart helstu gjaldmiðlum. Hin þýska DAX-vísitala hefur lækkað um tæp fimm prósent. FTSE-vísitalan í Lundúnum, NASDAQ í New York og CAC40-vísitalan í París hafa allar lækkað um fjögur og hálft prósentustig.

Hlutabréf hafa einnig tekið dýfu í norrænum kauphöllum; OSEBX-vísitalan í Osló lækkaði um tæp sjö prósent og OMXS í Stokkhólmi um rúm fimm prósent. Þá urðu svipaðar lækkanir í Danmörku og í Finnlandi. - jsk

## Skoða dótturfélag Avion

Avion Group sendi á mánudag frá sér tilkynningu vegna frétta breskra fjölmiðla um ágreining milli Excel Airways, dótturfélags Avion Group, og bresku flugvallamatssölunnar Alpha Airports Group um bókhaldslega meðferð á samningi milli félaganna.

Í tilkynningunni kemur fram að Avion Group viti ekki til þess að neitt óeðlilegt hafi átt sér stað við bókhaldslega meðferð viðskipta milli Excel Airways og Alpha. Avion hefur falið KPMG endurskoðun að rannsaka málið af sinni hálfu.

Endurskoðendur Alpha hafa neitað að staðfesta bókhald fyrirtækisins fyrir síðasta rekstrarár, og hafa tveir æðstu stjórnendur fyrirtækisins, Kevin Abbott forstjóri og Heather McRae fjármálastjóri, sagt störfum sínum lausum. Þá voru viðskipti með bréf félagsins í Kauphöllinni í Lundúnum stöðvuð á dögunum. -jsk

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Minni umsvif** | Útlán Íbúðalánasjóðs voru helmingi færri í apríl en í mars og námu heildarútlán sjóðsins 3 milljörðum króna miðað við 4,5 milljarða í mars.

**Hátt álverð** | Álverð hefur hækkað um 30 prósent það sem af er ári og hefur ekki verið hærra í 18 ár. Í síðustu viku fór álverð í fyrsta sinn yfir 3.000 dollara á tonnið.

**Hagnaður þrefaldast** | Hagnaður Actavis á fyrsta ársfjórðungi þessa árs nam 31,3 milljörðum evra og er þrefaldur miðað við sama tíma í fyrra.



**Nýtt verðmat** | Actavis er nú metið á 226,7 milljarða króna og hefur verðmæti fyrirtækisins aukist um um rúm 50 prósent samkvæmt nýju verðmati Greiningar Glitnis.

**Verðbólgan ótamin** | Tólf mánaða verðbólga mælist nú 7,6 prósent. Vísitala neysluverðs mælist 258,9 stig og hefur hækkað um 1,45 prósent frá fyrri mánuði.

**Vaxtahækkun framundan** | Greiningardeildir viðskiptabankanna gera ráð fyrir að Seðlabanki Íslands hækki stýrivexti sína um 50 til 75 punkta á fimmtudaginn kemur.

**Kaupum lokið** | Bakkavör Group hf. hefur lokið kaupum á einum stærsta framleiðanda kældra eftirrétta í Bretlandi, Laurens Patisseries, fyrir 17,6 milljarða króna.

**Metútgáfa skuldabréfa** | Kaupþing banki hefur gefið út skuldabréf í Bandaríkjunum fyrir 1,25 milljarða Bandaríkjadala sem samsvarar 88,5 milljörðum króna.

# Fjárlagagerð byggi á fastmótuðum reglum

**Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kallar eftir reglum sem hjálpi stjórnvöldum að standast þrýsting um að lækka skatta á þenslutímum og rekur á eftir breytingum á Íbúðalánasjóði.**

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Efnahagshorfur á Íslandi eru áfram öfundsverðar þótt vaxandi ójafnvægi í hagkerfinu sé áhyggjuefni, segir í áliti sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem kynnt var í gær. Nefndin var hér í viku, frá 8. til 15. maí, og fundaði með fulltrúum stjórnvalda, atvinnulífs og með viðskiptabönkunum.

Benjamin Hunt, sem fór fyrir nefndinni og kynnti álitið, sagði horfur hér í heild vera góðar, enda væru hér styrkar stofnanir, markaðir opnir og sveigjanlegir og öflugt frumkvöðlastarf hefði náð að sameina þessa þætti þannig að úr hafi orðið betri efnahagsárangur en annars hefði mátt búast við í jafnsmáu hagkerfi.

Ástæða er þó til að hafa áhyggjur af þróun efnahagslífsins til skemmri tíma vegna ójafnvægis sem myndast hafi og stjórnvöld þurfi að bregðast við. „Það eru hlutir á borð við umframeftirspurn, mikil verðbólga, viðskiptahalli og mjög skuldsett heimili og fyrirtæki," segir hann og bendir sérstaklega á bankana í þeim efnum. „Við sjáum fram á, næsta eina og hálfa árið, að kúrsinn verði réttur af. Hagvöxtur verður áfram mikill það sem eftir lifir árs, en á næsta ári tekur við tímabil þar sem um hægist og beðið hefur verið eftir." Hann segir þessa spá þó byggja á því að stjórnvöld, bæði á sviði ríkisrekstrar og sveitarfélaga, bregðist við með því að draga úr framkvæmdum og slái á væntingar þannig að dragi úr þenslu. „Ráðamenn hér hafa í gegnum tíðina brugðist við aðstæðum í efnahagslífinu á viðeigandi hátt og við búumst við því að svo verði einnig nú."

Sendinefndin leggur til að fjárlagagerð hér verði bætt og treyst með fastmótuðum reglum þannig að hún virki sem mótvægi við þætti sem hér hafi valdið sveiflum í efnahagslífinu. „Slíkar reglur myndu gera stjórnvöldum mun auðveldara að standast pólitískan þrýsting um aðgerðir á borð við tekjuskattslækkun á þenslutímum."

Sömuleiðis vekur sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins athygli á að nauðsynlegt sé að umbreyta Íbúðalánasjóði hið fyrsta. Benjamin Hunt segir óheilbrigða samkeppni bankanna og Íbúðalánasjóðs hafa að þarflausu grafið undan peningastefnu Seðlabankans, aukið ójafnvægi í hagkerfinu og ógnað fjármálastöðugleika. „Það er því mikilvægt að koma breytingum að sem fyrst til að aðgerðir Seðlabankans í peningamálum skili sér með eðlilegum hætti."

# 56 milljarða verðmiði á HoF

**Baugur keypti 9,5 prósenta hlut í House of Fraser og undirbýr yfirtöku. Viðbragða stjórnar House of Fraser við verðhugmyndum Baugs er beðið.**

Talið er að Baugur hafi gefið stjórn House of Fraser hugmyndir um hvaða verð félagið er tilbúið að greiða fyrir bresku keðjuna. Samkvæmt heimildum Markaðarins bíður Baugur nú viðbragða stjórnarinnar. Muni hún sættast á verðið verða bækur fyrirtækisins opnaðar og áreiðanleikakönnun sett í gang. Hæsta verð sem greitt hefur verið fyrir hlut í samstæðunni síðastliðin átta ár er 135 pens. Líklegt þykir að Baugur þurfi að fara hærra en það og greiða á bilinu 145 til 150 pens fyrir hlutinn. Komi til yfirtökunnar er því ekki ólíklegt að Baugur greiði í kringum 420 milljónir punda, sem nemur 56 milljörðum íslenskra króna. Þar af nema skuldir um 100 milljónum punda eða 13,5 milljörðum króna.

Undanfarinn mánuð hafa bréf í House of Fraser, sem skráð er í Kauphöllina í London, skipt höndum á verðbilinu 126 til 127 pens á hlutinn. Baugur keypti 9,5 prósenta hlut í House of Fraser í apríl og hækkuðu bréfin þá talsvert. Þau lækkuðu fljótlega aftur og hafa ekki náð sömu hæðum, jafnvel ekki þegar House of Fraser sendi frá sér tilkynningu um að fjárfestar hefðu sýnt yfirtökuáhuga. Gefur það vísbendingu um að markaðurinn meti stöðuna svo að enn sé talsverð óvissa um hvað verður.

Líklega eru nokkrir mánuðir þar til endanleg niðurstaða verður komin í málið. Frá því að áreiðanleikakönnun fer í gang geta liðið einn til tveir mánuðir þangað til formlegt yfirtökutilboð er gert. Ekki er óalgengt að eftir það taki við um sex vikna ferli og því má gera ráð fyrir að tveir til þrír mánuðir verði í endanlega niðurstöðu í yfirtökutilboð Baugs. - hhs


GOTT FOLK McCANN

Góð ávöxtun og lítil áhætta

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta. Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

12,1%*

Peningabréf Landsbankans

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðurinn er rekinn af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbanki Íslands hf. er vörsluaðili sjóðsins. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 3. apríl – 2. maí 2006.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | 7% | 32% |
| Alfesca | -2% | -8% |
| Atorka Group | -1% | -5% |
| Bakkavör | -1% | -4% |
| Dagsbrún | -3% | -15% |
| FL Group | -2% | -1% |
| Flaga | 0% | -13% |
| Glitnir | 0% | 0% |
| KB banki | 4% | 5% |
| Kögun | 0% | 21% |
| Landsbankinn | 4% | -12% |
| Marel | 1% | 8% |
| Mosaic Fashions | 0% | -7% |
| Straumur | 2% | 12% |
| Össur | -6% | -7% |

*Miðað við gengi í Kauphöll Íslands á mánudag*

# Hagnaður Sjóvá þrefaldast

Hagnaður Sjóvá á fyrstu þremur mánuðum árs nam tæpum 3,4 milljörðum króna og rúmlega þrefaldaðist frá sama tímabili árið áður. Hagnaður af fjármálarekstri var tæpir 3,9 milljarðar króna, en hagnaður af vátryggingarekstri um 262 milljónir króna.

Fram kemur í fréttatilkynningu frá Sjóvá að helsta ástæða bættrar afkomu sé lægri rekstrarkostnaður, en hann lækkaði um þrettán prósent milli ára. Bókfærð tjón jukust hins vegar um tíu prósent.

„Sjóvá er að ná umtalsverðum árangri í að lækka rekstrarkostnaðinn, og afkoman er góð þegar á heildina er litið, miðað við þessa fyrstu þrjá mánuði ársins ... 



KARL WERNERSSON

... að sinn," sagði Karl Wernersson stjórnarformaður. „Við höfum lagt áherslu á að bæta reksturinn og það er að skila árangri." - jsk

# FL Group kaupir í Glitni banka

**FL Group keypti í gær 80 milljón hluti í Glitni banka á genginu 17,1 króna á hlut og nemur kaupverðið 1.368 milljónum króna. Hannes Smárason er stjórnarformaður FL Group og á jafnframt sæti í stjórn Glitnis banka. Eftir viðskiptin á FL Group rúma 2,8 milljarða hluti í bankanum.**

**Þetta eru önnur kaup FL Group í Glitni banka en í apríl keypti FL Group aðra 80 milljón hluti á genginu 16,6 á hlut af Red Squre Invest, sem m.a. er í eigu bræðranna Jóns og Sturlu Snorrasonar og fjölskyldna þeirra.**

- jab



HANNES SMÁRASON

# Vöruskiptahallinn 94,5 milljarðar

## Tæplega sjötíu og sjö prósent alls útflutnings fara til landa EES.

Halli á vöruskiptum við útlönd nam 94,5 milljörðum króna árið 2005. Útflutningur dróst saman um fjögur prósent milli ára en innflutningur jókst um 20,5 prósent. Fluttar voru inn vörur fyrir 288,9 milljarða króna en út fyrir 194,4 milljarða. Kemur þetta fram í heftinu Utanríkisverslun með vörur 2005 sem Hagstofa Íslands gefur út.

Sjávarafurðir námu alls 57 prósentum útflutnings og iðnaðarvörur þrjátíu og fjórum prósentum. Mest var flutt inn af hrá- og rekstrarvörum, fjárfestingarvörum og flutningstækjum svo sem bílum, skipum og flugvélum.

Stærstu viðskiptalönd eru Bretland í útflutningi og Þýskaland í innflutningi. EES er mikilvægasta markaðssvæðið, en sjötíu og sjö prósent alls útflutnings fóru til landa EES og tæplega sextíu og níu prósent innflutnings komu þaðan. Bandaríkin eru stærsta einstaka markaðslandið utan Evrópu. - jsk

**VÖRUSKIPTI 2005 EFTIR VÖRUFLOKKUM**

| | | |
|---|---|---|
| **Útflutningur** | | |
| Sjávarafurðir | 110 | 57% |
| Landbúnaðarvörur | 3,8 | 2% |
| Iðnaðarvörur | 67 | 34% |
| Aðrar vörur | 14 | 7% |
| **Innflutningur** | | |
| Mat- og drykkjarvörur | 22 | 7% |
| Hrá- og rekstrarvörur | 77 | 24% |
| Eldsneyti og smurolíur | 29 | 9% |
| Fjárfestingavörur | 72 | 23% |
| Flutningatæki (bílar o.fl.) | 62 | 20% |
| Neysluvörur | 52 | 16% |

**Tölur í milljörðum króna*
***Upplýsingar frá Hagstofu Íslands*

# Eimskip kaupir Innovate

## Eimskip hefur gengið frá kaupum á 55 prósenta hlut í Innovate Ltd. Eftir fjárfestingar ársins er Eimskip orðið leiðandi í Evrópu á sviði hitastýrðra flutninga.

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**
skrifar

Eimskip hefur gengið frá kaupum á 55 prósenta hlut í breska fyrirtækinu Innovate Ltd. og voru kaupin fjármögnuð með blöndu af eigin fé og lánsfé. Tilkynnt var um kaupin í lok mars og var þá skrifað undir bindandi samning með fyrirvara um áreiðanleikakönnun. Nú er henni lokið og því fóru kaupin fram nú. Kaupverðið var ekki gefið upp, að ósk seljanda, en að sögn Baldurs Guðnasonar, forstjóra Eimskips, verður það kynnt á sama tíma og gerð verður grein fyrir sex mánaða uppgjöri Avion Group og Eimskips.

Innovate er eitt stærsta fyrirtæki Bretlands á sviði hitastýrðra flutninga og rekur 25 vörugeymslur á 11 stöðum á Bretlandseyjum. Það rekur 635 flutningabíla og hitastýrða tengivagna og hitastýrð geymslugeta félagsins er 370 þúsund tonn. Til samanburðar er hitastýrð geymslugeta Eimskips á Íslandi um 7.000 tonn. Innovate verður tekið inn í efnahag og rekstur Eimskips og þar með móðurfélagsins Avion Group. Áætlað er að rekstur Innovate komi inn í reikninga Eimskips á þriðja ársfjórðungi.



**BALDUR GUÐNASON, FORSTJÓRI EIMSKIPS** Eftir kaupin á Innovate er Eimskip að sögn forstjórans orðið leiðandi á sviði hitastýrðra flutninga í Evrópu.

„Þetta er gríðarlega skemmtilegt fyrirtæki og það samræmist vel okkar stefnu um að vera leiðandi á sviði hitastýrðra flutninga á alþjóðavísu," segir Baldur. Segir hann að með kaupunum nú og kaupum á hlut í hollenska frystigeymslufyrirtækinu Daalimpex fyrr á árinu sé Eimskip orðið ráðandi aðili í Evrópu á þessu sviði. Geymslugeta félagsins á frystum og kældum afurðum sé nú um 600 þúsund tonn, sem enginn annar einstakur aðili í álfunni geti státað af. - hhs

# Minni afli en í fyrra

Heildarafli íslenskra skipa, metinn á föstu verði, dróst saman um tæp átján prósent í apríl sé miðað við sama tímabil í fyrra. Það sem af er ári hefur aflinn dregist saman um fimmtán og hálft prósent.

Botnfiskaflinn var rúm fjörutíu og fjögur þúsund tonn samanborið við rúm fimmtíu og eitt þúsund árið 2005. Þar af var þorskaflinn rúm sautján þúsund og hafði dregist saman um þrjú þúsund og þrjú hundruð tonn síðan á sama tíma í fyrra.



Humarvertíð er hafin og hafa borist á land tæp þrjú hundruð tonn. - jsk

# Lendingin kannski skrykkjótt

## Greiningardeild Merrill Lynch spáir hraðri aðlögun í nýrri skýrslu.

„Lendingin gæti orðið skrykkjótt þótt ekki verði hrun," segir í nýrri skýrslu greiningardeildar Merrill Lynch um hagkerfið hér og áréttar að Ísland sé land öfganna.

Í skýrslunni, sem út kom á mánudag, segir að hér séu allar grunnundirstöður traustar og að Seðlabankinn virðist styrkur í brúnni við að ná tökum á verðbólgunni. Þannig megi búast við nokkuð hraðri leiðréttingu eftir þensluástand, þótt hún taki ef til vill ekki jafnskjótt af og leiðréttingin sem átti sér stað árið 2002. „En lendingin ætti að vera mild miðað við ójafnvægið í hagkerfinu," segir bankinn og áréttar að traustar undirstöður hagkerfisins ættu að veita nægt viðnám.

Í úttekt bankans þykir kveða við nokkuð hófstilltari tón en verið hefur í skrifum erlendra greiningardeilda til þessa og talin upp þó nokkur atriði sem sýni styrk kerfisins, svo sem styrk staða ríkissjóðs, öflugir lífeyrissjóðir og lágur meðaldalur þjóðarinnar, auk umhverfis sem sé tæknivætt og hagfellt hvers konar viðskiptum.

Greiningardeildin telur ljóst að hægja muni á vexti bankanna, sem teygt hafi sig ansi langt bæði í lántökum og útlánum og reyni þar á bæði viðskiptabankana og Seðlabankann sem reyni að ná tökum á verðbólgunni. - óká




FYRIRTÆKJASJÓÐURINN

# 16,2%

# ávöxtun

Fíton/SÍA

**Tilboð til 1. júlí 2006 – 100% afsláttur af kaupþóknun**

Markmið Fyrirtækjasjóðsins er að skila langtímahækkun eigna með fjárfestingum í meðallöngum verðtryggðum skuldabréfum útgefnum af fyrirtækjum. Fyrirtækjasjóður skilaði 16,2% nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 3. apríl–2. maí 2006. Sjóðurinn hentar vel þeim sem vilja fá jafna ávöxtun og frekar litlar sveiflur í ávöxtun. Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma **575 4400** eða kíktu á vefsíðuna okkar **www.vsp.is**.

Fyrirtækjasjóðurinn er rekinn af Rekstrarfélagi Sparisjóðanna hf. Verðbréfaþjónusta Sparisjóðanna hf. er vörsluaðili sjóðsins. Fyrirtækjasjóðurinn er fjárfestingarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er m.a. fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Frekari upplýsingar um sjóðinn má finna í útboðslýsingu og útdrætti útboðslýsingar sem hægt er að nálgast á vefsíðunni **www.vsp.is.**

SPARISJÓÐURINN

# Leiðrétting á gullverði



Heimsmarkaðsverð á gulli féll um tæpa tuttugu dali á únsu á mánudag og stendur nú í rúmum 692 dölum.

Miklar hækkanir hafa orðið á gullverði undanfarin misseri og telja sérfræðingar um þarfa leiðréttingu að ræða. „Verð á góðmálmum hefur verið í algeru hámarki og þessi leiðrétting, sem ég kýs að kalla, er bæði rétt og þörf,“ sagði James Moore gullkaupmaður í New York.

Aðrir góðmálmar, silfur og kopar, féllu einnig í verði. - jsk

# Engin fjármálakreppa á Íslandi

## Viðskiptaráð kynnti skýrslu sína um fjármálastöðugleika á Íslandi í Lundúnum.

Frederic S. Mishkin, hagfræðiprófessor við Columbia-háskóla í New York, telur að hverfandi hætta sé á fjármálakreppu á Íslandi og að allur samanburður á Íslandi og nýmarkaðsríkjum sé afar misráðinn. Kom þetta fram í erindi sem hann hélt á fundi Viðskiptaráðs Íslands í Lundúnum á mánudag.

Mishkin áréttaði einnig mikilvægi þess að koma áleiðis til greiningaraðila upplýsingum um íslenskt hagkerfi, og lýsti þeirri skoðun sinni að gagnrýni síðustu missera hafi að stórum hluta verið óréttmætt.



**MISHKIN MESSAR YFIR MANNSKAPNUM** Starfsmenn erlendra fjármálastofnana og greiningaraðilar lánshæfismatsfyrirtækja fjölmenntu á fund Viðskiptaráðs Íslands sem haldinn var í Lundúnum.

Á fundinum var kynnt skýrsla um fjármálastöðugleika á Íslandi. Fundurinn var annar í röðinni en sá fyrsti var haldinn í New York á dögunum. Auk Mishkins komu fram þau Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar, og Halla Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Fundargestir voru flestir starfsmenn erlendra fjármálastofnana og greiningaraðilar lánshæfismatsfyrirtækja. - jsk



**ANTI KOIVULA KYNNIR SÍMANN** Gestir á kynningu Nokia í Eldborg á Reykjanesi tóku andköf þegar Anti Koivula, verkefnastjóri hjá Nokia Active, sleppti símanum hér að ofan og lét detta í steingólf sýningarsalarins. Þetta gerði hann til að sýna fram á að höggvörnin virkaði. VF-MYNDIR: ELLERT GRÉTARSSON

# Nýr sími kynntur

## Nokia bauð um 70 blaðamönnum víðs vegar að úr heiminum að fylgjast með kynningu á nýjum síma fyrirtækisins í Eldborg við Bláa lónið.

Um 70 blaðamenn víðs vegar að úr heiminum voru viðstaddir í sýningarsalnum Eldborg við Bláa lónið þegar farsímarisinn Nokia kynnti þar nýjan farsíma fyrir helgi. Lagði fyrirtækið nokkuð mikið í kynninguna og var með daglanga dagskrá fyrir hópinn þar sem meðal annars var farið í útreiðartúr og náttúruperlur Suðurnesja barðar augum.

Síminn heitir 5500 Sport og er sérsniðinn að þörfum þeirra sem stunda íþróttir og útivist. Þannig er hann sérlega höggþolinn og var það sannreynt á sýningunni þegar verkefnisstjóri Nokia lét símann renna sér úr greipum og á steinsteypt gólfið og sýndi hvernig hann var jafngóður á eftir. Þá á tækið einnig að þola að fá á sig skvettur.



**Í ELDBORG** Blaðamennirnir sem Nokia bauð hingað til lands til að vera við afhjúpun „sportsímans“ voru margir fulltrúar margvíslegrar útivistar og íþróttatímarita.

Nýi síminn er þannig gerður að hann getur skipt um ham eftir því hvað eigandinn er að gera hverju sinni, símahamur fyrir hefðbundna notkun, íþróttahamur með skrefatalningu, brennslumæli, tímamælingum, niðurtalningu og upplestri þannig að ekki þurfi að líta á skjáinn berist SMS. Þá er síminn með tónlistarham og styður fjölda tegunda tónlistarskráa og getur notast við minniskort allt að einu gígabæti að stærð.

Ekki er samt von á tækinu í verslanir fyrr en síðsumars og má gera ráð fyrir að hann kosti á bilinu 40 til 50 þúsund krónur. - óká

# Tæknilegum útfærslum lokið að mestu

## Orkuveita Reykjavíkur og Síminn hafa komið sér saman um skilgreiningu á grunnnetinu. Við taka viðræður um verð og rekstrarform.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Fundið hefur verið að mestu út úr tæknilegum útfærslum varðandi grunnnet Símans í tengslum við mögulega sölu þess eða tilfærslu út úr rekstri fyrirtækisins. Síminn og Orkuveita Reykjavíkur hafa í nokkrar vikur átt í viðræðum um aðkomu Orkuveitunnar að rekstri grunnnetsins, annaðhvort með kaupum eða aðkomu að sérstöku félagi sem stofnað yrði um rekstur þess og gagnaveitu Orkuveitunnar.

„Það er svona verið að hreinsa upp síðustu innansleikjurnar,“ segir Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, um tæknilegar útfærslur á aðgreiningu grunnnetsins frá rekstri Símans. Hann segir fyrirtækin þó ekki enn reiðubúin að upplýsa strax hvað nákvæmlega felist í grunnnetinu, en kveður viðræðurnar ganga vel. Enn mun þó nokkuð í land þótt fyrirtækin séu farin að kasta á milli sín tölum í verðmati. „Þetta er heilt dreifikerfi og það kostar mikið,“ segir Guðmundur og telur ekki ólíklegt að þar verði um að ræða svipaðar stærðir og í verðmati á fráveitukerfum í Reykjavík, á Akranesi og í Borgarnesi, en þau voru saman metin á 22 milljarða króna.

Ekki er endanlega búið að ákveða hvaða tilhögun verður á eignarhaldi grunnnetsins, hvort stofnað verður sérstakt félag um rekstur grunnneta bæði Símans og Orkuveitunnar eða hvort Orkuveitan kaupir netið. Samkvæmt heimildum blaðsins fara menn þó nærri um hvaða háttur verður á rekstrinum, en þær hugmyndir fást ekki upp gefnar að sinni enda verður að öllum líkindum ekki tekin endanleg ákvörðun þar að lútandi fyrr en á síðustu stigum viðræðnanna.

Ljósleiðaratækni er almennt talin sá gagnaflutningsmáti sem byggt verði á í framtíðinni, enda flutningsgetan gífurleg. Einnig hefur þó orðið veruleg framþróun í háhraðagagnaflutningi yfir koparleiðslur og er hún talin geta fleytt mönnum eitthvað inn í framtíðina áður en ljósleiðarinn tekur alfarið við. Með sameiningu fjarskiptakerfa Orkuveitunnar og Símans á svo að ná fram hagræðingu þannig að hraða megi uppbyggingu fjarskiptanets með ljósleiðarann í aðalhlutverki.



**UNDIRRITUN** Frá undirskrift samnings um yfirtöku Orkuveitunnar á fráveitukerfum þriggja sveitarfélaga í desember. Guðmundur Þóroddsson er fremstur. MARKAÐURINN/STEFÁN

**Það er svona verið að hreinsa upp síðustu innansleikjurnar, ... Þetta er heilt dreifikerfi og það kostar mikið.**


Himinn og haf - SÍA

Ekki bara spari að spara!

Alþjóðlegur hlutabréfasjóður
60,07% nafnávöxtun*



spron VERÐBRÉF

* frá 01.08.2005–01.05.2006 á ársgrundvelli.

Rekstrarfélag SPRON sér um rekstur þeirra fimm sjóða sem eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003. Nánari upplýsingar má nálgast í útboðslýsingu hjá SPRON Verðbréfum.

ASKJA

# Vinsamlegast spennið sætisólar.



VIÐURKENNT SÖLU- OG ÞJÓNUSTUUMBOÐ MERCEDES-BENZ

SÝNINGARSALUR
VERKSTÆÐI · VARAHLUTIR
HRAÐÞJÓNUSTA

# Nýr M-Class.

Þú bókstaflega flýgur áfram í M-Class jeppanum frá Mercedes-Benz því í M-Class fer mikið afl saman við einstaka aksturseiginleika. M-Class fæst með ríkulegum búnaði svo sem handstýrðri gírskiptingu í stýrishjóli, sítengdu aldrifi með spyrnustýringu, klifurbúnaði o.m.fl. Kynntu þér nýjan M-Class í sýningarsal ÖSKJU við Laugaveg 170.

Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is

# Aukin netverslun

Verslunareigendur í Bretlandi munu tapa markaðshlutdeild sinni á næstu árum í hlutfalli við fjölgun breiðbandstenginga við heimili landsmanna. Þetta kemur fram í nýlegri könnun sem netgreiðslufyrirtækið PayPal gerði í Bretlandi fyrir skömmu.

Í könnuninni er gert ráð fyrir því að 66 prósent allra heimila í Bretlandi verði tengd breiðbandinu eftir fjögur ár og býst fyrirtækið við að um 6 prósent allra innkaupa í Bretlandi verði gerð á netinu. Það er stórstökk frá því sem nú er en í könnun PayPal segir að verslun með m.a. matvöru muni aukast um 235 prósent en fatnaði um 160 prósent. - jab



**KONA VIÐ TÖLVU** Því er spáð að netverslun í Bretlandi margfaldist á næstu fjórum árum.

# Heimsins stærsta farþegaskip

Stærsta farþegaskip í heimi var vígt í New Jersey í Bandaríkjunum í síðustu viku. Skipið, sem heitir Freedom of the Seas og vegur 160.000 tonn, er hvorki meira né minna en 15 metrum breiðara en farþegaskipið RM Queen Mary 2, sem talið var stærsta skip í heimi af þessari gerð. En þótt Freedom the the Seas sé 6 metrum styttra nær það að landa titlinum sem stærsta farþegaskip í heimi. Fyrir utan flatsjónvörp í öllum herbergjum er ýmis munaður um borð í skipinu. M.a. er þar að finna hnefaleikahring, brimbrettahermi og sérstaka sólbaðsstofu sem einungis er ætluð fullorðnum.

Skipið getur flutt 3.700 farþega á 18 þilförum og kostaði tæpa 56,9 milljarða króna. Það var í höfninni í Hudson-ánni í síðustu viku og gafst íbúum á Manhattan kostur á að bera dýrðina augum. Það mun halda til Boston í vikunni. Þaðan mun skipið sigla í heimahöfn í Miami í Bandaríkjunum og halda þaðan í vikulanga siglingu um Karíbahafið. - jab



**FREEDOM OF THE SEAS** Stærsta farþegaskip í heimi var vígt í síðustu viku.

# Tottenham gerir treyjusamninga

## Veðmangarinn Mansion auglýsir á treyjum Tottenham-manna næstu fjögur árin.

Enska úrvalsdeildarliðið Tottenham hefur gert fjögurra ára samning við internet-veðmangarann Mansion. Tottenham, sem hafnaði í fimmta sæti deildarinnar á nýafstaðinni leiktíð, mun því bera nafn Mansion á snjóhvítum keppnistreyjunum næstu fjögur árin.

Daniel Levy, stjórnarformaður Tottenham, var hæstánægður með samninginn: "Okkur gekk vel á síðasta tímabili og því er ekki nema eðlilegt að stórfyrirtæki sýni okkur áhuga."

Tottenham fær um 4,6 milljarða í sinn hlut við samninginn og telja sérfræðingar hann einn þann stærsta sem knattspyrnufélag hefur gert. Tottenham skrifaði á dögunum undir annan samning við þýska íþróttavöruframleiðandann Puma og mun leika í útbúnaði frá fyrirtækinu næstu árin. - jsk



**DAVID KINSON, FORSTJÓRI MANSION, OG MARTIN JOL KNATTSPYRNUSTJÓRI TOTTENHAM** Jol ætti að geta styrkt Tottenham-liðið fyrir átökin næsta vetur með samningana við Mansion og Puma upp á vasann.

# Ekki ríkastur í Noregi

## John Fredriksen er ekki lengur ríkasti maður Noregs. Hann hefur fengið ríkisfang á Kýpur.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Norski skipa- og fiskeldisjöfurinn John Fredriksen er á meðal auðugustu manna í heimi og hefur lengi vel verið ríkasti maður Noregs. En nú er orðin breyting á röð ríkustu manna í frændgarði því Fredriksen hefur skipt um ríkisfang og er orðinn ríkisborgari á eyjunni Kýpur.

Ástæðan fyrir þessu er nýleg breyting á skattalögum í Noregi sem kveður á um að dvelji menn lengur en 90 daga í landinu á ári þá verði þeir að greiða skatt af tekjum sínum til hins opinbera. Norska dagblaðið Aftenposten hefur eftir Herbjørn Hansson, vini og samstarfsfélaga Fredriksens, að lagabreytingarnar séu slæmar fyrir auðkýfinga á borð við Fredriksen, sem hafi ekki séð annað í stöðunni en að breyta um ríkisfang. „Ef við viljum senda fólk og fjármagn úr landi þá er þetta leiðin," sagði hann um lagabreytinguna og ýjaði að því að breytingin hefði verið gerð sérstaklega til að hið opinbera í Noregi gæti seilst ofan í veski Fredriksens.

Þá er haft eftir Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, að ekki hafi komið til greina að sveigja og breyta skattareglum til að sinna óskum Fredriksens. „Það langar marga til að fá norskan ríkisborgararétt. Ef hann vill það ekki þá er það ekki vandamál. Hann hefur hvorki búið í Noregi í nokkra áratugi né greitt skatta heldur," sagði Stoltenberg.

Þrátt fyrir þetta getur Fredriksen sótt um greiðslu lágmarkslífeyris þegar hann kemst á aldur. Hann verður hins vegar að flytja aftur til Noregs og dvelja þar í nokkurn tíma, að sögn Stoltenbergs.



**JOHN FREDRIKSEN** Skipakóngurinn hefur í áraraðir verið ríkasti maður Noregs. Breyting á skattalögum í Noregi varð til þess að hann sótti um ríkisborgararéttindi á eyjunni Kýpur.

# Sparað til efri ára

Meirihluti Bandaríkjamanna, eða 83 prósent, telur að hann leggi ekki nóg til hliðar fyrir efri árin. Þetta kemur fram í niðurstöðum nýlegrar könnunar sem bandaríski verðbréfasjóðurinn Fidelity Investments lét gera. Það eru fimm prósentum fleiri sem telja sig spara of lítið fyrir efri árin í þessari könnun en fram kom í svipaðri könnun fyrir ári.

Robert L. Reynolds, framkvæmdastjóri verðbréfasjóðsins, sagði í samtali við fréttavef bandarísku fréttastofunnar CNN, að niðurstöðurnar bendi til að almenningur sé að gera sér æ betur grein fyrir mikilvægi þess að eiga fjármagn í ellinni. Í dag leggi launþegar til hlutfall af launum sínum sem nemur rúmum helmingi af framfærslu í framtíðinni. Þeir þurfi að gera betur. Þá benda niðurstöður könnunarinnar til að um helmingur þeirra 2.000 launþega sem þátt tóku í könnuninni hafi tekið sig á síðastliðið hálft ár og gripið til aðgerða til að eygja von um hærri ellilífeyrisgreiðslur í framtíðinni. - jab



**ELLILÍFEYRISÞEGI** Bandaríkjamenn eru að gera sér æ betur grein fyrir því að þeir þurfi að spara áður en efri árin renna upp.



**ÚR VERKSMIÐJU NISSAN MOTORS** Starfsmenn stærstu fyrirtækja í Japan eiga von á hæstu bónusgreiðslu í sögu landsins í sumar.

# Góðir bónusar

Fastlega er búist við að bónusgreiðslur til starfsmanna hjá stærstu fyrirtækjum í Japan nemi að meðaltali 530.000 íslenskum krónum á mann í sumar. Ef rétt reynist verða þetta hæstu bónusgreiðslur í sögu Japans.

Þetta er fjórða árið í röð sem bónusgreiðslur til starfsmanna hækka á milli ára. Bónusgreiðslurnar í ár verða almennt 0,73 prósentum hærri en í fyrra, að sögn japanska viðskiptatímaritsins Nihon Keizai Shimbun. Þetta er ívið minni hækkun á milli ára en í fyrra. Þá hækkuðu bónusgreiðslurnar um 3,31 prósent frá árinu á undan.

Helsta ástæða hækkunarinnar í ár er góð afkoma fyrirtækja í stál- og vélaiðnaði í Japan á fyrsta fjórðungi ársins. - jab

# Verðbólga 1000%

Verðbólga í Afríkuríkinu Simbabve mælist nú rúm þúsund prósent á ársgrundvelli, samkvæmt nýjustu tölum frá Hagstofu landsins. Hvergi í veröldinni mælist meiri verðbólga.

Brauðhleifur kostar um hundrað þúsund simbabve-dali, eða um sextíu íslenskar krónur. Fernu af appelsínudjús má fá á hálfa milljón dala og kíló af nautakjöti á eina milljón. Ellefföld verðhækkun hefur orðið síðan í apríl á síðasta ári. Flestir kenna ríkisstjórn Roberts Mugabe um ófarirnar, einkum þjóðnýtingu á jörðum hvítra bænda, sem olli því að landbúnaðarframleiðsla í landinu er nánast engin.

Robert Mugabe sjálfur vill hins vegar ekki heyra á slíkt minnst. Mugabe hefur afþakkað aðstoð alþjóðastofnana á borð við Alþjóðabankann enda kennir hann erlendum óvinum Simbabve um hvernig komið er. -jsk

12,2%*
Peningamarkaðssjóður ÍV
*Nafnávöxtun í apríl 2006 á ársgrundvelli

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 • www.iv.is

Peningamarkaðssjóður ÍV er fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum en verðbréfasjóðir og geta því verið áhættusamari. Frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfa-sjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins er að finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sem nálgast má hjá Íslenskum verðbréfum hf. auk upplýsinga á heimasíðu www.iv.is. Peningamarkaðssjóður ÍV er rekinn af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV.

GEIMSTOFAN


FYRIRTÆKIÐ VAKTAÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
Firmavörn er beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlínunni 112, þar sem starfsfólk okkar er ávallt í viðbragðsstöðu. Lykilbúnaður Firmavarnar miðast við mismunandi þarfir hvers fyrirtækis og er settur saman svo vörn fyrirtækisins gegn reyk-, vatns-, eða innbrotstjóni verði sem öflugust.
Securitas býður einnig uppá margvíslegar öryggisvarnir
Innbrotakerfi, aðgangsstýrikerfi, öryggismyndavélar, mönnuð gæsla, öryggishnappur, vöruverndarhlið, slökkvitæki, brunaviðvörunarkerfi, sjálfvirk slökkvikerfi, verðmætaflutningar, farandgæsla, hússtjórnarkerfi, rýrnunareftirlit ofl.
Öryggisráðgjafar Securitas í síma 580 7000 benda þér á þær lausnir sem best henta þínu fyrirtæki.
SECURITAS
FIRMAVÖRN
GOTT FÓLK McCANN

# Kínversk alfræði á netinu

Baidu.com, eitt stærsta netleitarfyrirtæki í Kína, setti á laggirnar alfræðirit í anda Wikipedia í síðasta mánuði. Alfræðiritið nefnist Baidupedia og er ritskoðað í þaula, að sögn breska ríkisútvarpsins BBC.

Alfræðiritið Wikipedia var gríðarlega vinsælt í Kína en á síðasta ári ákváðu stjórnvöld að loka á aðgang þeirra rúmlega 100 milljón Kínverja, sem aðgang höfðu að alfræðiritinu.

Robin Li, forstjóri Baidu.com, segir viðtökurnar við alfræðiritinu hafa verið afar góðar í Kína. Hins vegar sagðist hann ekki hafa neina vitneskju um að yfirvöld í Kína hefðu meinað fróðleiksfúsum Kínverjum aðgang að bandaríska alfræðiritinu.



**FRÁ TORGI HINS HIMNESKA FRIÐAR** Kínverjum er meinað að gagnrýna yfirvöld í skrifum sínum á netinu.

Ákveðnar reglur eru um notkun kínverska alfræðiritsins. Netverjar mega til dæmis hvorki skrifa stafkrók um gagnrýnisverða stjórnarhætti í Kína né útúða yfirvöldum á nokkurn hátt.

- jab

# Hætt við klámlénin

Allar áætlanir um að búa til sérstök lén fyrir klámvefi á netinu hafa verið slegnar út af borðinu. Lénin áttu að hafa endinguna .xxx og gera m.a. forráðamönnum barna auðveldara fyrir að hindra aðgang á síður með þvílíku efni.

Hugmyndir þessa efnis hafa verið uppi á borðinu síðastliðin fimm ár en Icann-samtökin, sem hafa yfirumsjón með lénveitingum á netinu, hafa verið á milli steins og sleggju og átt í erfiðleikum með að láta hugmyndina verða að veruleika vegna mótmæla jafnt frá fyrirtækjum í klámiðnaði sem kristilegum samtökum í Bandaríkjunum.

Rök andstæðinga hugmyndarinnar, m.a. í klámiðnaðinum, eru þau að með hugmyndinni sé hið opinbera að seilast með krumlurnar ofan í klámheiminn til að ná stjórn á honum. Þá hafa kristileg samtök í Bandaríkjunum sömuleiðis verið mótfallin hugmyndinni en þau segja að með þessu móti verði því flaggað á skýrari hátt en nú hvar klámvefi sé að finna.



**PAUL TWOMEY, FRAMKVÆMDASTJÓRI ICANN-SAMTAKANNA** Samtökin settu í fyrsta sinn fram hugmyndir um stofnun léna með endinguna .xxx fyrir fimm árum.

Fyrirtækið ICM Registry, sem hafði boðist til að sjá um rekstur léna með endinguna .xxx, sagði hins vegar að ef hugmyndin hefði orðið að veruleika þá hefði verið auðveldara að finna klám á netinu með það fyrir augum að setja óviðkomandi aðilum stólinn fyrir dyrnar.

# Ný tölva frá Nintendo

## Í síðustu viku var hulunni svipt af nýjustu leikjatölvu Nintendo sem á að laða til sín nýja notendur.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Nýjasta leikjatölvan frá japanska tæknifyrirtækinu Nintendo sló í gegn á E3 tölvuleikjasýningunni í Los Angeles í Bandaríkjunum í lok síðustu viku. Svo mikil var eftirvænting sýningargesta að löng röð myndaðist þar sem tölvan var kynnt og féll kynning á PS3, nýjustu leikjatölvu Sony, í skuggann af henni.

Nýjasta tölvan frá Nintendo kallast Wii en stjórntæki hennar líkist einna helst sjónvarpsfjarstýringu. Það er norska hugbúnaðarfyrirtækið Opera Software sem bjó til vafra í leikjatölvunni, en hún mun koma á markað í Japan í sumar. Ekki hefur verið gefið upp hvenær leikjatölvan kemur á markað á heimsvísu.

Ýmsar nýjungar eru í tölvunni en m.a. gefst leikjaunnendum kostur á að vafra um á netinu þegar þeir vilja hvíla sig á því að leika tölvuleiki. Þá er fjarstýring tölvunnar með hreyfiskynjara og því geta notendur tölvunnar sveiflað henni líkt og sverði í leikjum þar sem þess er þörf.

Haft er eftir Jóni von Tetzchner, forstjóra Opera Software, í tilkynningu frá fyrirtækinu, að nýja leikjatölvan sýni hversu framarlega Nintendo standi á tölvuleikjasviðinu.




**NÝJA LEIKJATÖLVAN** Satoru Iwata, forstjóri Nintendo, kynnti gestum á E3 tölvuleikjasýningunni nýjustu tölvu fyrirtækisins.

Satoru Iwate, forstjóri Nintendo, sagði við kynninguna á nýju leikjatölvunni á þriðjudag í síðustu viku að hann vonaðist til að þær nýjungar sem séu í nýju leikjatölvunni verði til þess að laða þá að leikjum, sem fram til þessa hafa ekki leikið tölvuleiki. Sé það m.a. ástæðan fyrir því að fjarstýring leikjatölvunnar líti út eins og sjónvarpsfjarstýring.

# Sátt um skráaskipti

Forsvarsmenn skráskiptifyrirtækisins BitTorrent og kvikmyndarisans Warner Bros. hafa komist að samkomulagi um löglega dreifingu á kvikmyndum á netinu.

Samkomulag fyrirtækjanna kveður á um að kvikmyndum og sjónvarpsþáttum frá Warner Bros. verði dreift með skráaskiptihugbúnaðinum frá BitTorrent og verður hægt að kaupa efnið og hlaða því niður af netinu sama dag og myndirnar koma út á DVD diskum.

Búist er við að dreifing kvikmynda og sjónvarpefnis með þessum hætti hefjist í sumar og verða 200 titlar í boði. Þegar hefur verið staðfest að á meðal þeirra mynda sem netverjar geta hlaðið niður eru sjónvarpsþættirnir Babylon 5 og kvikmyndirnar The Matrix og Corpse Bride.



**KVIKMYNDAVER WARNER BROS** Kvikmyndarisinn ætlar að hefja sölu og dreifingu kvikmynda á netinu í sumar.

- jab

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6081

NJÓTTU BESTU KJARA

GLITNIR KYNNIR FYRIRTÆKJAVILD

Fyrirtækjavild samanstendur af bankaþjónustu Glitnis, fjármögnunarþjónustu hjá Glitni Fjármögnun og vátryggingaþjónustu hjá Sjóvá.

Fyrirtækjavild eykur fríðindi þeirra fyrirtækja sem nýta sér heildarþjónustu bankans. Þjónustan skiptist í þrjú stig eftir umfangi viðskipta – **Vild, Gullvild** og **Platínumvild**.

- **Betri kjör**
- **Betri þjónusta**
- **Aukin fríðindi**
- **Afsláttarkjör**
- **Heildaryfirsýn yfir fjármálin í Fyrirtækjabankanum**
- **Aukin þægindi með bankaviðskipti og vátryggingar á sama stað**

Kynntu þér kosti Fyrirtækjavildar hjá fyrirtækjafulltrúum okkar í síma 440 4000 eða á glitnir.is.

FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN ER OKKAR VERKEFNI

FYRIRTÆKJAVILD

SÖGUHORNIÐ

# Faðir Prúðuleikaranna deyr



**PRÚÐULEIKARARNIR** Brúður Jims Henson slógu í gegn í sjónvarpi um allan heim á árunum 1976 til 1981.

Í gær voru liðin 16 ár síðan Jim Henson, faðir Prúðuleikaranna, lést úr blóðeitrun, 53 ára að aldri.

James Maury Henson, eða Jim Henson, eins og hann var kallaður, fæddist í Greenville í Mississippiríki í Bandaríkjunum árið 1936. Hann ólst hins vegar upp í nágrenni Washingtonborgar en faðir hans starfaði hjá bandaríska landbúnaðarráðuneytinu. Á menntaskólaárum sínum gekk Henson til liðs við brúðuleikhús og fékk hann upp úr því starf hjá sjónvarpsstöð þar sem hann sýndi listir sínar með brúðum sem hann bjó sjálfur til.

Atriði hans vöktu mikla athygli hjá sjónvarpsáhorfendum og fékk hann sinn eigin fimm mínútna þátt á sjónvarpsstöðinni. Þar birtust ýmsar brúður sem áttu eftir að slá í gegn í öðrum þáttum, þar á meðal froskurinn Kermit sem Henson bjó til úr gamalli kápu frá móður sinni og einni borðtenniskúlu sem hann skar í tvennt.

Brúður Jims Henson slógu í gegn. Þær komu fram í auglýsingum og voru vinsælar í spjallþáttum í sjónvarpi. Hundurinn Hrólfur kom til dæmis oft fram í vinsælum sjónvarpsþætti á árunum 1963 til 1966.

Þegar sýningu þáttanna lauk ýtti hann úr vör fræðsluþáttum fyrir börn, Sesame Street, árið 1969 og voru þeir sýndir í sjö ár.

Henson var á þessum árum byrjaður að vinna með brúðugerðarmanninum Frank Oz. Þá langaði til að gera brúðuþætti fyrir fullorðna sjónvarpsáhorfendur og gerðu ellefu innslög í grínþáttinn Saturday Night Live á árunum 1975 til 1976. Höfundum grínþáttanna líkaði efnið hins vegar illa og slitnaði upp úr samstarfinu.

Eftir þetta lagði Henson höfuðið í bleyti. Hann langaði til að gera sjónvarpsþátt þar sem brúður væru í helstu hlutverkum og fengju til sín fræga gesti. Engin sjónvarpsstöð sýndi hugmyndinni áhuga. Henson var þrátt fyrir mótlætið fullviss um að sjónvarpsþáttur sem þessi gæti gengið og hóf hann sjálfur að þróa þættina. Niðurstaðan varð Prúðuleikarnir (e. The Muppet Show), sem fyrst fóru í loftið árið 1976. Þeir slógu umsvifalaust í gegn og voru sýndir í rúmlega 100 löndum, m.a. á Íslandi. Þættirnir hlutu þrjú Emmy-verðlaun og gerði Henson þrjár kvikmyndir um ævintýri Prúðuleikaranna. Sýningu þáttanna lauk árið 1981.

www.tivoliaudio.is

ÚTSKRIFTARGJÖFIN



KORTER.IS

TIVOLI PAL/VEÐRAÞOLIÐ **FERÐATÆKI**
með hleðslutæki
Ómissandi á ströndina, í sumarbústaðinn,ferðalagið, í garðinn, á veröndina og svalirnar... eða bara heima!





TIVOLI SongBook **ÚTVARP**
með hleðslutæki
Stereóútvarp í hæsta gæðaflokki
með 5 stöðva minni
Vekjararklukka með svefnrofa
240V / 12V - Rafhlöður AA 6 stk.
innbyggt hleðslutæki
Hleðslurafhlöður fáanlegar

**Útsölustaðir:**
Hljómsýn, Ármúla 38, S. 588 5010
Epal, Skeifunni 6, S.568 7733 - Kokka, Laugavegi 47 S.562 0808 - Duka Kringlunni S.533 1322
CM Laugvegi 68, S.551 7015 - Mirale, Grensásvegi 8, S.517 1020
Art Form, Skólavörðustíg 20 S. 551 2392 -Hallldór Ólafsson, Glerártorgi S.462 2509
Gleraugnamiðstöðin, Egilsstöðum S.471 1606 - Tónspil, Neskaupsstað S.477 1580
Hótel Ísafjörður S. 456 4111



# Óvíst hvað haustið hefur í för með sér

**Verðbólguskotið sem nú ríður yfir er talið ná hámarki í sumar. Verðbólga verður áfram hátt yfir markmiðum Seðlabankans. Í haust koma kjarasamningar til endurskoðunar og þykir ljóst að forsendur þeirra séu brostnar. *Óli Kristján Ármannsson* ræddi við sérfræðinga um stöðuna, en hún þykir um margt svipuð og árið 2001.**

Á morgun tilkynnir Seðlabanki Íslands ákvörðun sína um stýrivexti og búast greiningardeildir bankanna við 50 til 75 punkta hækkun. Með slíkri hækkun sendir bankinn skilaboð sem slá eiga á verðbólguvæntingar, fyrir utan að draga úr eftirspurn þegar fram í sækir. Minni eftirspurn er líka verðbólguhamlandi og svo bætast við áhrif gengisstyrkingar krónunnar sem ætti að vera fylgifiskur hærri vaxta. Allt er þetta þó háð því að væntingar Seðlabankans gangi eftir og markaðurinn hafi trú á peningastefnunni og aðgerðum hans.

Núna mælist verðbólgan 7,6 prósent og telja greiningardeildir bankanna að í sumar eða síðsumars nái hún hámarki og verði 8,0 til 9,0 prósent og taki svo að ganga hægt niður. Verðbólgan er sögð hljóta að teljast áfall fyrir framgang verðbólgumarkmiðs og trúverðugleika Seðlabankans. Verðbólgan er nú þrefalt verðbólgumarkmið bankans og maí er 25. mánuðurinn í röð þar sem hún er yfir markmiðinu.

Þá eru þær raddir farnar að heyrast sem vara við hættunni á víxlverkan verðbólgu og launahækkana, en núna í haust eru kjarasamningar til endurskoðunar og þykir ljóst að forsendur þeirra séu brostnar. Við taka viðræður um stöðuna og náist ekki saman í þeim má jafnvel búast við uppsögn samninga. Verðbólguskotið nú er rakið til gengislækkunar krónunnar og áframhaldandi verðhækkana á íbúðamarkaði. Verð á eldsneytisverð hefur hækkað verulega, sem og verð á nýjum bílum og öðrum innflutningi. Einhver merki eru þó um kólnun á íbúðamarkaði.




**Í VERSLUNARLEIÐANGRI** Sérfræðingar segja að með hækkandi verði dragi úr eftirspurn. Um þessar mundir má sums staðar sjá auglýst ný kortatímabil í verslunum, en þeir reikningar koma ekki til greiðslu fyrr en í júlí. Greiningardeildir bankanna spá því að verðbólga nái hámarki í næsta mánuði. MARKAÐURINN/HEIÐA

### SVIPUÐ STAÐA OG 2001

Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Glitnis banka, segir að af óvissu- og hættuþáttum í þróun verðbólgu og efnahagsmála beri einna hæst gengisþróun krónunnar. „Gengið er stór óvissuþáttur, en við reiknum með frekari lækkun krónunnar á næstunni og að lágpunkturinn verði á síðasta fjórðungi þessa árs. Reiknum við til dæmis með því að evran muni standa í um 97 krónum að meðaltali á fjórða ársfjórðungi en hún er nú í ríflega 91 krónu. Ástæða þessarar lækkunar verður viðskiptahallinn og útflæði fjármagns. Lítil eftirspurn verður eftir krónum á sama tíma að okkar mati sérstaklega vegna þess að hægt hefur á erlendri lántöku. Samhliða gengislækkun krónunnar reiknum við með því að verðbólgan nái hámarki í um 9 prósent í lok árs.“

Ingólfur segir að þegar litið sé fram á næsta ár megi reikna með hækkun gengis krónunnar. „Framundan er nýtt hagvaxtarskeið knúið af vaxandi útflutningi og fjárfestingum. Þegar við nálgumst þetta tímabil og hagkerfið hefur sýnt á ný hversu sveigjanlegt það er munum við sjá gengi krónunnar hækka og verðbólguna minnka. Við reiknum með því að verðbólgan verði komin niður í verðbólgumarkmið Seðlabankans í lok næsta árs og evran í um 87 krónur.“

Þá segir Ingólfur að endurskoðun á forsendum kjarasamninga í haust sé annar óvissuþáttur sem framundan sé. „Verðbólgan mun að öllum líkindum leiða til einhverra frekari kjarasamningsbundinna hækkana í upphafi næsta árs, en í versta falli verður hún til þess að samningum verður sagt upp og við tekur ný samningalota,“ segir hann og telur einhverjar líkur á að svo fari, þótt ekki vilji hann spá öllu á versta veg. „En verðbólgan er náttúrlega langt umfram það sem samningarnir miðuðu við á sínum tíma.“ Hann bendir á að aðilar vinnumarkaðarins hafi áður sýnt af sér það að vera reynslunni ríkari og elti ekki mikla verðbólgu með óhóflegum launahækkunum. „Þeir vita að í slíkum slag vinnur enginn,“ segir hann og rifjar hann upp að staðan hafi verið svipuð árið 2001 þegar samningar voru til endurskoðunar líkt og nú. „Þá fór verðbólga upp í einhver 9 prósent í lok árs og leiddi til einhverra hækkana í upphafi næsta árs.“

Ingólfur segir að fyrir utan vaxtahækkanir Seðlabankans geti stjórnvöld einna helst brugðist við núverandi ástandi með því að beita aðhaldi í ríkisfjármálum og fjármálum sveitarfélaga, bæði á gjalda- og tekjuhlið. „Þetta eru svo sem gamalkunn ráð, en eru bara það sem dugar í árferði eins og núna. Síðan ættu stjórnvöld í yfirlýsingum um framkvæmdir sem framundan eru og annað það sem snertir eftirspurnina á næstunni að taka tillit til þess að þær hafa áhrif á væntingar. Betra er að halda aftur af sér í þessum efnum við núverandi aðstæður.“

### ERFITT AÐ SÆTTA SJÓNARMIÐ

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, segir þó tæpast hægt að gefa sér að þróunin verði sú sama í samningum nú og árið 2001. „Ljóst er af verðbólgu og verðbólguhorfum að hún þokast varla inn fyrir sársaukamörk það sem eftir lifir samningstímans, sem þýðir aftur að forsendur þessara kjarasamninga eru brostnar og markmið þeirra ekki að nást.“ Gylfi segir að forysta aðildarfélaga Alþýðusambandsins leggi svo mat á aðstæðurnar og við taki viðræður um samningana. „Ef menn ná svo ekki saman fá aðildarfélögin heimild til að segja upp kjarasamningum og gera þá nýja samninga og myndu þá hefjast samningaviðræður upp úr áramótum,“ segir hann en áréttar að ómögulegt sé að ætla að spá fyrir um hver niðurstaðan verður.

Gylfi segir aðstæður um sumt aðrar nú en árið 2001 þegar verðbólga var í svipuðum hæðum við endurskoðun kjarasamninga. „Þótt tilurð vandans sé með svipuðum hætti, slök hagstjórn af hálfu stjórnvalda, skattalækkanir ofan í þensluástand og breytingar á fjármálakerfinu, var launaskriðið mjög almennt á þeim tíma. Landsmenn stóðu þannig mjög jafnt að vígi, óháð tekjuhópum eða landsvæðum. Þannig er það ekki í dag. Ójöfnuður hefur aukist mikið og ljóst að sumir okkar félaga hafa verið að fá mjög miklar launahækkanir um leið og stórir hópar innan Alþýðusambandsins hafa verið að fá almennar hækkanir sem um síðustu áramót voru 2,5 prósent.“ Gylfi segir erfitt geta orðið að sætta sjónarmið þeirra sem fengið hafi miklar launahækkanir og gætu haft hagsmuni af samkomulagi og hinna sem lítið hafi hækkað og í raun orðið fyrir kjaraskerðingu. „Eigum við sem vorum þolinmóð og treystum stjórnvöldum að bera herkostnað af þessu,“ spyrja þeir hópar náttúrulega. „Það eru mjög eðlilegar spurningar sem erfitt er að svara.“



INGÓLFUR BENDER

**Á morgun tilkynnir Seðlabanki Íslands ákvörðun sína um stýrivexti og búast greiningardeildir bankanna við 50 til 75 punkta hækkun.**



GYLFI ARNGRÍMSSON

### RÍKISVALDIÐ TRYGGI STÖÐUGLEIKANN

Gylfi segir Alþýðusambandið undanfarin ár ítrekað hafa varað við þeirri tegund hagstjórnar og efnahagsstefnu sem leiði til aukinnar misskiptingar og hér hafi verið rekin síðasta áratug. „Við höfum sagt hana hljóta að leiða til þess að hér verði einhver ólga og nú eru menn kannski að nálgast þann punkt og mun reyna alveg gríðarlega á stjórnvöld og atvinnurekendur hvernig okkur tekst að skapa raunverulegar forsendur fyrir einhverri sátt. Miðstjórn Alþýðusambandsins hefur hins vegar dregið þá ályktun að þessi tegund stefnu sem hér hefur ríkt samrýmist ekki stöðugleikamarkmiðinu.“

Sveiflur í hagkerfinu, sem stundum gagnist launafólki og stundum fyrirtækjum, segir Gylfi á endanum verða til þess að bæði fólk og fyrirtæki tapa. „Það er hins vegar ekki á borði samningsaðila einna að tryggja stöðugleikann. Það hlýtur að meginhluta til að vera á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans að því leyti sem hann hefur sjálfstæði í sinni stefnu. Að mati Alþýðusambandsins á peningamálastefnan hins vegar að vera afgangsstærð, en hér er hún meginstefna og það teljum við að leiði til þessa óstöðugleika.“




Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

mentis HUGBÚNAÐUR

HUNDRUÐ VÖRUTEGUNDA MEÐ ROSALEGUM AFSLÆTTI

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 85% AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL AF SJÓNVÖRPUM
MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

JVC GRUNDIG DIBOSS THOMSON Dantax PHILIPS UNITED

25%
HEIMABÍÓSETT
VERÐ ÁÐUR kr. 19.990
TILBOÐ kr. 14.990
AFSLÁTTUR kr. 5.000
AKAI DVD VIDEO

80%
SJÓNAUKI 10x25
VERÐ ÁÐUR kr. 4.990
TILBOÐ kr. 990
AFSLÁTTUR kr. 4.000
tasco

15%
42“ PLASMASJÓNV.
VERÐ ÁÐUR kr. 199.990
TILBOÐ kr. 169.990
AFSLÁTTUR kr. 30.000
THOMSON

43%
STAFRÆN MYNDAVÉL
VERÐ ÁÐUR kr. 34.990
TILBOÐ kr. 19.990
AFSLÁTTUR kr. 15.000
MINOLTA 6 MEGA PIXEL

20%
STAFRÆN TÖKUVÉL
VERÐ ÁÐUR kr. 74.990
TILBOÐ kr. 59.990
AFSLÁTTUR kr. 15.000
JVC 30 GB HARÐUR DISKUR INNBYGGÐUR

28%
32” LCD SJÓNVARP
VERÐ ÁÐUR kr. 249.990
TILBOÐ kr. 179.990
AFSLÁTTUR kr. 70.000
JVC DIST DynaPix MYNDTÆKNI

HÁTALARAR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI Dantax JBL Infinity

TAKMARKAÐ MAGN FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!

MIKIÐ ÚRVAL AF HLJÓMTÆKJUM FRÁ KR. 5.990 PHILIPS JVC Dantax

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2006

## Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

HUNDRUÐ GIRNILEGRA TILBOÐA Á HEIMASÍÐUNNI WWW.SM.IS




# Engir óvæntir snúningar á hringborði

Erlendir gestir og fulltrúar Economist voru ánægðir með hvernig til tókst með hringborð Econo
fundu fyrir upplýsingaþreytu, enda heyrt flest sem þarna kom fram oft áður. *Hafliði Helgason* s
og ræddi við gesti í kaffihléum til að heyra hvað fram fór í lokaða hlutanum.

**Útlendingarnir aftur á móti voru forvitnir og töldu sig hafa grætt margt á ráðstefnunni. Fulltrúar Economist voru líka afar sáttir við fundinn og telja góða möguleika á að halda slík hringborð oftar í framtíðinni.**

Íslenskt efnahagslíf kom sér betur fyrir á korti The Economist með hringborðsfundi þessa virtasta fjölmiðils í viðskiptaheiminum.

Fundarsóknin var ágæt og í góðu samræmi við væntingar. Af erlendum gestum voru bankamenn og fólk úr fjármálageiranum mest áberandi. Kannski ekki að undra þar sem efnahagslífið og fjármálakerfið hafa vakið erlenda athygli.

#### MEIRA FJÖR ÚTI EN INNI

Íslensku gestirnir komu víðar að þegar horft er til atvinnugreinanna. Fulltrúar stjórmálaflokka voru einnig á staðnum. Reyndar þáði Steingrímur J. Sigfússon ekki boð Alcoa um setu á fundinum og gerði rækilega grein fyrir þeirri afstöðu sinni á opinberum vettvangi.

Alcoa var meðal styrktaraðila og samkvæmt stefnu þeirra buðu þeir andstæðingum sínum setu. Fulltrúi Náttúrverndarsamtaka Íslands sat ráðstefnuna og bar fram gagnrýnar spurningar. Fyrir utan var rokk og ról virkjanaandstæðinga sem skemmtu sér og bílarunu Suðurlandsbrautarinnar með gítarleik og trommuslætti.

Innandyra var allt með kyrrum kjörum. Blaðamenn fengu aðeins að sitja einn hluta ráðstefnunnar og því fátt annað að gera en að hlera hvað hæst hefði borðið í samtölum í kaffhléi.

#### ÞEIR ERLENDU ÁNÆGÐIR

Upplifunin var ólík eftir því hvort rætt var við Íslendingana eða erlenda gesti. Hjá Íslendingunum gætti þess sem nefna mætti upplýsingaþreytu. Umræðan um íslenskt viðskiptalíf hefur verið mikil að undanförnu og margir lagt hönd á plóginn við að leggja fram upplýsingar um fjármálakerfið og efnahagslífið. Íslendingarnir höfðu heyrt þetta allt áður.

Útlendingarnir aftur á móti voru forvitnir og töldu sig hafa grætt margt á ráðstefnunni. Fulltrúar Economist voru líka afar sáttir við fundinn og telja góða möguleika á að halda slík hringborð oftar í framtíðinni. Helstu umkvörtunarefnin voru að Íslendingar mættu vera duglegri að spyrja. Einnig fannst mörgum erlendum gestum sem rætt var við að ráðherrarnir mættu flytja sitt mál af meira lífi. Forsætisráðherra og fjármálaráðherra voru með daufara móti. Semsé ekkert nýtt fyrir Íslendinga, en útlendingarnir töldu sig hafa gert ágæta reisu.

#### ÁHÆTTUDREIFING Í HAGKERFI

Um hvað var svo rætt? Ef hringborðið hefði verið haldið fyrir mánuði, þá hefði mátt búast við heitari umræðum um stöðu efnahagsmála. Skýrsla Frederics Mishkin og Tryggva Þórs Herbertssonar virðist hafa eflt skilning




**STÁL GEGN ÁLI** Ungt fólk þandi stálstrengi gítara fyrir utan Nordicahótelið þar sem hringborð Economist fór fram. Innandyra var allt með kyrrum kjörum.



# Economist

## ist á Íslandi. Íslendingarnir
## t opinn hluta hringborðsins

á eðli og stöðu hagkerfisins. Talsvert var rætt um þörf hagkerfisins fyrir að vera ekki með öll eggin í sömu körfu. Fjárfesting í stóriðju styrkir þá það egg. Áleggið. Hins vegar voru skiptar skoðanir um það hvort miklar fjárfestingar í viðbót í greininni samræmdust almennum hugmyndum um áhættudreifingu í hagkerfinu.

### EVRA OG KRÓNA

Evran og krónan eru aldrei langt undan þessa dagana þegar íslenskt efnahagslíf ber á góma. Formaður Samfylkingarinnar stefnir á Evrópusambandið. Aðrir eru tvístígandi. Fylgismönnum evrunnar fer fjölgandi, en margir óttast skrifræði Evrópusambandsins. Stórfyrirtækin hneigjast til evru. Hannes Smárason, forstjóri FL Group, nefndi að til lengdar væri ómögulegt fyrir fyrirtækin að búa við miklar gengissveiflur. Jón Ásgeir Jóhannesson tók í svipaðan streng og sagði evru og Evrópusamband ekki skipta miklu fyrir fyrirtæki eins og Baug. Hins vegar skipti það miklu fyrir smærri fyrirtæki og fólkið í landinu.

Meðal þess sem Hannes fjallaði um var að í upphafi fjárfestinga Íslendinga hefði verið gott að vera íslendingur á alþjóðamörkuðum. Við vorum framandi, litlir og lítil ógn af okkur. Það kostaði því lítið að vera vingjarnlegur. Vindurinn blæs í aðra átt núna. Hagsmunir okkar eru farnir að rekast á við hagsmuni annarra og umræðan neikvæðari. Hannes sagði hættu á því að fyrirtæki hugsuðu sér til hreyfings og flyttu hugsanlega starfsemi sína til annarra landa.

Hannes kvartaði ekki undan árangri undanfarinna ára. „Árangur íslenskra fjárfesta erlendis hefur verið ótrúlega góður. Styrkur og fjölhæfni íslensku fyrirtækjanna og þau verðmæti sem þau hafa skapað hvíla á traustum undirstöðum. Þær munu verða þeim grunnur til framtíðar,“ sagði Hannes. Grunnurinn er meðal annars innleystur hagnaður upp á milljarða tugi af fjárfestingarverkefnum undanfarinna missera. Sá árangur hverfur væntanlega ekki í bráð.

### SJÓNARHORN HÓFLEGRAR BJARTSÝNI

Neil Prothero, ritstjóri gagnaöflunardeildar Economist, var ánægður með hringborðið. „Ég var sérstaklega ánægður með að menn virtust deila þeirri sýn sem ég hef á Ísland og íslenskt efnahagslíf,“ sagði hann að lokinni ráðstefnunni. ísland er á hans könnu ásamt Svíþjóð og Austurríki.

Hann gerði grein fyrir niðurstöðum umræðuhóps erlendra fjárfesta, þar sem fjallað var um stöðu landsins í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi. „Það var mál manna að það væri Íslendingum nauðsynlegt að auka fjölbreytni til þess að jafna út vaxtarsveiflur í efnahagslífinu,“ sagði Neil Prothero. Hann sagði svigrúm vera til frekari vaxtar annarra greina en stóriðju, til að mynda í lyfjaframleiðslu, banka- og ferðaþjónustu. Allar þessar greinar hefðu vaxið mjög að undanförnu. Að auki væri Ísland kjörinn vettvangur fyrir hvers kyns þekkingariðnað, svo sem upplýsingatækni. Í þessum atvinnugreinum væri há framlegð þrátt fyrir tiltölulega háan launakostnað.

### MYNDIN SKÝRIST

Fjármálakerfið hefur þurft að glíma við erfiða umræðu að undanförnu með tilheyrandi afleiðingum fyrir álag á skuldabréf banka og áhrif á tiltrú á markaði. Halldór J. Kristjánsson svaraði vel fyrir fjármálakerfið. Hann dró ekki úr því að bankarnir og aðrir sem að fjármálakerfinu koma þyrftu að tryggja jafnar og ítarlegar upplýsingar um stöðu mála. Upplýsingar eru lykilatriði og þótt hið óvænta sé skemmtilegt á mannamótum er hið fyrirséða draumur í bankaheimum.

„Það er ánægjulegt að skynja að styrkur íslensks efnahagslífs endurspeglast aftur á raunhæfari hátt í aðstæðum á markaði. Íslenskir bankar hafa áfram skilað góðum hagnaði og uppgjör fyrsta ársfjórðungs undirstrikar stöðu þeirra enn frekar. Hagvaxtarhorfur á árunum 2008-2010 eru jafnframt góðar, það er meira en 3 prósent í kjölfar lægri vænts vaxtar á árinu 2007,“ sagði Halldór í ræðu sinni. Myndin af Íslandi hefur skýrst og útlendingar með sólgleraugu á nefinu þegar aðeins hefur rökkvað hafa flestir tekið þau niður og sjá nú litbrigði hagkerfisins skýrar og betur en áður.

Okkur er ekki illa borin sagan af þeim fáu erlendu fyrirtækjum sem hér hafa fjárfest. Bernt Reitan, aðstoðarforstjóri Alcoa Group, sagði m.a. í ávarpi sínu: „Við berum fullt traust til fjárfestingarumhverfis á Íslandi. Menntunarstig er hátt, orkugjafar eru nægir og íbúar landsins eru eindregnir talsmenn sjálfbærni.“

### MIKIÐ KYNNINGARGILDI

Naned Pacek var ráðstefnustjóri, en hann fer fyrir Economist-fólki í slíku ráðstefnuhaldi. Erlendir bankamenn og fulltrúar erlendra fyrirtækja voru ánægðir og töldu sig hafa fengið innsýn í íslenskt efnahags- og viðskiptalíf. „Það sem mér fannst standa upp úr er að það tókst að halda slíka ráðstefnu hér á landi,“ segir Jón Hákon Magnússon, framkvæmdastjóri almannatengslafyrirtækisins KOM sem vann með Economist að ráðstefnunni. „Kynningargildið fyrir íslenskt viðskiptalíf er mjög mikilvægt. Við getum sagt að Economist hafi verið hérna.“

Kynningargildið er ótvírætt og ekki að heyra annað en að áhugi sé fyrir því að endurtaka leikinn. Tímasetningin reyndist okkur heppileg þar sem jákvæðari tóns var tekið að gæta eftir neikvæða umræðu. Jón Hákon bendir á að upplýsingagjöf og kynning sé eilífðarverkefni fremur en átaksverkefni. Að unanförnu hefur tekist að vinna hluta glímunnar um sanngjarna sýn á litla hagkerfið í norðrinu. Í framtíðinni verður af nógu að taka. Við sitjum við hringborðið og þegar svo er komið að fylgst er með okkur þurfum við bæði að vanda orð okkar og gerðir.



**STÓRIÐJAN VAR TALSVERT TIL UMRÆÐU** Rannveig Rist, forstjóri álvers Alcan í Straumsvík, og Bernt Reitan, aðstoðarforstjóri Alcoa, ræddu samn í kaffihléi. Bernt var meðal frummælenda á hringborðinu.



**SPÁÐ Í EFNAHAGSLÍFIÐ** Þór Sigfússon, forstjóri Sjóvá og hvatamaður hringborðsins, Nenad Pacek ráðstefnustjóri og Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra ræddu stöðu efnahagsmála.

**Halldór J. Kristjánsson svaraði vel fyrir fjármálakerfið. Hann dró ekki úr því að bankarnir og aðrir sem að fjármálakerfinu koma þyrftu að tryggja jafnar og ítarlegar upplýsingar um stöðu mála. Upplýsingar eru lykilatriði og þótt hið óvænta sé skemmtilegt á mannamótum er hið fyrirséða draumur í bankaheimum.**

# Fjarlægðin er engin fyrirstaða

**Sturla Sigurjónsson**, húsráðandi í nýju sendiráði Íslands í Nýju-Delí í Indlandi, var staddur hér á landi í vikunni sem leið. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* hitti sendiherrann sem segir ástæðulaust að fælast viðskipti við Indland þrátt fyrir fjarlægð og menningarmun milli landanna.

**Við búum við mikil forréttindi fram yfir aðra borgarbúa í Nýju-Delí. Þrátt fyrir það þurfum við að eiga við ýmis grundvallaratriði varðandi daglegt líf sem þekkist ekki hér. Rafmagnið slær út reglulega og mjög sparlega þarf að fara með vatnið.**

Fyrir rétt um ári kom forseti Indlands, Dr. Abdul Kalam, í opinbera heimsókn hingað til lands. Eftir þá heimsókn fékk hugmynd að stofnun sendiráðs í Indlandi byr undir báða vængi hjá ráðamönnum þjóðarinnar. Ári síðar var Sturla Sigurjónsson, nýi sendiherrann, mættur til Nýju-Delí ásamt eiginkonu sinni til að undirbúa jarðveginn. Opnun sendiráðsins fór svo formlega fram undir lok febrúar þegar Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra fór í opinbera heimsókn til Indlands. Með í för var viðskiptanefnd skipuð 23 fulltrúum íslenskra fyrirtækja. Sú ferð tókst vonum framar og þóttust þátttakendur skynja mikinn velvilja og áhuga Indverja á viðskiptum við Ísland. Í framhaldi af ferð sendinefndarinnar blésu utanríkisráðuneytið og Íslensk-indverska verslunarráðið til ráðstefnu síðastliðinn fimmtudag. Þar var ýmsum hliðum velt upp er varða viðskipti í Indlandi og kom öllum frummælendum saman um að viðskiptatækifæri milli landanna væru mikil.

**OPINBER TENGSL MIKILVÆG**

Auk Sturlu starfa hjá sendiráðinu þau Auðunn Atlason, staðgengill sendiherrans, og Helga Þórarinsdóttir sendiráðsfulltrúi. Þar starfa líka heimamenn, meðal þeirra viðskiptafulltrúi, sem er þeim innan handar hvað varðar samskipti og staðþekkingu, og nokkrir kjörræðismenn sem eru víðs vegar um landið og vinna sjálfboðastarf í hjáverkum fyrir íslenska sendiráðið. Í huga Sturlu leikur enginn vafi á mikilvægi þess að Ísland hafi sendiráð í Indlandi. „Framtíðarmöguleikarnir á Indlandi eru svo miklir að það hefði verið afar óskynsamlegt að vera víðs fjarri. Þetta hafa aðrar þjóðir líka séð enda hefur sendiráðum fjölgað gríðarlega upp á síðkastið. Þau eru tæplega 130 í Nýju-Delí í dag en óvíða í heiminum eru fleiri en 100 sendiráð í sömu höfuðborg. Indland er að færa sig frá því að vera sósíalískt miðstýrt hagkerfi yfir í að vera frjálst markaðshagkerfi. Þessi umskipti taka tíma og þar af leiðandi skipta opinber tengsl ef til vill meira máli þarna en annars staðar."

**MENNINGARMUNURINN ENGIN HINDRUN**

Sturla er vel kunnugur störfum á erlendri grundu enda hefur hann verið í tæp tuttugu ár í utanríkisþjónustunni. Hann hefur áður starfað á hennar vegum í New York og gegnt þremur mismunandi störfum í Brussel. Þetta er þó í fyrsta sinn sem hann tekur að sér starf utan Vesturlanda. Hann segir lífið í Indlandi mjög ólíkt því lífi sem hann hefur átt að venjast fram að þessu. „Við búum við mikil forréttindi fram yfir aðra borgarbúa í Nýju-Delí. Þrátt fyrir það þurfum við að eiga við ýmis grundvallaratriði varðandi daglegt líf sem þekkist ekki hér. Rafmagnið slær út reglulega og mjög sparlega þarf að fara með vatnið. Þar að auki þarf að gæta að öllu sem lýtur að heilsufari, hvort sem það snýr að mataræðinu eða hættunni á smitsjúkdómum." Hann hræðist ekki menningarmuninn milli þjóðanna tveggja þótt þjóðirnar séu afar ólíkar. „Það tekur alltaf tíma að setja sig inn í siði og venjur í nýju samfélagi, sérstaklega fjarlægu eins og þessu. En í grundvallaratriðum er fólk eins hvar sem er í heiminum, það er bara spurningin um að læra að þekkja gildi hver annars."

**INDVERSKAR KVIKMYNDIR TEKNAR Á ÍSLANDI?**

Ýmis undirbúningur um samstarf þjóðanna á milli er þegar hafinn í sendiráðinu. Meðal annars er samstarf hafið við Kvikmyndamiðstöð Íslands um að koma á málþingi í Bombay í lok ársins til að hvetja til samvinnu milli aðila í kvikmyndagerð á Íslandi og í Indlandi. Sturla segir mikla mögleika geta falist í því og nefnir dæmi um að 150 þúsund ferðamenn komi á ári hverju til Sviss eftir að landið varð vinsælt meðal indverskra kvikmyndaframleiðenda. Til mikils væri að vinna ef Ísland yrði vinsæll viðkomustaður indverskra ferðamanna enda fjölgar þeim Indverjum hratt sem sjá sér fært að ferðast samhliða því að miðstéttin hefur meira á milli handanna. Af öðrum tækifærum sem leynast þar telur Sturla engan vafa leika á að íslensk fyrirtæki gætu „úthýst" ýmsa tæknivinnu í miklu meiri mæli en þau gera nú þegar. Hann telur líka fulla ástæðu til að opna augu íslenskra fjárfesta fyrir þeim möguleikum sem leynast í Indlandi, bæði í kauphallarviðskiptum og öðrum fjárfestingum.

**SPILIN Í HÖNDUM EINKAGEIRANS**

Sturla segir jafnframt grundvöll fyrir opinberu samstarfi af ýmsu tagi. Eitt af þeim verkefnum sem vinna er hafin að snýr að jarðskjálftaspám. „Það er hugsanlegt að indverskir vísindamenn geti nýtt sér þann tækjabúnað sem hér hefur verið þróaður til þess




VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO S80 VOLVO XC70 AWD VOLVO XC90 AWD

## VELDU VOLVO S40. FALLEG STÆRÐFRÆÐI.

Volvo S40 er hátækni. Gott dæmi um fallega stærðfræði og verkfræðilega snilld. Fullur af orku. Búinn fádæma akstureiginleikum. Þú finnur ekki fyrir hreyfingu Volvo S40 á jöfnum hraða. Aðeins fyrir veginum. Afstætt lögmál. Þú sérð umhverfið líða framhjá; hefur kannski á tilfinningunni að bíllinn sé kyrr og jörðin á hreyfingu. Draumabíll.

Reynsluaktu draumabíl bílablaðamanns Morgunblaðsins: „Volvo hefur nefnilega tekist það sem margir hafa áður reynt og flestir án árangurs; að smíða gæðabíl án þess að slá nokkuð af kröfunum en um leið að stilla verðinu í hóf." Komdu í Brimborg. Skoðaðu fallegt dæmi um áratuga umhyggju Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

**Verkfræðileg snilld einkennir Volvo S40**

Berðu saman verð og gæði. Berðu saman staðalbúnað Volvo S40 við staðalbúnað í öðrum lúxusbílum. Þú finnur WHIPS bakhnykksvörn, SIPS hliðarárekstrarvarnarkerfi og spólvörn með stöðugleikastýringu í Volvo S40. Einnig ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómflutningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upphituð sæti, 16" álfelgur og margt fleira. Sjö hátæknivélar standa þér til boða. Bensín eða dísil. Komdu í Brimborg.

EuroNCAP öryggisstofnunin verðlaunaði Volvo S40 með bestu einkunn (5 stjörnur), sama gerði US NCAP. Breska bílablaðið Auto Express mat Volvo S40 sem besta bílinn í sínum flokki lúxusbíla; betri en BMW 3 series og Jaguar X-type. Volvo S40 er besti kosturinn að mati bandaríska vegaöryggiseftirlitsins (IIHS) og sænska tryggingafélagið Folksam verðlaunaði Volvo S40 fyrir að vera með bestu hálsog bakhnykksvörnina. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



*Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðaðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is



GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

**Volvo S40 bensín. Verð frá 2.595.000 kr.***

**Volvo S40 dísil. Verð frá 2.965.000 kr.***



* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



**STURLA SIGURJÓNSSON, SENDIHERRA Í NÝJU SENDIRÁÐI ÍSLANDS Í INDLANDI** Segir viðskiptatækifæri milli Indlands og Íslands óskrifaða bók. Stjórnvöld hafi gert sitt til að undirbúa jarðveginn og nú ráðist framhaldið af því hvort fyrirtækin ætla að hrökkva eða stökkva.

að geta betur spáð fyrir um jarðskjálfta sem hafa verið gríðarlegt vandamál í Norður-Indlandi.“ Af öðru opinberu samstarfi nefnir Sturla samstarf á sviði sjávarútvegs og vonast hann til að samningur þess efnis verði undirritaður seinna á þessu ári. Þar að auki stendur yfir vinna að tvíhliða samningi um verndun fjárfestinga milli ríkjanna, verið er að semja tvísköttunarsamning þeirra á milli og loftferðasamningur, sem þegar hefur verið gerður, bíður undirritunar. „Stjórnvöld eru búin að gera ansi mikið til að undirbúa jarðveginn, bæði með gerð þessara samninga og með stofnun sendiráðsins. Hið opinbera getur aðeins gengið ákveðið langt og nú ræðst framhaldið af því hvernig fyrirtækin bregðast við,“ segir Sturla.

Sturla segir viðskiptatækifæri milli landanna mikil og að mestu leyti ónýtt. „Það er engin ástæða til að láta landfræðilega fjarlægð eða menningarlegan mun fæla sig frá því að reyna fyrir sér á Indlandi. Það er alveg ljóst að á Indlandi leynast tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki sem er um að gera að stökkva á og nýta sér.“





JÁRN & GLER
Járn og gler ehf - Skútuvogur 1H
Barkarvogsmegin - S: 58 58 900
GEZE
www.jarngler.is

Kerrur í miklu úrvali!

- Jeppakerrur
- Fólksbílakerrur
- Bílaflutningakerrur
- Kerrur með uppákeyrslubúnaði fyrir smávélar og mótorhjól.



VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is



VOLVO
for life

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sáttur við hagkerfið, þrátt fyrir augljósar hættur.

# *Vindum ofan af hagstjórnarmistökum*

**Hafliði Helgason**

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, IMF, kynnti í gær úttekt sína á stöðu íslenska hagkerfisins. Skýrsla IMF er enn eitt lóð á vogarskálar þess að hagkerfið standi nokkuð traustum fótum og stoðir fjármálakerfisins séu traustar.

Erlend umræða hefur enda verið að snúa við og fyrir utan sérviskulega bölsýni einstakra greiningardeilda, virðist sú skoðun verða almennari að íslenskt fjármálakerfi glími ekki við neinn bráðavanda sem kalli á efnahagslega gjörgæslu. Ekki er vafi á því að frumkvæði Viðskiptaráðs Íslands með skýrslu Mishkins og Tryggva Þórs Herbertssonar á verulegan þátt í því að breyta stefnu umræðunnar.

Allt sem verður til þess að styrkja þá sýn er fagnaðarefni. IMF og The Economist eru á sömu nótum. Þessi sýn þýðir hins vegar ekki að við við búum í hættulausum heimi í efnahagslegu tilliti. Mistök eru dýr og því dýrari sem meiri athygli beinist að okkur.

**Nú ríður á að vinda ofan af mistökunum. Nefnd er við vinnu um framtíðarhlutverk Íbúðalánasjóðs. Mikilvægt er að sjóðurinn verði tekinn úr sambandi hvað varðar samkeppni á fjármálamarkaði. Það er fullkomin tímaskekkja að vera með ríkisstyrkt lán til fólks með tæpar meðaltekjur og hærra.**

Augljóst er og þráfaldlega verið á það bent að tímasetning skattalækkana var óheppileg. Seinagangur í málefnum Íbúðalánasjóðs og ríkisstyrkt samkeppni á húsnæðismarkaði eru þó þáttur sem sýnu meiri áhrif hafði á það að hagkerfið hitnaði um of. Svör ríkisstjórnarinnar um að innkoma bankanna hafi valdið útlánaþenslunni halda litlu vatni. Í opnu markaðshagkerfi gæta fyrirtæki hagsmuna sinna og algjörlega var fyrirsjáanlegt að hækkun útlána Íbúðalánasjóðs myndi kalla á viðbrögð einkafyrirtækja á markaði. Stjórnvöld verða að kannast við þau mistök.

Þetta er hins vegar búið og gert. Nú ríður á að vinda ofan af mistökunum. Nefnd er við vinnu um framtíðarhlutverk Íbúðalánasjóðs. Mikilvægt er að sjóðurinn verði tekinn úr sambandi hvað varðar samkeppni á fjármálamarkaði. Það er fullkomin tímaskekkja að vera með ríkisstyrkt lán til fólks með tæpar meðaltekjur og hærra. Félags- og byggðasjónarmið eru skiljanleg, en ríkið á ekki að vasast á markaði sem vel er hægt að sinna með hefðbundum vestrænum leiðum.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn bendir réttilega á mistök ríkisstjórnarinnar í málefnum húsnæðislánamarkaðarins. „Nauðsynlegt er að umbreyta Íbúðalánasjóði hið fyrsta. Umræða er hafin en henni ber að hraða eins og kostur er. Óheilbrigð samkeppni á milli bankanna og hins ríkisstyrkta Íbúðalánasjóðs hefur grafið undan áhrifamætti peningastefnunnar, aukið ójafnvægið í hagkerfinu að nauðsynjalausu og ógnað fjármálastöðugleika," segir í áliti sendinefndar IMF. Undir þetta skal tekið.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is

# Tilgangur og gagnsemi starfsmannasamtala í stjórnun

ORÐ Í BELG

**Þórður S. Óskarsson**
Framkvæmdastjóri Intellecta ehf. og aðjunkt við Viðskipta- og hagfræðideild HÍ.



Mörg framsækin fyrirtæki og stofnanir hafa í auknum mæli tekið upp starfsmannasamtöl sem hluta af stjórnunarstíl fyrirtækja sinna. Þessi samtöl hafa tekið á sig ýmis form, allt frá því að vera nánast gátlisti um ýmsa hegðun og atferli á vinnustað, til þess að vera hluti af stefnumótun fyrirtækja og stofnana. Það hefur verið á ýmsa vegu hvernig starfsmannasamtölin hafa verið framkvæmd og að hvaða marki einstakir stjórnendur hafa verið þjálfaðir í réttri og árangursríkri beitingu þeirra.

Reynslan hefur sýnt að formleg starfsmannasamtöl eru afar mikilvæg, bæði til að viðhalda virkri starfsmannastjórnun og ekki síður vegna þess að það er tiltölulega auðvelt að tengja þau við stefnumótun og markmiðasetningu innan fyrirtækja ef rétt er á haldið. Þá er líklegt að hliðaráhrif leiði til meiri starfsánægju (starfsmönnum sýnd athygli og þeir fá endurgjöf) og um leið til minni starfsmannaveltu. Það eru hins vegar nokkur atriði sem hafa ber í huga þegar ákveðið er að innleiða starfsmannasamtöl óháð því formi sem menn kunna að velja. Í fyrsta lagi virðist vera að eftir því sem formin og aðferðin sem stuðst er við er flóknari, þ.e. að sá sem tekur samtalið þarf t.d. að vega og meta fjöldann allan af þáttum um tiltekinn starfsmann, þá er líklegt að áhugi dvíni á slíkri framkvæmd með tímanum. Einfaldleikinn er bestur í þessu sem öðru. Í öðru lagi vegur þjálfun mikið hjá þeim sem taka starfsmannasamtöl (stjórna þeim) og einnig er mikilvægt að vel hafi verið staðið að kynningu fyrir þá sem samtölin eru tekin við. Enn á ný hefur reynslan sýnt að eftir því sem minna er lagt í þjálfun og leiðbeiningu stjórnenda, því meira dregur úr líkum á því að viðkomandi komi sér af stað í þessum efnum og ljúki því ferli sem stjórnunarskyldan býður honum. Þá er einnig eðlilegt að fyrir utan viðeigandi þjálfun hafi stjórnendur einnig aðgang að aðila sem þekkir vel til þessara mála og komi þeim af stað í þessu ferli. Í þriðja lagi er það grundvallaratriði að samtalsferlið hefjist efst í fyrirtækinu. Hér gildir gamla reglan um að ganga á undan með góðu fordæmi. Hvernig eiga aðrir í fyrirtækinu að hafa trú á svona aðgerð, ef þeir sjá aldrei stjórnendur (yfirmenn sína) sinna þessum verkefnum? Til fróðleiks má geta þess að undirritaður veitti einu af stærri fyrirtækjum landsins ráðgjöf á þessu sviði fyrir nokkrum árum, en framkvæmd innleiðingar hjá þessu fyrirtæki var til fyrirmyndar. Haldin voru formlega námskeið fyrir alla starfsmenn, þar á meðal stjórn fyrirtækisins. Í kjölfar þessara námskeiða reið stjórnarformaður á vaðið og átti starfsmannasamtal við sinn næsta undirmann sem var forstjóri fyrirtækisins. Síðan átti sá einstaklingur starfsmannasamtal við sína næstu menn og síðan koll af kolli. Hér var rétt að staðið.

### TENGING VIÐ STEFNUMÓTUN OG ÁHERSLUR Í REKSTRI

Vel skipulagt ferli starfsmannasamtala hefur þá ótvíræðu kosti að það getur leikið lykilhlutverk í innleiðingu stefnumiðaðrar stjórnunar. Árangursrík stefnumótun leiðir af sér að skýr heildarmarkmið fyrir fyrirtækið eru sett sem síðan er deilt út til sviða/deilda. Það er síðan stjórnenda að útfæra þessi markmið þannig að þau verði viðráðanleg fyrir einstaka starfsmenn. Hér kemur að þeim lykilþætti sem starfsmenn hafa, en það er að leika aðalhlutverk í innleiðingu þeirra markmiða sem stefnt er að hverju sinni. Góður stjórnandi kann þá list að dreifa þessum verkefnum með viðeigandi hætti í starfsmannasamtölum til starfsmanna, þ.e. í kerfi starfsmannasamtala sem er markmiðatengt. Ef vel tekst til í þessum efnum, þá er mikilvægu markmiði náð í samhæfingu aðgerða í stjórnun (e. alignment). Þeir stjórnendur sem ná tökum á þessum aðferðum auðvelda sér stjórnun frá degi til dags. Mikilvægum verkefnum hefur þegar verið úthlutað og við bestu aðstæður á svona kerfi að geta gengið nokkuð af sjálfu sér til einhvers tíma, en með viðeigandi hvatningu stjórnenda og umbun.

### MIKILVÆGI ENDURGJAFAR

Markmiðatengd starfsmannasamtöl, sem eru byggð upp með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir, fela það í sér að þegar ákveðnu tímabili starfsáætlunar er lokið, þá fer fram mat á þeim verkefnum sem yfirmaður hefur sett fram í samráði við yfirmann sinn. Endurgjöf til starfsmanns byggir á þessu mati. Allir þurfa endurgjöf um hvernig gengur í starfi með hæfilegu millibili. Það á við okkur öll að vilja vita með hvaða hætti við stöndum okkur. Stundum blasir matið við þegar viðmiðin eru augljós, en stundum kunna þau að vera óskýrari. Hér er yfirmanni oft ákveðinn vandi á höndum og því mikilvægt að hafa tök á því með hvaða hætti endurgjöf fer fram.

Á þessu stigi er einnig eðlilegt að kanna hvort starfslýsing starfsmanns endurspegli í meginatriðum þau verkefni sem starfsmaður ber ábyrgð á. Ef svo er ekki, er rétt að endurskoða starfslýsingu og gera viðeigandi lagfæringar. Starfslýsing skapar þann grundvöll sem kerfi starfsmannasamtals er byggt á. Þá er einnig réttur tími til að kanna hvort þörf er á endurmenntun eða viðbótarþjálfun til að auka árangur og vellíðan í starfi. Ýmis önnur starfstengd atriði er eðlilegt að ræða á þessum tímapunkti.

Vandi stjórnenda er að þeir ná oft ekki að gera starfsmannasamtöl nægjanleg virk innan fyrirtækja sinna og stofnana og missa því oft af ávinningi sem felst í þeim ef rétt er á haldið. Skipulegur undirbúningur og þjálfun er grundvallaratriði til að ná meiri árangri.

**Markmiðatengd starfsmannasamtöl sem eru byggð upp með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir, fela það í sér að þegar ákveðnu tímabili starfsáætlunar er lokið, þá fer fram mat á þeim verkefnum sem yfirmaður hefur sett fram í samráði við yfirmann sinn. Endurgjöf til starfsmanns byggir á þessu mati. Allir þurfa endurgjöf um hvernig gengur í starfi með hæfilegu millibili.**

"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Betri leið til að vinna á tímaskorti**

"Í þessu er fólginn mikill tímasparnaður."
**Ester Ýr Jónsdóttir, kennari**

"Hreinn tímaþjófur að láta það fram hjá sér fara."
**Rut Skúladóttir, 20 ára nemi.**

**Meiri tími – Aukið forskot – Sterkari sérstaða**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**

Frábært, markvisst, hnitmiðað, krefjandi, mikil aðstoð, árangursríkt, góð þjónusta.

3. vikna hraðnámskeið **13. júní**

Akureyri 3. vikna hraðnámkeið **26. júní**

**Náðu árangri með okkur í sumar og skráðu þig á sumarnámskeið Hraðlestrarskólans. Skráning hafin á www.h.is og í síma 586-9400.**

**Gerum föst verðtilboð í fyrirtækjanámskeið**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

## UM VÍÐA VERÖLD

### *Gagnsæi í stað fyrirsjáanleika*

The Economist telur að seðlabankar eigi fremur að leggja áherslu á gagnsæi en fyrirsjáanlegar ákvarðanir. Blaðið segir ákvarðanir helstu Seðlabanka yfirleitt svo fyrirsjáanlegar að markaðurinn geri ráð fyrir þeim áður en þær hafi verið formlega tilkynntar. Seðlabanki Bandaríkjanna hefur til að mynda hækkað stýrivexti um fjórðung úr prósenti sextán mánuði í röð, og stýrivextir í Japan hafa staðið í núlli síðustu fimm ár. Nú telur The Economist að hugsanlega verði breytingar á, aðstæður á markaði séu slíkar að engin leið sé til að spá fyrir um hvað bankarnir hafist að. "Seðlabankar eiga ekki að leggja alla áherslu á að ákvarðanir séu fyrirsjáanlegar, heldur frekar að útskýra hvað liggur að baki. Gera lýðum ljóst hvernig þeir hugsa og hvers vegna ákveðið er að fara þær leiðir sem valdar eru," segir í The Economist.

### *Þrjú pens fyrir tvö*

„Gullverð hefur ekki verið hærra í tuttugu og fimm ár. Platínum ekki heldur. Kopar er orðinn svo dýr að málmurinn í tveggja pensa skildingi kostar þrjú pens. Olíufatið kostar allt að sjötíu og fimm dali og hlutabréf í kauphöllunum í New York og Lúndúnum hafa ekki verið hærri í sex ár," segir Larry Elliott, dálkahöfundur The Guardian, og telur aðeins tímaspursmál hvenær blaðran springi.

Elliott segist hafa séð þetta allt saman áður og nú, eins og áður, reyni sérfræðingar að telja okkur trú um að allt fari á annan veg. Í þetta skiptið eigi Kína að bjarga hagkerfi heimsins. Staðreyndin sé hins vegar sú að ef eftirspurn minnkar, geri framleiðsla í Kína það líka „...og ef þið ætlið að bræða tveggja pensa peninga og selja þá síðan, sleppið því. Það er ólöglegt," segir Elliott að lokum.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Óli Kristinn Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Öruggir ökumenn eru dýrmæt perla fyrirtækja

Í fyrirtæki einu sem hefur um 50 bíla í rekstri var stórt vandamál hversu mikill rekstrarkostnaður var á bílunum. Bílarnir voru að aka um 60 þúsund kílómetra á ári og þurfti á sumum bílanna allt að 6 dekkjaumganga yfir árið. Hver umgangur kostaði 35 þúsund krónur. Þetta fyrirtæki hóf samstarf við sitt tryggingafélag um forvarnir og var eitt verkefnið hvernig draga mætti úr rekstrarkostnaði. Ári seinna dugði einn dekkjagangur yfir árið. Aðeins sá sparnaður nam tæpum 9 milljónum króna yfir árið.

Nokkur vakning hefur átt sér stað meðal forráðamanna stórra fyrirtækja um að auka öryggi ökumanna á bílaflota fyrirtækisins. Mikill kostnaður og ekki síst slys á starfsmönnum hafa leitt til þess. Forráðamenn fyrirtækisins verða að hafa trú á verkefninu og innleiða breytt viðhorf meðal starfsmannanna. En þeir verða sjálfir að ganga á undan með góðu fordæmi.

Starfsmenn verða að vera meðvitaðir að þeim er treyst fyrir verðmætum og akstur þeirra getur létt á eða íþyngt rekstri fyrirtækisins.

Þegar starfsmaður er ráðinn sem ökumaður hjá fyrirtæki á það að vera sjálfsagður hlutur að setja ákveðnar reglur um aksturinn, kröfur um réttindi og ekki síst að hann fái þjálfun áður en hann fer af stað. Val í bílum skiptir miklu máli. Ódýrustu farartækin eru ekki endilega þau hagkvæmustu. Gott eftirlit með bílum og öryggisbúnaði þeirra er lykillinn að góðri endingu þeirra. Auk þess sem gott viðhald og þrif eru góður vitnisburður um fyrirtækið.

Verði óhapp á bílum fyrirtækisins þarf að taka á því með festu, skoða hvað fór úrskeiðis og hvað megi læra af því. Vitund ökumanna eykst við slík vinnubrögð og líkur á að samskonar óhöpp endurtaki sig minnka.

Reglulegir fundir með starfsmönnum um stöðuna og tjónatíðni ásamt fræðslu á tilteknum sviðum hafa gefið góða raun. Sum fyrirtæki hafa tekið upp umbunarkerfi fyrir starfsmenn og hafa þau í flestum tilfellum virkað hvetjandi fyrir ökumenn til að aka gætilegar og bæta meðferð á bílum fyrirtækisins.

**ÖRUGG FYRIRTÆKI**

Átak Markaðarins og Sjóvá

Gott samstarf tryggingafélags og forráðamanna fyrirtækis skilar sér í auknu öryggi, færri tjónum og bættri ímynd fyrirtækjanna.

**Einar Guðmundsson**
**Forvarnafulltrúi Sjóvá**

**SPÁKAUPMAÐURINN**

## Ich bin ein Berliner

„Ich habe eine Vohnung ins Berlin gekauft.“ Ég vona að þetta sé málfræðilega rétt hjá mér. Þessa dagana á þýskunámið hug minn allan.

Maður var fljótur að komast inn í dönskuna með góðum árangri, en nú er það þýskan sem blífur. Í Ipodinum er þýskur linguafónn og Ich bin, Du bist, Er is, Sie sind, hljómar af vörum mínum daginn út og inn.

Hvers vegna? Svarið er einfalt. Það er hægt að gera ótrúleg kaup í íbúðum í Berlín. Verðið á fermetra er eins og í myrkviðum mafíuvæddrar Austurevrópu. Það er fáránlegt, þegar horft er til þess að Berlín er vestræn stórborg í alfaraleið milli austurs og vestur. Það er því fáránlegt að fermetraverð á vel staðsettri íbúð í Berlín skuli vera á austantjaldsprísum.

Og hvað gera spákaupmenn þá? Þeir standa keikir við Brandenborgarhliðið og segja eins og Kennedy forðum: „Ich bin ein Berliner.“ Því hver vill ekki vera Berliner á þessum prísum. Ég er þegar búinn að kaupa fjórar íbúðir í Berlín. Þrjár eru púra fjárfesting, en þá minnstu nota ég sem athvarf þegar ég er í borginni. Kaupmannahöfn mun toppa fyrr, þannig að fasteignaportfólían er að færast til Þýskalands. Verst hvað málfræðin er erfið, allt þetta helvítis gewesen í þessu skrítna máli.

Heima er ekkert að gerast, nema að menn eru búnir að stoppa allt helvítis ruglið úr Dönunum. Danirnir farnir að tapa peningum á að veðja gegn Íslandi. Það er alveg nóg fyrir okkur í bili, Maður má ekki traðka í spínatið og vonandi vinnur Silvía Nótt ekki Eurovision. Það myndi alveg fara með okkur.

Ég fylgist áfram með á Íslandi, en bæti ekki við stórum stöðum í bráð. Ég er með svolítið inni í bili og er ekkert að fara á taugum. Íslenska hlutbréfahraðlestinn er sporvagn þessa dagana og við sem fílum hraða og Gumball kappakstur kunnum ekki við okkur á slíkri ferð. Á meðan hlustum við á Marlene Dietrich og Brandenborgarkonserta Bachs og tökum svo léttan Karajan í bland. Svo gluggar maður í Buddenbrooks eftir Thomas Mann og skoðar verk þýsku expressionistanna. Því eins og maður hefur lengi vitað, þá er ekkert gaman við það að eiga pening ef enginn er kúltúrinn.

**Spákaupmaðurinn á horninu**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



AURASÁLIN

## Ál í hvert mál

**Aurasálinni var ekki boðið** á ráðstefnu The Economist um íslenskt efnahagslíf þrátt fyrir umtalsverða aðkomu sína að þróun þeirra mála. Öfugt við Steingrím J. Sigfússon, sem trylltist við að vera boðið, varð Aurasálin snarill yfir að vera ekki boðið. Og þrátt fyrir að hafa boðið Steingrími fúlgur fjár fyrir miðann sinn þá tókst Aurasálinni ekki að komast yfir miðann hans. Líklegast hefur hann verið búinn að setja hann á uppboð á eBay áður en Aurasálin náði að gera honum tilboðið.

**Það sem vakti einna helst aðdáun** Aurasálarinnar á ráðstefnunni var að þar var lögð áhersla á hráefnisframleiðslu. Framtíðin sem Alcoa hefur ákveðið fyrir Ísland var útgangspunkturinn í umræðunum. Þetta er gleðilegt frí frá innantómu fjasi um þjónustu- og þekkingariðnað sem heyrist alltof oft í samfélaginu.

**„Bókvitið er ekki sopið** þótt í ausuna sé komið,“ var Aurasálinni kennt í æsku. Að mati Aurasálarinnar hefur þessi sannleikur ekki breyst – enda er það í eðli sannleikans að hann breytist ekki með tímanum. Hér á Íslandi hirða menn of mikið um fræði og útreikninga en treysta ekki nógsamlega á hyggjuvit og strit. Það má vel vera að vit sé betra en strit – en það er engum blöðum um það að fletta að stritið er göfugra.

**The Economist** og Íslandsvinirnir í Alcoa vilja hjálpa okkur að hætta þessari tilgangslausu þekkingarleit í Háskólum og verðbréfaleikjum í bönkum. Fallvötnin okkar miklu og óbeisluðu geyma framtíð þessa lands, tækifæri og möguleika. Hér drýpur ál af hverju strái og á meðan unga fólkið okkar sóar kröftum sínum í skólum renna árnar okkar óvirkjaðar til sjávar og framúrskarandi lönd til verksmiðjubygginga liggja ósnert.

**Þess vegna bindur Aurasálin** vonir við framboð exBé í Reykjavík og mun ljá flokknum atkvæði sitt. Þarna ræður einkum sá snjalli leikur flokksins að velja sér svartan herjeppa til þess að safna atkvæðum í borginni. Aurasálin dáist einnig að þeirri ákvörðun flokksins að leggja herjeppanum hvar sem útsendurum flokksins dettur í hug. Það er til lítils að vera á herjeppa ef maður getur ekki lagt þar sem manni dettur í hug. Og augljóst er að helsti frambjóðandi flokksins er engu öðru vanur en erfiðisvinnu utandyra.

**Framsókn og Economist** vita hvað klukkan slær í álsamfélagi framtíðarinnar. Við Íslendingar búum ekki svo vel að eiga birgðir af olíu, gulli eða úrani. Þess vegna ættu allir að fagna framsýni exBé og Economist sem munu leiða okkur inn í álfagra daga framtíðarinnar.

# Bandarískt húsgagnafyrirtæki með útsýni yfir Faxaflóa

Árið 1997 ákváðu hjónin **Gunnar Gunnarsson** og **Chandrika Gunnarsson** að selja indversk antíkhúsgögn í Bandaríkjunum. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* settist niður með þeim, kynnti sér sögu fyrirtækisins og þróun á húsgagnamarkaði í Bandaríkjunum síðustu ár.

Árið 1997 voru hjónin Gunnar Gunnarsson og Chandrika Gunnarsson á ferðalagi í Indlandi að heimsækja ættingja og vini. Þegar í Nýju-Delí var komið fór vinkona þeirra með þau inn í vörugeymslu með antíkhúsgögn og leist þeim vel á. „Við féllum fyrir húsgögnunum og veltum því fyrir okkur hvort við gætum ekki selt þau á húsgagnasýningu í High Point í Norður-Karólínuríki í Bandaríkjunum,“ segir Gunnar. Þótt þau hefðu enga reynslu af sölu húsgagna þekktu þau vel til High Point eftir námsdvöl í Bandaríkjunum. Þá átti Gunnar ættingja í bænum og könnuðust þau vel við International Home Furnishings Center húsgagnasýninguna í bænum, sem er ein sú stærsta og elsta sinnar tegundar vestra og haldin tvisvar á ári, í enda apríl og október.

Það er í raun engin tilviljun að bærinn High Point, sem telur 70.000 íbúa, er gjarnan nefndur húsgagnahöfuðborg Bandaríkjanna. Um heildsölusýningu á húsgögnum er að ræða, sem stendur í viku, og eru kaupendur húsgagnafyrirtæki og innanhússhönnuðir í þar í landi. Sýningarsvæði bæjarins er geysistórt eða rúmlega milljón fermetra að stærð og þar keppa rúmlega 2.000 fyrirtæki um kúnnana.

Þrátt fyrir reynsluleysi í húsgagnageiranum voru þau Gunnar og Chandrika engir nýgræðingar í fyrirtækjarekstri. Þau höfðu stofnað veitingastaðinn Austur-Indíafjelagið við Hverfisgötu nokkrum árum fyrr en eiga auk þess að hluta veitingastaðinn Austurlandahraðlestina við Hverfisgötu auk þess sem í bígerð er að opna annan stað í Kópavogi nú í sumar.

### HUNDRAÐ ÁRA INDVERSKT RYK

Þau ákváðu að láta slag standa. Stofnuðu fyrirtækið East India Distributing um reksturinn í Bandaríkjunum og keyptu antíkhúsgögn sem rúmuðust fyrir í 20 feta gámi. Gámurinn fór sjóleiðina vestur um haf en þau hjónin drifu sig til High Point. Þegar á leiðarenda kom stóðu þau Gunnar og Chandrika uppi með enga sýningaraðstöðu og kom það í hlut Gunnars að bæta úr því. „Það reyndist heljarinnar hausverkur,“ segir hann. „Þegar maður þekkir engan og er með lítinn gám af húsgögnum þá er erfitt að fá sýningarpláss,“ bætir Chandrika við. „Við vorum heppin,“ segir Gunnar. Húsgögnin bárust tveimur dögum áður en sýningin hófst. Þeim brá heldur en ekki í brún þegar þau hófu að flytja húsgögnin úr gáminum því á þeim var aldargamalt ryk. „Þarna voru líka kakkalakkar og leifar af gömlum fötum í skápunum,“ grípur Chandrika fram í og hryllir við.

Um þrír til fjórir skápar seldust á sýningunni og nam söluandvirði þeirra um 7.000 Bandaríkjadölum. „Við vorum ánægð með árangurinn því það komu svo margir og sögðu að þeir hefðu sjaldan séð svona falleg húsgögn. Þess vegna komum við aftur hálfu ári síðar og höfum ekki misst úr sýningu,“ segir Gunnar. Ári síðar fluttist fjölskyldan vestur um haf frá Íslandi til að helga sig rekstrinum.

**Bluefish Home**
Eigendur: M.a. Gunnar Gunnarsson og Chandrika Gunnarsson
Starfsmenn: 28
Velta síðasta árs: 4-5 milljónir Bandaríkjadala
Starfsemi: Húsgagnaframleiðendur

### MEÐ EIGIN HÖNNUN

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá fyrstu sýningunni. Fyrirtækið hefur tvívegis skipt um nafn auk þess sem breytingar urðu á vöruúrvali fyrirtækisins. Um aldamótin hætti það innflutningi á antíkhúsgögnum frá Indlandi og hóf sölu á húsgögnum undir merkjum Bluefish Trading. Fyrirtækið hannar húsgögnin sjálft og eru þau framleidd víða, m.a. í Búlgaríu. Umsvifin hafa aukist talsvert en heildarvelta fyrirtækisins á síðasta ári nam um 4 til 5 milljónum Bandaríkjadala. Að sama skapi hefur starfsfólkinu fjölgað en um 26 manns vinna hjá fyrirtækinu í dag. Átta manns starfa í vörugeymslunni í High Point, fjórir í aðalskrifstofu fyrirtækisins í Atlanta en á bilinu 12 til 14 manns sinna sölustörfum.

Þau Gunnar og Chandrika, sem fluttu aftur til Íslands fyrir nokkrum árum, sinna stærri viðskiptavinum og almannatengslum jafnt frá heimili sínu við Vatnsstíg og skrifstofu sinni, sem er skammt frá. En staðsetningin þeirra er ekki eina tengingin því Íslenska auglýsingastofan sér um gerð auglýsinga og kynningarefnis fyrir fyrirtækið.

### ÁHRIF INNFLUTNINGS FRÁ KÍNA

Chandrika segir bandaríska húsgagnamarkaðinn hafa breyst mikið frá því að þau fóru á fyrstu sýninguna. Innflutningur á ódýrum húsgögnum frá Kína til Bandaríkjanna hafi m.a. sett mark sitt á sýninguna. Viðskiptavinir geri kröfu um lægra verð án þess að slá af gæðum húsgagna. Fyrirtæki í húsgagnaiðnaði vestra hafi gripið til þess ráðs að bjóða upp á sérstaka hönnun, húsgögn með sérstakri áferð og heildarlausnir fyrir heimili undir eigin merkjum.

Fyrirtæki þeirra Gunnars og Chandriku eru þar enginn eftirbátur en á síðustu sýningunni í High Point, sem lauk í enda apríl, kynnti fyrirtæki þeirra enn frekari breytingar. Fyrirtækið heitir nú Bluefish Home og hefur bætt við fylgihlutum við húsgagnalínu sína. Húsgögnin eru framleidd í Búlgaríu, Rúmeníu, Hondúras og Kína en ýmsir fylgihlutir á borð við glös eru fluttir inn frá Úkraínu.

jonab@markadurinn.is



**GUNNAR GUNNARSSON OG CHANDRIKA GUNNARSSON OG BÖRN ÞEIRRA** Borðið sem þau standa við er á meðal þeirra muna sem fyrirtæki þeirra í Bandaríkjunum, Bluefish Home, selur vestra. Stólarnir eru framleiddir í Kína. Fjölskyldan hóf fyrirtækjarekstur í Bandaríkjunum fyrir níu árum. MYND/GVA



HUMARHÚSIÐ
RESTAURANT
Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is



Myndin er tekin á skrifstofu George Wünderman í ágúst árið 1901.

# Allt fyrir skrifstofuna undir 1 þaki!

**George Wünderman**

Maðurinn sem fann upp tímavélina.
Hann verslar að sjálfsögðu við Office 1,
til hvers var hann annars að standa í
því að finna vélina upp?

Office 1 Superstore



Jakki
Stærðir 48-64
5.330.-

Vesti
Stærðir M-XXL
4.600.-

Buxur
Stærðir 48-64
Frá 4.160.-

Góður vinnufélagi

ARCTIC WEAR
Sími: 534-2900
Vinnuföt - Hlífðarföt Vesturvör 7 • 200 Kópavogi • Sími: 534-2900 • Fax: 534-2901
Prenttækni ehf

Rekstrarverkfræðistofan
a Annar hf
Suðurlandsbr. 46 • Sími 568 1020 • Annar.is
Ársreikningar
Bókhald
Skattframtöl

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Sögurnar, tölurnar, fólkið.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




INNKAUPAKORT VISA



- Innkaupakort VISA er ókeypis kreditkort.
- Ekkert stofngjald, árgjald eða seðilgjald.
- Kortið er ætlað í rekstrarinnkaup og kemur í stað beiðna- og reikningsviðskipta.
- Auðveldar innkaup og bætir yfirsýn.
- Úttektartímabil er almanaksmánuður.
- Gjalddagi er 25. næsta mánaðar.
- Lengri greiðslufrestur.

Hægt er að sækja um Innkaupakort VISA á www.visa.is og hjá öllum bönkum og sparisjóðum.

Nýr dagur – ný tækifæri VISA

## FÓLK Á FERLI

**PIETER JAN** Hilbers hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri TM Software í Hollandi og hóf hann störf 18. apríl síðastliðinn. Að sögn Axels Ómarssonar, framkvæmdastjóra TM Software Europe, er ráðning Hilbers mikilvægur þáttur í auknum umsvifum félagsins í Hollandi og þá fyrst og fremst á sviði heilbrigðislausna. Um leið munu skapast frekari tækifæri fyrir aðrar lausnir og þjónustu TM Software. Pieter Jan Hilbers starfaði áður sem framkvæmdastjóri á heilbrigðissviði upplýsingatæknifyrirtækisins LogicaCMG í Hollandi en það er alþjóðlegt fyrirtæki með um 30 þúsund starfsmenn um allan heim. Hilbers starfaði í samtals 14 ár hjá LogicaCMG og hefur mjög víðtæka reynslu af heilbrigðisgeiranum í Evrópu en gert er ráð fyrir að helsti vöxtur TM Software verði einmitt á því sviði í framtíðinni.



**ÞRÁINN GUÐBJÖRNSSON** hefur verið ráðinn sem sérfræðingur við orkuhóp AX hugbúnaðarhúss. Þráinn starfaði áður hjá Íslandsbanka við miðtölvuverk bankans. Þráinn hefur lokið meistaranámi við verkfræðiskor Háskóla Íslands.



**SARA HILMARSDÓTTIR** hefur verið ráðin á svið orkulausna sem sérfræðingur í Lettera lausnum hjá AX hugbúnaðarhúsi. Sara starfaði áður hjá Vettvangsdeild Símans. Sara lauk B.S. prófi í Rafmagns- og tölvuverkfræði frá Háskóla Íslands nú um jólin.



**SIGRÚN EIR** Héðinsdóttir hefur hafið störf sem ráðgjafi í TOK þjónustu hjá AX hugbúnaðarhúsi. Sigrún Eir starfaði áður hjá Hexa ehf. og gegndi þar stöðu skrifstofu- og fjármálstjóra, en þar á undan var Sigrún aðalbókari hjá 66°N. Sigrún lauk námi frá Ritaraskólanum 1987 og frá Skrifstofu- og Ritaraskólanum af fjármála- og rekstrarbraut 1990.



**JÓN SMÁRI** Einarsson hefur hafið störf hjá AX hugbúnaðarhúsi sem ráðgjafi í Microsoft-viðskiptalausnum. Jón Smári starfaði áður hjá Auðkenni hf. sem tækni- og öryggisstjóri, en hann hefur um 20 ára reynslu úr tölvu og tæknigeiranum, m.a við hugbúnaðarþróun, rekstur tölvukerfa og verkefnastjórnun. Jón Smári stundar viðskiptafræðinám við Háskólann í Reykjavík með vinnu.



**GUÐMUNDUR S.** Ólafsson hefur verið ráðinn ráðgjafi hjá AX hugbúnaðarhúsi. Guðmundur starfaði áður sem verkefnisstjóri hjá Parlogis og sem deildarstjóri vörustjórnunardeildar Austurbakka. Guðmundur lauk kerfisfræði frá Copenhagen West Business College árið 2002 og rekstarfræði frá Tækniskóla Íslands árið 1994.





ÚTSALA 20 - 70% afsl.
VERÐSPRENGJA Í MAÍ
www.1928.is
Kommóða Stór
H 91cm x 92 cm
Verð áður 19.000
Verð nú 9.900
Handklæði með hekluðum
bekk, 110 cm X 60 cm
Verð áður 1.400
Verð nú 840
Kollur
Hæð 46cm
Verð áður 2.900
Verð nú 2.300
Lyklaskápur
H 36 x B 24cm
Verð áður 2.500
Verð nú 1.990
Mið hæð 38 x 65
Verð áður 7.900
Verð nú 5.900
Lítill hæð 28 x 55
Verð áður 5.900
Verð nú 4.900
Blaðagrind úr járni
H 81 x B 32
Verð áður 4.900
Verð nú 3.900
Skartkistill
H 20cm x 30 cm
Verð áður 2.500
Verð nú 1.900
Blaðakarfa
H 32cm x 35 cm
Verð áður 2.900
Verð nú 2.300
Handheklaðir púðar
m/fyllingu
Áður 995
Verð nú 495
Hornhilla úr járni
H 180 x B 60
Verð áður 17.500
Verð nú 13.900
Járnhilla 4 hillur
H 159 x B 64 x D 25
Verð áður 17.500
Verð nú 13.900
Spegill
55cmx67cm
Verð áður 7.000
Verð nú 3.900
Hringhilla úr
smíðajárni
H 140cm x 33 cm
Verð áður 8.900
Verð nú 5.900
Ping Fang ( skilrúm )
Hæð 180cm x b120cm
Verð áður 19.000
Verð nú 9.900
Blaðagrind úr
smíðajárni
H 110cm x B 38cm
Verð áður 6.900
Verð nú 4.900
Hár skápur
H 115 x B 30
Verð áður 9.800
Verð nú 3.900
Náttborð : h70cmxd40cmxb50
Verð áður 11.900
Verð nú 5.900
Ping Fang úr basti með
lérefti og vösum 50%afsláttur
Verð nú 2.900
Járnstóll
Verð áður 8.900
Verð nú 5.900
1928
VERSLUN • VÖRUHÚS
Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480
Opnun • 10-18 mánudaga til laugardaga og 13-18 sunnudaga

# Efla þarf menntun frumkvöðla

**Í hverju felst frumkvöðlastarfsemi?**
Hugtakið frumkvöðlastarfsemi er eitt af þessum hugtökum sem gjarnan er notað á tyllidögum þegar horft er til framtíðar eða dáðst af afrekum fortíðar. Oftar en ekki er sjónum beint að frumkvöðlinum; einstaklingi sem með framsýni og eljusemi hefur á árangursríkan hátt staðið á bak við mikilvægar nýjungar í samfélaginu, yfirleitt gegn vilja misviturra samtíðarmanna sinna.
Í Global Entrepreneurship Monitor (GEM) rannsókninni er frumkvöðlastarfsemi notað í þrengri merkingu. Þar eru þeir taldir stunda frumkvöðlastarfsemi sem undirbúa nýja viðskiptastarfsemi eða hafa nýlega stofnað til hennar, þ.e. þeir sem vinna við að koma fótum undir nýja viðskiptastarfsemi.

**Af hverju er frumkvöðlastarfsemi mikilvæg?**
Frumkvöðlastarfsemi er mikilvægur vettvangur fyrir nýsköpun og aðrar breytingar sem liggja til grundvallar, en án frumkvöðlastarfsemi myndi hagkerfið staðna og lífskjör versna.Frumkvöðlastarfsemi veitir líka einstaklingum frelsi til þess að skapa sér atvinnu eftir sínu höfði og getur falið í sér mikinn fjárhagslegan ávinning þegar vel tekst til.

**Hvað einkennir frumkvöðlastarfsemi á Íslandi?**
Það er mikil frumkvöðlastarfsemi á Íslandi í samanburði við önnur lönd. Árið 2005 þá voru tæplega 11 prósent þjóðarinnar á aldrinum 18-64 ára sem stunduðu frumkvöðlastarfsemi eða um 20 þúsund manns. Þetta er með því mesta í Evrópu og sambærilegt við það sem gerist í Bandaríkjunum. Einnig er áberandi að menntunarstig frumkvöðla er lægra á Íslandi en í öðrum hátekjulöndum. Til dæmis er hlutfall frumkvöðla með háskólamenntun um tvöfalt hærra í öðrum hátekjulöndum en á Íslandi. Þetta skýrist að hluta til af því að frumkvöðlastarfsemi á Íslandi er meiri en víðast hvar annars staðar og þeir sem hafa minni menntun sjá tækifæri í frumkvöðlastarfsemi.

**Er munur á konum og körlum?**
Það er töluverður munur á þátttöku karla og kvenna í frumkvöðlastarfsemi. Um 70 prósent frumkvöðla á Íslandi eru karlar og eru þeir því rúmlega tvöfalt fleiri en konur. Þetta er svipað hlutfall og á öðrum Norðurlöndum en hærra en í flestum hátekjulöndum. Ennþá vitum við lítið um mismun á frumkvöðlastarfsemi karla og kvenna á Íslandi.

**TÖLVUPÓSTURINN**
*Til Rögnvaldar J. Sæmundssonar*
*dósents og forstöðumanns Rannsóknarmiðstöðvar HR í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum*



**Hvernig má efla frumkvöðlastarfsemi á Íslandi?**
Í fyrsta lagi þá eru mikil tækifæri til þess að efla frumkvöðlastarfsemi á Íslandi með aukinni frumkvöðlamenntun, sérstaklega á grunn- og framhaldsskólastigi og fyrsta skrefið er að mennta kennara. Í öðru lagi er mikilvægt að skapa betra umhverfi fyrir fyrirtæki sem byggja á sérþekkingu starfsmanna, t.d. tæknifyrirtæki, og fyrirtæki sem eru mjög nýskapandi. Sterkt gengi og þensla á vinnumarkaði kemur illa niður á þessum fyrirtækjum því þau byggja yfirleitt starfsemi sína á útflutningi og launakostnaður er hátt hlutfall af heildarkostnaði. Auk þess hafa þessi fyrirtæki haft mjög takmarkaðan aðgang að áhættufjármagni. Aðgerðir til þess að slá á þenslu koma þessum fyrirtækjum til góða en einnig er hægt að bæta aðgang þeirra að áhættufjármagni.

# Frumkvöðlastarf á Íslandi

## Umfang frumkvöðlastarfsemi var mikið á Íslandi í fyrra samanborið við önnur lönd. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson sat morgunverðarfund í HR þar sem skýrsla um frumkvöðlastarfsemi var kynnt og hún rædd í þaula.

Alþjóðleg skýrsla um umfang og umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi í fyrra var kynnt á morgunverðarfundi Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans í Reykjavík (HR) í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum á föstudag í síðustu viku. Í niðurstöðum skýrslunnar kemur m.a. fram að umfang frumkvöðlastarfs var meira hér á landi en í þeim 40 löndum sem voru í samanburðarrannsókninni. sem gerð var á vegum alþjóðlega rannsóknarsamstarfsins Global Entrepreneurship Monitor (GEM). Rannsóknin hefur verið gerð síðastliðin sjö ár en þetta er í fjórða sinn sem íslenska skýrslan kemur út hér á landi.

**FÁAR KONUR Í FRUMKVÖÐLASTARFI**
Helstu niðurstöður skýrslunnar eru þær að 10,7 prósent landsmanna á aldrinum 18 til 64 ára stunduðu frumkvöðlastarf hér á landi á síðasta ári en það jafngildir því að 20.000 manns hafi lagt frumkvöðlastarf fyrir sig á Íslandi. Þá kemur fram að fólk á aldrinum 35 til 44 ára sé líklegast til að stunda frumkvöðlastarf og eru karlar meira en tvöfalt líklegri en konur til að leggja frumkvöðlastarfsemi fyrir sig. Skýringar á þessum mun var ekki að finna á morgunverðarfundinum en því var velt upp hvort vinnutími frumkvöðla hefði eitthvað að segja. Hann væri langur, oft allt að 15 klukkustundir á dag, og því gæti verið að konur setji það fyrir sig þegar þær standi frammi fyrir nýjum vettvangi á borð við frumkvöðlastarf.

**LÍTIL MENNTUN ÍSLENSKRA FRUMKVÖÐLA**
Það sem vakti einna helst athygli í skýrslunni er að þeir sem hafa lokið framhaldsskóla eru líklegri til að stunda frumkvöðlastarf en bæði þeir sem eiga því ólokið og þeir sem hafa lokið háskólaprófi. Þegar þessi niðurstaða var borin saman við þátttöku einstakra þjóðfélagshópa í frumkvöðlastarfi kom nokkur munur í ljós en skipting frumkvöðlastarfs á Íslandi er líkari því sem gerist í lágtekjulöndum frekar en í öðrum hátekjulöndum. Væntingar um ávinning og nýsköpun voru engu að síður svipaðar og í öðrum hátekjulöndum, s.s. í Bandaríkjunum.

**MÁLIÐ ER**
*Frumkvöðlastarfsemi*

**ENGIN KENNSLA Í FRUMKVÖÐLASTARFSEMI**
Þær Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor HR, og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra ávörpuðu morgunverðargesti en Rögnvaldur J. Sæmundsson, dósent og forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar HR í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum, kynnti GEM-skýrsluna svokölluðu.
Guðfinna taldi niðurstöður skýrslunnar vera mjög góðar því þær sýndu að Íslendingar væru staddir í frumkvöðlastarfsemi á hverju ári. Menntastefna þjóðarinnar væri atvinnustefna til framtíðar og væri opinber stefna HR að nemendur skólans kynnu að stofna fyrirtæki, að hennar sögn.
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra sagði niðurstöður rannsóknarinnar fagnaðarefni. Sýni þær að marga Íslendinga dreymi um að verða sjálfs síns herrar og láti margir þann draum rætast. Þá sagði hún skýrsluna sýna að frumkvöðlar hér á landi ættu í samkeppni við útlönd. Sagði hún nauðsynlegt að styðja við frumkvöðla í hvítvetna. „Það er ekki hægt að kenna fólki hvernig það á að verða frumkvöðlar heldur er nauðsynlegt að styðja við þá,“ sagði hún.



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** Menntamálaráðherra ávarpaði gesti á morgunverðarfundi í HR þar sem alþjóðleg skýrsla um umfang frumkvöðlastarfsemi hér á landi í fyrra var kynnt. Í skýrslunni kemur fram að 20.000 manns stunda frumkvöðlastarf á Íslandi. MYND/PJETUR

**FRUMKVÖÐLASTARFIÐ MIKILVÆGT**
Rögnvaldur J. Sæmundsson gerði grein fyrir niðurstöðum skýrslunnar og lýsti frumkvöðlastarfsemi hér á landi. Rögnvaldur sagði frumkvöðlastarf mikilvæga leið til atvinnusköpunar. Sum fyrirtæki geti vaxið hratt en önnur horfið með hraði. Nefndi hann m.a. fyrirtækin Actavis, Lazytown, sem framleiði Latabæjarþættina, tölvuleikjafyrirtækið CCP, kvikmyndafyrirtækið Zik Zak og Fylgifiska, sem er sérverslun með sjávarfang, máli sínu til stuðnings. Þorgerður Katrín nefndi sömuleiðis Fylgifiska í ávarpi sínu en hún tengdi það frumkvöðlaverkefnum kvenna, sem hefðu skellt sér út í samkeppni við fyrirtæki sem fyrir voru á rótgrónum markaði.
Í tengslum við umfang frumkvöðlastarfemi hér á landi benti Rögnvaldur á að starfsemin væri einnig öflug í Afríku. Þar yrði hún hins vegar til af neyð ólíkt því sem gerðist hér á landi. Þessu tengt benti hann jafnframt á að hvorugu væri að skipta í Japan en þar í landi væri frumkvöðlastarf afar lítið.
Rögnvaldur sagði niðurstöður GEM-rannsóknarinnar sýna að margir hafi áhuga á frumkvöðlastarfsemi hér á landi en færri fari alla leið. Velti hann því fyrir sér hvort þekkingarleysi væri ástæða þessa enda væri meirihluti þeirra sem stunduðu frumkvöðlastarfsemi með framhaldsskólamenntun og lítill hlutur starfseminnar á sviði þekkingariðnaðar. Tók hann upp þráð Þorgerðar Katrínar um mikilvægi menntunar fyrir frumkvöðlastarfsemi en bætti við að aðgangur að framtaksfjármagni skipti einnig máli.
Við lok morgunverðarfundarins tilkynnti rektor Háskólans í Reykjavík að skólinn væri að undirbúa stofnun nýsköpunarmiðstöðvar þar sem einstaklingar og fyrirtæki, sem starfi að nýsköpun, rannsóknum og öðru frumkvöðlastarfi gætu leigt aðstöðu fyrir starfsemi sína. Nýsköpunarmiðstöðin mun hefja starfsemi um næstu áramót, að hennar sögn.


The Champagne Club



Fyrstir koma,fyrstir fá

Happy Hour
Friday & Saturday
From 21:00 – 01:00

Opið öll kvöld frá 21:00

Why Not!



Hafnarstræti 17 / S: 820 2230
www.champagneclub.biz


RIVERCLACK 55
Fallegustu húsin
Þakklæðning sem getur ekki lekið !
Ný framtíð engir naglar frábær arkitektur
10 ára verksmiðjuábyrgð
Umboðsaðili á Íslandi
Nova Iceland ehf
Hamraborg 7
Hamraborg 7
Sími 5172328
GSM 6931328
freysij@internet.is
nova@internet.is
Stálgrindarhús af öllum stærðum og gerðum

SÍMANÚMER MARKAÐARINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@markadurinn.is Veffang: visir.is

**1.** Ísland er samkeppnishæfasta land í Evrópu samkvæmt alþjóðlegri könnun IMD viðskiptaháskólans í Sviss.

**7,6%** tólf mánaða verðbólga á Íslandi samkvæmt nýjustu tölum frá Hagstofunni.

**3x** Hagnaður Actavis á fyrsta ársfjórðungi þrefaldaðist og nam 31,3 milljónum evra.

BANKAHÓLFIÐ



## My Bill

Baugur bauð Bill Clinton til Kaupmannahafnar og gerði marga Dani súra með því að halda fundinum lokuðum og einungis fyrir sína gesti. Bill Clinton er ekki gefins og tekur vel fyrir að mæta og skemmta og uppfræða. Eftirtekjan af forsetatíðinni var rýr, enda þurfti hann að eyða miklu í lögfræðinga og PR menn í Lewinsky-málinu. Clinton karlinn er hins vegar hið mesta sjarmatröll og eflaust verið gaman að hlýða á hann. Baugsmenn hafa staðið í mikilli glímu vegna Baugsmálsins og sjálfsagt getað sótt eitt og annað í smiðju fyrrverandi forseta sem er einhver mesti snillingur í að koma sér úr klípum sem hann reyndar kom sér sjálfur fremur klaufalega í.

## Mishkin-áhrifin

Skýrsla bandaríska prófessorsins Mishkin er farin að segja til sín. Öllu bjartara er yfir skýrslum þeim sem birst hafa að undanförnu. Morgan Stanley reið á vaðið og dró í land frá fyrri skýrlsu. Nú eru þeir hjá Merrill Lynch jákvæðari, en þeir voru ásamt Danske Bank með alldökka mynd af nánustu framtíð íslenska hagkerfisins. Á markaðnum er farið að tala um Mishkin-áhrifin og Viðskiptaráðið fær rós í hnappagatið fyrir framtakið. Almennt gera menn sér grein fyrir því að björninn er ekki unninn, en lífið er betra en það var fyrir mánuði. Mishkin-trúboðið hefur þó ekki náð að kristna allan hinn siðmenntaða heim því enn sitja skurgoðadýrkendur í Danske Bank og blóta guði svartnættis og kreppu.

## iSEC í sjónmáli

Hinn nýi iSEC markaður Kauphallar Íslands er loksins í sjónmáli. Upphafleg ætlan Kauphallarmanna var að opna markaðinn skömmu eftir áramót en dráttur varð á „Við viljum ekki opna markað með enga vöru. Regluverkið og tæknilega hliðin eru nú tilbúin og fyrsti kandídatinn nánast kominn um borð. Það er tíðinda að vænta mjög fljótlega," sagði Þórður Friðjónsson forstjóri. Þórður var ófáanlegur til að gefa upp hver þessi dularfulli aðili væri, aðeins að þar færi hvorki Hampiðjan né 3-Plús, sem í vetur þóttu líklegust til að ríða á vaðið.





Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE

Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfaviðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku.
Kynntu þér málið á www.landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is

Reglusaman 26 ára mann vantar 2 herb. íbúð eða minna. 40 þús. á mán. Kannski og get borgað fyrirfram. Sími 848 7277.

Fyrirtæki óskar eftir einstaklings eða 2ja herb. íbúð fyrir starfmann, frá og með 1. júní. Uppl. í s. 893 2430.

**Snyrtileg íbúð óskast**
Óska eftir að taka á leigu 4ra herb. íbúð til lengri tíma í Reykjavík. Birgitta, s. 846 4067 og birgitta@xnet.is

## Sumarbústaðir




Garðhúsgögn, Heitir pottar og Kamínur. Auðbrekka 6, 200 Kóp, NORM - X S. 565 8899 www.normx.is

## Geymsluhúsnæði







Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Bortækni.**
Óskar eftir mönnum í sögun, borun og brot. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.
**Upplýsingar í síma 892 7544.**

Nesbyggð

**Reykjanesbær - Múrarar**
Múrarar eða menn vanir múrverki óskast Mikil vinna framunda, framtíðarstarf. Húsnæði fyrir hendi. Upplýsingar í síma 840 6100 Nesbyggð ehf.

**Vantar þig ca. 100.000 kr. í aukatekjur**
Leitum að hressu fólki í áskriftarsölu 4 kvöld í viku
Allir starfsmenn fá fræðslu og gott aðhald.
Hentar vel sem góð aukavinna.
Ráðum ekki yngri en 20 ára.
Hafðu samband, við bíðum eftir að heyra í þér !
**Tímaritaútgáfan Fróði ehf. Höfðabakka 9, 110 Rvk. s.515 5552 / annasig@frodi.is**

OLIVER BAR CAFÉ GRILL

Við óskum eftir vönu starfsfólki í sal og vönum barþjónum. Einnig matreiðslumenn í eldhús. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Arnar í síma 821 8500 www.cafeoliver.is

**Sumarafleysingar**
Óskum eftir fólki til sumarafleysinga í júní, júlí og ágúst í allar tegundir ræstinga. Leitum að fólki sem hefur reynslu af ræstingum
**Upplýsingar á www.hreint.is eða hjá Hreint ehf, s. 554 6088.**

**Vaktmaður - næturvinna**
Viljum ráða til okkar vaktmanneskju til eftirlits- og þjónustustarfa á nóttunni. Unnið er aðra hvora viku. Um fullt starf er að ræða, ráðið verður í starfið fljótlega.
**Upplýsingar á www.hreint.is eða hjá Hreint ehf, s. 554 6088.**

**Ræsting / Morgunvinna**
Vantar fólk í afleysingar í s sumar þarf að geta hafið störf fljótt, vinnutími 8-12, unnið á vöktum.
**Uppl. og umsóknir á staðnum eða á www.kringlukrain.is**

**Kringlukráin.**
Viljum bæta við okkur hressu og skemmtilegu þjónustufólki í dag - kvöld og helgarvinnu. Æskilegt að viðkomadni hafi reynslu.
**Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is**

**Óskum eftir starfsmanni**
í skyndibita eldhús, um kvöld og helgar.
**Upplýsingar í síma 864 6112 eða http://www.keiluhollin.is**

SNÆLAND VIDEO

Snæland Vídeo Rvk, Kóp., Hafn. óska eftir verslunarstjórum - yfirmönnum í framtíðarstarf. Áhugasamir hringi í 693 3777 Pétur eða petursma@isl.is. Góð laun í boði fyrir rétt fólk

**Veitingahúsið Vegamót**
Óskar eftir barþjónum í helgarvinnu.
**Upplýsingar á staðnum eða á vegamot@vegamot.is**

**Rennismiðir óskast í framtíðarstörf**
Vélvík ehf óskar að ráða rennismiði með sveinspróf. Í boði eru góð laun á afar velbúnu verkstæði þar sem verkefni eru fjölbreytileg. Tækifæri fyrir vandvirka menn með metnað.
**Vélvík ehf, Höfðabakka 1, 110 Reykjavík Sími 587 9960, netfang- velvik@velvik.is**

**Kokkarnir veisluþjónusta.**
Við leitum eftir manneskju í afgreiðslu í Osta- og sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni. Einning vantar okkur manneskju í Osta- og Sælkeraborðið í Hagkaupum Smáralind til afgreiðslu. Okkur vantar líka aukafólk seinnipart viku í bæði borðin. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi mikinn áhuga á mat og matargerð.
**Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík**

**Foldaskálinn Grafarvogi**
Óskar eftir fólki í sumarvinnu, bæði heilsdagsvinnu og einnig kvöld og helgarvinnu.
**Áhugasamir hafi samband við Óskar í síma 897 7466.**

Rafhitun

**Rafvirki óskast**
Óskum eftir rafvirkja í framleiðslu og viðgerðir. Uppl. í síma 565 3265, 864 3574 eða á póstfang rafhitun@rafhitun.is

**Bón og þvottur**
Óskum eftir verkstjóra og vönum mönnum á bónstöð hjá Bílkó. Góð laun fyrir gott fólk. Frekari upplýsingar um stöðuna gefur Guðni í s. 660 0560.

**Bílaleiga...**
Starfsmaður óskast á bílaleigu mikil og skemmtileg vinna framundan, einungis duglegt fólk kemur til greina. Uppl. í síma 555 3330.

**Ráðskona óskast í sveit. Upplýsingar í síma 865 5613.**

Háseti. Vanur háseti óskast á beitingavélabát frá Reykjavík. Uppl. í síma 520 7306 & 893 5458.

Matreiðslumaður óskast. Dagvinna, heimilismatur. Einnig vantar okkur starfskraft til almennra starfa (pantanatiltekt, útkeyrsla ofl.) Uppl. í síma 892 0986. Matur og Kaffi Lyngás 17, Garðabæ.

Hótel. Starfskraftur óskast til að sjá um morgunverð (eldhús) á hóteli í miðb. Vinnut. frá 6-11, 15 d. í mán. ca 50% vinna. Uppl. í síma 580 0104 milli 14 og 15 í dag.

**Fosshótel Lind**
Óskum eftir starfsfólki í herbergis þrif, hálft/fullt starf í boði, sumarvinna og framtíðarstarf. Umsóknir eingöngu á staðnum, Fosshótel Lind, Rauðarárstíg 18.

Starfsfólk óskast. Eldri en fertugir sérstaklega velkomnir. Upplýsingar á staðnum. Litli Ljóti Andarunginn, Lækjargötu 6b .

Starfskraft vantar í söluturn frá kl. 13 til 18 virka daga og um helgar. Aldur 18 ára og eldri. Upplýsingar í síma 553 5424.

**Starfskraftur**
Starfskraftur óskast til ýmissa starfa í matvöruverslun, bílpróf æskilegt. Uppl. í s. 553 8844. Kjöthöllin Háaleitisbraut 58-60.

Vélarverkstæði óskar eftir að ráða ungan og hressan vélvirkja eða mann vanan vélaviðgerðum. Snyrtilegt verkstæði með góðum vinnuanda. Umsóknir sendist á Fréttablaðið, Skaftahlíð 24, 105 Rvk. merk "V5544" eða á smaar@frett.is

Starfsmaður í Malarnámu óskum eftir starfsmanni í malarnámu, vanur vinnuvélum og viðgerðum. JVJ ehf. Sími 565 1595 & 892 5388.

**Sumarvinna**
Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu. Aldur 15-25 ára. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir á www.gardlist.is

## Atvinna óskast

47 ára járnsmiður óskar eftir starfi. Margt kemur til greina. Er stundvís og reglusamur. Uppl. í s. 899 5754.

## Viðskiptatækifæri

Lítil sæt blóma og gjafavöruverslun í þéttum byggðarkjarna til sölu af sérstökum ástæðum, auðveld kaup. Uppl. í s. 588 4020, Sól.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

**Týnd fartölva**
Ég Hjalti húsvörður í Víkinni hef ekki fundið hvítu 12" Apple iBook 900 MHz tölvuna mína. Hún var ofan í grárri tösku sem að ég lagði frá mér við malarvöll Víkings 14 maí kl. 20.00. Mjög verðmæt gögn og upplýsingar í húfi. Einhver hefur án efa fundið fartölvuna sem er auðkennd með viðgerð á horni hægra megin á ytri skel tölvunnar. 15.000 kr. fundarlaun í boði og ábendingar vel þegnar. Uppl. í s. 846 2988, truti@visir.is.

## Ýmislegt

Bingó í kvöld. Vínabær.

Umtölið kryddblanda. Best_á_lambið.is

Akstur á Keflavíkurflugvöll á innanbæjartaxta, mikill sparnaður, algjör þægindi. Hreyfill, Bæjarleiðir sími 588 5522.

Hvalaskoðun alla daga. Hafsúlan hvalaskoðun.

Fjöldi viðburða. Listahátíð.is

## Einkamál










Símaspjall 908-2020. Komdu og talaðu við mig í síma. Opið allan sólarhringinn. Enginn bið.

Símaspjall 908-6666. Ég heiti Rósa og er til í símapjall. Opið allan sólarhringinn. Enginn bið nema að ég sé að tala.

Símaspjall við yndislegar konur! Hver verður vinkona þín? S. 908-6000 (símat) og 535-9999 (kort).

Ung kona (í spennandi augl) leitar skilaboða frá spenn. karlm. KRT, s. 905-5000 (símat) og 535-9950 (kort), auglnr. 8686.

Ný kvöldsaga fyrir karlmenn: Ævintýri ungrar konu. S. 905-2002 (símat) og 535-9930 (kort), sögunr. 8192.

## Leikir

Bingó í kvöld. allir velkomnir. Vínabær.

Bingó í kvöld kl. 19:15. Vínabær, Skipholti 33







allt brúðkaup
Alla þriðjudaga

allt atvinna
Alla sunnudaga

## ATVINNA

VERKTAKAR MAGNI

**Vantar vana vélamenn til starfa strax**

**Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100 eða 545-1805.**

RIS EHF

**Byggingafélagið Ris ehf óskar eftir að ráða Vörubílstjóra með réttindi á krana**

Umsóknum skal skila til: Ris ehf.
Skeiðarás 12, 210 Garðabær sími: 414-7100
eða á í tölvupósti á agust@risehf.is
Nánari upplýsingar gefur
Ágúst s: 414-7123

RIS EHF

**Byggingafélagið Ris ehf óskar eftir að ráða stjórnendur á byggingakrana**

Umsóknum skal skila til: Ris ehf.
Skeiðarás 12, 210 Garðabær sími: 414-7100
eða á í tölvupósti á agust@risehf.is
Nánari upplýsingar gefur
Ágúst s: 414-7123

STYRKTARFÉLAG VANGEFINNA

## Styrktarfélag vangefinna

**Sumarstörf í Búsetu**

**Starfsmenn** óskast á heimili í Barðavogi. Um er að ræða 30-90% stöður í vaktarvinnu. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Upplýsingar veitir Þóra Þórisdóttir í síma 553-1726 og 822-0158.

**Starfsmaður** óskast á heimili í Auðarstræti. Um er að ræða 70-90% starf á kvöldin og um helgar. Æskilegt er að viðkomandi getir hafið störf sem fyrst. Upplýsingar veitir Agnes Jensdóttir í síma 896-4076 og 551-2552.

*Hlutverk starfsfólks í búsetu er aðallega fólgið í því að leiðbeina og styðja íbúa í daglegu lífi.*

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum. Umsóknareyðublöð og upplýsingar um Styrktarfélagið má nálgast á heimasíðu þess **www.stryktarfelag.is**

allt
... sem þig vantar í nýja húsnæðið
PÍPULAGNIR LOFTNET VIÐGERÐIR
vísir ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

## TILKYNNINGAR

Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

**– Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

**Breytingar á fiskeldi Salar Islandica ehf., í sjókvíum, í Berufirði.**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **19. júní 2006**.

**Skipulagsstofnun**

STYRKTARFÉLAG VANGEFINNA

## Styrktarfélag vangefinna

**Ás vinnustofa**

Þroskaþjálfi óskast til starfa frá og með 1. júní eða eftir nánara samkomulagi. Um er að ræða 100% stöðu og vinnutími er frá 8.30 - 16.30.

*Ás vinnustofa er verndaður vinnustaður, staðsettur í Brautarholti 6. Þar er lögð áhersla á að skapa fólki með skerta starfsgetu vinnuaðstöðu sem sniðin er að þörfum þess og getu. Áhersla er lögð á að efla sjálfsöryggi og bæta starfshæfni. Í Ási starfa um 50 starfsmenn.*

Nánari upplýsingar veita Halldóra Þ. Jónsdóttir og Valdís Erlendsdóttir í síma 4140530. Hægt er að nálgast upplýsingar um Styrktarfélagið á heimasíðu þess **http://www.styrktarfelag.is**

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Þroskaþjálfafélags Íslands og Styrktarfélags vangefinna

## ATVINNA

**SÖLUFÓLK**

Góð laun í boði og tryggar tekjur. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum. Vinnutími frá kl. 9-17 alla virka daga.

Nánari upplýsingar veitir Ólafía B. Rafnsdóttir í síma 515 6175 frá kl. 9-17 á virkum dögum. Einnig er hægt að senda ferilskrá á netfangið: olafia.b.rafnsdottir@365.is

## Glæst framtíð

Við leitum að góðum sölumönnum sem búa yfir áræðni, metnaði og frumkvæði í eina öflugustu söludeild landsins.

365

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

**Ellingsenreitur, Mýrargata 26.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Ellingsenreits vegna lóðarinnar að Mýrargötu 26. Breytingin nær einungis til lóðarinnar að Mýrargötu 26 og er gerð til að auka svigrúm og auðvelda framkvæmdir við umferðarstokk neðanjarðar undir nýrri Mýrargötu. Byggingareitur á lóðinni er færður til um 3 metra til norðurs frá Mýrargötu að lóðamörkum við ónefnda götu norðan lóðarinnar.
Að öðru leyti gilda skilmálar og kvaðir sem samþykktir voru þann 14. apríl 2005 í borgarráði Reykjavíkur með deiliskipulagi Ellingsenreits.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 17. maí til og með 28. júní 2006. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is.*** Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 28. júní 2006.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 17. maí 2006
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 411 3000 • MYNDSENDIR 411 3090

IGS GROUND SERVICES



*Flugþjónustan ehf., Keflavíkurflugvelli, IGS, sem stofnsett var 1. janúar 2001, býður viðskiptavinum sínum, íslenskum og erlendum flugfélögum, upp á alla flugtengda flugvallarþjónustu við flugfélög og farþega á Keflavíkurflugvelli. IGS er eitt af dótturfélögum Icelandair Group. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði um 400 starfsmenn og þar er rekin markviss starfsþróunar- og símenntunarstefna.*

## Sumarstörf hjá Flugþjónustunni 2006

Við bjóðum fjölbreytileg og skemmtileg störf í spennandi umhverfi flugheimsins.

Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf. (IGS) vill ráða fólk til afleysingastarfa á tímabilinu maí-september. Um er að ræða störf í hlaðdeild og farþegaafgreiðslu. Í sumum tilfellum er um að ræða hlutastörf og öðrum deildaskiptar ráðningar í fullt starf.

Mikil áhersla er lögð á þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum, reglusemi, stundvísi og árvekni. Unnið er á breytilegum vöktum og vaktaskrá birt fyrir 1 mánuð í senn. Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir til þess að sækja undirbúningsnámskeið, og í sumum tilfellum standast próf, áður en til ráðningar kemur.

Nánari upplýsingar um aldurstakmark og hæfniskröfur:

**Hlaðdeild**
Lágmarksaldur 19 ár, vinnuvélaréttindi, almenn ökuréttindi, enskukunnátta.

**Farþegaþjónusta**
Lágmarksaldur 20 ár, stúdentspróf æskilegt, góð tungumálakunnátta, góð tölvukunnátta og mikil þjónustulund.

Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu Flugþjónustunnar Keflavíkurflugvelli ehf, 2. hæð í Frakmiðstöð IGS, byggingu 11, 235 Keflavíkurflugvelli. Einnig er hægt að sækja um störf á vefsíðu IGS, **www.igs.is**

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN HF./SIA.IS - IGS 32729 05/2006



# Auglýsing frá yfirkjörstjórn í Mosfellsbæ

**Boðnir eru fram eftirfarandi framboðslistar við bæjarstjórnarkosningar í Mosfellsbæ 27. maí n.k.:**

Nánari upplýsingar um kosningarnar er að finna á www.mos.is

**B - listi**
**Framsóknarflokksins**

1. Marteinn Magnússon
2. Helga Jóhannesdóttir
3. Óðinn Pétur Vigfússon
4. Halldóra M. Baldursdóttir
5. Eva Ómarsdóttir
6. Kristbjörg Þórisdóttir
7. Halla Karen Kristjánsdóttir
8. Óli Kárason Tran
9. Sigríður Sigurðardóttir
10. Leifur Kr. Jóhannesson
11. Kolbrún Haraldsdóttir
12. Eyjólfur Árni Rafnsson
13. Bryndís Bjarnarson
14. Þröstur Karlsson

**S - listi**
**Samfylkingarinnar**

1. Jónas Sigurðsson
2. Hanna Bjartmars Arnardóttir
3. Anna Sigríður Guðnadóttir
4. Baldur Ingi Ólafsson
5. Óskar Ingi Sigmundsson
6. Gerður Pálsdóttir
7. Helga Dís Sigurðardóttir
8. Valdimar Leó Friðriksson
9. Aþena Mjöll Pétursdóttir
10. Ragnar Gunnar Þórhallsson
11. Lísa Sigríður Greipsson
12. Aagot Árnadóttir
13. Lárus Haukur Jónsson
14. Guðný Halldórsdóttir

**D - listi**
**Sjálfstæðisflokksins**

1. Ragnheiður Ríkharðsdóttir
2. Haraldur Sverrisson
3. Herdís Sigurjónsdóttir
4. Hafsteinn Pálsson
5. Gylfi Dalmann Aðalsteinsson
6. Bryndís Haraldsdóttir
7. Bjarki Sigurðsson
8. Agla Elísabet Hendriksdóttir
9. Hilmar Stefánsson
10. Elín Karítas Bjarnadóttir
11. Theódór Kristjánsson
12. Katrín Dögg Hilmarsdóttir
13. Grétar Snær Hjartarson
14. Klara Sigurðardóttir

**V – listi**
**Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs**

1. Karl Tómasson
2. Bryndís Brynjarsdóttir
3. Jóhanna B. Magnúsdóttir
4. Elísabet Kristjánsdóttir
5. Bjarki Bjarnason
6. Ólafur Gunnarsson
7. Katrín Sif Oddgeirsdóttir
8. Loftur Þór Þórunnarson
9. Silja Hlín Guðbjörnsdóttir
10. Birgir Haraldsson
11. Guðjón Jensson
12. Ingibjörg B. Ingólfsdóttir
13. Davíð Örvar Hansson
14. Gísli Ársæll Snorrason

## Stofnfundur

MATVÍS

Stofnfundur nýs stéttarfélags MATVÍS, sem að stofnað eru upp úr Matvæla-og veitingasambandi Íslands verður á Hótel Holt, Þingholti, miðvikudaginn 17. maí n.k. kl. 19.30. Félagar í MATVÍS eru hvattir til að mæta

---

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

## Tillaga að Aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018

*(auglýst að nýju eftir breytingar)*

Bæjarstjórn Akureyrar auglýsir hér með að nýju skv. 4. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. tillögu að aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018. Um er að ræða endurskoðun á gildandi aðalskipulagi Akureyrar 1998 - 2018. Endurskoðunin tekur ekki til aðalskipulags Hríseyjar 1988-2008.

Tillagan samanstendur af greinargerð, þéttbýlisuppdrætti í mkv. 1:10.000 og sveitarfélagsuppdrætti í mkv. 1:30.000.

Umtalsverðar breytingar voru samþykktar í bæjarstjórn við aðra umræðu um legu tengibrauta, nýtingu Akureyrarvallar og á þéttingarreitum og því ákveðið að auglýsa tillöguna á ný.

Tillagan mun liggja frammi til kynningar í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 1. hæð og hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík, frá og með miðvikudeginum 17. maí 2006 til og með miðvikudeginum 28. júní 2006, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarbæjar, **www.akureyri.is** undir: *Auglýsingar og umsóknir/Skipulagstillögur.*

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16:00 miðvikudaginn 28. júní 2006. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal þeim skilað í anddyri Ráðhúss Akureyrarbæjar.

Hver sá sem ekki gerir athugasemd við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

Akureyri 17. maí 2006,
Pétur Bolli Jóhannesson
Skipulags- og byggingarfulltrúi

Akureyrarbær • Geislagötu 9 • 600 Akureyri
Sími 460 1000 • Fax 460 1001 • www.akureyri.is

---

## Auglýsing frá Mosfellsbæ um framlagningu kjörskrár

Kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninganna í Mosfellsbæ 27. maí 2006 mun liggja frammi í þjónustuveri Mosfellsbæjar að Þverholti 2, frá og með 17. maí og til 27. maí 2006. Þar geta íbúar skoðað kjörskrána og ef efni standa til gert athugasemdir til sveitarstjórnar fram á kjördag.

Athygli er vakin á því að óheimilt er að breyta kjörskrá ef tilkynning um nýtt lögheimili hefur ekki borist Þjóðskrá þremur vikum fyrir kjördag þ.e. 6. maí 2006.

Mosfellsbæ 15. júní 2006
Bæjarritarinn í Mosfellsbæ

---

Akkurat - fyrir þig!

## – OPIÐ HÚS Í DAG –




Frum

## HELGUBRAUT 21 - 200 KOP

**MILLI KL. 18.00 OG 19.00**

Mjög gott ca 250 fm, 2ja íbúða endaraðhús. Aðalíbúð er með fjórum herbergjum og tveimur til þremur stofum og innb. bílskúr, ca. 200 fm. Á jarðh. er ca 50 fm. 2ja herb. íbúð með sér inngangi. **VERÐ 46,6 millj.**

**Sölufulltrúi Akkurat verður á staðnum og býður þig og þína velkomna s: 899-0708**

Sími: 594 5000 Akkurat

---

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 13
SÍMI 510 3800
FAX 510 3801
WWW.HUSAVIK.NET
REYNIR BJÖRNSSON
LÖGG. FASTEIGNASALI

## Opið hús milli kl. 17 og 19 í dag
## Njálsgata 35 - Glæsileg í gömlum stíl




Frum

Glæsileg 108,1 fm 3ja herb. hæð á 1. hæð m/ 2,8 m lofthæð í fallegu steinhúsi frá árinu 1932. Ekta gamaldags hús með yndislegum fataskáp m/útskornum hurðum, fallegri hurð með lituðu gleri fram á ganginn, viðarhandrið á stiganum milli hæða, falleg rosetta í kringum ljósastæði í stofu, stór gamall skápur á baði og fleira sem gerir íbúðina og húsið ótrúlega sjarmerandi. Tvö stór herb., stofa, bað, elhús og borðkrókur. Möguleiki að breyta t.d. bæta við herbergjum. Gott parket úr aski á gólfum og margt endurnýjað ss. eldhúsinnrétting og bað. Góður sólpallur í garðinum. Skemmtileg, heillandi eign sem gaman er að skoða. **Verð 25 millj.**

**Kristrún og Ólafur taka vel á móti gestum í dag milli kl. 17 og 19.**
**Bjalla merkt Kristrún / Ólafur.**

HÚSAVÍK – ÞAR SEM GOTT ORÐSPOR SKIPTIR MÁLI

---

STÓRBORG
Sími: 534-8300 Fax: 534-8301
Kirkjustétt 4 - 113 Reykjavík
www.storborg.is

## VESTURGATA 69 - OPIÐ HÚS



FRUM

Falleg og vel skipulögð 3ja herb. 102,0 fm íbúð á annari hæð með stórum svölum. Flísar á gólfum og vel skipulagt rýmið lýsir vel upp þessa fallegu eign. Loft eru tekin niður við annan stofuvegg fyrir skemmtilega halógenlýsingu sem setur fallegan svip á eiginna. Í eldhúsi er glæsileg sérsmíðuð eikarinnrétting með stálklæðningu á sökklum og flísum milli efri og neðri skápa. Eldhússkápar eru rúmgóðir, og fallegir glerskápar snúa að borðstofunni. Í eldhúsi er nýleg Gorenje (Pininfarina) verðlaunatæki. Eldavél af bestu gerð ásamt Gorenje stál háfi. Yfir eldhúsi er loft tekið niður og þar er innfeld halógenlýsing. Í íbúðinni eru tvö rúmgóð flísalögð herbergi með rúmgóðum skápum, sjóvarpstengingum og síma. Baðherbergið er flísalagt og það er með góðri innréttingu, glugga og góðum sturtuklefa. Loft hefur einnig verið tekið niður í baðherberginu og er það með halógenlýsingu. Tengi fyrir þvottavél og þurrkara er í baðherberginu en einnig er aðstaða í góðu sameiginlegu þvottahúsi á jarðhæð. Góð sérgeymsla er á jarðhæð og mjög rúmgóð hjóla- og vagnageymsla. Úr sameign er gengið út í sameiginlegan afgirtan gróinn garð. Eignin getur verið laus fljótlega.

**Opið hús á miðvikudag, á milli kl: 18-19.**
**Ragnheiður tekur á móti gestum.**

**www.storborg.is - 534-8300 - storborg@storborg.is**

---

STÓRBORG
Sími: 534-8300 Fax: 534-8301
Kirkjustétt 4 - 113 Reykjavík
www.storborg.is

## FERÐAMIÐSTÖÐIN Á FLÚÐUM



FRUM

Stórborg fasteignasala kynnir: Höfum fengið í einkasölu Ferðamiðstöðina á Flúðum. Um er að ræða verslun í 109,1 fm húsi og stendur það á eignarlóð á besta stað í bænum.

**Áhugasamir hafi samband við Gunnar Ólason, sölufulltrúa hjá fasteignasölunni Stórborg í síma 694-9900 eða gunnar@storborg.is**

**www.storborg.is - 534-8300 - storborg@storborg.is**

---

STÓRBORG
Sími: 534-8300 Fax: 534-8301
Kirkjustétt 4 - 113 Reykjavík
www.storborg.is

## NAUSTABRYGGJA 2 - OPIÐ HÚS



FRUM

Falleg og vel skipulögð 3ja herb. 106,0 fm íbúð á jarðhæð með tvennum svölum auk sérmerkts stæðis í lokaðri bílageymslu. Eign í sérflokki. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf með ljósum flísum, nuddbaðkar, rúmgóð sturtu aðstaða og vönduð innrétting. Svefnherbergi er rúmgott með góðum fataskáp. Eldhús með fallegri sérsmíðaðri innréttingu og góðum tækjum. Stofa og borðstofa tengjast eldhúsi í opnu rými, útgengi er út á verönd úr eldhúsi. Gólfefni á allri íbúðinni utan baðherbergis og þvottahús er vandað eikarparket. Hjónaherbergi er rúmgott með góðu skápaplássi og útgengt er út á verönd. Öll lýsing í íbúðinni er sérhönnuð og sérsmíðað er fyrir alla glugga. þetta er eign í sérflokki og engu lík.

**Opið hús á miðvikudag, á milli kl: 18-19.**
**Júlíus Jóhannsson tekur á móti gestum.**

**www.storborg.is - 534-8300 - storborg@storborg.is**

---

Það er gott að búa á austurlandi



## Félagasamtök, til sölu vandaðar orlofsíbúðir

TIL SÖLU



### Kaupvangur, Egilsstaðir - 2., 3. og 4. herbergja íbúðir

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna.

FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

| 2H VERÐ FRÁ KR. 12.850.000* | 3H VERÐ FRÁ KR. 16.450.000* | 4H VERÐ FRÁ KR. 18.750.000* |
|---|---|---|
| TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR | TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR | TIL AFHENDINGAR 2007 |






* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)

ffa
FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS

Björn sími: 896-8934
Ágúst sími: 894-7230
Harry sími: 896 6900

Fasteignafélag Austurlands ehf · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934



Svana
Sölufulltrúi
**866 9512**
svana@remax.is



Jóhanna
Sölufulltrúi
**699 5680**
johanna@remax.is



Sigríður
Sölufulltrúi
**663 3219**
sigga@remax.is

RE/MAX®

# Engin í heimi selur fleiri fasteignir en RE/MAX

## Laufengi 2 - Reykjavík



Verð: 24,9 millj - Stærð:137,6 fm - Herb.: 5

Skemmtileg, stór og björt 5herb. íbúð á efstu hæð með svölum sem snúa í suðvestur í snyrtilegum stigagangi, 26,5fm bílskýli fylgir íbúð. Stutt í alla þjónustu og skóla. Þvottahús og geymsla eru innan íbúðar. Einungis 5 íbúðir í stigagangi. Laus við kaupsamning.

**Upplýsingar veitir Svana í síma 866 9512**

## Sambyggð 6 - Þorlákshöfn



Verð: 11,7 millj - Stærð:78 fm - Herb.: 3

Góð 3 herb í snyrtilegri sameign í litlu bæjarfélagi fyrir austan fjall. Falleg eldhúsinnrétting með borðkrók. Gott skápapláss í herbergjum. Stórar svalir. Fallegt pergo parket á gólfum. Bað-herb.

**Upplýsingar veitir Svana í síma 866 9512**

## Vesturberg 46 - 4ra herbergja - Reykjavík



**Opið hús í dag kl. 17.30-18.00**

Verð: 16,6 millj

Flísalögð forstofa. Hjónaherbergi með skápum. Tvö barnaherbergi. Rúmgóð stofa með stórum svölum, útsýni yfir borgina. Rúmgott eldhús, snyrtileg innrétting, borðkrókur. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, tengi fyrir þvottavél. Sér geymsla og sameiginlegt þvottahús í sameign. Eignin var tekin í gegn að utan árið 2004. Skóli , leikskóli, sundlaug og verslanir í göngufæri.

**Upplýsingar veitir Sigríður í síma 663 3219**

## Vesturberg 72 - 4ra herbergja - Reykjavík



**Opið hús í dag kl. 18.30-19.00**

Verð: 18,6 millj

Flísalögð forstofa, beiki skápur. Eldhús með hvítri innréttingu, borðkrókur, uppþvottavél fylgir. Þvottahús og búr inn af eldhúsi. Opið á milli eldhúss og stofu. Rúmgóð stofa með svölum. Rúmgott hjónaherbergi með góðu skápaplássi. Tvö barnaherbergi. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, baðkar, gluggi á baði. Sér geymsla í sameign. Sameign nýlega máluð og skipt um teppi. Að utan er húsið klætt á austur og hliðar göflum og lítur vel út. Stutt í skóla, leikskóla og aðra þjónustu.

**Upplýsingar veitir Sigríður í síma 663 3219**

## Hamraberg 18 - raðhús - Reykjavík



**Opið hús í dag kl. 19.30-20.00**

Verð: 30,9 millj

Neðri hæð: Flísalögð forstofa. Þvottahús inn af forstofu. Flísalagt eldhús með hvítri innréttingu, borðkrókur. Gesta wc flísalagt í hólf og gólf. Rúmgóð stofa með eikarparketi, hurð úr stofu út í garð. Parketlagður stigi á 2 hæð : þrjú barnaherbergi með skápum. Hjónaherbergi með skápum. Baðherbergi flísalagt hólf í gólf. Geymsla á hæðinni. Barnvænt hverfi. Skóli, leikskóli og önnur þjónusta í næsta nágrenni. Eign sem vert er að skoða.

**Upplýsingar veitir Sigríður í síma 663 3219**

## Goðatún 30 - einbýli - Garðabær



**Opið hús í dag kl. 20.30-21.00**

Verð: 42,4 millj

Flísalögð forstofa. Forstofuherbergi, parketlagt, góðir skápar. Flísalagt eldhús með hvítri innréttingu. Inn af eldhúsi er stórt þvottahús. Rúmgóð stofa og borðstofa með eikar parketi á gólfi. Rúmgott hjónaherbergi með góðum skápum. Tvö barnaherbergi. Pallur fyrir aftan húsið með heitum potti. Hús í góðu ástandi og að sögn eiganda var skipt um þak og hús allt yfirfarið, skipt um einangrun f.ca.6 árum. Falleg eign á góðum stað.

**Upplýsingar veitir Sigríður í síma 663 3219**

## Laufásvegur 18a - glæsileg 2ja herb. - Rvk.



**Opið hús í dag kl. 17.30-18.00**

Verð: 17,9 millj

Gengið er inn í forstofu. Baðherbergi flísalagt hólf í gólf með baði, hvítri innréttingu, upphengdu wc. Eldhús með fallegri eikar innréttingu, gashellum, stáltæki, flísalagt milli skápa. Rúmgóð stofa og borðstofa. Svefnherbergi. Hlynur á öllum gólfum utan baðherbergis. Nýlegar hlyn hurðir.Þvottahús og geymsla í sameign. Sameign snyrtileg. Að sögn eiganda er hús í góðu ástandi. Falleg og nýtískuleg íbúð á flottum stað. Bak við húsið er afgirt port sem hægt er að nýta sem verönd.

**Upplýsingar veitir Jóhanna í síma 699 5680**

## Hófgerði 15 - stór bílskúr - Kópavogur



**Opið hús í dag kl. 18.30-19.00**

Verð: 20,7 millj.

Sér inngangur. Forstofa með flísum. Eldhús með hvítri innréttingu, inn af eldhúsi er þvottahús. Stofa með smelluparketi. Hjónaherbergi með góðum skápum. Barnaherbergi. Á gólfum er nýlegt smelluparket. Að utan lítur eignin vel út. Nýlegt gler og gluggar. Íbúð í snyrtilegu húsi. Stutt í skóla, leikskóla og aðra þjónustu. Möguleiki að útbúa íbúð í bílskúrnum.

**Upplýsingar veitir Jóhanna í síma 699 5680**

## Galtalind 26 - 3ja-4ra herb. - Kópavogur



**Opið hús í dag kl. 19.30-20.00**

Verð: 31,9 millj.

Gengið er inn í íbúðin af 1.hæð. Flísalögð forstofa. Eldhús með kirsuberja innréttingu, vönduð tæki, borðkrókur. Stofa og borðstofa með eikar parketi, úr stofu er gengið út á stórar v-svalir. Rúmgott hjónaherbergi með stórum skápum. Barnaherbergi parektlagt með eikar parketi. Rúmgott baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, baðkar og sturta. Stórt þvottahús innan íbúðar. Í dag er íbúðin nýtt sem 3ja herbergja íbúð en hæglega má koma fyrir auka herbergi þar sem íbúðin er upphaflega teiknuð sem slík. Að utan lítur eignin afar vel út. Sér geymsla á jarðhæð. Stórkostlegt útsýni. Eign sem vert er að skoða.

**Upplýsingar veitir Jóhanna í síma 699 5680**

Hvers virði er eignin þín - kannaðu málið - það kostar ekkert

**ÞITT** - *líf* **ÞINN** - *ferill* **ÞÍN** - *leið*

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign



Sigurður
Guðmundsson hdl.
lögg. fasteignasali

RE/MAX®
BÚI

## VISSIR ÞÚ

... að mest framleidda ökutæki í heimi er Ford F-módelið en 29,3 milljónir pallbíla af þessari tegund hafa verið framleiddar í gegnum tíðina.

... að mest framleiddi fólksbíllinn er Toyota Corolla en 28,2 milljónir slíkra bíla hafa verið framleiddar um allan heim.

... að vinsælasti blendingsbíllinn (hybrid) er Toyota Prius sem hefur verið seldur í yfir 250 þúsund eintökum.

... að vinsælasti tveggja sæta sportbíllinn er Mazda MX-5 (kallaður Miata í Norður-Ameríku). Um 700 þúsund eintök hafa verið framleidd.

... að mesta lengd ekin á tveimur hjólum er 345,6 km. Það var Sven-Eric Söderman frá Svíþjóð sem afrekaði þetta árið 1999 á Mora Siljan flugvellinum. Tók uppátækið 10 klst. og 38 mín.

... að lengsta stökk bíls með hjólhýsi í eftirdragi er 57,2 metrar.

... að hraðasti hjólhýsadráttur var farinn í október 2003 þegar Eugene Herbert frá Suður-Afríku ók Mercedes Benz S600 bíl sínum á 223.881 km/klst. hraða með hjólhýsi í eftirdragi.

... að stærsti fjöldaframleiddi pallbílstrukkurinn er 7300 CXT framleiddur af International Truck & Engine Company. Trukkurinn vegur um 6,5 tonn og er 2,74 m hár.

... að stærsti fjöldaframleiddi bíllinn er Bugatti Royale módel 41, smíðaður 1927. Lengd hans var rúmlega 6,7 m, þar af var vélarhlífin 2,13 m.

... að lengsta bíl veraldar hannaði Jay Ohrberg. Þetta var 26 hjóla eðalvagn sem var 30,5 m langur. Ýmis þægindi voru í bílnum, til dæmis sundlaug með stökkbretti og vatnsrúm. Ofan á honum var þyrlupallur.

... að M. te Lindert, A. Hoendoorn, J. Kalisvaart og J. J. Kooy frá Hollandi hafa lengst allra í heiminum verið samferða í vinnuna. Þau tóku að deila bíl 1. janúar 1972 og síðan þá hafa þau verið samferða til og frá vinnu á hverjum virkum degi.

... að dýrasta bílnúmer heims var bílnúmerið 9. Það var selt á opinberu uppboði í Hong Kong fyrir 110,5 milljónir dollara 19. mars 1994. Kaupandinn var kínverskur en á kantónsku, mállýsku Hong Kong, er orðið „níu" borið eins fram og „hundur" og taldist þetta happamerki því árið 1994 var ár hundsins þar eystra.

... að sparneytnasti bíll veraldar er bifreið Fancy Carol Nok liðsins frá Japan. Han eyddi einungis 0,0245 lítrum af bensíni á hverja hundrað kílómetra í keppninni um sparneytnasta bíl ársins 2004. Metið var sett á 19,2 km langri akstursæfingabraut í borginni Hiroshima í Japan.


BÍLAHORNIÐ
BÍLASALA

VIÐ ERUM EINS ÁRS OG Í SANNKÖLLUÐU HÁTÍÐARSKAPI!




**MERCEDES BENZ ML 500**
Árgerð 2003. Ekinn 69 þúsund km. Með leðri, lúgu, Xenon o.sv.frv. **Verð kr. 5.400.000.**



**LAND ROVER DISCOVERY TD-5 SERIES II**
Árgerð 2001. Ekinn 103 þúsund km. Diesel.
**Tilboðsverð kr. 1.990.000.**



**FORD F-150 CREW CAP LARIAT.**
Árgerð 2004. Ekinn 140 þúsund km. Verð kr. **2.850.000**. Áhvílandi **2.500.000 kr**. **Fæst á yfirtöku láns plús 50.000 kr.**



**TOYOTA AVENSIS STATION**
Árgerð 1998. Ekinn 137 þúsund km. Ný tímareim og hedd.
**Verð kr. 570.000.**
**Staðgreiðslutilboð 490.000 KR.**



**VOLVO XC 90 T6**
Árgerð 2004. Ekinn 64 þúsund km. 7 manna. Einn með öllu.
Verð kr. 5.300.000.
Staðgreiðslutilboð **4.890.000 kr.** 100 % lán

50% AFSLÁTTUR AF LÁNTÖKUGJALDI
SJÓVÁ




Í tilefni **eins árs afmælis** Bílahornsins bílasölu verður glatt á hjalla hjá okkur í vikunni. Allir sem kaupa bíl fá í kaupbæti **gjafabréf út að borða fyrir 2 á Óperu** í Lækjargötu. Allir fá **Kók og Prins** og **Sjóvá gefur 50% afslátt** af lántökugjöldum. Alltaf kaffi á könnunni. Síðast en ekki síst eru **frábær tilboð á bílum.**

BÍLAHORNIÐ
Funahöfða 5 - Sími 567 2400








Atson leðurvörur til útskriftagjafa.
Ókeypis nafngylling fylgir.
Atson



Leðuriðjan ehf. Brautarholti 4, sími 561 - 0060

# Goðsögnin um samráð og sátt

UMRÆÐAN
KOSNINGAR



SKARPHÉÐINN ORRI BJÖRNSSON

Það er meginstef kosningabaráttu núverandi meirihluta að í Hafnarfirði hafi ríkt samráð og sátt við íbúanna á því kjörtímabili sem nú er að líða.

Margir virðast trúa þessu, og helst vegna þess að þeir heyra ekkert annað. Ég vil benda á örfá dæmi þar sem lítið fór fyrir samráði og jafnvel minna fyrir sáttinni við gjörðir núverandi meirihluta.

Fyrst; strætó hætti að ganga á Hrafnistu; þetta var einhliða ákvörðun meirihlutans sem ekki var tilbúinn að leggja til fé svo áfram mætti þjónusta þetta stærsta heimili bæjarins. Ekkert samráð og engin sátt. Annað; hringtorg á mótum Lækjargötu og Reykjanesbrautar í stað stokks sem búið var að samþykkja. Hversu margar trukkaveltur þarf til að vinstrimenn skilji að þetta var rangt. Ekkert samráð engin sátt. Þriðja; enginn skóli á Völlunum þremur árum eftir að fyrstu íbúarnir fluttu inn. Kennt í skúrum, ekkert samráð og þaðan af síður sátt hjá foreldrum. Fjórða; stórhækkun leikskólagjalda þegar núverandi meirihluti tók við og síðan lækkað aftur rétt fyrir kosningar. Ekkert samráð engin sátt aðeins ómerkileg kosningabrella. Fimmta; 50 til 60% hækkun fasteignagjalda á kjörtímabilinu, eins og þeir vita sem nú eru að greiða síðasta gjalddagann. Ekkert samráð og alls engin sátt.

Sjötta; stórhækkun gatnagerðargjalda. Gatnagerðargjöld hafa rúmlega tvöfaldast á kjörtímabilinu, ekkert samráð og engin sátt. Sjöunda; fyrirfram innheimt gatnagerðargjöld, þeir sem eru svo heppnir að fá lóð í bænum greiða stórhækkuð gjöld og þurfa síðan að bíða í allt að tólf mánuði eftir að geta hafið framkvæmdir. Ekkert samráð og engin sátt. Áttunda; úrræðaleysi í samgöngumálum, hringtorg eru ekki svarið! Ekkert samráð við nágrannasveitarfélögin og hreint engin sátt hjá okkur íbúunum. Níunda; í upphafi kjörtímabils var nokkrum mjög hæfum starfsmönnum bæjarins vikið úr starfi á grundvelli meintra skoðana og undir yfirskini skipulagsbreytinga. Flokksgæðingum hyglað í kerfinu, ekkert samráð og engin sátt. Tíunda; skattar og gjöld í hæstu hæðum og langtum hærri en í Garðabæ, okkar næstu nágrönnum. Hér sem fyrr, ekkert samráð, engin sátt.

Þessi listi er engan veginn tæmandi en dregur fram nokkur af þeim atriðum þar sem samráð og sátt hafa mátt víkja fyrir hörðum hagsmunum ríkjandi meirihluta. Kjósendur ættu að hafa í huga að það er aldrei að vita hvenær þeir geta orðið fyrir barðinu á Samfylkingunni sem þrátt fyrir fagurgala hikar ekki við að beita ofríki og offorsi þegar það hentar þeim.

Goðsögnin um samráð og sátt er ósönn. Ótal dæmi sanna það. Hafnfirðingar verða að varast ofríki og ofstopa vinstrimanna. Eina leiðin til þess er sterkur Sjálfstæðisflokkur; XD.

*Höfundur skipar sjötta sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði.*

# *Bakkus bróðir sökudólgur?*

UMRÆÐAN
ÖLVUNARAKSTUR



HELGA VALA HELGADÓTTIR
LAGANEMI

Það er margt sem Bakkus bróðir hefur á samviskunni. Vissulega hefur hann á samviskunni að hafa eyðilagt líf margra, aðra hefur hann lemstrað. En stundum er hann líka hafður fyrir rangri sök. En þá er sjaldan komið til varnar... þar til nú.

Í kvöld var atburði komið á Bakkus sem hann ber enga ábyrgð á, eða litla í það minnsta. Sagan er á þá leið að á laugardagskvöldið var boðið til veislu. Það var sextugsafmæli og veitt vel eins og sæmir á stórhátíðum. Margur maðurinn sótti gleðina, meðal annars sómapar utan af landi. Þáðu þau hjón veitingar eins og aðrir gestir og þegar kom að því að fara heim átta þau sig á því að þau eru flutt upp í sveit og því dýrt að taka leigubíl. Því ákveða þau í ölvímunni sem á þau rann að aka sjálf sem leið lá austur fyrir fjall. Allir vita hvernig sú ferð endaði, bíllinn rann yfir staur, staurinn valt og úr honum allt, bíllinn rann reyndar áfram og alla leið upp á Ártúnsholt. „Þetta var leitt, Bakkus gerði okkur að óvitum. Við vissum ekki hvað við gerðum. Þegar við settumst til borðs í boðinu fína þá vorum við búin að gleyma því að við bjuggum ekki í miðborginni heldur fyrir austan fjall.“

Getur verið að þetta hafi verið svona? Getur verið að þegar að sómaparið settist til borðs í boðinu góða hafi þau ekkert leitt hugann að því hvernig þau ætluðu að komast heim til sín eftir veitingarnar, eða voru þau þá þegar búin að gleyma hvað þau bjuggu?

Á mínum bæ kallast þetta ekki brengluð dómgreind sökum áfengisneyslu. Það kallast brengluð dómgreind! Að fara á bíl í boð, og drekka vín vitandi það að maður hefur ekki næturgistingu á staðnum!

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.




TONY RANDALL (1920-2004)
LÉST ÞENNAN DAG.

*„Verðlaun eru bara auglýsingabrella.“*

*Leikarinn Tony Randall var tilnefndur til fimm Golden Globe verðlauna en hlaut þau aldrei.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 17. MAÍ 1995

## *Chirac tekur við forsetaembætti*



Þennan dag árið 1995 tók Jacques René Chirac við embætti Frakklandsforseta. Hann fæddist í París árið 1932 og stundaði nám í stjórnmálafræði og stjórnsýslu og fór skömmu eftir útskrift að láta til sín taka á stjórnmálasviðinu.

Snemma á áttunda áratugnum hlaut Chirac sitt fyrsta ráðherraembætti þegar hann varð landbúnaðar- og landsbyggðarráðherra undir forsæti Georges Pompidou. Árið 1974 tók hann svo við innanríkisráðuneytinu en eftir sviplegt andlát Pompidou og nýjar kosningar var honum falinn forsætisráðherrastóllinn. Einungis tveimur árum síðar sagði Chirac af sér sem forsætisráðherra og tók við borgarstjórastólnum í París. Í tvígang þurfti hann að lúta í lægra haldi fyrir François Mitterrand í forsetakosningum en tókst loksins árið 1995 að ná kjöri í embættið.

Chirac var endurkjörinn í sögulegum kosningum árið 2002 þegar hann sigraði Jean-Marie Le Pen með yfirburðum í seinni umferð forsetakosninganna. Hann situr enn í forsetastóli og rennur yfirstandandi kjörtímabil hans að ári liðnu.

## MERKISATBURÐIR

1724 Mývatnseldar hefjast og standa með hléum í fimm ár. Gígurinn Víti í Kröflu verður til.

1846 Adolphe Sax fær einkaleyfi fyrir uppfinningu sína, saxófóninn.

1973 Yfirheyrslur vegna Watergate-hneykslisins hefjast.

1978 Líkkista Charles Chaplin finnst á ný eftir að bíræfinn grafarræningi krafðist lausnargjalds fyrir hana.

1990 Mikhaíl Gorbatsjov hittir Kazimiera Prunskiene, forsætisráðherra Litháens, á sögulegum fundi.

1998 Kristján Helgason verður Evrópumeistari í snóker á móti í Finnlandi.

## AFMÆLI



**Árni Ibsen** leikskáld er 58 ára.



**Gunnlaugur Stefánsson** prestur er 54 ára.



**Þorgils Óttar Mathiesen** er 44 ára.



**Birgir Örn Steinarsson** tónlistarmaður er þrítugur.









*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, systir, amma og frænka,*

**Rakel Benjamínsdóttir**

bóndi á Læk, Holtum,

lést á Landspítala háskólasjúkrahúsi, Fossvogi 9. maí sl. Jarðsett verður í Hagakirkju, Holtum, laugardaginn 20. maí kl. 13.

**Andrés Eyjólfsson**
**Sigurborg Andrésdóttir** **Kristján Nilsen**
**Guðrún Andrésdóttir**
**Lilja Björk** **Kristján Ingi Magnússon**
**Helga Sigurjónsdóttir** **Anton Bogason**
**börn og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.

## ANDLÁT

**Guðmundur Daðason,** fyrrverandi bóndi á Ósi á Skógarströnd, lést á dvalarheimilinu Holtsbúð í Garðabæ aðfaranótt föstudagsins 12. maí.

**Jórunn Jónsdóttir**, (Lóa), Hringbraut 45, lést á Víðinesi föstudaginn 12. maí.

**Kristján S. Júlíusson**, Barðastöðum 7, Reykjavík, lést á Landspítalanum föstudaginn 12. maí.

**Ólína Ása Þórðardóttir** frá Grund, Akranesi, síðast til heimilis á dvalarheimilinu Höfða, lést sunnudaginn 14. maí.

**Sif Áslaug Johnsen**, Hrísmóum 1, (áður Holtagerði 65), lést á Landspítala Háskólasjúkrahúsi í Fossvogi föstudaginn 12. maí.

**Þorbjörg Pálsdóttir** lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund sunnudaginn 14. maí.

## JARÐARFARIR

11.00 **Halldór Erlingur Ágústsson** vélstjóri, Ljósheimum 20, verður jarðsunginn frá Langholtskirkju.

13.00 **Jóhannes Víðir Sveinsson** frá Siglufirði, Austurbergi 18, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

UGLA JÓHANNA EGILSDÓTTIR: LÝKUR STÚDENTSPRÓFI

# Spilar Gaudeamus í rapppönkútgáfu á útskriftinni

„Mér finnst það sorglegt og gefandi í senn,“ segir Ugla Jóhanna Egilsdóttir um tímamótin sem hún stendur á. Ugla lauk síðasta stúdentsprófinu sínu í gær og þar með þriggja ára skólagöngu í Menntaskólanum við Hamrahlíð. „Mér finnst mjög gaman að vera að hætta í MH því þá get ég farið að gera eitthvað nýtt. Nú kemur líka sumarfrí, sem myndi reyndar líka gerast ef ég hefði ekki verið að taka stúdentspróf.“

Þótt prófin séu búin líða enn nokkrir dagar þangað til Ugla getur farið að kalla sig stúdent. Eiginleg útskrift úr MH verður ekki fyrr en um þarnæstu helgi, á stórmerkilegum degi í lífi Uglu. „Á útskriftinni sjálfri eru kosningar og þar sem ég er í framboði ætla ég bara á kosningavöku þegar athöfnin er búin. Allir sem ætla að koma í stúdentsveislu til mín mæta bara á kosningavöku hjá VG.“

Ugla leikur stórt hlutverk í athöfninni á stúdentsdaginn og sér meðal annars um allan tónlistarflutning sem helmingur hljómsveitarinnar Byssupiss. „Ég fór bara til rektors og spurði: Lalli, finnst þér ekki tími til að prófa eitthvað nýtt? Hann tók bara vel í það svo Byssupiss tónar inn alla athöfnina í staðinn fyrir Hamrahlíðarkórinn í þetta skipti,“ segir Ugla stríðnislega þannig að efi læðist að blaðakonu hvort sú verði nú reyndin. Aðspurð hvort stúdentsefni MH megi búast við nýbreytni í flutningi á hefðbundnum stúdentalögum segir Ugla að allt geti gerst þegar Byssupiss er annars vegar. „Gaudeamusinn verður annað hvort fluttur í rapppönk-útgáfu eða sem ballaða, það er dálítið á reiki.“

Framtíð Uglu er líka álíka óráðin og útgáfa stúdentalaganna. „Í sumar er ég að fara að vinna við að moka flór í holræsum í Kólumbíu og fæ borgaðar fimmtíu krónur á dag. Ég fékk ekki vinnu hjá borginni og neyddist til að taka þetta eina starf sem mér bauðst.“ Óheppnin virðist líka elta Uglu því hún er enn of ung til að sækja um skólavist í leiðsögumannaskólann, þangað sem hjartað hennar stefnir. „Ég er búin að vera að reyna að fá kennitölu lánaða en það hefur ekki tekist,“ segir Ugla og vænir blaðakonu um að vera ósamvinnuþýð í kennitölulánum.

Ekki er laust við dálítill tregi fylgi lokum menntaskóladvalar Uglu. „Sérstaklega á morgnana,“ segir hún spekingslega. „Þó ég geti alveg komist yfir það að hitta ekki vinina þar jafnast ekkert á við það að vakna klukkan sjö á morgnana og missa af strætó.“ Þegar henni er bent á að fólk vakni nú á morgnana til að sinna öðrum erindum en menntaskólagöngunni stendur ekki á útskýringu. „Ég fer náttúrlega ekki svona mikið út í sveit þegar ég neyðist ekki til þess. MH er náttúrlega alveg úti í sveit.“



**UGLA JÓHANNA EGILSDÓTTIR TILVONANDI STÚDENT** Stúdentaútskrift í MH er á sama degi og sveitarstjórnarkosningar og þar sem Ugla er sjálf í framboði ætlar hún ekki að halda stúdentsveislu heldur bjóða gestum sínum á kosningavöku hjá VG. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Í KRÖPPUM DANSI** Ekki er hægt um vik að sjá hvort hafi yfirhöndina, nautabaninn eða nautið sjálft, í þessu nautaati sem fram fór í Madríd. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Sumarið komið í Viðey

Viðeyjarferja hefur hafið siglingar eftir sumaráætlun og verður siglt til eyjarinnar alla daga í sumar. Farið verður til Viðeyjar á heila tímanum frá klukkan 13 til 17 og síðasta ferð klukkan 19. Frá Viðey er svo siglt korteri síðar. Fargjald í ferjuna er sem fyrr 750 krónur fyrir fullvaxna en 350 krónur fyrir börn og gildir miðinn báðar leiðir.

Mikið hefur verið lagt af göngustígum á síðustu misserum og er því tilvalið að leggja leið sína í eyjuna og njóta útiverunnar. Þrjátíu og fimm nýjum fræðsluskiltum um náttúru og sögu Viðeyjar hefur meðal annars verið komið upp til að svala fróðleiksþorsta þeirra sem sækja hana heim.



**VIÐEY** Nú komast Reykvíkingar til Viðeyjar eftir sumaráætlun ferjunnar.



**HEITUR SUMARVINDUR** Indversk kona kælir hér enni ömmubarns síns í hitabylgjunni sem nú geisar í Indlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Danspar Íslands leggur keppnisskónum

Karen Björk Björgvinsdóttir og Adam Reeve frá Ástralíu hafa tekið ákvörðun um að hætta keppni í samkvæmisdönsum. Undanfarin átta ár hafa hjónin verið atvinnumenn í íþróttagreininni og unnið til verðlauna fyrir hönd Íslands á fjölmörgum stórmótum. Karen og Adam eru handhafar heimsmeistara- og Evrópumeistaratitils í tíu dönsum og hafa þar að auki sex sinnum orðið Ástralíumeistarar og komist í úrslit á fjölmörgum alþjóðlegum opnum meistaramótum, svo fátt eitt sé talið.

„Við höldum náttúrlega áfram að sýna og þjálfa. Það sem tekur svo við hjá okkur er að þjálfa keppnispör í að komast á toppinn og reyna að miðla til krakkana einhverju af því sem við höfum lært,“ segir Karen Björk. Þessu starfi ætla þau að sinna bæði í Ástralíu og hér á landi en þau hyggjast koma hingað með reglulegu millibili til að þjálfa unga og upprennandi íslenska dansara.

Karen segir að félög á Íslandi hafi stutt við bakið á þeim í gegnum tíðina og nefnir meðal annars Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Dansíþróttadeild ÍR, Dansíþróttasamband Íslands og Dansráð Íslands. „Við eigum fáa en mjög góða vini hér á landi sem hafa staðið við bakið á okkur og styrkt. Okkur langar til að koma á framfæri þakklæti til þeirra og allra sem hafa sýnt okkur stuðning á keppnisferlinum.“



**KAREN BJÖRK BJÖRGVINSDÓTTIR OG ADAM REEVE** Dansparið Karen og Adam hefur ákveðið að hætta keppni í samkvæmisdönsum en einbeita sér þess í stað að þjálfun á ungum og upprennandi keppnispörum.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1768** Karólína af Brunswick, prinsessa af Wales.



**1794** Anna Brownell Jameson, breskur rithöfundur.



**1866** Erik Satie, franskt tónskáld.



**1900** Ayatollah Khomeini erkiklerkur.



**1906** Zinka Milanov, króatísk sópransöngkona.



**NORSKI FÁNINN** Hinn 17. maí er þjóðfána Noregs veifað oft.

# Þjóðhátíð í Noregi

Í dag, eins og venjan er hinn 17. maí, halda Norðmenn þjóðhátíð. Skrifað var undir stjórnarskrá landsins þennan dag árið 1814 og var í henni lýst yfir að Noregur væri sjálfstæð þjóð.

Mikið er lagt upp úr því að börn taki þátt í hátíðarhöldunum og er venjan að þau gangi um götur bæjarfélags síns með norska fána í hönd. Stærsta gangan er gengin í Osló og er venjan að koma við hjá konungsfjölskyldunni, sem veifar fólkinu sem gengur hjá.

Mest fer þó fyrir stúdentsefnum, svokölluðum russ, sem fagna próflokum með miklum fyrirgangi. Klæða þau sig gjarnan upp í fánalitum og gangast gleðinni á hönd fram í rauða nóttina.


**Forsala hefst á morgun !**

**Fimmtudaginn 18. maí kl. 11 í verslunum Skífunnar og á midi.is**

Laugardalshöll 30. júní

The Darkness

*Trabant*
*Dr. Spock*
*+fleiri*



**REYKJAVÍK ROKKAR 2006** Tónlistarhátíð alþýðunnar
Laugardalshöll 29. júní - 1. júlí

X 97·7






## STUÐ MILLI STRÍÐA Inn og út um gluggann

**STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON** STRÍÐIR VIÐ VANDRÆÐALEGT BÍLAVANDAMÁL.



Árangur minn í bílamálum er álíka glæstur og Andorra-manna á HM í knattspyrnu. Hef átt þrjá bíla í gegnum tíðina. Sá fyrsti var Mitsubishi Lancer, árgerð ´87 ef ég man rétt. Fékk hann rétt eftir bílprófið og eftir að hafa átt hann í um fimm mánuði var hann búinn að gefa upp öndina. Gæti hafa verið vegna þess að ég klessukeyrði hann tvisvar en hvað veit ég? Annar bíllinn minn var lítil Mazda 323, árgerð ´91 minnir mig. Bíllinn fékk nafnið Mad Zelda og ég var búinn að eiga hann í viku þegar viftureimin fór, síðan stýrisvökvadælan, svo vatnskassinn og að lokum eitthvað annað bull-bíla-nafn-drasl. Þá endanlega gafst ég upp á þeim bíl og lét Vöku draga hann.

Nýjasta rennireið mín er Golf, árgerð ´95, sem ég keypti tjónaðan af tryggingafélaginu mínu á slikk. Smá beyglaður að framan og aftan og svo er ekki hægt að loka skottinu almennilega. Annars er bíllinn heill, svona að nafninu til. Nú hefur bíllinn hins vegar tekið upp á afar sérstöku athæfi. Lagði honum á bílastæði Kringlunnar í fyrradag og þegar ég kom til baka gat ég ekki opnað hann. Typpin fóru öll upp og klikk-hljóð heyrðust en samt gat ég engan veginn opnað neina hurð á bílnum. Nú kom sér vel að skottið var opið þannig að ég náði að skríða þar inn, mjög vandræðalegt á afar svölu Kringlubílastæði.

Enn hefur mér ekki tekist að leysa úr þessu vandamáli og hurðirnar haldast harðlæstar þrátt fyrir margslungnar tilraunir mínar til þess að fá því breytt. Vegna þessa hef ég neyðst til að hafa gluggann opinn og þar hoppa ég inn og út. Ekki beint mjög þægilegt fyrir mann eins og mig sem er ekki sá liðugasti og hvað þá sá nettasti í bransanum. Ef þið sjáið því undarlegan karlmann að klöngrast inn um græna Golf druslu, í guðanna bænum ekki hringja á lögguna. En meira um bílaófarir mínar í næstu viku.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Överli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




MARKAÐURINN

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# Spilar á fljótandi sviði

Tónlistarmaðurinn Örn Elías Guðmundsson, Mugison, lætur aftur á sér kræla nú þegar sumarið er gengið í garð. Mugison kemur fram á tónleikum í Austurbæ 28. maí í tengslum við Listahátíð í Reykjavík. Þar nýtur hann liðsinnis Guðna Finnssonar bassaleikara og Arnars Gíslasonar trommara úr Dr. Spock. Mugison sagði í samtali við Fréttablaðið að stefnan væri að leika eitthvað nýtt efni í bland við gömul lög hans í hljómsveitarbúningi.

Í sumar er svo stefnan tekin út í lönd með nýja bandið. Mugison kemur fram á tónlistarhátíð í Árósum, í Þýskalandi og á G!-festivalinu í Færeyjum. Áhugaverðustu tónleikarnir eru þó á fljótandi sviði í Kaupmannahöfn 1. júlí.

„Ég spilaði á Vega í Kaupmannahöfn í desember og gaurinn þar sagðist vilja gera eitthvað flipp með mér. Mér leist bara vel á tónleikana, þetta er einhver sumarhátíð og verður ábyggilega mjög sérstakt,“ segir Örn Elías, sem vinnur þessa dagana að næstu plötu sinni auk þess sem hann gerir tónlistina fyrir kvikmyndina Mýrina.



**MUGISON** Skriðinn úr vetrardvala og kemur fram með hljómsveit í sumar.

# Bumblefoot bætist við

Ron Thal, betur þekktur undir nafninu Bumblefoot, er nýr gítarleikari rokksveitarinnar Guns N´ Roses.

Tilkynnt var um nýja liðsmanninn á fyrstu tónleikum Guns N´ Roses í langan tíma í New York síðastliðinn föstudag. Guns N´ Roses er á leiðinni í tónleikaferð sem mun standa yfir í allt sumar í tilefni plötunnar Chinese Democracy sem er væntanleg á þessu ári. Plötunnar hefur verið beðið í fjölmörg ár en alltaf hefur útkomu hennar verið seinkað.

**BUMBLEFOOT** Nýr gítarleikari Guns N´ Roses kallar sig Bumblefoot en heitir réttu nafni Ron Thal.





**LUKE SLATER** Danstónlistarmaðurinn Luke Slater er á leiðinni hingað til lands í þriðja sinn.

# Luke Slater til Íslands

Danstónlistarmaðurinn Luke Slater treður upp á skemmtistaðnum Nasa miðvikudaginn 24. maí á vegum techno.is.

Slater hefur verið einn fremsti dans- og raftónlistarmaður Bretlands frá því snemma á tíunda áratugnum. Eftir að hafa gefið út meira en fimmtán breiðskífur, sjötíu smáskífur og rúmlega sjötíu endurhljóðblandanir er Slater orðinn heimsfrægur og hefur spilað úti um allan heim, meðal annars á Íslandi, en kappinn er að koma hingað í þriðja sinn.

Hann hefur unnið með tónlistarmönnum á borð við Madonnu, Moby, Depeche Mode, Ken Ishii og Ballistic Brothers. Ásamt Slater koma fram á Nasa Bjössi Brunahani, Steinar A og Exos. Á efri hæð Nasa þetta kvöldið mun breakbeat.is sjá um taktinn með fastaplötusnúðunum Gunna Ewok, Dj Kalla og Dj Lella. Forsala fer fram í 12 Tónum og kostar miðinn 1.500 krónur.



**LITBOLTI AÐ HÆTTI EASTWOOD** Það er ekki amalegt að leika sér í leikmynd Clints Eastwood.

# Litbolti í leikmynd

Á Paintball-vellinum við Straumsvík geta menn hlaupið um og leikið sér í litbolta í leikmynd sem notuð var í kvikmyndinni Flags of Our Fathers sem tekin var upp hér á landi síðasta sumar undir leikstjórn Clints Eastwood. „Það átti að henda þessu og kvikmyndafyrirtækið var bara fegið að við vildum hirða þetta, það sparaði því urðunina,“ segir eigandinn Eyþór Guðjónsson. Að hans sögn er um skotbyrgi og gervihúsarústir að ræða og hafa viðskiptavinir verið ánægðir með það að geta nýtt sér leikmyndina í litboltanum. „Það gera sér ekki allir grein fyrir því að þetta er úr kvikmyndinni enda er þetta ekki mikið, en setur samt skemmtilegan svip á svæðið.“




**!** **Kl. 17.00**
*Norræna félagið í Reykjavík heldur aðalfund á þjóðhátíð Norðmanna sem frændur vorir fagna í dag. Allir eru velkomnir á skrifstofu félagsins að Óðinsgötu 7 í Reykjavík til að spjalla um starf þess og þiggja pönnukökur að norskum hætti.*

**menning**
menning@frettabladid.is

# Abbey Lincoln í Múlanum

Síðustu tónleikar á vetrardagskrá Jazzklúbbsins Múlans fara fram í kvöld og mun Kristjana Stefánsdóttir leiða stórsveit valinkunnra djassleikara og flytja ómótstæðilega standarda úr smiðju djassdívunnar Abbey Lincoln. Tónleikarnir bera yfirskriftina „Þú verður að borga bandinu“ eftir samnefnu heiti á plötu Lincoln frá árinu 1991.

Abbey Lincoln er einstök söngkona sem hefur ávallt farið eigin leiðir í túlkun sinni og oftar en ekki samið sín eigin lög og texta. Ferill hennar spannar liðlega fimm áratugi, fyrsta plata hennar kom út árið 1955 og síðan þá hefur hún gefið út á þriðja tug planta, þá nýjustu árið 2003.


**KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR SÖNGKONA** Syngur perlur Abbey Lincoln á síðustu Múlatónleikum vetrarins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lincoln hefur komið víða við og hefur meðal annars leikið og sungið í kvikmyndum, þar á meðal myndinni Mo' Better Blues eftir leikstjórann Spike Lee. Lincoln er dramatískur flytjandi og meinar það sem hún segir. Hún er undir miklum áhrifum frá Billie Holiday og hefur til að mynda gert tvær plötur henni til heiðurs.

Hljómsveit kvöldsins skipa, auk Kristjönu Stefánsdóttur söngkonu, þeir Agnar Már Magnússon píanóleikari, Ólafur Stolzenwald sem leikur á kontrabassann, Scott Mclemore trommuleikari, Sigurður Flosason saxófón- og slagverksleikari og Árni Scheving sem leikur á víbrafón. Tónleikarnir hefjast í Þjóðleikhúskjallaranum kl. 21.

## > Ekki missa af...

vortónleikum Lögreglukórs Reykjavíkur í Grafarvogskirkju kl. 20. Fjöldi góðra gesta, einsöngvarar og hljómsveit.

útskriftarsýningu nemenda Myndlistarskólans á Akureyri sem stendur til 18. maí. Sýnt er í bakhúsi Myndlistaskólans, gamla Punktinum.

leikritinu ALF - Andspyrnuhreyfingu ljóta fólksins hjá Leikfélagi Kópavogs. Misfríðir fá uppreisn æru í blóðugri háðsádeilu.

# Hjartsláttur rafmagnsins

„Ég myndi ekki kalla mig hljóðlistamann þó ég hafi hangið í hljóðverkstuskunum undanfarin ár. Ég er fyrst og fremst myndlistarmaður,“ segir Finnbogi Pétursson, sem opnar sína aðra sýningu í Gallerí i8. Strax frá upphafi fór Finnbogi að gera tilraunir með hljóð á myndrænan hátt, til dæmis með svokölluðum hljóðteikningum þar sem myndir eru teiknaðar með hljóðbylgjum. Nú á undanförnum árum hefur hann gjarnan notað vatn fyrir þessar hljóðteikningar, þar sem hljóðbylgur eru leiddar í vatn og ljós til að gera hljóðbylgurnar sýnilegar. Eitt slíkt verk er að finna í höfuðstöðvum Orkuveitunnar en á sýningunni nú í i8 mun Finnbogi notast bæði við sömu miðla vatns og ljóss. „Allt frá því ég var átta ára hefur hljóðið sem slíkt heillað mig. Þannig vildi til að á þessum aldri fékk ég í mig rafstraum þegar ég var að tengja straumbreyti við


**FINNBOGI PÉTURSSON LISTAMAÐUR** Heillaðist af möguleikum hljóðsins á barnsaldri.

hátalara en það gat af sér tiltekinn tón sem sat eftir í minnishjarninu og löngu seinna nam ég þennan sama tón þegar ég var að aðhafast eitthvað annað. Þegar ég fór að rannsaka hvaða tónn þetta væri eða hvaðan hann kæmi komst ég að því að þetta er hjartsláttur rafmagsins,“ útskýrir Finnbogi. Á sýningunni í i8 sem verður opnuð á fimmtudaginn mun Finnbogi sýna jaðar hljóðbylgjunnar með því að taka þversnið af henni og lýsa þvert í gegnum vatnsyfirborðið. Þessu er síðan varpað í beinum línum upp með veggnum. Verkinu er að sögn listamannsins ætlað að endurspegla mismunandi stig vitundarinnar með því að leiða í vatnið tíðni sem samsvarar tíðni sem heilinn starfar á, á ólíkum vitundarstigum. „Við komumst ekki neðar en 0 hz (slög á sekúndu), því eftir það er dauði, næsta tilverustig. Þannig flökkum við frá morgni til kvölds á milli tveggja heima, þessa heims og draumheims. Ef við ætluðum að taka ráðin algerlega í okkar hendur og reyna að hafa stjórn á draumheiminum yrðum við biluð. Líkaminn beitir sjálfan sig dáleiðslu á hverjum degi og kúplar sig út.“

Sýningin opnar 18. maí kl. 17. Nánari upplýsingar um listamanninn og verk hans fást hjá i8 Gallerí, info@i8.is.

- brb


**CAPUT HÓPURINN FRUMFLYTUR TÁR DÍÓNÝSÍUSAR Á LISTAHÁTÍÐ** Kraftmikil og framsækin tónlist í bland við sérstætt myndmál með auðugan vísanaheim. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Caput hópurinn og Stina Ekblad

Stórvirkið Tár Díónýsusar frumflutt á Listahátíð í kvöld

Bræðingur ólíkra listgreina á stefnumóti fremstu listamanna Norðurlandanna í dag

Tár Díónýsusar sameinar kraftmikla og framsækna tónlist Lars Graugaard og sérstæða sköpun hins þekkta danshöfundar Thomas Hejlesen sem byggir kvikmynd sína m.a. á þöglum svart/hvítum erótískum myndum þriðja áratugarins. Textinn er eftir Nietzsche úr „Hin díónýsíska heimssýn“. Tónlistin er flutt af Caput hópnum. Sögumaður er hin þekkta sænska leikkona Stina Ekblad.



Stjórnandi: Guðni Franzson
**Háskólabíói 17. maí kl. 19.30**
Miðaverð: 2.500 kr.

Miðasalan Bankastræti 2:
Opin virka daga kl. 12 til 18, um helgar kl. 12 til 16.
Sími 552 8588
Miðasala á netinu á www.listahatid.is
Miðasala við innganginn hefst klukkustund fyrir viðburð

Listahátíð í Reykjavík 2006 hátíðin

KB BANKI ICELANDAIR SAMSKIP Radisson SAS


# Díónýsus grætur

**Japanskir tesiðir, argentínsk erótík og heimspeki Nietzsches renna í eitt í tónverkinu Tárum Díónýsusar sem verður frumflutt á Listahátíð í dag.**

Caput-hópurinn flytur verk danska tónskáldsins Lars Graugaard undir stjórn Guðna Franzsonar en kvikmynd eftir danshöfundinn Thomas Hejlesen er einnig hluti af verkinu. Lars Graugaard kveðst hafa heillast af fagurfræði og vinnu Hejlesen fyrir nokkrum árum og þá hafi lengi dreymt um að vinna saman. Verkið hefur því átt sér langan aðdraganda en þetta margræða og margmiðlaða tónverk leitar í ólíkar áttir og innblásturinn kemur víða að.

Caput-hópurinn hefur átt farsælt samstarf með Lars Graugaard og hefur flutt og hljóðritað nokkur verka hans. „Músíkin sjálf er svolítið mögnuð, hún er dramatískari en mörg önnur nútímamúsík, áheyrileg án þess að vera poppuð og ágeng,“ segir Guðni um tónverkið sem nú verður flutt. Sjálfur segist Graugaard hafa mikinn áhuga á stafrænum miðlum. „Ég hef unnið talsvert með gagnvirka tónlist og í verkum mínum leitast ég við að víkka út möguleika mannlegrar tjáningar með hjálp stafrænna miðla. Það er ekki tæknin sjálf sem heillar mig heldur möguleikar hennar, sem tónskáld fæst ég við mannlega tjáningu og þá gildir einu fyrir mig hvort ég skrifa fyrir strengjasveit, saxófón eða tölvu. Svo fremi sem það túlkar eitthvað dýrmætt sem aðrir geta meðtekið og skilið.“

„Myndin og músíkin eru líka unnin út frá japönskum tesiðum en þeim fylgja mikilar seremóníur þar sem gestgjafi stýrir boðinu og er takmark hans að ná einstakri hugljómun gestanna,“ útskýrir Guðni Franzson en Graugaard bendir einnig á hvernig Hejlesen nálgast gömlu myndbrotin og setur þau í nýtt samhengi. „Thomas Hejlesen hefur stúderað asíska hreyfilist og í myndinni vinnur hann líka með hreyfingar úr frönskum, þýskum og argentínskum erótískum myndum frá þriðja áratug síðustu aldar. Hann tekur ákveðin element úr myndunum og þróar þau áfram í kóreógrafíu,“ segir Guðni. „Saman könnum við nostalgíuna og munúðina í þessum myndum og hvernig þær tengjast fagurfræðinni,“ útskýrir Graugaard.

Texti Nietzsches, Fæðing harmleiksins, sem fjallar um „hina díónýsísku heimsýn“, togstreitu milli frumhvatanna og fágunarinnar, flæðir síðan gegnum tónverkið en sænska leikkonan Stina Ekblad, sögumaður verksins, flytur textann á ensku. „Ég hef tekið ákveðin orð og lykilhugmyndir úr texta Nietzsches og gert úr þeim nokkurs konar ljóð sem Ekblad flytur á ákveðnum stöðum í verkinu,“ segir Graugaard. Ekblad er ein virtasta leikkona Norðurlandanna og kannast íslenskir áhorfendur ef til vill við hana úr dönsku þáttunum Krøniken, sem sýndir voru í Ríkissjónvarpinu.

Tónleikarnir fara fram í Háskólabíói og hefjast kl. 19.30 í kvöld en þess má geta að Caput-hópurinn tók upp Tár Díónýsusar í fyrr í vetur og kemur verkið út hjá Dacapo útgáfunni í vor ásamt myndinni sem fylgir með á DVD-diski.

kristrun@frettabladid.is


Ferð þú til
Rómar
í boði Nicotinell og Lyfju?
Enn er tími til að skrá sig í átakið Viðbúin, tilbúin, stopp og slást í hóp þeirra rúmlega 800, sem þegar eru hættir eða hafa tekið ákvörðun um að hætta að reykja. Farðu inn á vidbuin.is og kynntu þér málið nánar. Heppinn þátttakandi vinnur lúxusferð til Rómar fyrir tvo og það gæti hæglega verið þú ef þú skráir þig í átakið, og ert sannanlega reyklaus 31. maí (reyklausa daginn), en þá verður Rómarferðin dregin út.
Skelltu þér á vidbuin.is
og skoðaðu málið nánar!
Nicotinell Mint
Nicotinell Fruit
Nicotinell Lakrids
Nicotinell Classic
Nicotinell®
LYFJA




# Sannleikurinn um okkur sjálf

**LEIKLIST**

**Umbreyting - Ljóð á hreyfingu**

Þjóðleikhúsið - Kassinn

**Brúðuleikari, brúðugerð, leikmynd og tónlist:** Bernd Ogrodnik/**Lýsing:** Páll Ragnarsson/**Búningar:** Þórunn E. Sveinsdóttir/**Leikstjóri:** Ágústa Skúladóttir.



Lífið í sínum ólíkustu myndum er efniviðurinn í þessari sérstæðu og skemmtilegu sýningu sem brúðuleikarinn Bernd Ogrodnik býður upp á. Sýningin samanstendur af örsögum sem ekki hafa neina sýnilega innbyrðis tengingu en fjalla allar um manneskjuna hér og nú og eilíflega. Útgangspunktur er hnötturinn þar sem allir eru að reyna að komast yfir einhverjar hindranir, bæta sig, ná lengra en í gær, sumir að eltast við útlitskröfur, sama hversu vitlausar þær eru, einhverjir að berjast fyrir frelsi sínu og enn aðrir að skera á lífsþráðinn. Svo eru þeir sem dansa í gegnum tilveruna og þeir sem bara eru, fólk sem treystir og fólk sem hjakkar í sama farinu, fólk sem byggir upp og skapar og annað sem rífur niður og eyðileggur. Sköpun heimsins er á sínum stað og lítil sæt ástarsaga.

Bernd Ogrodnik vinnur með allar tegundir af brúðum í sýningu sinni og það fer ekki á milli mála að þar fer snilldarlega góður brúðuleikari og brúðusmiður. Hann vinnur með fingurbrúður, handbrúður, strengjabrúður; allar fallegar og hugvitssamlega hannaðar. Allar sögurnar segja okkur einhvern sannleika um okkur sjálf og sýningin situr í manni lengi vel eftir að henni lýkur.

Leikmyndin er afar skemmtileg. Samanstendur af kössum sem velta má á alla enda og kanta til þess að skapa nýtt svið fyrir nýja sögu, auk þess sem í þeim eru geymdir sagnaheimar, þegar þeir eru opnaðir. Tónlistin sem brúðulistamaðurinn semur og flytur sjálfur er bæði áheyrileg og áhrifarík. Lýsing og búningar þjóna sýningunni vel og úr verður falleg, en um leið nærgöngul, sýning.

Brúðuleikhúsið er heillandi heimur og hreint ekki fjarri lagi að lýsa því sem ljóði á hreyfingu, eins og Bernd Ogrodnik gerir þegar hann segir að brúðuleikhús geti verið leikhúsinu það sem ljóðlistin er bókmenntunum. Sýningin er ætluð fullorðnu fólki, eða ekki áhorfendum yngri en tólf ára. Það má segja að listamaðurinn tefli djarft með því að bjóða upp á sýningu sem felur í sér „ljóð“ og „brúður,“ fyrirbæri sem flestir yfir tólf ára aldri eru hræddir við, halda að sé leiðinlegt, eða þykist ekki skilja. Fyrir ljóða-brúðu-fælna er hér kjörið tækifæri til að kynnast þessum heillandi heimi.

Sé eitthvað hægt að finna að sýningunni, þá er það helst að sumar sögurnar voru of stuttar. Það hefði ekkert verið leiðinlegt að sjá aðeins dýpri og nánari úrvinnslu á þeim. Þetta er sýning sem ég gæti hugsað mér að sjá aftur.

**Súsanna Svavarsdóttir**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MAÍ**

14 15 16 **17** 18 19 20

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

- 21.00 **Kristjana Stefánsdóttir** syngur ásamt hljómsveit í **Þjóðleikhúskjallaranum**.

### LEIKLIST

- 20.30 **Heimspeki- og menningarfélag Menntaskólans á Akureyri** sýnir **Fyrir luktum dyrum** eftir **Jean-Paul Sartre**.

### LISTAHÁTÍÐ

- 17.00 **Norðurlandahraðlestin** í **Borgarleikhúsinu**. Leiklesin verða verk sem tilnefnd eru til Norrænu leiklistarverðlaunanna.
- 19.30 **Caput hópurinn** frumflytur **Tár Díónýsusar** eftir **Lars Graugaard** í **Háskólabíó**.
- 20.00 **Við erum öll Marlene Dietrich FOR**, **Íslenski dansflokkurinn** flytur dansverk eftir **Ernu Ómarsdóttur** og **Emil Hrvatin** ásamt íslenskum og erlendum dönsurum, sviðlistar- og tónlistarfólki.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

FAGNAÐUR

2. sýn. fim. 18/5 örfá sæti laus, 3. sýn. fös. 19/5 örfá sæti laus, 4. sýn. lau. 20/5 örfá sæti laus, 5. sýn. sun. 21/5 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 25/5, 7. sýn. fös. 26/5, 8. sýn. lau. 27/5, 9. sýn. sun. 28/5. **Aðeins þessar sýningar í vor.**

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

**Sala hafin á sýningar í september.**
Fös. 15/9 nokkur sæti laus, lau. 16/9 nokkur sæti laus, sun. 17/9.

UMBREYTING - LJÓÐ Á HREYFINGU

Í kvöld mið. 17/5 örfá sæti laus , fim. 18/5 , fös. 19/5 nokkur sæti laus, lau. 20/5, sun. 21/5. **Brúðuleikhús fyrir fullorðna.**
**Samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.**

LITLA SVIÐIÐ

NÚ SKYLDI ÉG HLÆJA, VÆRI ÉG EKKI DAUÐUR!

Lau. 20/5 kl. 15:00 nokkur sæti laus, sun. 21/5 kl. 13:00 og 15:00. **Aðeins þessar sýningar. Samstarfsverkefni Nemendaleikhúss LHÍ og Þjóðleikhússins.**

LEIKHÚSKJALLARINN

**Jassklúbburinn Múlinn. You gotta pay the band.** Í kvöld mið. 17/5 kl. 21:00.
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar

LAU. 20. MAÍ KL.19 - NOKKUR SÆTI LAUS
SUN. 21. MAÍ KL. 15 - Aukasýning
LAU. 27. MAÍ KL. 15 - Aukasýning
LAU. 27. MAÍ KL. 19 - ÖRFÁSÆTI LAUS
LAU. 3. JÚNÍ KL. 19 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAU. 3. JÚNÍ KL. 22 - Aukasýning
LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - NOKKUR SÆTI LAUS

*Frábær sýning sem hefur slegið algjörlega í gegn.*
*Sýnd í Óperunni í maí og júní.*
*Miðasala hafin*

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn

ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Lau 20/5 kl. 14 Su 21/5 kl. 14 UPPS.
Su 28/5 kl. 14 UPPS. SÍÐ. SÝN. Í VOR

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

Fö 19/5 kl. 20 UPPS. Fö19/5 kl. 22:30UPPS.
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20 UPPS.
Fö 26/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 22:30 UPPS.
Su 28/5 kl. 20 UPPS. Fi 1/6 kl. 20 UPPS.
Fö 2/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Má 5/6 kl. 20 Þri 6/6 kl. 20 UPPS.
Fö 9/6 kl. 20 UPPS. Fö 9/6 kl. 23
Má 12/6 kl. 20 Þri 13/6 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?

Forsýningar miðaverð 1.500
Í kvöld kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20
Fö 26/5 kl. 20 Mi 31/5 kl. 10 UPPS.
Fö 2/6 kl. 20 Lau 3/6 kl. 20
Má 5/6 kl. 20 Fi 8/6 kl. 20 UPPS.

LEIKLESTRAR

NORÐURLANDAHRAÐLESTIN
Sviðsettir leiklestrar.
Í dag kl. 17
Danmörk: Aska Gosa e. Jokum Rohde
Finnland: Rauðir úlfar e. Kari Hotakaine

Rauðir úlfar er vinningsverkið í ár.
Allir velkomnir-Ókeypis aðgangur

MARLENE DIETRICH-Íd

Í kvöld kl. 20 SÍÐASTA SÝNING

BELGÍSKA KONGÓ

Fi 18/5 kl. 20 Mi 24/5 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR

NAGLINN

Fi 1/6 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING

TENÓRINN

Fi 18/5 kl. 20 Lau 27/5 kl. 20
AÐEINS ÞESSAR SÝN.

HLÁTURHÁTIÐ

HLÁTURHÁTÍÐARVIÐBURÐIR

Fi 18/5 kl. 22:30
LEiKTU FYRIR MIG MIÐAVERÐ 1.000
Leikarar leika eftir pöntun þín uppáhaldsatriði úr Áramótaskaupunum.

Fi 25/5 kl. 22:30
BANANABIKARINN MIÐAVERÐ 1.000
Leikarar frá Leikfélagi Reykjavíkur og Leikfélagi Akureyrar, keppa í leikhússporti

Su 28/5 kl. 20:00
HLÁTURNÁMSKEIÐ MIÐAVERÐ 1.000
Ásta Valdimarsdóttir og Kristján Helgason kenna hláturjóga.

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is










Búðu þig undir
ANDVÖKUNÓTT!
Nýr spennutryllir
eftir metsöluhöfundinn
James Patterson
KOMIN ÚT
JAMES PATTERSON
4. JÚLÍ
SPENNUTRYLLIR
„Eins og venjulega býður höfundur lesendum upp á hraðskreiða atburðarás sem heldur lesandanum vakandi langt fram eftir nóttu.“ TheRomanceReadersConnection.com
JPV ÚTGÁFA

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is



## CANNES ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON BLOGGAR FRÁ KVIKMYNDAHÁTÍÐINNI Í CANNES

# *Biðin brátt á enda*

Það er eitthvað klikkað og ólýsanlegt við kvikmyndahátíðina í Cannes en þegar hún hefst sturlast þessi huggulegi svefnbær við Miðjarðarhafsströndina gersamlega. Lætin byrja í dag þannig að maður var hálf utangátta hérna í gær þegar það var nákvæmlega ekkert við að vera. Fyrri hluti dagsins fór í að hlaupa milli umboðsskrifstofa og bóka blaðamannafundi og viðtöl. Ekki beint skemmtilegt en Frakkarnir eru ekkert að hata skriffinnskuna og ætli maður að eiga öruggt sæti á fundum eða gera sér vonir um huggulega stund með Penelope Cruz í bakgarði einhvers lúxushótels er ekki um annað að ræða en láta sig hafa þetta. Þegar ég kom hingað í fyrra var hátíðin byrjuð og maður tapaði sér umsvifalaust í klikkuðu mannhafinu. Fínt að koma svona áður en lætin byrja og ná áttum þótt maður finni fyrir einhverjum undarlegum óróa innra með sér þar sem maður veit að fárviðrið er handan við hornið. Biðin eftir fjöri dagsins í dag var svo stytt á pöbbarölti með íslenskum ferðafélögum sem eru ekki af verri endanum og eðal-Bretum sem eru uppteknari af næsta fótboltaleik en hátíðinni sjálfri. Umræðuefnið var auðvitað fyrst og fremst bíómyndir og þessi einkennilega ráðstefna tilnefndi Stjörnustríð, The Shawshank Redemption, Angel Heart, The Big Sleep og Planes, Trains and Automobiles sem bestu myndir allra tíma. Greinilegt að við höfum ekki hundsvit á bíómyndum og ættum að vera alls staðar annars staðar en í Cannes. Þegar menn voru farnir að keppast um hver gæti þulið upp flestar setningar úr Highlander gerði ég mér svo grein fyrir að það væri tímabært að pakka í vörn og fara í háttinn.



**LUKE SKYWALKER** Stjörnustríð var valin ein af bestu myndum sögunnar.



**CANNES** Litli strandbærinn umbreytist þegar tugir kvikmyndastjarna mæta á staðinn.

# Meiri taugar til Arsenal en íslenska landsliðsins

**Arsenal og Barcelona mætast á Stade de France-vellinum í París í kvöld í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu. Tugir Íslendingar verða viðstaddir leikinn, þar á meðal sjö frækrir Eyjamenn. Freyr Bjarnason ræddi við einn þeirra, Tryggva Má Sæmundsson.**

Þeir Íslendingar sem verða viðstaddir leikinn í kvöld munu vafalítið njóta stemningarinnar til hins ítrasta innan um áttatíu þúsund áhorfendur í París. Á meðal þeirra eru sjö Eyjamenn sem ætla að láta drauminn rætast og sjá hetjurnar sínar í Arsenal berjast við að halda bikarnum í Englandi, sem Liverpool vann á eftirminnilegan hátt á síðasta ári.

Einn sjömenninganna, Tryggvi Már Sæmundsson, er vitaskuld orðinn gríðarlega spenntur fyrir leiknum og segist telja niður klukkutímana fram að leik. „Ég held að stemningin verði ólýsanleg. Þetta byrjaði með festivali í París á föstudag og síðan verður annað eins fyrir utan völlinn fyrir þá sem eru ekki með miða,“ segir Tryggvi Már og bætir því við að miðar á völlinn séu að seljast á hátt í 300 þúsund krónur á svörtum markaði. „Það yrði ansi freistandi að kveðja félagana fyrir leik og segjast ætla að hitta þá eftir leikinn og selja síðan miðann sinn en nei, nei,“ segir hann í léttu gríni.

„Þetta gerir maður aðeins einu sinni á ævinni. Maður er búinn að bíða eftir þessu í tuttugu ár. Ég er að vinna með Liverpool-manni sem nagar sig mikið í handarbökin að hafa ekki farið á úrslitaleikinn í fyrra og ég ætlaði ekki að láta það sama gerast hjá mér.“

Á bilinu fjórutíu til fimmtíu Eyjamenn eru meðlimir Arsenalklúbbsins á Íslandi, sem hlýtur að teljast góður árangur í ekki stærra bæjarfélagi. Hittast þeir reglulega á hverri leiktíð til að fara yfir málin auk þess sem ferðir til Englands hafa verið á dagskrá. Síðast sáu þeir leik Arsenal og Tottenham þar sem Spánverjinn Reyes skoraði sigurmark Arsenal.

Tryggvi, sem hefur verið Arsenal-maður síðan hann man eftir sér, býst við stórskemmtilegum leik í kvöld. „Við vinnum 3-2. Henry verður með tvö og annar hvor Spánverjinn með þriðja markið. Mér er alveg sama hverjir skora fyrir hina.“

Hann vill ekki meina að ferðin yrði ónýt ef Arsenal myndi tapa leiknum. „Nei, maður er þá alla vega búinn að upplifa stærsta leikinn í Evrópu. Ég hefði mun frekar viljað fara þarna heldur en á úrslitaleikinn í HM. Ég ber meiri taugar til Arsenal heldur en nokkurs annars landsliðs, meira að segja íslenska landsliðsins,“ segir hann svellkaldur og greinilegt að þarna er á ferðinni alvöru „Nalli“.

Leikurinn í kvöld verður sýndur beint á Sýn og hefst kl. 18.45. Það má einnig sjá hann á öllum helstu sportbörum landsins, þar sem stemningin verður án efa rosaleg.

freyr@frettabladid.is



**TIL Í SLAGINN** Frá vinstri: Ragnar Þór Jóhannsson, Yngvi Borgþórsson, Baldvin Sigurbjörnsson, Sigurður Bragason, Jóhann Ragnarsson og Tryggvi Már Sæmundsson. Á myndina vantar Kjartan Frey Stefánsson. Þeir telja nú klukkustundirnar fram að leik Arsenal og Barcelona á Stade de France-vellinum í París.



**Í RÉTTA GALLANUM** Að sjálfsögðu verða þeir Eyjafélagar í rétta gallanum þegar flautað verður til leiks í París.



**GUÐNÝ HILMARSDÓTTIR OG JORDI** Þau Guðný og Jordi ætla að fylgjast með úrslitaleik Arsenal og Barcelona í góðra vina hópi í kvöld.

# Vonast eftir samba frá Ronaldinho

Guðný Hilmarsdóttir ljósmyndari hefur búið í átta ár í Barcelona. Sambýlismaður hennar heitir Jordi Pujola og er að sjálfsögðu eldheitur stuðningsmaður Börsunga.

„Það er nú ekki komin nein stemning núna nema að fólk talar um þetta og vonar að Barcelona vinni. Menn eru eiginlega vissir um það,“ segir Guðný um andrúmsloftið í borginni fyrir úrslitaleik Arsenal og Barcelona í Meistaradeildinni í fótbolta í kvöld. „Barcelona er búið að ganga vel undanfarið og það býður enginn í það annað en að liðið vinni,“ segir hún.

Guðný og fjölskylda hennar ætla að sjálfsögðu að horfa á leikinn í kvöld. „Það verður borðaður góður matur og horft á leikinn, bæði konur og karlar. Allir þeir sem horfa vanalega ekki á fótbolta munu horfa á hann. Ég horfi ekki mikið sjálf nema það sé „spes“ leikur,“ segir hún.

Jordi, sambýlismaður Guðnýjar, á ársmiða á heimaleiki Barcelona sem fara fram á hinum stórglæsilega velli Nou Camp. Fyrir skömmu sá hann Chelsea koma þangað í heimsókn og gera jafntefli við Barca í áttaliða úrslitum Meistaradeildarinnar og skemmti sér að vonum vel. Sjálf hefur Guðný farið á Nou Camp og segir hún stemninguna þar óviðjafnanlega. „Það er rosalega gaman að fara á leiki sem eru merkilegir því það er svo mikil stemning. Að sjá Ronaldinho taka samba þegar hann er búinn að skora er óborganlegt.“

- fb

RÉTTARHOLTSSKÓLINN

**Réttarholtsskóli 50 ára**

Laugardaginn 20. maí verður þess minnst að 50 ár eru liðin síðan Réttarholtsskóli tók til starfa. Afmælishátíðin hefst kl. 12:30 og eru allir Rétthyltingar og hverfisbúar hjartanlega velkomnir. Þungamiðja hátíðahaldanna verða tónleikar þar sem fram koma fjöldamargar hljómsveitir skipaðar fyrrverandi eða núverandi nemendum skólans. Elsta hljómsveitin er Toxic sem margir muna eftir frá 7. áratugnum, en sú yngsta er Tímasóun skipuð nemendum í 9. bekk. Nánar á www.retto.is

# Tvöföld plata frá Johnny Cash

Platan Personal File með kántrígoðsögninni Johnny Cash kemur út mánudaginn 22. maí. Hún verður tvöföld og mun innihalda 49 áður óútgefin lög með Cash sem voru að mestu tekin upp í júlí 1973. Þá stoppaði Johnny við í nokkra daga í hljóðveri sínu í Tennessee til að taka upp gospel- og sveitatónlist, bæði frumsamda og lög eftir aðra eins og Louvinbræður og Johnny Horton.

Upptökurnar höfðu verið öllum glataðar síðan þá, en árið 2004 fóru þeir John Carter Cash, sonur Johnny, og Steve Berkowitz hjá Legacy Records að gramsa í gömlum upptökum og fundu þessi lög.

Á meðal þess sem enn á eftir að gefa út með Cash eru prufuupptökur frá því Cash var hjá Sun-plötufyrirtækinu og upptökur úr sjónvarpsþáttaröðinni The Johnny Cash Show.

Þá verður platan Johnny Cash - Children's Album endurútgefin í dag, en hún kom fyrst út árið 1975.



**JOHNNY CASH** Tvöföld plata frá sveitasöngvaranum goðsagnakennda Johnny Cash kemur út á mánudag.


UTANGARÐSMENN
EGO
DAS KAPITAL
MX-21
GCD
BUBBI 06.06.06
AFMÆLISTÓNLEIKAR 6. JÚNÍ Í LAUGARDALSHÖLLINNI
Fram koma helstu hljómsveitir Bubba í gegnum tíðina: Utangarðsmenn, EGO, Das Kapital, MX–21, GCD og svo hann sjálfur með kassagítarinn. Einnig koma fram aðrir þekktir listamenn sem munu taka lög eftir afmælisbarnið. **Ekki missa af þessum einstaka tónlistarviðburði,** aðeins örfáir miðar eftir!
**Miðasala í verslunum Og Vodafone.**
Miðaverð: 4.900 kr. í stæði. UPPSELT Í SÆTI
Nánari upplýsingar á www.ogvodafone.is, þjónustuver 1414.
GLITNIR
og vodafone
Heyrumst!
Gaman að byrja
Að sjúga rokk og ról
Engir venjulegir tónleikar ...
Bubbi, rokkari eða trúbadúr?
Bubbi kóngur markaðsbyggjunnar

# Bono ritstjóri The Independent í einn dag

Írska rokkstjarnan Bono, söngvari U2, var gestaritstjóri enska dagblaðsins The Independent sem kom út í gær.

Dagblaðið samþykkti að gefa helming tekna sinna þann daginn til baráttunnar gegn alnæmi í Afríku. Bono, sem hefur alla tíð barist fyrir bættum hag í Afríku, tók viðtöl við Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, Gordon Brown, utanríkisráðherra Bretlands, Hugo Chaves, forseti Venezuela, og Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Rice var beðin um að velja tíu uppáhaldslögin sín. Nefndi hún píanókonsert Mozart í D-dúr, Rocket Man eftir Elton John og að sjálfsögðu hvað sem er með U2.

Blair, sem ætlar að einbeita sér nánar að málefnum Afríku í framtíðinni, sagði að heimsálfan vilji standa á eigin fótum en þurfi hjálp annars staðar frá í millitíðinni til að takast ætlunarverk sitt.

Bono tók jafnframt viðtal við grínistann Eddie Izzard, sem var með uppistand á Broadway á síðasta ári, auk þess sem Stella McCartney, dóttir Bítilsins Paul, tók viðtal við tískuhönnuðinn Giorgio Armani.

Forsíða blaðsins var hönnuð af listamanninum Damien Hirst. Þar stóð með stórum stöfum að engar fréttir væru í blaðinu en með litlum stöfum neðst: „Aðeins 6.500 Afríkubúar dóu af völdum sjúkdóma sem er hægt að koma í veg fyrir og halda í skefjum (HIV/AIDS).“

Í leiðara sínum ræddi Bono um hvað almenningur gæti lagt af mörkum til að bæta ástandið í Afríku. „Á þessari stundu treystir fólk, sem þú munt aldrei hitta og mun aldrei geta þakkað þér, á þig til að útvega sér lífsnauðsynleg lyf með því að kaupa þetta blað,“ sagði hann.

Auk þess að ritstýra The Independent kynnti Bono á mánudag nýjan eldrauðan farsíma undir merkinu Red. Munu tekjur af honum renna til baráttunnar gegn alnæmi í Afríku.



**BONO** Bono heldur á nýja Red-farsímanum. Tekjur af honum renna til baráttunnar gegn alnæmi í Afríku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Silvía Nótt dregur sig úr sviðsljósinu

**Undankeppni Eurovision keppninnar er á morgun og þá stígur Silvía Nótt á sviðið fyrir hönd Íslands. Margt hefur gengið á og Gunnhildur Gunnarsdóttir hefur fylgst grannt með.**

Silvía Nótt mætti ekki í partí norrænu keppandanna í Eurovision í gær. Leikkonan þurfti hvíld frá kastljósi fjölmiðlanna. Silvía æfði ásamt Selmu í einkastúdíói síðdegis í gær.



**MIÐDEPILL ALHEIMSINS** Silvía naut mikillar athygli í veislunni og auk fjölmiðlanna fylgdi henni stór hópur tökumanna sem vinna með henni að gerð sjónvarpsþáttanna á Skjá einum.

Jónatan Garðarsson, sem fer fyrir íslensku sendinefndinni, segir að það hafi verið sameiginleg ákvörðun hennar og hópsins í kringum Silvíu að hún hvíldi sig í gær, svo hún gæti mætt á æfinguna í dag og sungið villulaust á fimmtudaginn.

„Ef hún hefði þurft að gera sig klára fyrir veisluna hefði hún orðið að byrja að undirbúa sig klukkan átta í morgun,“ sagði Jónatan: „Við mátum það svo að skynsamlegra væri að hún hvíldi sig.“

Sögusagnir um veikindi stjörnunnar komust fljótt á kreik. Velti fólk vöngum yfir því hvort Silvía væri í raun veik og taldi líklegra að þetta væri einungis ein af kenjum hennar. Eftir partíið var á vörum nokkurra sænskra fjölmiðlamanna að Ágústa Eva Erlendsdóttir, sem túlkar Silvíu, hefði verið flutt á sjúkrahús með niðurgang.

Þar sem Silvía mætti ekki voru allra augu á Carolu. Hún söng lögin sín þrjú úr keppninni, það nýjasta, Fångad av en Stormvind og Främlig. Carola naut einnig mestrar athygli allra keppenda í veislu borgarstjórans kvöldinu áður. Um þrjátíu ljósmyndarar fylgdu henni hvert fótmál. Silvía fékk einnig sína athygli í veislu borgarstjórans, en þó helst frá tökuliðinu í kringum þáttinn hennar og íslenskum ljósmyndurum, en aðrir fylgdu henni einnig spölkorn úr leið í stuttu stoppi hennar í veislunni. Silvía naut einnig athygli fólksins utan girðingarinnar, sem skildi af almenning og veislugesti. Það kættist við að sjá hana þrátt fyrir neikvæða fjölmiðlaumfjöllun hér í Grikklandi.



**REYKJANDI Í SVIÐSLJÓSINU** Silvía var umlukin ljósmyndurum og myndatökuvélum eftir að hún mætti í veislu borgarstjóra Aþenu. Hún kom fjórtíu mínútum eftir að veislan byrjaði, tók stóran hring um veislusvæðið og kvaddi, vel rúmum hálftíma síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kraftur
og hugmyndir

Tryggjum Karli og Bryndísi
sæti í bæjarstjórn



Menningar- og baráttusamkoma
Vinstri-grænna í Hlégarði
miðvikudaginn 17. maí kl. 20.30

Jón Gnarr fer með gamanmál
Biggi Haralds og Frikki Halldórs
flytja frumsamin lög
Steingrímur J. Sigfússon
verður sérstakur gestur samkomunnar
Jasskvintett K. Tomm
skipaður einvalaliði hljóðfæraleikara
slær botninn í samkomuna með einstökum flutningi
á Bítlalögum í jassútsetningum.
Í hljómsveitinni eru: Reynir Sigurðsson, marimba,
Birgir Bragason, bassi, Guðmundur Steingrímsson, trommur,
Sigurgeir Sigmundsson, gítar og Karl Tómasson, söngur.







Kynnir: Bjarki Bjarnason formaður VG í Mosfellsbæ.
Ávörp flytja frambjóðendurnir
Karl Tómasson og Bryndís Brynjarsdóttir.

Allir velkomnir!!!

# Chanel bætir í flóruna

Eitt elsta tískumerki í heiminum, Chanel, hefur komið með tvær nýjar snyrtivörur á markaðinn. Fyrst ber að nefna nýja varaliti sem nefnast Rouge Allure; einstaklega smekklegt og vel hannað hulstrið kemur á óvart vegna þess að þeir eru í laginu eins og kúlupenni, þú ýtir á endann og þá poppar varaliturinn upp. Litirnir eru fallegir og með sérstakri satínáferð sem gefur vörunum næringu. Einnig er kominn nýr farði sem nefnist Pro Lumiére. Hann er þeim eiginleikum gæddur að endast frá morgni til kvölds og hann hylur vel en þó með léttri áferð. Gefur hann húðinni raka og næringu og hentar öllum húðgerðum. Sem hátískumerki hefur Chanel sett sóma sinn í að gera allar snyrtivörurnar sínar eins og aukahluti og er því hönnun þeirra falleg og þægileg til afnota.





**VARALITIR** fallegir og í skemmtilegum umbúðum FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sólóplata í júlí frá Yorke

Thom Yorke, söngvari bresku hljómsveitarinnar Radiohead, gefur í júlí út sína fyrstu sólóplötu, sem nefnist The Eraser. Radiohead hefur lengi verið meðal fremstu hljómsveita heims og þótt mjög frumleg í efnistökum. Yorke hefur lengi verið andlit hljómsveitarinnar út á við og því má vera ljóst að margir aðdáendur sveitarinnar bíða spenntir eftir þessari frumraun hans.

Upptökustjóri var Nigel Godrich, sem hefur unnið mikið með Radiohead í gegnum tíðina, meðal annars að OK Computer. „Þessi plata hefur verið í nokkur ár í undirbúningi og ég ákvað loksins að drífa hana af. Þetta er nokkuð sem mig hefur langað að gera í langan tíma,“ sagði Yorke á heimasíðu Radiohead. Bætti hann því við að tónlistin á plötunni væri bæði rafræn og taktföst.

Talið er að eitt lag á plötunni, Black Swan, verði að finna í kvikmyndinni A Scanner Darkly sem skartar Keanu Reeves og Winona Ryder í aðalhlutverkum. Er myndin byggð á skáldsögu Philip K. Dick. Radiohead er um þessar mundir á tónleikaferð um Evrópu. Eftir hana haldur sveitin áfram vinnu við sína nýjustu breiðskífu.



**THOM YORKE**
Söngvari Radiohead gefur út sína fyrstu sólóplötu í júlí.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Moss gaf koss

Kate Moss kyssti Jeminu Khan nýlega á góðgerðaruppboði en Moss bauð einnar mínútu koss á uppboðinu. Í fyrstu átti Moss að kyssa viðskiptamógúlinn Philip Green, eiganda Arcadia sem rekur meðal annars Topshop. Philip Green greiddi ein 60 þúsund pund fyrir koss Moss en kunni ekki við að taka við honum fyrir framan eiginkonu sína, Tinu. Hann bauð því manneskjunni sem var á eftir honum í röðinni en það var Jemina Khan, kærasta Hugh Grant.



**KATE MOSS**
Hún bauð koss sinn upp á uppboði nýlega og var það kærasta Hugh Grant sem fékk að kyssa hana.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Látunum í kringum rokkarann **Pete Doherty** ætlar seint að linna því nú hefur móðir hans stigið fram í sviðsljósið og ætlar að skrifa bók. Þar ætlar hún að fjalla um hvernig það er að horfa upp á son sinn breytast frá því að vera blíður afburðanemandi í frægasta eiturlyfjafíkil Bretlands. Með tilkomu þessarar bókar ætlar hún að draga fólkið sem lokkaði hann út í neysluna til saka. Doherty var einmitt nú á dögunum kosin næstmesti rokkari allra tíma, en í fyrsta sæti var goðið Kurt Cobain.



Búið er að bætast við flóru kryddbarna því fyrrverandi kryddstúlkan **Geri Halliwell** eignaðist stúlku um helgina. Móður og dóttur heilsast vel og eru þær enn á spítala í London eftir keisaraskurð. Móðir Geri var viðstödd fæðinguna en meintur barnsfaðir hennar, Sacha Gervasi, handritshöfundur frá Hollywood, var ekki á staðnum. Halliwell hefur aldrei viðurkennt opinberlega að hann sé faðir barnsins.



Leikkonan úr sjónvarpsþáttunum Vinum, Jennifer Aniston, og óskarsverðlaunahafinn **Gwyneth Paltrow** eru að fara að leika saman í mynd sem á að koma út árið 2008. Þetta verður spennumynd og á Aniston að leika skúrkinn, og er það í fyrsta sinn sem hún tekur þess konar hlutverk að sér. Leikkonurnar eiga það sameiginlegt að hafa báðar verið í langtímasambandi við hjartaknúsarann Brad Pitt sem á nú von á barni með leikkonunni og fegurðardísinni Angelinu Jolie.



**Jennifer Lopez** er með margt á sinni könnu en auk þess að vera leikkona og söngkona er hún með sína eigin fatalínu undir nafninu J.LO. Hún hefur nú ákveðið að bæta skóm við fatalínuna enda segist hún vera skósjúk eins og flestar konur og að ekkert fullkomni dressið betur en flottir skór. Þessi fjölhæfa leikkona hefur verið mikið í sviðsljósinu síðustu ár en hún er gift söngvaranum Marc Anthony.

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
vísir VEF TV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!











## FRÉTTIR AF FÓLKI

Það að hlusta á lög söngvarans **Robbie Williams** getur haft hvetjandi áhrif á heilastarfsemi barna þegar þau stunda nám, samkvæmt könnun sem gerð var í Austurríki nýlega. Tónlistin eykur einbeitingu og minnishæfni barna. „Það kom í ljós að Robbie og Anastacia hafa bestu áhrif á lærdómsgetu ungs fólks,“ sagði stjórnandi könnunarinnar, Konrad Zimmermann. „Klassísk tónlist hefur hingað til verið talin góð á sama hátt en hún passar ekki fyrir ungt fólk í dag. Þau verða að þekkja og fíla tónlistina til þess að hún hafi góð áhrif á lærdómsgetu þeirra.“



**Keith Richards** er tilbúinn til að fara á tónleikaferðalög með The Rolling Stones samkvæmt eiginkonu Ronnie Wood, félaga hans í hljómsveitinni. Richards var útskrifaður frá sjúkrahúsi á Nýja-Sjálandi eftir skurðaðgerð. „Já, hann lenti í slysi en Keith er sterkur eins og uxi. Hann verður fljótur að jafna sig eins og alltaf,“ sagði Jo Wood. „Tónleikaferðalagið heldur áfram en því hefur seinkað dálítið.“



**Victoria Beckham** segir Kate Moss vera fyrirmynd sína í tískunni en Victoria hannar sína eigin línu af gallabuxum fyrir Rock Republic. „Ég elska Kate Moss, hún er án nokkurs vafa tískufyrirmynd mín. Ég er mikill aðdáandi hennar og mér hefur alltaf þótt hún líta stórkostlega út.“ Báðar hafa stúlkurnar klæðst fötum fyrir tískuhönnuðinn Roberto Cavalli.



**Pamela Anderson** hvetur aðdáendur sína til að gerast grænmetisætur í tilefni af Ameríska fullnægingardeginum sem er á sunnudaginn næsta. „Ef þið viljið fá eins góða fullnægingu og mögulegt er, gerist þá grænmetisætur,“ segir Pamela, sem einnig er talsmaður PETA. „Kjöt stíflar ekki einungis æðar sem fara til hjarta ykkar heldur einnig æðar í öðrum mikilvægum líffærum. Besta kynlífsráðið er því að gerast grænmetisæta.“









FRUMSÝNING




## ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE SHAGGY DOG | KL. 3:40-5:50-8:30-10:40 | |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 3:30-6-8-10:40 | B.I. 14 |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 VIP | KL. 5:30-8-10:30 | |
| SCARY MOVIE 4 | KL. 4-6-8-10:10 | B.I. 10 |
| FAILURE TO LAUNCH | KL. 4-6-8-10:10 | |
| FIREWALL | KL. 6-8:15-10:40 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 4 | |

ÁLFABAKKI S: 587-8900




## KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE SHAGGY DOG | KL. 8-10 | |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 8-10:20 | B.I. 14 |

## AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE SHAGGY DOG | KL. 6-8 | |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 5:40-8-10:20 | B.I. 14 |
| SCARY MOVIE 4 | KL. 10 | B.I. 10 |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170










## KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| MISSION IMPOSSIBLE 3<br>SÝND Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ | KL. 5:30-8-10:40 | B.I. 14 |
| THE SHAGGY DOG | KL. 5:50-8-10:10 | |
| THE INSIDE MAN | KL. 5:30-8-10:40 | B.I. 16 |

THE DA VINCI CODE

FORSALAN Á THE DA VINCI CODE ER HAFIN!

KRINGLAN S: 588-0800







| | | |
|---|---|---|
| THE SHAGGY DOG | KL. 6-8-10 | |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 6-8-10 | B.I. 14 |
| SCARY MOVIE 4 | KL. 6 | B.I. 10 |
| FIREWALL | KL. 5:45-8 | B.I. 16 |
| V FOR VENDETTA | KL. 10:10 | B.I. 16 |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


# FRÉTTIR AF FÓLKI

Frægasti Íslendingurinn, hún **Björk Guðmundsdóttir**, lenti í kröppum dansi um helgina þegar hún var að fara að spila á skemmtistað í London. Dyraverðirnir þekktu hana ekki og neituðu að hleypa henni inn, en það endaði með því að hún varð að banka á gluggann á staðnum til að ná athygli vina sinna svo henni yrði hleypt inn. Samkvæmt blaðinu the Daily Mirror var tók Björk þessu bara vel og var hún ekki með neina stjörnustæla.



**Daniel Craig** var neyddur í megrun eftir að hafa verið full gráðugur í tékkneska matargerð þegar tökulið nýjustu Bond-myndarinnar, Casino Royale, var statt í höfuðborg landsins Prag. Craig hafði komið sér í gott form áður en tökur hófust en það hvarf eins og dögg fyrir sólu þegar slaknaði á aðhaldinu. Framleiðandi Bond-myndanna, **Barbara Broccoli**, réð sérstakan einkaþjálfa til að koma leikaranum aftur í það form sem hæfir kvennaljómanum James Bond. Casino Royal verður frumsýnd í nóvember en þetta er frumraun Craigs sem James Bond.



Fyrrverandi stjarnan úr sjónvarpsþáttaröðinni Baywatch, **Carmen Electra**, sýnir á sér nýja hlið í myndbandi rokkstelpunnar **Joan Jett**. Þar leika hún og Jett lesbíupar en fyrr á þessu ári kom þessi þrýstna leikkona út með þá yfirlýsingu að hún væri skotin í Joan og ef hún væri samkynhneigð myndi hún vilja vera með rokkaranum Jett. Hver veit hvort Electra ákveður að snúa sér að konum en hún er fræg fyrir að hafa verið með ólatabelgjum á borð við **Dennis Rodman**, körfuboltamanni og partýljóni, en þau voru saman um nokkurra ára skeið.



Leikkonan **Eva Longoria** var valinn kynþokkafyllsta kona Bandaríkjanna af tímaritinu Maxims. Longoria er fyrsta konan til að tróna á toppnum tvö ár í röð og var hún spurð að því hvað kærasta hennar, T**ony Parker**, fyndist um þessa viðurkenningu. Svaraði hún að hann hefði einungis fengið staðfestingu á því sem hann þegar vissi. Longoria skaust upp á stjörnuhimininn í kjölfar vinsælda þáttaraðanna Aðþrengdar eiginkonur eða Desparate Housewives.




Síminn



Fáðu þér
Da Vinci
síma



Sony Ericsson Z300i

**11.980 kr.**

- Fallegur samlokusími
- Ytri skjár
- Valmyndakerfi á íslensku
- Vekjari og dagbók



Sony Ericsson W810i

**37.980 kr.**

- 2.0 megapixel myndavél
- Walkman MP3 spilari
- 512 MB minni
- Íslensk valmynd

Sony Ericsson

www.siminn.is/davinci



## Skallarnir að semja

Skallagrímsmenn hafa gert nýja tveggja ára samninga við Makedónana Dimitar Karadzovski og Jovan Zdravevski. Þeir léku báðir lykilhlutverk hjá Skö llunum sem töpuðu í úrslitarimmunni fyrir Njarðvík í körfunni. Þá er líklegt að George Byrd komi aftur til liðsins en hann hefur gefið velyrði fyrir því að koma aftur.

**sport**

sport@frettabladid.is

KNATTSPYRNUKAPPINN GYLFI EINARSSON: HEFUR ÁTT ERFITT UPPDRÁTTAR HJÁ LEEDS AÐ UNDANFÖRNU

# *Framtíð mín hjá Leeds er í óvissu*

Leeds United spilar einn stærsta leik í sögu félagsins á sunnudaginn þegar liðið mætir Watford í hreinum úrslitaleik um laust sæti í ensku úrvalsdeildinni á næstu leiktíð. „Mér er sagt að enginn leikur í heiminum sé jafn mikilla peninga virði, það er talað um að Leeds fái 5,2 milljarða ef liðið fer upp. Það yrði því engin pressa á neinum í vítaspyrnukeppni ef það kæmi til þess," sagði Gylfi í kaldhæðnistón við Fréttablaðið í gær.

Gylfi er að fara að gifta sig í sumar og tóku félagar hans sig til og steggjuðu hann rækilega á Íslandi um síðustu helgi. Gylfi kvaðst hafa skemmt sér konunglega en nú taki alvaran við.

Hann viðurkennir þó að það sé erfitt að sitja á hliðarlínunni þegar kemur að slíkum leikjum en hann hefur vermt varamannabekkinn undanfarið. Það verður því að teljast ólíklegt að hann fái sæti í liðinu um helgina.

„Þetta hefur verið pirrandi, ég er í fínu formi en hef nánast ekkert fengið að spila. Það veltur mikið á þessum leik en framtíð mín er í óvissu. Ég hef ekki áhuga á því að halda áfram ef þetta á að vera eins og á seinni parti tímabilsins, en ég spilaði reyndar mikið á þeim fyrri," sagði Gylfi, sem gæti hugsað sér til hreyfings í sumar.

„Það gæti því verið að maður fari á láni eitthvert en þetta verður bara að koma í ljós, maður verður að spila eitthvað. Ég ætla svo að æfa vel í sumar og halda mér í formi og koma svo tvíefldur til leiks næsta tímabil," sagði Gylfi Einarsson en það verður að teljast líklegt að kappinn yfirgefi herbúðir enska félagsins á næstu misserum.



## > Grindavík fær markmann

Grindvíkingar hafa fengið til sín 26 ára gamlan markmann frá Skotlandi, Colin Stewart að nafni. „Það var nauðsynlegt að fá nýjan markmann og gott að fá samkeppni í stöðuna. Það er líka frábært að fá markmannsþjálfara fyrir alla flokka í félaginu, hann hefur reynslu af því að þjálfa. Þá þekkir hann David Hannah sem kom til okkar um daginn, þeir geta því búið saman og það er flott fyrir Colin að hafa einhvern hérna sem hann þekkir," sagði Sigurður Jónsson, þjálfari Grindvíkinga við Fréttablaðið í gær. Líklegt er því að Stewart taki stöðu Helga Más Helgasonar samstundis í markinu en hann hefur verið vægast sagt óstöðugur í undanförnum leikjum.



Norski fótboltinn:

## Ólafur Örn skoraði

**FÓTBOLTI** Grindvíkingurinn Ólafur Örn Bjarnason skoraði sigurmark Brann í gær sem lagði Tromsö, 2-1, í norsku úrvalsdeildinni. Félagi hans í vörninni, Kristján Örn Sigurðsson, var valinn maður leiksins en þeir félagar hafa verið að leika mjög vel fyrir Brann, sem er enn ósigrað í deildinni og situr í öðru sæti.

Hinn sautján ára gamli Birkir Bjarnason lék í 85 mínútur fyrir Viking sem vann Sandefjord, 1-0, og Veigar Páll Gunnarsson var í byrjunarliði Stabæk sem tapaði fyrir Fredrikstad, 2-1. **- hbg**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

14 15 16 **17** 18 19 20

**Miðvikudagur**

**LEIKIR**

- 17.00 **Ísland** og **Holland** mætast í vináttulandsleik í handbolta kvenna.

**SJÓNVARP**

- 16.55 **Landsleikur í handbolta** á RÚV. Bein útsending.
- 17.30 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn.
- 18.00 **Úrslitaleikur Meistaradeildar Evrópu** á Sýn.
- 22.20 **Íþróttakvöld** á RÚV.

# Vinstri fóturinn er hættulegt vopn

**Stig Krohn Haaland, leikmaður Breiðabliks, er leikmaður 1. umferðar Landsbankadeildar karla að mati Fréttablaðsins. Haaland var traustur í vinstri bakverðinum gegn Val og góðar spyrnur hans vöktu einnig athygli.**

**FÓTBOLTI** Norðmaðurinn Stig Krohn Haaland vakti verðskuldaða athygli í góðum 2-1 sigri Breiðabliks á Val í fyrradag. Haaland lagði meðal annars upp fyrsta mark Blika, sem Guðmann Þórisson skoraði, með hnitmiðaðri hornspyrnu. Haaland tók alls tólf slíkar í leiknum, allar þær hornspyrnu sem Breiðablik fékk, ásamt því að taka nánast allar aukaspyrnur liðsins fyrir framan miðju.

LEIKMAÐUR UMFERÐARINNAR

„Vinstri fóturinn er mitt hættulegasta vopn og það er því ekkert nýtt fyrir mér að taka flestar aukaspyrnur fyrir mitt lið," sagði Haaland við Fréttablaðið í gær. „Í gegnum tíðina hef ég æft spyrnutæknina mikið og oft er ég einn fyrir eða eftir æfingar að sparka í boltann. Mér finnst gaman að taka spyrnur og enn skemmtilegra að skora úr einni slíkri," sagði Haaland og hló en hann hefur verið þekktur fyrir það í gegnum tíðina að skora mikið beint úr aukaspyrnum, þó svo að íslenskir áhorfendur hafi enn ekki fengið að kynnast því. „Það er rétt en ég ætla ekki að gorta af því fyrr en ég er búinn að setja hann fyrir Breiðablik. Það hlýtur að gerast fyrr en síðar," sagði Haaland og glotti.

Haaland kemur til Breiðabliks frá Haugesund í Noregi, hans uppeldisfélagi, en á sínum ferli hefur Haaland komið víða við og meðal annars spilað með liðum eins og Aarhus í Danmörku og Ham Kam og Brann í Noregi. „Ég er þrítugur og það er því farið að síga á seinni hluta ferilsins og mig langaði að prófa aftur að spila utan Noregs. Þess vegna stökk ég á tækifærið með Breiðablik þegar það gafst," segir Haaland en kunningi hans mælti með honum við Arnar Bill Gunnarsson, aðstoðarþjálfara Breiðabliks, þegar þeir hittust á þjálfararáðstefnu í Kaupmannahöfn. Haaland kom til landsins á reynslu, stóð sig vel og fékk samning.

„Það er búið að vera æðislegt að vera hér, landið er fallegt og strákarnir í liðinu eru allir frábærir. Ég er mjög ánægður," sagði Haaland en þess ber að geta að hann er ekki skyldur hinum góðkunna Alf Inge Haaland, sem margir knattspyrnuáhugamenn kannast við frá enska boltanum. Haaland hló þegar þeirri spurningu var varpað á hann. „Ég hef fengið hana nokkrum sinnum. Svarið er nei, það eru engin ættartengsl á milli okkar en við erum ágætis kunningjar og hann er drengur góður." **- vig**



**FRÁBÆR SPYRNUMAÐUR** Stig Krohn Haaland skapaði oft usla í vörn Vals með baneitruðum sendingum sínum. Haaland er leikmaður 1. umferðar Landsbankadeildarinnar hjá Fréttablaðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR




**LIÐ UMFERÐARINNAR**

**RUMBA** MBA ALUMNI HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

RUMBA félagsmenn!
Munið að skrá ykkur á árshátíðina

***Framtíð þjóðar og leitin að hagvextinum!***

Gyllta salnum Hótel Borg 19. maí 2006



*Dagskrá*

19:30 Fordrykkur
20:00 Setning - **Guðbrandur Örn Arnarson** formaður RUMBA
20:20 Forréttur
Hörpuskel. Steikt, með kampavíns saffran eggjasósu, kerfill, fínt skornu soðgrænmeti á stökku smjördeigi
20:30 **Hreiðar Már Sigurðsson** forstjóri KB banka
21:00 Aðalréttur
Lambahryggur með alicot kartöflumús, rófum, gulrótum, hvítlauk og lambasoðsgljáa
21:20 **Andri Snær Magnason** rithöfundur
22:00 Eftirréttur
Heit súkkulaðikaka með vanillubaunaís og hnetuolíu, ferskum hindberjum og karamellu-tonka piparsósu
22:20 Frjálsar umræður
Veislustjóri: **Egill Helgason** fjölmiðlamaður og silfureigandi

Skráning á **rumba@ru.is**
**Gefið upp nafn og útskriftarár**
Verð aðeins 4900 kr.

BAUGUR GROUP · WÜRTH

Sagan endalausa um Eið Smára Guðjohnsen:

## Nú er það Newcastle

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen var í gær orðaður við Newcastle í nokkrum ensku dagblaðana og er sagt að félagið sé tilbúið að greiða 4,5 milljónir punda fyrir íslenska landsliðsfyrirliðann.

Í vikunni var Eiður orðaður við Hearts í Skotlandi en Arnór Guðjohnsen, faðir og umboðsmaður Eiðs, segir að hann hafi engan áhuga á því að spila í Skotlandi. „Við höfum ekkert heyrt af áhuga Hearts og ég held að Skotland sé ekki vettvangur sem Eiður hefur áhuga á," sagði Arnór við Edinburgh Evening News. **- hþh**



**EIÐUR SMÁRI** Langar ekki til Skotlands.

MESTA ÚRVAL LANDSINS
AF GLÆSILEGUM HJÓLHÝSUM OG HÚSBÍLUM




LMC YFIRBURÐIR
VIÐ TÖKUM VAGNINN ÞINN STRAX UPPÍ NÝJAN
GÆÐI OG GÓÐ ÞJÓNUSTA!
VÍKUR VERK
www.vikurverk.is TANGARHÖFÐA 1 SÍMI 557 7720

Tvöfaldur pottur 2

390 milljónir

120+270

1. vinningur

Kaupir Íslendingur vinningsmiðann?

Hugsaðu stórt, farðu í víking

BÓNUS-VINNINGUR 2 MILLJÓNIR

Potturinn stefnir í 120 milljónir. Ofurpotturinn stefnir í 270 milljónir og bónusvinningurinn í 2 milljónir.

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!

lotto.is

Vertu með fyrir kl. 16.

ENNEMM / SÍA / NM21769



**STEMMNING Í PARÍS** Það verður líf og fjör í allan dag á götum Parísarborgar. Þessi hressi stuðningsmaður Barcelona var að hita upp fyrir leikinn fyrir framan Eiffelturninn þegar ljósmyndara bar að garði. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Annar línuvarðanna í kvöld:

## Myndaður í treyju Barca

**FÓTBOLTI** Ole Hermann Borgan, annar línuvarðanna í úrslitaleik Meistaradeildarinnar í kvöld, stillti sér upp í myndatöku á mánudaginn. Það væri ekki í frásögur færandi nema að hann var í treyju Barcelona á myndinni, sem birtist í norskum fjölmiðlum í gær.

„Þetta var mjög heimskulegt af mér og ég biðst afsökunar. Eitthvað svona á alls ekki að eiga sér stað. Ég var ekki að hugsa þegar ég gerði þetta,“ sagði Borgan en Barcelona mætir Arsenal í leiknum.

„Þetta mun þó ekki hafa nein áhrif á leikinn fyrir mig. Ég mun gæta fyllsta hlutleysis, Arsenal þarf ekki að hafa neinar áhyggjur,“ bætti Borgan við en málið er hið vandræðalegasta fyrir norska tríóið. - hþh

# Einvígi Ronaldinho og Henry

**Stórleikur ársins í Evrópuboltanum fer fram í París í kvöld þegar spænska liðið Barcelona og enska liðið Arsenal mætast í úrslitum Meistaradeildarinnar. Í leiknum mætast tveir bestu knattspyrnumenn heims, Ronaldinho og Thierry Henry, og er leiknum stillt upp sem einvígi þeirra í millum.**

**FÓTBOLTI** Mikið verður um dýrðir í París í kvöld þegar lið Arsenal og Barcelona ganga út á Stade de France leikvanginn í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu. Bæði lið eru ósigruð í keppninni, en átta sigrar og fjögur jafntefli úr tólf leikjum er uppskera þessa stórliða. Bæði lið ættu að geta stillt upp sínum sterkustu liðum, engir leikmenn eru meiddir og engir í banni.

Augu flestra verða á tveim leikmönnum í kvöld, Thierry Henry hjá Arsenal og Ronaldinho hjá Barcelona. Carles Puyol, fyrirliði Katalónanna, verður maðurinn sem fær það öfundsverða hlutverk að stöðva Henry. „Það er ekki hægt að einbeita sér bara að einum leikmanni, þeir hafa á frábæru liði að skipa. Vissulega er Henry þó stórkostlegur leikmaður,“ sagði Puyol.

Frank Rijkaard getur orðið einn af fimm mönnum sem hafa unnið Meistaradeildina sem leikmaður og þjálfari. Miguel Munoz, Giovanni Trapattoni, Johan Cruyff og Carlo Ancelotti hafa afrekað það en Rijkaard varð meistari árin 1989, 1990 og 1995. „Mér er alveg sama hvað heimurinn segir, það er hvorugt liðið sigurstranglegra í leiknum í kvöld,“ sagði Rijkard en flestir telja líklegra að spænska liðið fari með sigur af hólmi.

„Þetta er einn leikur þar sem allt er lagt undir. Spennustigið er mjög hátt fyrir leik á borð við þennan og það er allt á fullu hjá öllum sem tengjast liðinu. Allt frá stuðningsmönnum til leikmanna er ljóst að það verður stress í gangi fyrir leikinn. Það þýðir ekkert að láta það á sig fá, við ætlum að koma tilbúnir til leiks og erum staðráðnir í að fara með sigur af hólmi,“ sagði Rijkaard.

Arsene Wenger gæti lent í ánægjulegum vandræðum þar sem allir leikmenn hans eru heilir. Vörn Arsenal hefur ekki fengið á sig mark í síðustu tíu leikjum í Meistaradeildinni, ótrúlegt en satt.

„Við munum ekkert breyta út frá okkar stíl. Við ætlum að spila okkar leik eins og venjulega og vonandi dugar það til sigurs. Barcelona er með frábært lið en ég er sannfærður um að við getum lagt það að velli. Aðal áskorunin verður að búa liðið andlega undir leikinn,“ sagði Wenger sem vonast til að tryggja Arsenal sigur í fyrsta sinn í Evrópukeppni meistaraliða.

hjalti@frettabladid.is








**SNILLINGAR MUNU BERJAST** Ljóst er að mikið mun mæða á þeim Ronaldinho og Thierry Henry í úrslitaleiknum í kvöld en þeir eiga það sameinilegt að hafa unnið flesta þá titla sem í boði eru í alþjóðlegum fótbolta, nema Meistaradeild Evrópu. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



Mikið að gerast hjá Íslandsmeisturum Fram í handbolta:

# Framarar skipta Petkevicius út fyrir Björgvin Pál

**HANDBOLTI** Það líður vart sá dagur að ekki komi fréttir úr herbúðum Íslandsmeistara Fram í handbolta en þeir hafa verið duglegir að endurnýja samnnga við sína leikmenn sem og að safna liði fyrir átök næsta vetrar.

Í gær greindu Framarar síðan frá því að þeir myndu ekki endurnýja samninginn við markvörðinn Egidijus Petkevicius en eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum eru þeir að fá unglingalandsliðsmarkvörðinn Björgvin Pál Gústavsson og því lítið pláss fyrir Petkevicius, sem hefur varið mark Fram af myndarskap síðustu þrjú ár.

„Það er ekki alveg búið að ganga frá sölunni en þetta er svo gott sem komið í gegn,“ sagði Björgvin Páll við Fréttablaðið í gærkvöldi en hann er samningsbundinn HK og því þarf Fram að reiða fram einhverja greiðslu fyrir hann. Stjórnarmenn Fram og HK funduðu um málið í gær.

„Ég er verulega ánægður með þessa lendingu enda vildi ég helst af öllu koma í Fram. Hér er góð stemning og mikill metnaður og ekki er nú verra að liðið ætlar sér í Meistaradeildina. Það verður fínn gluggi til að sýna sig í,“ sagði Björgvin en hann hefur ekki farið leynt með þann metnað sinn að komast í atvinnumennsku erlendis.

Björgvin Páll staðfesti að hann hefði gengið frá öllum sínum málum við Fram og því stæði á félögunum tveimur að ná lendingu í peningamálunum. Björgvin er annar leikmaðurinn sem Fram fær í vikunni því Mosfellingurinn Einar Ingi Hrafnsson samdi við liðið í upphafi vikunnar.

„Það er spennandi vetur framundan og gaman að sjá hvað við getum gert. Það mun örugglega ekkert vanta upp á stemninguna enda margir af strákunum á svipuðu reiki og ég hef spilað með sumum þeirra í unglingalandsliðum og svo er Jóhann Gunnar (örvhent skytta liðsins) mágur minn þannig að ég þekki vel til hjá félaginu,“ sagði Björgvin Páll.

- hbg




**EFNILEGUR** Björgvin Páll Gústavsson hefur verið einn efnilegasti markvörður landsins síðustu ár og hann mun njóta sín án efa vel hjá Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Glenn Roeder ráðinn til Newcastle til tveggja ára:

# Ég er mjög heppinn

**FÓTBOLTI** Glenn Roeder hefur verið ráðinn knattspyrnustjóri Newcastle til næstu tveggja ára. Roeder var þjálfari hjá West Ham áður en hann tók við stjórnartaumunum af Graeme Souness, sem var látinn taka poka sinn í vetur. Undir stjórn Roeder rétti liðið úr kútnum og náði sjöunda sæti ensku úrvalsdeildarinnar eftir erfiða fæðingu.

Enska knattspyrnusambandið neitaði reyndar að leyfa Roeder að taka við Newcastle þegar honum var boðið fullt starf í byrjun maí. Hann fékk sérstakt leyfi til að taka tímabundið við liðinu en hann er ekki með þjálfaragráðu á nógu háu stigi til að mega stýra liði í deildinni. Stjórnarformenn liðanna í deildinni kusu aftur á móti um það að Roeder væri nægilega hæfur til að stýra liðinu og fyrir það var hann þakklátur.

„Það er erfitt að lýsa því hvernig mér líður. Ég veit allt um klúbbinn, spilaði með honum í sex ár og var meira að segja fyrirliði fyrir hans hönd. Ég er ótrúlega heppinn að fá tækifæri til að stýra honum áfram, og þetta er tækifæri sem ég ætla ekki að láta af hendi,“ sagði Roeder, sem mun fara á áframhaldandi þjálfaranámskeið.

TOYO Bestu dekkin í USA 8 ár í röð Tire Review Magazine



TOYO TIRES
Low profile fyrir lúxusjeppa og sportbíla.
Frábært veggrip.
Mikil mýkt.
Hágæða hönnun.
Veldu TOYO PROXES og skildu hina eftir.
Mikið úrval frábært verð.

NESDEKK Seltjarnarnesi Sími: 561 4110
KT verslun Akureyri
Njarðarnesi S. 466 2111
Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000

Stelpur við gefum boltann til ykkar!
**Stelpudeildin** á SKJÁEINUM hefst 5. júní



STÓRLEIKUR Hrafnhildur Skúladóttir skoraði tíu mörk í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslenska kvennalandsliðið:

## Góður sigur á Hollandi

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið sýndi klærnar í fyrri vináttuleik sínum gegn Hollandi í gær en Holland teflir fram mjög frambærilegu liði sem varð í fimmta sæti á síðasta HM.

Eftir æsispennandi og jafnan leik sigraði Ísland með einu marki, 29-28. Það var Stjörnustúlkan Jóna Margrét Ragnarsdóttir sem skoraði sigurmarkið með glæsilegu skoti utan teigs um leið og lokaflaut leiks gall.

Íslenska liðið leiddi lengstum en Holland komst yfir um miðjan síðari hálfleik. Það efldi stúlkurnar okkar enn frekar, sem komu til baka og kláruðu verkefnið með stæl. **- hbg**

# Snæfell fékk feitasta bitann

**Eftirsóttasti körfuknattleiksmaður landsins, Sigurður Þorvaldsson, hefur ákveðið að ganga í raðir Snæfells en öll bestu félög landsins voru á eftir Sigurði, sem lék í Hollandi í vetur. Sigurður segir Snæfell alltaf hafa verið fyrsta kost hjá sér og honum líst mjög vel á hinn nýja bandaríska þjálfara liðsins.**

**KÖRFUBOLTI** Sigurður lék með Snæfelli áður en hann hélt í víking til Hollands og var valinn besti leikmaður deildarinnar síðasta tímabil sitt með félaginu. Það þurfti því ekki að koma á óvart að hart væri barist um þjónustu Sigurðar.

„Það var alltaf fyrsti kostur hjá mér að fara aftur í Snæfell en ég hugsaði mig samt vel um áður ég tók ákvörðun. Ég er ekki búinn að setja nafnið mitt á pappír en það verður ekkert vandamál enda erum við búnir að ná munnlegu samkomulagi og ég hef samþykkt að koma. Afgangurinn er formsatriði,“ sagði Sigurður við Fréttablaðið í gær en hann verður væntanlega kynntur formlega til leiks á fimmtudag. „Mér leið alltaf mjög vel hjá Snæfelli og það verður gaman að koma aftur í Hólminn til að spila körfubolta.“

Sem kunnugt er skiptu Snæfellingar um þjálfara á dögunum er Bárður Eyþórsson ákvað að semja við ÍR. Í hans stað er kominn Bandaríkjamaðurinn Geoff Kotila, sem þjálfaði síðast í Danmörku. Sigurður er búinn að ræða við Kotila og líst vel á hugmyndir hans.

„Mér líst mjög vel á Kotila. Ég hef hitt hann og talað við hann og hann kom mjög vel fyrir. Það var auðvitað smá áfall að Bárður skyldi hætta því ég bjóst við að hann yrði áfram. Eftir að hafa hitt Kotila sannfærðist ég um að þar væri toppþjálfari á ferðinni og eftir spjall mitt við hann var aldrei spurning að fara í Snæfell,“ sagði Sigurður, sem segir gott að komast í „sveitina“ en unnusta hans, körfuboltakonan Alda Leif Jónsdóttir, er með barni og hún hefur samþykkt að flytja úr borginni í Hólminn. „Það er miklu betra að ala börn upp úti á landi, stórhættulegt að ala börn upp í borg óttans,“ sagði Sigurður og hló dátt en það er ljóst að Hólmarar kætast mikið yfir því að endurheimta þennan snjalla leikmann.

Þess má síðan geta að nokkrir ungir og efnilegir strákar eru á leið til Snæfells og svo ku Ingvaldur Magni Hafsteinsson hafa samþykkt að spila áfram með liðinu þannig að Snæfell mætir mjög sterkt til leiks næsta vetur. Svo er ekki loku fyrir það skotið að Hlynur Bæringsson bætist í hópinn en hann er að þreifa fyrir sér erlendis. Gangi hlutirnir ekki upp hjá honum úti hefur hann gefið Snæfelli vilyrði fyrir því að koma í Hólminn. **henry@frettabladid.is**



HEIM Í HEIÐARDALINN Sigurður Þorvaldsson sést hér í leik með Snæfelli gegn Keflavík veturinn 2004-05. Hann er búinn að samþykkja að ganga aftur í raðir félagsins.





ARSENAL Á EKKI SÉNS
– ekki frekar en Liverpool í fyrra

ÚRSLITALEIKURINN Í MEISTARADEILDINNI
er á Lengjunni. Fylltu út seðil á lengjan.is eða á næsta sölustað og hleyptu enn meiri spennu í leikinn.

ÚRSLITALEIKUR 17. MAÍ

| | 1 | X | 2 |
|---|---|---|---|
| 18:40 Barcelona - Arsenal | 1,85 | 2,75 | 2,90 |

Lengjan
WWW.LENGJAN.IS




FÖGNUÐUR Blikastúlkur fagna hér einu af fjórum mörkum sínum í leiknum í gær en KR átti ekkert svar við leik þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Engin vandræði hjá Blikum gegn KR

**Meistaralið Breiðabliks hóf leiktíðina með öruggum sigri á KR, 4-0, og fátt benti til annars í leiknum en að liðið gæti staðið undir væntingum í sumar.**

**FÓTBOLTI** Íslands- og bikarmeistarar Breiðabliks hófu titilvörnina í Landsbankadeild kvenna á besta mögulega hátt – með 4-0 sigri á KR á Kópavogsvellinum í gærkvöldi.

Aðstæður til knattspyrnuiðkunar voru ekki eins og best verður á kosið, völlurinn var mjög blautur og áttu leikmenn beggja liða erfitt með að ná upp almennilegu spili. KR-stúlkur mættu þó vel stemmdar til leiks, spiluðu agaðan varnarleik og náðu fyrsta hálftímann að halda vel aftur af sóknarþrennu Blika, þeim Gretu Mjöll Samúelsdóttur, Vönju Stefanovic og Ernu Sigurðardóttur. Einbeitingarleysi í vörninni eitt augnablik á 28. mínútu varð hins vegar til þess að Erna kom Blikum yfir.

Þannig hélst staðan fram í hálfleik en eftir aðeins tveggja mínútna leik í síðari hálfleik varð Lilja Dögg Vilhjálmsdóttir fyrir því óláni að skora sjálfsmark. Eftir það færðist mikið líf í leikinn og fengu bæði lið mjög góð færi en það kom þó aðeins í hlut heimastúlkna að bæta við mörkum. Edda Garðarsdóttir skoraði þriðja markið, Vanja það fjórða á 69. mínútu og úrslitin ráðin. Þrátt fyrir að hafa fengið nokkur ágæt færi náðu Íslandsmeistararnir ekki að bæta fleiri mörkum við en markvörðurinn Þóra B. Helgadóttir var þó að vonum sátt í leikslok.

„Það var greinilega vorbragur á þessu hjá okkur en það datt allt fyrir okkur. Það skiptir máli að setja tóninn svona í upphafi móts og því er 4-0 sigur mjög góður upp á það að gera,“ sagði Þóra, sem var öryggið uppmálað í markinu eins og venjulega.

Leikur Blikastúlkna var ryðgaður og liðið var nokkuð frá sínu besta þrátt fyrir að leikmenn hafi fundið taktinn á köflum í síðari hálfleik. Engu að síður voru yfirburðirnir klárir og er ljóst að Vanja er liðinu mikill liðsstyrkur. Edda Garðarsdóttir er allsráðandi á miðjunni en það sem vantar helst er arkitekt á miðjuna sem sinnir því hlutverki sem Ásthildi Helgadóttur var ætlað.

Ljóst er að lið KR saknaði Hólmfríðar Magnúsdóttur sárlega á vinstri vængnum en hún var í leikbanni í gær og munaði um minna. Olga Færseth var einmana uppi á toppi og fékk lítinn stuðning en var samt óheppin að skora ekki. „Við vorum heppnar að því leyti því Hólmfríður er búin að vera frábær á undirbúningstímabilinu og með landsliðinu. Það er ekki víst að leikurinn hefði endað svona hefði hún verið með,“ bætti Þóra við. **vignir@frettabladid.is**

Umgjörð Valsleiksins:

# Til háborinnar skammar

**FÓTBOLTI** Umgjörð leiks Vals og Stjörnunnar í gær var með hreinum ólíkindum og knattspyrnudeild Vals til háborinnar skammar.

Það var enginn starfsmaður Vals til staðar í upphafi leiks, fjölmiðlamenn fengu engar skýrslur eða upplýsingar fyrir leik, aðstaða fjölmiðla var hreinlega ekki til staðar, enginn leikklukka var á vellinum og því vissu áhorfendur ekki hvað var mikið eftir né hver staðan var í leiknum.

Ómar Smárason, starfsmaður KSÍ, neyddist til að hysja upp um Valsmenn, sem voru ekki búnir að flagga og gátu ekki einu sinni reddað réttum bolta fyrir leikinn.

Þessi framkoma í garð Valsstúlkna er sorgleg og niðurlæging fyrir þessar stelpur sem leggja mikið á sig rétt eins og strákarnir. Metnaðarfullt félag eins og Valur á ekki að láta grípa sig í bólinu á slíkan hátt og vonandi verður tekið hart á málinu innan félagsins sem og af KSÍ. - hbg



**KATRÍN KOMIN HEIM** Katrín Jónsdóttir er komin heim og byrjuð að leika með Val á ný. Hún þjarmar hér að leikmanni Stjörnunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Valsstúlkur hófu sumarið með miklum látum:

# Stjörnustúlkur skotnar í kaf í Laugardalnum

**FÓTBOLTI** Leikur Vals og Stjörnunnar fór fram við frekar bágbornar aðstæður á Valbjarnarvelli eins og lesa má hér til hliðar. Heimastúlkur í Val voru betri allan leikinn og unnu að lokum verðskuldaðan stórsigur, 6-0.

Fyrri hálfleikur var í daufara lagi. Valur stýrði ferðinni en gekk illa að skapa sér færi. Fyrsta markið kom í blálok fyrri hálfleiks og var mjög slysalegt en markvörður Stjörnunnar náði ekki að hreinsa og Dóra María skoraði örugglega.

Allar flóðgáttir opnuðust síðan í upphafi síðari hálfleiks og Valur gerði út um leikinn með þrem mörkum á fyrstu fimm mínútum síðari hálfleiks. 4-0 og ballið í raun búið þó tvö mörk kæmu til viðbótar.

„Það er frábært að vera komin aftur í íslenska boltann,“ sagði Katrín Jónsdóttir, sem er komin heim eftir útlegð í Noregi. „Við vorum lengi í gang en svo duttum við í gírinn. Við ætlum að berjast um titilinn í sumar og höfum trú á okkur.“ - hbg/- egm

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Landsbankadeild kvenna:*

| | |
|---|---|
| BREIÐABLIK-KR | 4-0 |

1-0 Erna Björg Sigurðardóttir (28.), 2-0 Sjálfsmark (47.), 3-0 Edda Garðarsdóttir, víti (61.), 4-0 Vanja Stefanovic (69.).

| | |
|---|---|
| VALUR-STJARNAN | 6-0 |

Dóra María Lárusdóttir, Guðný Óðinsdóttir, Málfríður Erna Sigurðardóttir, Rakel Logadóttir, Katrín Jónsdóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir.

| | |
|---|---|
| ÞÓR/KA-FH | 4-1 |
| FYLKIR-KEFLAVÍK | 0-2 |

*Vináttulandsleikur:*

| | |
|---|---|
| ÍSLAND-HOLLAND | 29-28 |

**Mörk Íslands:** Hrafnhildur Skúladóttir 10, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 4, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 3, Guðbjörg Guðmannsdóttir 3, Anna Úrsula Guðmundsdóttir 3, Ágústa Edda Björnsdóttir 2, Drífa Skúladóttir 2, Elísabet Gunnarsdóttir 1, Ragnhildur Guðmundsdóttir 1.

**Varin skot:** Berglind Íris Hansdóttir 14.



**STERKUR** Jason Terry átti góðan leik fyrir Dallas og vörn San Antonio réð ekkert við bakvörðinn knáa. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

NBA-deildin í körfubolta:

# Meistararnir í miklum bobba

**NBA** Ríkjandi meistarar í San Antonio Spurs eru í slæmum málum í einvígi sínu gegn Dallas Mavericks í NBA-deildinni í körfubolta. Dalls vann fjórða leik liðanna í fyrrinótt og kom sér í vænlega stöðu fyrir næsta leik þar sem það getur tryggt sig áfram en staðan er 3-1, Dallas í vil.

Dallas vann sigur á heimavelli, 123-118, eftir æsispennandi framlengdan leik. Jason Terry átti stórleik fyrir Dallas og var liðinu ómetanlegur á lokasprettinum og í framlengingunni. Hann skoraði 32 stig fyrir Dallas, Dirk Nowitzki 28 og Jerry Stackhouse skoraði 26 stig. Tony Parker skoraði 33 stig fyrir San Antonio, Tim Duncan 31 stig og hirti 13 fráköst.

Leikmenn Cleveland Cavaliers sýndu að þeir eru ekki dauðir úr öllum æðum þegar þeir unnu 74-72 sigur á Detroit Pistons og jöfnuðu einvígið þar með í 2-2. LeBron James bar af sem fyrr og skoraði 22 stig, gaf 9 stoðsendingar og hirti 8 fráköst í leiknum. Rip Hamilton skoraði 30 stig fyrir Detroit og Tayshaun Prince skoraði 16 stig. - hþh


Opið málefnaþing Rauða kross Íslands

HVAR ÞRENGIR AÐ?

Hvers vegna býr fjöldi fólks á Íslandi við fátækt, einangrun og mismunun og hvernig er hægt að bæta úr því?

Sunnudaginn 21. maí 2006 í þingsal 1 á Hótel Loftleiðum

| | |
|---|---|
| 9.30–10.00 | Húsið opnað |
| 10.00–12.00 | **Setningarávarp forseta Íslands, hr. Ólafs Ragnars Grímssonar** |
| | **Stefna og verkefni í tengslum við kannanir Rauða krossins** Úlfar Hauksson, formaður Rauða kross Íslands |
| | **Kynning á niðurstöðum landskönnunar Rauða krossins „Hvar þrengir að?“** Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands |
| | **Álit og viðbrögð við niðurstöðum könnunar:** Sigursteinn Másson, formaður Öryrkjabandalags Íslands; Sabine Leskopf, verkefnisstjóri; Ingibjörg Georgsdóttir, barnalæknir; Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu |
| 12.00–13.00 | Matarhlé |
| 13.00–15.30 | **Umræðuhópar** fjalla um niðurstöður könnunarinnar og leiðir til úrbóta |
| | **Skemmtiatriði:** Vallargerðisbræður flytja nokkur lög |
| | **Pallborðsumræður** undir stjórn Helga Seljan fréttamanns |
| | **Lokaorð:** Formaður Rauða kross Íslands |
| | **Ráðstefnuslit:** Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingaráðherra |

Skráning til 18. maí í síma 570 4000 og á redcross.is | Þátttaka ókeypis | Allir velkomnir.

BYGGJUM BETRA SAMFÉLAG

Rauði kross Íslands

Fiton/SÍA FI17562

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„You people. If there isn't a movie about it, it's not worth knowing, is it?"**

Svar: Metatron úr Dogma frá 1999

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR GÍGJA GUNNARSSON ÖSKRAÐI Á IMBAKASSANN

## *Dagbókarfærsla knattspyrnufíkilsins*

Laugardagur. Síminn vakti mig með háværu öskri og það var heitt inni í herberginu enda sólin í banastuði fyrir utan gluggann. Hún var tólf á hádegi. Þurfti að hvíla mig vel enda stór dagur framundan. Tannburstinn mundaður og aðeins teygt úr sér því það getur skipt sköpum fyrir árangur dagsins að ná sem mestri þreytu úr kroppnum. Þar sem ég var staddur á miðju KR-svæðinu neyddist ég til að ganga töluverðan spöl heim á Laugaveginn. Ákvað að koma eldri bróður mínum á óvart og keypti egg, beikon og grænmeti. Öll næringarefni sem karlmenni þurfa. Okkar lið frá Bítlaborginni Liverpool átti að spila í dag.

Klukkan sló tvö. Guðjón Guðmundsson og Logi Ólafsson sátu í myndveri Sýnar og buðu áhorfendur velkomna á Þúsaldarleikvanginn í Cardiff. Bíkarúrslitaleikurinn í einni elstu keppni heims var fram undan. Þrátt fyrir að vera staddur í mörg þúsund kílómetra fjarlægð fannst mér eins og ég væri svo nærri. Liðin gengu inn. Steven Gerrard leiddi lið Liverpool, þetta sögufræga félag og mikla stórveldi, Reo-Coker fór fyrir sínum mönnum í West Ham.

Eftir rúmar tuttugu mínútur voru mínir menn tveimur mörkum undir. Virkuðu áhugalausir. Eitthvað kviknaði þegar hinn franski Cisse minnkaði muninn en svo var flautað til hálfleiks. Gerrard jafnaði metin og ég taldi víst að mínir menn myndu hrósa sigri. Nokkur tár hrundu af hvörmum mínum þegar boltinn sveif yfir Reina markvörð eftir ótrúlegt skot Konchesky í seinni hálfleik. Draumurinn var úti. Istanbul-ævintýrið gæti ekki endurtekið sig. Mynd af Gerrard þar sem hann var úrkula vonar sagði meira en mörg orð. Svo, eins og þruma úr heiðskíru lofti, gerðist kraftaverkið, skot af 35 metra færi og boltinn söng í netinu. Gerrard hafði jafnað, ég öskraði á sjónvarpið og bróðir minn steig stríðsdans. Knattspyrna hefur einhver undarleg áhrif á fullorðna karlmenn.



**STEVEN GERRARD** Bjargaði helginni hjá tveimur þrítugum drengjum á Laugaveginum með ótrúlegu skoti í bikarúrslitaleiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



▶ 18.30 *Barnaefni*

SÖGUR ÚR ANDABÆ



▶ 21.35 *Spenna*

MEDIUM



▶ 21.15 *Spenna*

WHAT LIES BENEATH



▶ 20.30 *Uppeldi*

FYRSTU SKREFIN



▶ 19.40 *Umræða*

HRAFNAÞING

### SJÓNVARPIÐ

**15.50** Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2006 (4:4) **16.55** Landsleikur í handbolta **17.35** Táknmálsfréttir **17.45** Landsleikur í handbolta

▶ **18.30 Sögur úr Andabæ (55:65)** (Ducktails)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.25 Tískuþrautir (12:12)** (Project Runway) Þáttur um sigurvegara keppninnar.
**21.15 Svona er lífið (11:13)** (Life As We Know It) Bandarísk þáttaröð um þrjá vini á unglingsaldri sem eiga erfitt með að hugsa um annað en stelpur. Meðal leikenda eru Sean Faris, Jon Foster, Chris Lowell, Missy Peregrym og Kelly Osbourne.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Íþróttakvöld**
**22.35 Mótorsport** Þáttur um íslenskar akstursíþróttir.

**23.05** Vesturálman (3:22) **23.50** Kastljós **0.40** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Home Improvement **13.30** George Lopez **13.55** Whose Line Is it Anyway? **14.20** Amazing Race **15.10** The Apprentice – Martha Stewart **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Strákarnir** Sveppi,
**20.05 Veggfóður (16:20)** Vala Matt er snúin aftur á Stöð 2.
**20.50 Oprah (60:145)** (Oprah's Embarrassing Night With Legend Neil Diamond)
▶ **21.35 Medium (9:22)** (Miðillinn) Dáleiðandi bandarískur spennuþáttur með yfirnáttúrulegu ívafi. Allison skynjar að listamaður sé flæktur í einhvern glæp eftir að hafa séð þrívíddar listaverk hans.
**22.20 Strong Medicine (8:22)** Ný sería af þessum vönduðu spítalaþáttum sem fjalla um kraftmikla kvenlækna sem berjast fyrir bættri heilsu kynsystra sinna.

**23.05** Stelpurnar **23.35** Grey's Anatomy **0.30** Cold Case (B. börnum) **1.15** Ganga stjörnurnar aftur? **2.00** Deathlands **3.25** Wonderland (Str. b. börnum) **5.05** The Simpsons **5.25** Fréttir og Ísland í dag **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Stacked (2:6) (e)** (Stacked)
**20.00 Friends (5:23)** Gengið hefur ákveðið að koma saman á fínum veitingastað til að halda upp á afmæli Phoebe.
**20.30 Sirkus RVK**
**21.00 Stacked (3:6)** Skyler Dayton hefur fengið nóg af eilífum partíum og lélegu vali á karlmönnum.
**21.30 Clubhouse (3:11)** (Clubhouse)
▶ **22.15 What Lies Beneath** (Undir niðri) Á yfirborðinu leikur allt í lyndi en draugar fortíðarinnar elta húsbóndann uppi. Aðalhlutverk: Michelle Pfeif-fer, Harrison Ford. Str. bönnuð börnum.

**0.20** Friends (5:23) (e) **0.45** Sirkus RVK (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**16.05** Innlit / útlit (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Frasier**
**19.30 The Drew Carey Show (e)** .
**20.00 Stafræn fegurð** þriðji og síðasti þáttur um aðdraganda Ungfrú Ísland 2006.
▶ **20.30 Fyrstu skrefin – lokaþáttur** Í þættinum verður leitast við að sýna á jákvæðan hátt hversu gefandi og skemmtilegt foreldrahlutverkið er og hvað við getum gert til að börnunum okkar líði sem best.
**21.00 America's Next Top Model V** Nú er komið að fimmtu þáttaröðinni og er óhætt að búast við jafn mikilli spennu og áður, ef ekki meiri.
**22.00 Leiðin að titlinum**

**22.30 The L Word** Fylgst er með hópi lesbía.
**23.20** Jay Leno **0.05** Close to Home (e) **0.55** Frasier – 1. þáttaröð (e) **1.20** Óstöðvandi tónlist

### NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll **13.10** Íþróttir – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi **17.00** Fimmfréttir **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/Veður

▶ **19.40 Hrafnaþing** Hrafnaþing í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar
**20.10 Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
**20.45 Dæmalaus veröld – með Óla Tynes** Fréttamaðurinn Óli Tynes er manna naskastur á að þefa upp kynlegustu heimfréttirnar.
**21.00 Fréttir**
**21.10 This World 2006** (The Last Stand)
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing** Hrafnaþing í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar

**23.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/Veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Just Married **8.00** The Commitments (e) **10.00** Hey Arnold! The Movie **12.00** Anchorman : The Legend of Ron Burgundy **14.00** Just Married **16.00** The Commitments (e) **18.00** Hey Arnold! The Movie **20.00** **Anchorman : The Legend of Ron Burgundy** Geysivinsæl gamanmynd með einum eftirsóttasta gamanleikaranum í dag, Will Ferrell, í hlutverki heitasta fréttaþular í bransanum – á 8. áratugnum. Í Bandaríkjunum, líkt og hér, þá eru fréttaþulir aðalsjónvarpsstjörnurnar og Ron Burgundy er fullkomlega meðvitaður um það. **22.00 Friday After Next** Gamanmynd um frændurna Craig og Day-Day. Aðalhlutverk: Ice Cube, Mike Epps, John Witherspoon. 2002. Bönnuð börnum. **0.00** Dirty Deeds (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Barbershop (Bönnuð börnum) **4.00** Friday After Next (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Style Star **13.00** Relatively Famous **14.00** The E! True Hollywood Story **16.00** Eva Longoria: The Interview with Ryan Seacrest **17.00** E! News Special **17.30** 10 Ways **18.00** E! News **18.30** The Soup **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment **21.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **22.00** Pop Stars Gone Bad **22.30** Superstar Money Gone Bad **23.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment **0.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **1.00** The E! True Hollywood Story **2.00** Guilty

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




# International Challenges to Nordic Corporate Governance

Steen Thomsen, professor and director of the centre for corporate governance, Copenhagen Business School, will be the main speaker at a lunch conference at Reykjavik University **Thursday the 18th**. Joining him at panel discussions will be Þór Sigfússon, CEO of Sjóvá and Þórður Friðjónsson, CEO of Iceland Stock Exchange.

Rather than presenting a particular theme Steen will attempt to piece together several different perspectives on the challenges currently facing Nordic corporate governance.

- Corporate governance in the macro economy. Are we in a global credit bubble and how does this matter to corporate governance?
- Corporate governance and over-regulation. Is it possible that corporate governance regulation has gone to far and is now harmful to business efficiency?
- Corporate governance and the decline of stock markets. Why so many de-listings? Is private equity a superior alternative to the publicly listed company?
- Can the special features of Nordic corporate governance stand the strain of globalization? What will happen to dual class shares, employee representation and business networks?
- What is the Nordic corporate governance agenda? And what should it be?

**The conference will take place at Reykjavik University, 3rd floor, between 12.00 - 13.15 and will be conducted in English.**

Free lunch is offered.

The conference is in cooperation with "Félag lögfræðinga fjármálafyrirtækja" and "Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga".

Registration through tel. 599 6200 or skraning@ru.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Konsert **Rás 2** kl. 20.30

### *Tónleikaupptökur frá Airwaves*



Andrea Jónsdóttir hefur lengi spilað mikið af skemmtilegu efni í þættinum sínum Konsert. Undanfarnar vikur hefur Andrea nær eingöngu verið að spila tónlist frá seinustu Airwaves-hátíð, sem fór fram síðastliðinn október. Í þættinum í kvöld koma fram þrjár afar áhugaverðar hljómsveitir. Fyrst ber að nefna íslensku hljómsveitirnar Singapore Sling og Skáta en á eftir þeim stígur á stokk bandaríska hljómsveitin New Radio sem spilar afar frumlega rokktónlist. Tónleikarnir fóru fram í Hafnarhúsinu og voru að sögn viðstaddra einn af hápunktum hátíðarinnar. Hægt er að benda fólki á heimasíðu þáttarins sem er www.ruv.is/konsert en fleiri tónleikar frá seinustu Airwaves-hátíð verða spilaðir í þættinum á næstunni.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 6 | 8 | 1 | 2 | 7 | 5 | 3 | 4 |
| 7 | 4 | 2 | 5 | 8 | 3 | 6 | 1 | 9 |
| 1 | 5 | 3 | 9 | 4 | 6 | 2 | 8 | 7 |
| 2 | 8 | 1 | 4 | 3 | 9 | 7 | 5 | 6 |
| 5 | 3 | 7 | 6 | 1 | 2 | 9 | 4 | 8 |
| 4 | 9 | 6 | 8 | 7 | 5 | 1 | 2 | 3 |
| 6 | 1 | 5 | 3 | 9 | 4 | 8 | 7 | 2 |
| 3 | 7 | 9 | 2 | 5 | 8 | 4 | 6 | 1 |
| 8 | 2 | 4 | 7 | 6 | 1 | 3 | 9 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 9 | 7 | | 8 | |
| | | 9 | 5 | | | | 2 | |
| 5 | | | | 8 | | | | 9 |
| | | | | 7 | | | 4 | 2 |
| | 2 | | | | | | 1 | |
| 7 | 3 | | | 1 | | | | |
| 4 | | | | 5 | | | | 1 |
| | 7 | | | | 3 | 6 | | |
| | 1 | | 6 | 4 | | | | |



▶ 17.30

*Knattspyrna*

MEISTARADEILDIN MEÐ GUÐNA BERGS

**SÝN** besta sætið

**8.45** Meistaradeildin – Gullleikur (Bremen – Anderlecht 8. 12. 1993) **10.30** Meistaradeildin – Gullleikur (Barcelona – Man. Utd. 2.11. 1994)

**12.10** Meistaradeildin – Gullleikur (Barcelona – Man. Utd. 25.11. 1998) **13.55** Meistaradeildin – Gullleikur (Juventus – Man. Utd. 21.4 1999) **15.45** Meistaradeildin – Gullleikur (AC Milan – Barcelona 1994) **17.30** Meistaradeildin með Guðna Bergs **18.00** Meistaradeild Evrópu

▶ **21.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk 2) Knattspyrnusérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara yfir gang mála í Meistaradeildinni.

**21.20 Sænsku nördarnir** (FC Z) Hvað gerist þegar 15 Nördar sem aldrei hafa fylgst með knattspyrnu né sparkað í fótbolta mynda knattspyrnulið?

**22.10 Meistaradeild Evrópu** (UEFA Champions League 05/06)Úrslitaleikurinn í Meistaradeild Evrópu sem fram fór í dag endursýndur.

**0.10** Meistaradeildin með Guðna Bergs **0.30** Hápunktar í PGA mótaröðinni

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Franska óperan um Ísland **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Bókaþátturinn **23.05** Fallegast á fóninn **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Músík með Heiðu Eríks **20.30** Konsert **22.10** Frumkvöðlar eða fígúrur

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957 /** Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan /** Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður





**KIA Picanto** er lipur, fallegur og nútímalegur og sparneytinn smábíll með skynsamlegri rýmisnýtingu og veglegum aukabúnaði. Það sakar svo ekki að verðið á sér ekki hliðstæðu. KIA Picanto fimm dyra kostar aðeins 1.195.000 kr. Picanto er einnig fáanlegur sjálfskiptur, einn fárra smábíla. **Fæst einnig með aflmikilli 75 hestafla og sérlega sparneytinni dísilvél.**

**Taktu þátt í HM leik KIA** og þú átt möguleika á frábærri ferð fyrir tvo á úrslitaleik HM í sumar. Allir sem kaupa KIA bíl hjá KIA umboðinu til 15. júní eiga möguleika á þessari frábæru ferð.



KIA MOTORS

*11.807 kr. á mánuði m.v. 30% útborgun og bílasamning hjá SP fjármögnun í 84 mánuði.

HEKLA KIA *umboðið* á Íslandi er í eigu Heklu hf. Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5000



## HRÓSIÐ

*...fær kvikmyndagerðarmaðurinn Dagur Kári Pétursson en stórstjörnurnar Tom Waits og Ryan Gosling hafa samþykkt að leika í næstu mynd hans, The Good Heart.*

**ÞRÍR SPURÐIR** EUROVISION-ÆÐIÐ NÆR HÁMARKI Í ÞESSARI VIKU

# *Ætlar þú að fara í Eurovision-partí?*



**Björn Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri NTC og fyrirsæta:**

„Ég verð því miður ekki á landinu um helgina, er að fara til Kaupmannahafnar og Gautaborgar í vinnuferð og efast um að ég hafi tíma til að horfa á Eurovision þar þótt ég mikið vildi. En ég horfi á undankeppnina á fimmtudaginn og ég hugsa að við bjóðum útvöldum vinum og vandamönnum heim. Silvía kemst áfram í aðalkeppnina ef hún bullar og ruglar ekki of mikið og lætur frægðina ekki stíga sér of mikið til höfuðs.



**Stefán Svan Aðalheiðarson, fatahönnuður og starfsmaður í versluninni Kron Kron:**

„Ég ætla tvímælalaust í partí um helgina, verð umvafinn vinum í heimahúsi á laugardaginn en á fimmtudaginn er ég rosa upptekinn en reyni þó að sjá hana Silvíu Nótt á sviðinu þó það væri ekki nema bara að sjá dressið sem hún verður í. Silvíu á eftir að rústa þessu, bæði undankeppninni og aðalkeppninni, ekki spurning. Ef í hart fer og við komumst ekki áfram þá held ég með Finnlandi.



**Kristján B. Jónasson, þróunarstjóri Eddu útgáfu:**

..Nei, ég fer ekki í neitt partí vegna þess að ég er að fara með konu minni og barni í Norðurbæ, sem er rithöfundahús við Eyrarbakka. Þar ætlar kona mín að liggja við skriftir á meðan ég set á grillið og jafnvel horfum við með öðru auganu á Eurovision í litla sjónvarpinu þar. Annars æli ég á Silvíu Nótt og allt sem henni fylgir, löngu kominn með leið á henni og það eru engar líkur á því að hún vinni þetta. Ég held með Belgum og þeirra Eurodiskólag er eitthvað fyrir mig. Áfram Belgía.



**LÁRÉTT:**
2 óskiptu 6 hæð 8 sægur 9 yfir rúm 11 frú 12 flott 14 smápeningar 16 nafnorð 17 fjór 18 tunnu 20 golf áhald 21 gort.

**LÓÐRÉTT:**
1 líkamshluti 3 í röð 4 sendir 5 dýrahljóð 7 skemmtun 10 frostskemmdir 13 bein 15 eyja 16 lík 19 tveir eins.

**LAUSN:**

LÁRÉTT: 2 öllu, 6 ás, 8 mor, 9 lak, 11 fr, 12 smart, 14 klink, 16 no, 17 fer, 18 ámu, 20 tt, 21 raup. LÓÐRÉTT: 1 háls, 3 lm, 4 loftnet, 5 urr, 7 samkoma, 10 kal, 13 rif, 15 krít, 16 nár, 19 uu.

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga



**TÖKUR Á MÝRINNI** Björn Hlynur Haraldsson og Valdimar Flygenring í hlutverkum sínum.

BALTASAR KORMÁKUR: LÝKUR TÖKUM Á MÝRINNI

# Bíður eftir að komast inn á Litla-Hraun

„Þetta er eiginlega alveg að verða búið. Við erum bara að bíða eftir því að komast inn á Litla-Hraun til að klára tökurnar," segir leikstjórinn Baltasar Kormákur þegar hann er spurður hvernig tökur gangi á kvikmyndinni Mýrinni. „Það fylltist víst allt af föngum þarna og þeir ganga fyrir," segir Baltasar léttur í bragði.

Mýrin er eins og kunnugt er gerð eftir samnefndri sögu Arnaldar Indriðasonar. Með helstu hlutverk fara Ingvar E. Sigurðsson sem leikur rannsóknarlögreglumanninn Erlend, Björn Hlynur Haraldsson sem leikur Sigurð Óla aðstoðarmann hans, Ólafía Hrönn Jónsdóttir sem leikur lögreglukonuna Elínborgu og Ágústa Eva Erlendsdóttir sem fer með hlutverk dóttur Erlends. Tónlistarmaðurinn Mugison semur tónlistina í Mýrinni.

Baltasar er þegar byrjaður að klippa myndina og segir þá vinnu ganga vel. Hann býst við að geta frumsýnt Mýrina í haust. „Upphaflega planið var að frumsýna um jólin en svo ákváðum við að reyna að klára þetta fyrir haustið. Það er skemmtilegur tími og þetta virðist ætla að ganga," segir leikstjórinn.

Baltasar birtist landsmönnum þessa dagana í auglýsingu fyrir Landsbankadeildina í knattspyrnu þar sem hann tekur glæsilega hjólhestaspyrnu. Hann gerir lítið úr frétt-um í Fréttablaðinu um að hann hafi meitt sig í bakinu við upptökurnar, segist hafa verið stálsleginn eftir á.

Leikarinn Ingvar E. Sigurðsson segir að tökurnar á Mýrinni hafi gengið vel fyrir sig. „Það gerðist svo sem ekki mikið óvænt, alla vega man ég það ekki í fljótu bragði. Hins vegar gerðist auðvitað alltaf eitthvað nýtt á hverjum degi og það var gaman." Ingvar segir að góður andi hafi verið í leikhópnum og tökuliðinu og hann bíði spenntur eftir að sjá útkomuna í haust. Baltasar tekur undir þessi orð Ingvars. „Þetta var mjög ánægjulegt. Allt mjög íslenskt og skemmtilegt."

hdm@frettabladid.is



**BALTASAR KORMÁKUR** Hefur lokið tökum á kvikmyndinni Mýrinni ef frá eru skildar tökur í fangelsinu á Litla hrauni.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fjórir íslendingar eru nú komnir í 50 manna úrtökuhóp fyrir sjónvarpsþáttinn Rockstar í Bandaríkjunum. Í fyrsta þættinum gafst þátttakendum kostur á syngja með áströlsku skallapoppurunum í INXS en að þessu sinni er það „ofurgrúppan" Supernova með villingin Tommy Lee fremstan í flokki. **Árni Björn Helgason** hjá kvikmyndafyrirtækinu Þeir tveir, sem sá um áheyrnarprufurnar hér á landi, segir að fjórmenningarnir fljúgi innan tíðar út til Bandaríkjanna þar sem þeir fá að spreyta sig með hljómsveitinni Supernova. Úr þessum 50 manna hópi verða svo valdir 16 einstaklingar í þáttinn sem fer í loftið í byrjun júlí. Árni Björn fæst ekki til að nefna nöfn þeirra Íslendinga sem fara út enda hafi verið skrifað undir samning þess efnis að ef nöfn Íslendinganna leka út geti þeir verið lögsóttir og þurft að greiða milljónir í skaðabætur. DV greindi frá því á dögunum að **Leifur Björnsson**, starfsmaður í Tónastöðinni, væri einn þeirra en það fæst ekki staðfest. Árni Björn segist vita til þess að strangur undirbúningur standi yfir hjá fjórmenningunum og þeir hafi eytt háum fjárhæðum í fatakaup til þess að líta sem best út þegar á hólminn er komið.



Glöggir vegfarendur um Rauðarárstíg hafa tekið eftir því að BSRB hefur komið sér upp nýrri félagsmiðstöð þar sem Hljóðfærahúsið var áður til húsa. SFR og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar gangast fyrir uppákomu þar í kvöld sem ber yfirskriftina Rokk og pólitík. Þar koma fram hljómsveitirnar **Mammút, Benni Hemm Hemm** og **Rass**, sem leika órafmagnað. Auk þess ræða fulltrúar stjórnmálaflokkanna málin. Þau eru **Bolli Thoroddsen** frá Sjálfstæðisflokki, **Björn Ingi Hrafnsson** Framsóknarflokki, **Dagur B. Eggertsson** Samfylkingu, **Anna Sigríður Ólafsdóttir** Frjálslynda flokknum og **Katrín Jakobsdóttir** frá VG. Dagskráin hefst klukkan 20 í kvöld, ókeypis er inn og allir eru velkomnir.



NÝR STÓR HUMAR
GRILLPINNAR
SIGIN GRÁSLEPPA
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 10-14

**EUROVISION** GUNNHILDUR GUNNARSDÓTTIR SKRIFAR FRÁ AÞENU

# *Hitti búningalausan Lordi*

Blaðamaður Fréttablaðsins brá sér í Euro-klúbbinn í fyrrakvöld, sem hefur verið komið upp í gamalli verksmiðju í Aþenuborg í tilefni af Eurovision-keppninni. Aðeins fjölmiðlafólk, keppendur og sendinefndir komast í klúbbinn. Þar eru eingöngu spiluð Eurovision-lög frá síðustu árum sem þessu. Þar troða gamlar og nýjar Eurovision-stjörnur upp. Hafði slegist í hópinn með hollenskum fjölmiðlamönnum sem þekktu leiðina á staðinn. Er við komum hljómaði íslenska lagið Nei eða já um svæðið. Fólk dansaði af áfergju og söng með laginu.

Hafði fengið gjafabréf fyrir drykk og þar sem ég sneri mér frá afgreiðslunni með kókglas í hendi blasti við mér maður sem varð flóttalegur er ég leit á hann. Tveimur dögum áður hafði ég tekið viðtal við Gita og Auu úr finnsku skrímslahljómsveitinni Lordi. Þarna blasti Gita við mér án búningsins; frekar lágvaxinn, ljóshærður, með svartar línur um augun og lokk undir neðri vörinni. Skrímslin eru hins vegar óþekkt utan búninganna í Finnlandi. Einu upplýsingarnar sem fást eru nöfn hljómsveitarmeðlimanna. Eina myndin sem náðst hefur er vangasvipur af söngvarans. Ég brosti. Hann leit undan. Elti og bauð honum í dans. Hann afþakkaði flóttalega.

Hitti Tomas Lundin, finnska söngvakeppnissnillinginn. Spurði hann hvort ég hefði rétt fyrir mér. Hann taldi ekki. Í norræna partíinu í gær voru skrímslin í fullum skrúða. Hitti Gita í anddyrinu. "Ég skal dansa við þig núna ef þú vilt," sagði hann. Ég hló. Hafði rétt fyrir mér. Hefði átt að taka mynd!



**LORDI** Gita og Aua í viðtali við blaðamann. Gita þýðir munnur en Aua er eina konan í hljómsveitinni og nýjasti meðlimurinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Til hamingju Ísland!

## Eurovision tilboð í Hagkaup




**2.499**
2 CD
Öll íslensku þátttökulögin frá Gleðibankanum til Congratulations ásamt sérstakri aukaplötu




**2.499**
2 CD
Öll lög keppninnar í ár á tvöfaldri geislaplötu!




**2.499**
2 DVD
Öll vinsælustu lög keppninnar frá fyrstu 50 árunum á fjórum mynddiskum.




**2.499**
4 CD
Öll vinsælustu lög keppninnar frá fyrstu 50 árunum á fjórum geislaplötum.



**1.999**
2 CD
44 vinsæl Eurovision lög.


HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**

**GERÐAR KRISTNÝJAR**

## *Staur stendur uppúr*

Ekki allir fara á kirkjugarðsballið í haust sem hlökkuðu til þess í vor,“ segir í Heimsljósi Nóbelskáldsins og nú hafa fyrirætlanir Eyþórs Arnalds, efsta manns á lista Sjálfstæðisflokksins í Árborg, líka breyst. Ekki fyrr var farið að tala um hvað kosningabaráttan væri tíðindalítil þegar Eyþór ekur fullur á staur í Reykjavík og rýkur af vettvangi. Lögreglan handtekur hann og unnustu hans í Ártúnsbrekkunni og færir þau í fangaklefa. Í fjölmiðlum er þessi atburður strax orðinn að „Eyþórsmálinu svonefnda“ og stuðningsmenn flokksins virðast sumir ætla að krossa við „eitthvað annað sem gerir sama gagn“.

**MAÐUR** hefði haldið að brot Eyþórs gæfi tilefni til að hann sæti af sér allt kirkjugarðsballið en hann ætlar bara að neita sér um nokkra dansa. Hann hyggst nefnilega taka sæti í bæjarstjórn þegar hann hefur tekið út refsingu sína og farið í áfengismeðferð, „þó ég hafi ekki verið að mínu viti með áfengisvanda hingað til,“ tók Eyþór fram í Kastljósi. Botnlaus afneitun, myndi Bubbi Morthens kalla þetta.

**ÞEGAR** rifjaðir eru upp mestu „mannlegu harmleikirnir“ sem orðið hafa síðustu árin er ekki annað að sjá en að helstu persónur og leikendur hafi sloppið frá þeim merkilega sléttir og felldir. Menn eru ráðnir til virðulegra starfa eins og ekkert sé eða birtast glaðbeittir á opinberum vettvangi án þess að nokkurn tímann sé aftur minnst við þá á þann andstyggðarvef sem örlaganornirnar ófu þeim og þeir rötuðu svo grandalausir í.

**ÞESS** vegna efast ég heldur ekki um að þegar til langs tíma er litið verði fyllerísrúnturinn talinn Eyþóri til tekna. Þessi uppákoma á eftir að gefa mönnum enn eitt tækifærið til að tönnlast á klisjunni að ekki skipti máli hvað menn hrasi oft heldur hvað þeir séu fljótir að standa upp aftur. Skófar á afturendanum er bara talið sýna að menn hafi lifað. Eyþór á svo sannarlega eftir að fara á kirkjugarðsballið en eins og hjá Ljósvíkingnum verður það „... að vísu ekki í þeim skilníngi sem ákveðið var í sumar ... “


MARKAÐURINN




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

www.toyota.is




## Nýr Yaris. Hann er risaSMÁR

**Þótt Yaris kunni vel við sig í borginni þá líður honum ekki síður vel úti á þjóðvegunum. Hann flytur þig og þína um landið og sérstakt Easy-Flat sætakerfið gerir það að verkum að þú getur komið öllu útilífinu í bílinn.**

**Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.**
**En risaSMÁR er snilld.**
**Nýr Yaris** er risaSMÁR. Yaris hefur eiginleika stórs bíls í litlum bíl, tilfinninguna fyrir stórum bíl í litlum bíl, rými stórs bíls í litlum bíl.



**Verð frá 1.489.000 kr.**

risaSMÁR. Settu það í orðabókina þína.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000